**RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR OG SIGURÐUR ÞORSTEINSSON**

*Rifu tvo veggi niður og settu einn upp*

Heimili Tíska Heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**JÓNAS HALLDÓRSSON**

*Stærstur að ummáli og úrvali*

Mannfræðingur miðborgarinnar fluttur

FÓLK 58







www.flugfelag.is

**Flugkortið er greiðslu- og viðskiptakort**

ætlað fyrirtækjum í viðskiptum við Flugfélag Íslands

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Fyrirtækjaþjónusta



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. maí 2006 — 118. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## Útgönguleiðir



Margar Afríkuþjóðir hafa brennt sig illilega á einræði og óstjórn, segir Þorvaldur Gylfason. Þær hafa því reynt að efla lýðræði með því til dæmis að takmarka kjörgengi forseta sinna við tvö kjörtímabil að bandarískri fyrirmynd. En hvernig stimpla menn sig út úr pólitík þar?

Í DAG 30

## Hita upp fyrir Girls Aloud

Nylon - flokkurinn hefur slegið í gegn á Bretlandseyjum og spilar með einni vinsælustu stúlknasveit í heimi

FÓLK 58



## Spennandi verkefni

Kristinn Ólason, nýráðinn rektor Skálholtsskóla, segist fullur tilhlökkunar að taka við nýju starfi. Hann hefur verið sjálfstætt starfandi fræðimaður og stundakennari við Háskóla Íslands.

TÍMAMÓT 34

## Eiður til Man. Utd?



Staðarblað í Manchester greinir frá því í dag að Eiður Smári Guðjohnsen sé í miklu uppáhaldi hjá Alex Ferguson, stjóra Manchester United, og að hann gæti gert tilboð í íslenska landsliðsfyrirliðann í sumar.

ÍÞRÓTTIR 49

## VEÐRIÐ Í DAG




**FÍNAR HORFUR** Í dag verður hann á austan eða suðaustan og víða verður bjart í veðri. Búast má við rigningu á suðausturhluta landsins en víðast mun sú gula láta sjá sig. Hiti 8-16 stig.

VEÐUR 4

# Holræsagjöldin hafa hækkað um milljarð

**Stærstu sveitarfélögin höfðu að meðaltali tvöfalt hærri tekjur af holræsagjaldi árið 2005 en árið 2000. Álitamál hvort réttlátt sé að innheimta gjaldið sem hlutfall af fasteignamati, segir bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi.**

**HOLRÆSAGJALDIÐ** Tekjur stærstu sveitarfélaganna í landinu af holræsagjaldi hafa hækkað um rúmlega átta hundruð milljónir króna frá því árinu 2000. Samtals nema hækkanir allra sveitarfélaga meiru en milljarði króna.

Holræsagjaldið er innheimt með fasteignagjöldum og er reiknað út sem hlutfall af fasteignamati íbúða og húsa. Sveitar- og bæjarstjórnir ákveða hlutafallið hverju sinni og geta breytt því árlega. Eftir því sem fasteignamatið hækkar, eins og gerst hefur á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum, þá hækka tekjur sveitarfélagsins af holræsagjaldinu.

Seltjarnarnesbær er eina sveitarfélagið á Íslandi þar sem íbúar og fyrirtæki þurfa ekki að greiða holræsagjald. Að sögn Jónmunds Guðmarssonar, bæjarstjóra í Seltjarnarnesbæ, er það álitamál hvort réttlátt sé að innheimta holræsagjöldin sem hlutfall af fasteignamati. „Til þess að innheimta af þessu tagi sé réttlætanleg þurfa stjórnir sveitarfélaga að fylgjast vel með fasteignamatinu og reyna þá að koma til móts við fasteignaeigendur með því að lækka holræsagjaldið í takt við hækkandi fasteignamat, eins og gerst hefur á undanförnum árum. Það er skylda sveitarfélaga að þau séu vakandi yfir því að oftaka ekki gjöld af íbúum og fyrirtækjum.“

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Akureyrar, segist líta svo á að holræsagjaldið sé dæmigert tímabundið gjald sem einungis sé notað til þess að standa undir framkvæmdum til skamms tíma. „Fasteignamat er ekki endilega heppilegasta viðmiðið fyrir sveitarfélög, til þess að innheimta gjöld af þessu tagi. En mikilvægast er að sveitarfélög séu ekki að taka til sín tekjur umfram kostnað við framkvæmdir. Það höfum við passað upp á að gera á Akureyri.“

magnush@frettabladid.is

**TEKJUR AF HOLRÆSAGJALDI Í STÆRSTU SVEITARFÉLÖGUNUM ***




* Í milljónum króna



ZACHARIAS MOUSSAOUI Kviðdómur í málinu tók sér sjö daga til að komast að niðurstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Zacharias Moussaoui:

## Situr í fangelsi til æviloka

**BANDARÍKIN** Zacharias Moussaoui verður dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir aðild sína að hryðjuverkunum í Bandaríkjunum þann 11. september árið 2001. Kviðdómur komst að þessari niðurstöðu eftir að hafa velt málinu fyrir sér í sjö daga.

Kviðdómurinn tók jafnframt fram að Moussaoui hefði ekki möguleika á að sækja um reynslulausn. Í dag mun dómari í málinu síðan kveða upp formlegan dóm, sem byggður er á þessum úrskurði kviðdómsins.

- gb

Seðlabankastjóri gagnrýnir:

## Stjórnin ætti að hægja á sér

**EFNAHAGSMÁL** Davíð Oddsson seðlabankastjóri segir ríkisvaldið verða að halda að sér höndum. Fleiri en Seðlabankinn þurfi að berjast gegn verðbólgunni.

„Þegar eftirspurnin er mögnuð upp og ýtir undir þrýsting á öllum sviðum þá ættu opinberir aðilar, hvaða nafni sem þeir nefnast, að leggjast á aðra sveif og hafa hægar um sig á meðan,“ segir Davíð.

Sú hugmynd hefur komið upp að afnema verðtrygginguna. Davíð segir afar þýðingarmikið að ekki verði kippt fótunum undan sparnaði landsmanna. Ef það væri gert í einni svipan væri líklegt að menn yrðu órólegir og þá myndu raunvextir væntanlega hækka.

- ghs/sjá síðu 6



**MISHKIN OG GEIR H. HAARDE** Mikilsvirtur bandarískur prófessor kynnti niðurstöðu sína um íslenskt efnahagslíf í New York í gær. Fylgdist utanríkisráðherra með því þegar hann lofaði menninguna og sagði íslenska kaupmenn á réttri leið og kreppueinkennin engin.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frederic Mishkin, hagfræðiprófessor við Colombia háskólann:

# Efnahagslífið á traustum fótum

**EFNAHAGSMÁL** Frederic Mishkin, hagfræðiprófessor við Colombia-háskólann, segir íslenskt hagkerfi standa traustum fótum. Hann telur skýrslur sem birst hafa um mögulega áföll í fjármálakerfinu horfa fram hjá mikilvægum þáttum sem séu sterkir í íslensku efnahagslífi.

„Þið hafið gert réttu hlutina. Opnað ykkur fyrir umheiminum, eruð menntuð og mikill frumkvöðlaandi í menningu ykkar,“ sagði Mishkin þegar hann fylgdi skýrslu sinni úr hlaði á fundi í New York í gær. Mishkin nýtur mikillar virðingar meðal hagfræðinga og er í hópi færustu sérfræðinga á sínu sviði í heiminum.

Megin niðurstaða skýrslunnar er sú að íslenskt hagkerfi beri engin einkenni hagkerfis á leið í fjármálakreppu. Mishkin vísar því algerlega á bug kenningum um yfirvofandi kreppu. Skýrsluna vann hann að beiðni Viðskiptaráðs.

- hh/sjá síðu 4









## SPURNING DAGSINS

*Eru óundirbúnu veislurnar ekki bara skemmtilegri?*

Þær geta verið það. Maður hefur nú lent í slíku. En ef mikið stendur á þurfa menn að vera með veglegar og vel undirbúnar veislur.

Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, segir Íslendinga hafa boðið til veislu án veitinga. Þannig lýsir hann tökum stjórnvalda á frjálsri för erlends verkafólks til landsins.

Fjöldi þingmála bíður afgreiðslu sumarþings sem kemur saman í lok maí:

# Tugir mála bíða afgreiðslu

**STJÓRNMÁL** Ákveðið var á fundum á Alþingi í gær að fresta þingstörfum frá og með deginum í dag til 30. maí næstkomandi eða fram yfir sveitarstjórnarkosningar. Þingflokksformenn allra flokka samþykktu þessa ráðstöfun á fundi gær.

Leitast verður við að afgreiða aðkallandi mál úr nefndum í dag, þeirra á meðal frumvarp um olíugjald og tekjuskatt af gengishagnaði fyrirtækja svo unnt verði að fjalla um þau í nefndum þingsins í mánuðinum.

Tugir mála bíða afgreiðslu Alþingis, þar af á þriðja tug mála sem samkomulag er um milli stjórnarliða og stjórnarandstöðunnar. Óbætt hjá garði liggur frumvarp um réttindi samkynhneigðra, svo nokkuð sé nefnt.

Ráðgert er að afgreiða með afbrigðum frumvarp utanríkisráðherra er varðar meðal annars fólk sem starfar við rekstur Keflavíkurflugvallar. Jafnframt er ætlunin að afnema með lögum samræmd próf í framhaldsskólunum, en um það ríkir samkomulag.

Frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið er meðal þingmála sem bíða afgreiðslu sumarþingsins sem og frumvarp iðnaðarráðherra um Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, en hart hefur verið deilt um bæði frumvörpin. - jh



**ALÞINGI** Mál, sem rík samstaða er um, bíða einnig afgreiðslu líkt og umdeild mál á borð við frumvörp um Ríkisútvarpið og Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins.

Harður jarðskjálfti í Kyrrahafi:

# Tjónið minna en óttast var

**TONGA, AP** Jarðskjálfti, sem mældist 7,8 stig á Richterkvarða, varð skammt frá Tongaeyjum í Kyrrahafi í gær. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi var ekki vitað til þess að jarðskjálftinn hefði valdið verulegum skemmdum neins staðar.

Í fyrstu var óttast að stór flóðbylgja bærist frá skjálftanum bæði til Fiji-eyja í norðvestri og Nýja-Sjálands í suðvestri, en ekkert varð úr því. Nokkuð stór flóðbylgja reið þó yfir á nokkrum eyjum í Tonga-eyjaklasanum, en hún virðist ekki hafa valdið teljandi tjóni. Eitt og hálft ár er síðan flóðbylgja var á Indlandshafi. - gb

Hlutabréf lækka áfram:

# Úrvalsvísitalan undir 5.400 stig

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan lækkaði í gær um 1,76 prósent og endaði í 5.338 stigum sem er lægsta gildi hennar síðan 19. desember. FL Group lækkaði mest, eða um 4,3 prósent, Dagsbrún lækkaði um 3,83 prósent og Landsbankinn um 3,29 prósent. Bréf Flögu hækkuðu mest, um 3,23 prósent.

Sérfræðingar hafa ekki á skýrum höndum ástæður lækkana undangenginna daga en uppgjör bankanna þóttu mjög góð.

Á sama tíma styrkist krónan um 1,57 prósent og stóð gengisvísitalan í 128,1. - eþa



**HLÍÐASKÓLI** Nemendur í Hlíðaskóla voru einbeittir á svipinn þegar smellt var af þeim mynd í gær.

Samræmdu prófin hafin:

# Á fimmta þúsund í próf

**SKÓLAMÁL** Samræmd próf í 10. bekk grunnskóla hófust í gær með því að nemendur undirgengust próf í íslensku.

Að sögn Sigurgríms Skúlasonar sviðsstjóra hjá Námsmatsstofnun eru 4.764 börn skráð í 10.bekk á þessu skólaári. Hjá þeim rekur nú hvert prófið annað, enska í dag, danska á morgun og svo framvegis.

Samræmdu prófunum lýkur á miðvikudaginn í næstu viku. - jss



**TÓNLISTARHÚS REYKJAVÍKUR** Magnús Stefánsson formaður fjárlaganefndar Alþingis kveðst líta svo á að það sé hlutverk Alþingis að veita framkvæmdavaldinu aðhald og fylgja því eftir að farið sé að lögum.

# Stjórnvöld fari að lögum um útgjöld

**Formaður og varaformaður fjárlaganefndar Alþingis vilja að flutt verði frumvarp um heildarútgjöld ríkisins til Tónlistarhússins og vísa til nýrrar skýrslu Ríkisendurskoðunar. Stjórnvöld tregast við segir Einar Oddur Kristjánsson.**

**TÓNLISTARHÚS** Magnús Stefánsson formaður fjárlaganefndar Alþingis og Einar Oddur Stefánsson varaformaður nefndarinnar telja einboðið í ljósi nýrrar skýrslu Ríkisendurskoðunar að stjórnvöld verði að leita heimilda Alþingis fyrir framlögum og byggingarstyrkjum til Tónlistarhúss Reykjavíkur. Einungis sé heimild í fjárlögum fyrir undirbúingskostnaði. Sá kostnaður ríkisins nam 374 milljónum króna í árslok 2005.

„Ég lít þannig á að þetta sé hliðstætt við langtímaskuld ríkissjóðs. „Við höfum haldið því fram, líkt og ríkisendurskoðandi, að leita verði heimilda Alþingis. Ríkisendurskoðandi bendir á nokkrar leiðir og við förum yfir það með fjármálaráðuneytinu. Mér finnst eðlilegt að heimildin verði sett inn í fjárlög eða lagt verði fram sérstakt frumvarp um alla skuldbindingar ríkisins varðandi Tónlistarhúsið. Hvað sem öðru líður er það



MAGNÚS STEFÁNSSON



EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON

Alþingis að veita þessa heimild,“ segir Magnús Stefánsson.

Hann kveðst líta svo á að það sé hlutverk Alþingis að veita framkvæmdavaldinu aðhald og fylgja því eftir að farið sé að lögum. „Í gildi eru fjárreiðulög sem er að mörgu leyti okkar biblía.“

Ríkisendurskoðandi telur samning ríkisins við Austurhöfn og Portus um undirbúning og byggingu Tónlistarhússins um margt sérstakan, en heildarframlög ríkisins nema að minnsta kosti sex milljörðum króna á 25 árum.

Í skýrslunni segir að um leið og ríkissjóður hafi sett fram loforð um framlag ætti að bóka það til gjalda og skuldar hjá ríkissjóði. Eftir fund fjárlaganefndar í gær benti ríkisendurskoðandi bréflega á að heimild ráðherra væri nánar skýrð í fjáraukalögum árið 2005.

Einar Oddur Kristjánsson varaformaður fjárlaganefndar segir að fjárreiðulög hafi verið sett á sínum tíma til þess að skýra útgjöldin og sjá til þess að fjárheimildir væru í lagi. „Fjármálaráðherra verður að flytja frumvarp um þetta mál og fá samþykki Alþingis. Mér virðist vera einhver óskiljanleg tregða hjá framkvæmdavaldinu til þess að flytja um þetta frumvarp. Ríkisendurskoðun segir fullum fetum að það beri að færa inn í ríkisreikning fyrir árið 2006 heildarupphæð skuldbindingarinnar,“ segir Einar Oddur. johannh@frettabladid.is

Sýknaður af kynferðisbroti:

# Rannsókn var ábótavant

**DÓMSMÁL** 32 ára gamall fyrrverandi sambýlismaður fjögurra barna móður var sýknaður í héraði af ákærum um kynferðisbrot gegn tveimur dætrum hennar vegna slægra vinnubragða ákæruvaldsins.

Lögreglan yfirheyrði stúlkurnar mörgum vikum eftir kæru móðurinnar. Vettvangur meints brots var ekki rannsakaður. Ekki var lagt hald á klámmynd sem stúlkurnar sögðust hafa horft á, eða gengið úr skugga um að maðurinn hefði myndbandið undir höndum. Vitnaleiðslur, sérstaklega yfir annarri systurinni, voru leiðandi og spurningar lokaðar. Stúlkunum var ekki gerð grein fyrir mikilvægi þess að greina satt og rétt frá atvikum.

Maðurinn neitaði sök frá upphafi ásakana. - gag

Öryggisráðið:

# Ályktun um að refsa Írönum

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Bretar og Frakkar hafa lagt fram tillögu að ályktun fyrir Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna um að Íranar verði beittir refsiaðgerðum hætti þeir ekki við áform sín í kjarnorkumálum.



JOHN BOLTON

Bandaríkjamenn styðja ályktunina, en óvíst er hvort hún verði samþykkt af Rússum og Kínverjum, sem fara með neitunarvald í Öryggisráðinu ásamt Bretum, Frökkum og Bandaríkjamönnum.

Íranar skýrðu í gær frá því að þeir hefðu auðgað Úran nægilega mikið til að það verði nothæft sem eldsneyti í kjarnakljúfum. - gb




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Dæmdur fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn sex og átta ára stúlkum:

# Þriggja og hálfs árs fangelsi

**DÓMSMÁL** Maður var dæmdur til þriggja og hálfs árs fangelsis og greiðslu 2,5 milljóna króna í skaðabætur til handa tveimur ungum stúlkum sem hann beitti ítrekað kynferðislegu ofbeldi frá árinu 2000 fram til október 2004.

Braut maðurinn, sem er eþíópískur ríkisborgari, ítrekað gegn stjúpdóttur sinni frá því í júní árið 2000 og gegn vinkonu hennar frá árinu 2002 fram til október árið 2004 þegar móðir stúlkunnar og hann slitu samvistum. Lagði hún fram kæru á hendur honum hinn 8. júlí á síðasta ári en daginn áður hafði maðurinn verið handtekinn vegna gruns um kynferðisbrot gegn vinkonu dóttur konunnar.

Kemur fram í vitnisburði að maðurinn hafi margsinnis haft samræði við stjúpdóttur sína og áttu brotin sér stað víðs vegar á heimili þeirra. Hann hefði endurtekið sama verknað að minnsta kosti fimm sinnum gagnvart vinkonu stjúpdótturinnar í geymslu sem tilheyrði íbúð hans. Framdi maðurinn að auki margvísleg önnur minni brot gagnvart báðum stúlkunum. Í vitnaleiðslum kom fram að stúlkurnar báðar hafa orðið fyrir sálartjóni vegna verknaðar mannsins og líða mikla vanlíðan. Báðar þjást af miklum kvíða og þunglyndi, hafa lágt sjálfsmat og sýna skapsveiflur sem ekki varð vart við áður. - aöe





**FRÁ HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR** Maður var dæmdur til fangelsisvistar fyrir gróf kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



4.-8. maí
# Snyrtidagar
## í Smáralind

## OPIÐ til kl. 21.00 í kvöld!

**Sumarið er komið!** Nú er frábært tækifæri til að kynna sér sumarvörurnar í snyrtivöruverslunum í Smáralind.

Nokkur sýnishorn af tilboðum á Snyrtidögum:

HYGEA

**GUINOT:** Nú býður snyrtistofan hjá Hygeu upp á augn-lift og ráðgjöf um GUINOT snyrtivörur - ***tilboð*** á andlitsbaði, litun og plokkun á snyrtidögum.
**Y.S.L:** Tilboð á andlitskremum – nýir sumarlitir. Nýtt sólarpúður, bursti fylgir og fallegir kaupaukar.
**LANCOME:** Fjöldi glæsilegra tilboða. Gjafir með keyptri vöru.
**DIOR:** Glæsileg kremtilboð. Kaupauki.
**GUERLAIN:** Kynning á glæsilegri sumarlínu og á nýjum sumarilm. Kaupaukar.
**SHISEIDO:** *Body Creator* – handklæði fylgir þegar keyptar eru 2 vörur.
**HELENA RUBENSTEIN:** Kremtilboð og mascaratilboð – kaupauki.
**LANCOME:** Kaupauki fylgir með hverjum ilmi sem keyptur er.
**ESCADA:** Kynnir nýjan dömuilm – kaupauki fylgir.
**BRITNEY SPEARS FANTASY:** Nýr ilmur og fallegur bolur fylgir.
**MOSCHINO:** Nýr herrailmur "Friends" – kaupauki fylgir.
**CHANEL** kynnir 25 nýja varaliti.
**Fagleg ráðgjöf** um öll merkin.

DEBENHAMS

**BIOTHERM:** ***20% afsláttur*** af völdum vörum í líkamslínunni.
**HELENA RUBINSTEIN:** Mörg tilboð og flottur kaupauki fylgir þegar keyptar eru 2 vörur.
**LANCOME:** Krem í tilboðsöskjum þar sem taska og lúxusprufur af vörum fylgja. Flottur kaupauki fylgir þegar keyptar eru 2 vörur.
**ORIGINS:** Mörg flott tilboð.
**RIFKA:** Ef verslað er fyrir 3.500 kr. fylgir fallegt burstasett með.
**ESTEE LAUDER:** Glæsileg slæða (sarong) fylgir ef keyptir eru 2 hlutir eða fleiri úr ***Amber Bronze*** línunni. Einnig fylgir falleg sólartaska ef keyptir eru 2 hlutir úr sólar-eða sjálfbrúnkulínunni.
**CLINIQUE:** Ef keyptir eru 2 hlutir úr sólarlínunni fylgir annaðhvort sólarhandklæði eða taska.
**KANEBO:** Ef verslað er fyrir 5.000 kr. fylgir glæsilegt ferðasett í ***Sensai Silk*** línunni.
**SHISEIDO:** Ef keyptir eru 2 hlutir fylgir glæsileg taska með.
**DIOR:** Glæsileg taska fylgir ef verslað er fyrir 4.900 kr. eða meira.
**MAC:** Nýir varalitir og naglalökk.
**ILMKYNNINGAR** í öllum merkjum og glæsilegir kaupaukar. Allt það nýjasta í ilmum.
**MAKE-UP SHOW:** Föstudag og laugardag kl. 14.00 og 16.00

Allir sem versla í snyrtivörudeild á snyrtidögum fara í vinningspott þar sem verða dregin út tvö ***10.000 kr. gjafabréf í Debenhams.***

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

**ELIZABETH ARDEN:** Falleg taska fylgir kaupum á 2 hlutum.
**KARIN HERZOG:** Með kaupum á tonusb12 og body scrub í Karin Herzog fylgir ***Silhovette*** í fullri stærð með sem gjöf.
**ORIGINS:** Nuddhanski fylgir Origins handkremi.
**CLINIQUE:** Gjöf fylgir kaupum í Clinique.
**DIOR:** Glæsileg gjöf fylgir kaupum í Dior.
**CLARINS:** Tilboðspakki fyrir verðandi og nýbakaðar mæður.
***NÝTT*** í Hagkaupum **NO7** kynning og kaupaukar – ***frí ráðgjöf og förðun.***
**GOSH COSMETICS:** Með kaupum á snyrtivörum fyrir 3.000 kr. fylgir flott taska.
***NÝTT!* SALON BRONZE:** Sjálfbrúnkuspray kynning. Frábær nýjung í sjálfbrúnku.
**ZIRH HERRALÍNAN:** Fullt af frábærum nýjungum fyrir herrann. Gjöf fylgir kaupum.
**KANEBO:** Gjöf fylgir kaupum ef verslað er fyrir 5.000 kr.
**ESTEÉ LAUDER:** Sumartaska fylgir sólar- og sjálfbrúnkuvörunum.
***NÝTT!* PARIS HILTON:** Flottur bolur fylgir með kaupum á tveimur hlutum í nýja ilminum frá Paris Hilton.
**LA COSTE:** Sumargjöf fylgir La Coste sumarilminum.
***NÝTT!* LOTTO** ilmur fyrir dömur og herra, íþróttataska fylgir kaupum.

LYFJA
Lyf á lágmarksverði

**Fimmtudagur**

**SOTHYS:** Kynning og frábærir kaupaukar.
**SALLY HANSEN:** Kynning (naglalökk og gloss).
**L'ORÉAL:** ***20%afsláttur*** af ***Wrinkle Decrease*** day and night og ***Collagen*** filler.

**Föstudagur**

**LEVANTE:** Sokkabuxur – kynning og kaupauki.

**Föstudagur og laugardagur**

**SOTHYS:** Kynning og frábærir kaupaukar.
**SALLY HANSEN:** Kynning (naglalökk og gloss).
**L'ORÉAL:** ***20%afsláttur*** af ***Wrinkle Decrease*** day and night og ***Collagen*** filler.
**LACOSTE:** Nýr ilmur – kynning og frábær gjöf.
**BEEYU:** Snyrtivörukynning og kaupauki.
**CLARINS:** Kynning og kaupaukar.

byggtogbúið
Smáralind Kringlunni

**Öll hársnyrtitæki með góðum afslætti á snyrtidögum.**

Sléttujárn, bylgjujárn, vöfflujárn, hárklippur, krullujárn, nefhárasnyrtir, blásarar, hitaburstar, Beliss, rakvélar og margt fleira. Aðeins þekkt vörumerki á borð við Babyliss, Remington og Philips.

ORMSSON
SMÁRALIND

**DÚNDUR TILBOÐ** á ***Remington*** hárvörum hjá Ormsson Smáralind!
**Hitarúllur:** Verð áður 5.995 kr. ***Snyrtidagatilboð 3.995 kr.***
**Hárblásari:** Verð áður 3.995 kr. ***Snyrtidagatilboð 2.995 kr.***
**Herrahárklippur** (All in one): Verð áður 3.600 kr. ***Snyrtidagatilboð 2.790 kr.***
**Krullujárn f. stórar krullur:** Verð áður 2.495 kr. ***Snyrtidagatilboð 1.895 kr.***
**Herrarakvél:** Verð áður 7.995 kr. ***Snyrtidagatilboð 4.495 kr.***

THE BODY SHOP

**Veglegur kaupauki** þegar verslað er fyrir 3.990 kr. eða meira.
**Kynningarförðun** föstudag og laugardag, milli klukkan ***13-18***, þar sem veitt er persónuleg ráðgjöf og sumarlínan kynnt
**25% afsláttur** af kinnalitsburstum sem innihalda púður, matt eða glansandi. Verð áður 1.840 kr. Verð nú 1.380 kr.

## Kópavogsdagar 2006

**Fjölskylduskemmtun í Vetrargarðinum** í Smáralind laugardaginn **6. maí kl. 13-16**.
Fram koma Snorri Idolstjarna 2006, Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar og Bárður úr Stundinni okkar ásamt fleiri listamönnum.




Allir velkomnir!




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 03.05.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,14 | 74,5 |
| Sterlingspund | 136,13 | 136,79 |
| Evra | 93,57 | 94,09 |
| Dönsk króna | 12,545 | 12,619 |
| Norsk króna | 12,037 | 12,107 |
| Sænsk króna | 10,054 | 10,112 |
| Svissneskur franki | 59,87 | 60,21 |
| SDR | 109,48 | 110,14 |

*Gengisvísitala krónunnar*
129,8949

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kjarabarátta ófaglærðra starfsmanna á landsbyggðinni:

# Aðgerðir hafnar á Akureyri

**KJARAMÁL** Ófaglærðar starfsstúlkur á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri boða til aðgerða og eru orðnar þreyttar á að fá ekki sömu kjör og ófaglærðir sem vinna fyrir Akureyrarbæ. Fundur var haldinn í gær og á mánudaginn verður ákveðið til hvaða aðgerða verður gripið.

Sigríður Jónsdóttir, trúnaðarmaður starfsstúlkna á FSA, segir sitt fólk langþreytt á svörum. „Við byrjuðum að tala um þetta í febrúar við yfirstjórnina en það skilar engu. Við ætlum að senda bréf til yfirstjórnar núna og þá kemur í ljós hvort við fáum viðbrögð. Á mánudaginn ákveðum við aðgerðir, hugsanlega setuverkföll.“ Starfsstúlkur á FSA eru um fimmtíu talsins.

Fyrirhuguðum setuverkföllum starfsfólks hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja hefur verið frestað til 10. maí. Alls 70 starfsmenn hugðust aðeins sinna grunnþörfum vistmanna á dvalar- og hjúkrunarheimilum stofnunarinnar í hálfan sólarhring í gær til að leggja áherslu á kröfur sínar um sömu grunnlaun og starfsfólk sem vinnur hjá sveitarfélögunum fær fyrir sömu störf. Tveggja daga verkfall er fyrirhugað 17. og 18. maí ef ekki næst samkomulag fyrir þann tíma. **- shá**



**FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI** Starfsstúlkur á FSA eru orðnar langþreyttar á því að fá engin svör um kjör sín frá yfirstjórn sjúkrahússins. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Dvalar- og hjúkrunarheimili:

# Samningar í höfn á Húsavík

**KJARAMÁL** Samkomulag náðist í gær um kjarabætur til um þrjátíu ófaglærðra starfsmanna á Hvammi, heimili aldraðra á Húsavík.

Hvammur sér um meirihluta öldrunarþjónustu fyrir Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu en starfsfólkið þar er starfsmenn sveitarfélaganna á svæðinu.

Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, segir að starfsfólkið fái 14 prósenta hækkun afturvirkt til 1. apríl og síðan hækkun 1. desember sem tryggir sambærileg laun og eru hjá sveitarfélögunum á landinu. **- shá**





**VOJISLAV KOSTUNICA** Forsætisráðherra Serbíu vill nánari tengsl við Evrópusambandið.

ESB refsar Serbíu:

# Viðræðum verður frestað

**SERBÍA, AP** Evrópusambandið ákvað í gær að fresta öllum viðræðum við stjórnvöld í Serbíu um aukin samskipti og nánari tengsl Serbíu við sambandið. Ástæða viðræðuslitanna er að serbnesk stjórnvöld hafa ekki staðið við loforð sín um að framselja Ratko Mladic, fyrrverandi herforingja, til stríðsglæpadómstóls Sameinuðu þjóðanna í Haag.

Carla Del Ponte, aðalsaksóknari við stríðsglæpadómstólinn, sakaði í gær stjórnvöld í Serbíu um að hafa afvegaleitt sig með því að fullyrða við sig fyrir tveimur mánuðum að skammt væri í að Ratko Mladic yrði handtekinn. **- gb**

## SVÍÞJÓÐ

**Ákærðir fyrir hryðjuverk** Þrír menn voru ákærðir í Svíþjóð í gær fyrir að reyna misheppnaða hryðjuverkaárás gegn Írökum sem voru að taka þátt í kosningum heimalands síns í Svíþjóð, sem og að skipuleggja aðra árás. Mennirnir voru handteknir í janúar. Þeir höfðu kynnst í gegnum netið, að sögn saksóknara.

**Flugslys** Flugvél með 187 farþega innanborðs rann til í flugtaki í Norður-Svíþjóð í gær með þeim afleiðingum að hún lenti utan flugbrautarinnar. Engan sakaði við atvikið. Vélin var á leið frá Skelleftea til Tyrklands, og voru farþegarnir fluttir á nálægan flugvöll þar sem þeirra beið önnur vél.

# Efnahags- og fjármálakerfi standa traustum fótum

**Frederic Mishkin, hagfræðiprófessor við Colombia-háskólann, segir íslenskt hagkerfi standa traustum fótum. Hann telur skýrslur sem birst hafa um möguleg áföll í fjármálakerfinu horfa fram hjá mikilvægum þáttum sem séu sterkir í íslensku efnahagslífi. Viðskiptaráð fól Mishkin að kanna stöðu efnahagslífsins.**

**EFNAHAGSMÁL** Frederic Mishkin hagfræðiprófessor telur grunnþætti íslensks efnahagslífs sterka á Íslandi. „Þið hafið gert réttu hlutina. Opnað ykkur fyrir umheiminum, eruð menntuð og mikill frumkvöðlaandi í mönnum ykkar.“

Mishkin fylgdi skýrslu sinni úr hlaði á fundi í New York í gær að viðstöddum erlendum blaðamönnum og fólki úr fjármálaheiminum. Skýrsluna vann hann að beiðni Viðskiptaráðs og var Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, honum til aðstoðar við gerð hennar.

Meginniðurstaða skýrslunnar er sú að íslenskt hagkerfi beri engin einkenni hagkerfis á leið í fjármálakreppu. Mishkin vísar því algerlega á bug kenningum um yfirvofandi kreppu sem settar hafa verið fram af greiningardeildum, meðal annars þeirri frá Danske Bank. „Ég get ekki spáð fyrir um hvað muni gerast, en grunnur hagkerfisins er góður.“

Mishkin tekur heldur ekki undir gagnrýni um að íslenskir bankar hafi vaxið hraðar en þeim sé hollt. „Það skiptir máli hvernig haldið er á málunum. Algengustu mistökin í þessu sambandi er að vanmeta áhættu. Það er ekki tilfellið með íslensku bankana. Þeir eru mjög meðvitaðir um áhættuna af starfsemi sinni.“

Eitt af því sem horft hefur verið til er mikill viðskiptahalli. Mishkin segir að vissulega sé hallinn mikill og ástæða til að halda vöku sinni. Hann segir að viðskiptahalli einn og sér sé ekki verulegt áhyggjuefni ef aðrir þættir hagkerfisins séu í lagi. Hann telur að svo sé.



**FREDERIC MISHKIN Í VIÐTALI** Í skýrslu hagfræðiprófessorsins er fjallað ítarlega um íslenskt efnahagslíf. Mishkin segir að vissulega sé viðskiptahallinn mikill en á meðan aðrir þættir hagkerfisins séu í lagi sé ekki sérstök ástæða til að hafa mjög miklar áhyggjur.

Mishkin telur að eitt og annað megi betur fara. Hann telur að reka þurfi hið opinbera með þeim hætti að ekki hlaupi í það vöxtur í uppsveiflum. Hann segir bankana þurfa að auka upplýsingaflæði.

Mishkin telur rök fyrir því að húsnæði sé tekið út úr vísitölu neysluverðs og telur skynsamlegt að Fjármálaeftirlitið renni inn í Seðlabankann. „Ég tel þó að þetta séu hvorki alvarleg né verulega aðkallandi aðfinnsluatriði.“

Geir Haarde utanríkisráðherra ávarpaði fundinn og þakkaði fyrir skýrsluna. Hann fagnaði skilningi á aðlögunarhæfni og styrk íslenska hagkerfisins og sagði að aðfinnsluatriði yrðu tekin til skoðunar.

Mishkin nýtur mikillar virðingar meðal hagfræðinga og er í hópi færustu sérfræðinga á sínu sviði í heiminum. Niðurstaða hans er talin hafa góð áhrif inn í þá erfiðu umræðu sem verið hefur um stöðugleika efnahagslífsins og fjármálakerfisins. **hafliði@frettabladid.is**


Rokkað til vinstri

Í kvöld bjóða ung vinstri-græn til rokktónleika í Iðnó kl. 20:00

Mammút, Jan Mayen, Hraun, Byssupiss, Benny Crepo's Gang, Rósa Guðmundsdóttir, Músefjun, Helgi Valur og Norton

Kynnir: Andrea Jónsdóttir

Frítt inn og allir velkomnir

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**GÓÐ FERÐAHELGI FRAMUNDAN**
Það má búast við að allra hörðustu ferðalangarnir hafi þegar farið í ferð eða tvær þetta árið. Um helgina viðrar einmitt vel til útilegna, þ.e. ef fólk hefur góða upphitun því enn er ansi kalt um nætur. Milt verður í veðri og sérstaklega lofar sunnudagurinn góðu. Í dag verður bjart víða um land og gefur það forsmekkinn að helginni.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Hæg austlæg átt en strekkingur í kvöld og rigning. Hiti 7-11 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Suðaustan 5-10 m/s á Vestfjörðum, annars hæg, breytileg átt.

*» laugardagur*



Hæg, breytileg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C hálfskýjað | London | 21°C hálfskýjað | Alicante | 21°C skúrir |
| Billund | 20°C hálfskýjað | París | 26°C alskýjað | Róm | 21°C heiðskírt |
| Osló | 15°C hálfskýjað | Frankfurt | 24°C alskýjað | New York | 23°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 18°C hálfskýjað | Madríd | 16°C skúrir | San Francisco | 15°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 16°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 20°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 32°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Tveir fyrir einn
2 FYRIR 1
Móar Kjúklingur
MÓA
2 FYRIR 1
HEILL KJÚKLINGUR
350 kr. kg
Venjulegt verð 699 kr. kg
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Nóatún - Bestir í kjöti
25% afsláttur
GOÐA BLANDAÐ HAKK
NAUTA- OG LAMBAHAKK
794 kr. kg
2 FYRIR 1
RISTORANTE PIZZUR
3 GÓMSÆTAR TEGUNDIR
399 kr. 2 stk
31% afsláttur
GOÐI
GOÐA ÁLEGG Á TILBOÐI
SKINKA OG FITUMINNA HANGIÁLEGG
Cheerios
CHEERIOS
MORGUNKORN
299 kr. pk
Sýrður rjómi
Sýrður rjómi
15% afsláttur
NÓATÚN
12 stk. NÓATÚNS
SALERNISPAPPÍR
299 kr. pk
Brazzi
3 FYRIR 2
3 FYRIR 2
BRAZZI
290 kr. 3l



## KJÖRKASSINN

*Eru hátíðarhöld vegna 1. maí tímaskekkja?*

| | |
|---|---|
| Já | 30% |
| Nei | 70% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að herða refsingar vegna ofsaaksturs?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is Vísir

Gæsluvarðhald yfir amfetamínsmyglurum framlengt:

# Búið að rannsaka fjögur mál

**FÍKNIEFNAMÁL** Gæsluvarðhaldi yfir manni sem reyndi að smygla inn rúmlega þremur kílóum af amfetamíni fyrir nokkru var í gær framlengt um sex vikur, eða til 15. júní. Rannsókn í máli hans er lokið. Þá hefur lögreglan lokið rannsókn í máli þriggja Litháa, sem sitja inni fyrir tilraunir til stórfellds smygls á fljótandi amfetamíni og brennisteinssýru. Má áætla að mennirnir hefðu getað framleitt 30 kíló af amfetamíni í söluskömmtum á götuna úr þessum efnum.

Fyrstnefndi maðurinn var handtekinn á Keflavíkurflugvelli við komuna frá París í byrjun febrúar eftir að ríflega þrjú kíló af amfetamíni fundust í fórum hans. Eiturlyfin hafði hann falið í fölskum botni í ferðatösku sinni.



**AMFETAMÍN Í VÖRSLU LÖGREGLU** Gæsluvarðhald yfir manni sem reyndi að smygla ríflega þremur kílóum af amfetamíni í byrjun febrúar var framlengt um sex vikur.

Þrír Litháar, sem handteknir voru nokkru síðar með skömmu millibili í tengslum við smygl á fimm flöskum af fljótandi amfetamíni og tveimur af brennisteinssýru, sitja einnig í gæsluvarðhaldi. Einn þeirra hefur verið úrskurðaður til 19. maí en hinir tveir til 9. júní. Þeir bíða nú ákæru, eins og amfetamínsmyglarinn.

Loks sitja í gæsluvarðhaldi fimm menn, sem stóðu að eða eru taldir tengjast smygli á þriðja tug kílóa af amfetamíni og hassi en efnin höfðu verið falin í bensíntanki bílsins, sem síðan var fluttur hingað til lands. Gæsluvarðhald yfir fjórum þeirra rennur út á morgun, en sá fimmti var úrskurðaður til 9. maí. **- jss**

Össur hagnast lítillega:

# Salan meira en tvöfaldast

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Össurar á fyrsta árshluta var 571 þúsund dalir, eða 37 milljónir króna, og dróst saman um 82 prósent milli ára. Fyrir skatta nam tap félagsins 1.161 þúsund dölum sem samsvarar 76 milljónum króna.

Þess ber að geta að þriggja milljóna dala einskiptiskostnaður féll til á fjórðungnum vegna kaupanna á Innovation Sports. Hagnaður að honum slepptum og afskriftum óefnislegra eigna hækkaði um 30 prósent milli ára. Sala félagsins nam 3,9 milljörðum íslenskra króna og jókst um 93 prósent, mælt í bandaríkjadölum sem er uppgjörsmynt Össurar. **- eþa**


Samfylkingin | Reykjavík 2006



*Stefán Benediktsson*
*64 ára arkitekt og verkfræðingur, 9.sæti*

*Þjónustutrygging fyrir eldri borgara er réttlætismál*

*kynntu þér stefnuskrána á www.xsreykjavik.is*




**DAVÍÐ ODDSSON SEÐLABANKASTJÓRI** „Ég vil ekki segja ríkisstjórninni fyrir verkum. Ég hef gert það lengi áður og það fer ekki vel á því nú," segir Davíð Oddsson seðlabankastjóri.

# Vill ekki segja ríkisstjórn fyrir verkum

**Davíð Oddsson seðlabankastjóri telur að ríkið þurfi að fara varlega miðað við þær aðstæður sem nú séu í hagkerfinu. Hann er mótfallinn því að afnema verðtryggingu. Slík aðgerð myndi væntanlega leiða til hærri raunvaxta.**

**EFNAHAGSMÁL** „Við þær aðstæður sem nú er verður ríkisvaldið að halda að sér höndum og fara með löndum. Ég vona að það sé góður skilningur á því. Aðgerðir Seðlabankans eru þess eðlis að þær koma hart niður á ýmsum sem þyrftu síst á því að halda. Það er því þýðingarmikið að fleiri en bankinn fáist við þennan slag," segir Davíð Oddsson seðlabankastjóri.

Davíð vill ekki gefa neina forskrift að því hvað hið opinbera ætti að gera. „Ég vil ekki segja ríkisstjórninni fyrir verkum. Ég hef gert það lengi áður og það fer ekki vel á því nú. Þegar eftirspurnin er mögnuð upp og ýtir undir þrýsting á öllum sviðum þá ættu opinberir aðilar, hvaða nafni sem þeir nefnast, að leggjast á aðra sveif og hafa hægar um sig á meðan."

Sú hugmynd hefur komið upp að afnema verðtrygginguna. Davíð segir afar þýðingarmikið að ekki verði kippt fótunum undan sparnaði landsmanna. Ef það væri gert í einni svipan væri líklegt að menn yrðu órólegir og þá myndu raunvextir væntanlega hækka.

„Menn myndu reyna að vernda sig með tiltölulega háum óverðtryggðum vöxtum, hærri en efni standa til í fyrstu að minnsta kosti. Það er líklegt að slík aðgerð við þessar aðstæður myndi leiða til hækkandi vaxta en ekki lækkandi raunvaxta."

Verðtrygging hefur aukist annars staðar í heiminum, öfugt við það sem sagt hefur verið. „Hjá okkur hefur hún farið minnkandi. Stöðugt fleiri lánaflokkar eru ekki bundnir verðtryggingu en ég held að verðtrygging út af fyrir sig sé ekki skaðleg ef hún er notuð skynsamlega. Svo er það auðvitað svo að þegar spennan minnkar þá verður óánægjan kringum verðtrygginguna minni."

Davíð segir að ekki megi breyta grundvellinum fyrir verðbólgumælingunum á miðri leið. „Annaðhvort mælum við það sem við höfum mælt, hvort sem það er hagstætt eða óhagstætt, eða ekki. Ef við ætlum að breyta því verðum við að gera það með löngum fyrirvara og megum ekki sveiflast eftir því hvort mælingarnar eru okkur hagstæðar eða óhagstæðar." **ghs@frettabladid.is**


BÍLL DAGSINS
NISSAN X-TRAIL ELEGANCE
Nýskr 08.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 20 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð 2.730.000,-
Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.



LAGERSALA
50% AFSLÁTTUR AF ÖLLU !
H&M ROWELLS
OPIÐ 11-19
FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)


Ójöfnuður í tekjuskiptingu aukist stórlega á Íslandi:

# Ríkið stærsti lífeyrisþeginn

**KJARAMÁL** Ríkisstjórnin tekur allt að 85 prósent af lífeyristekjum í ríkissjóð, að sögn Stefán Ólafssonar prófessors. Þetta kom fram í framsögu hans á ráðstefnunni Velferðarríki á villigötum? sem Landssamband eldri borgara stóð fyrir í gær í samstarfi við önnur hagsmunasamtök um skatta og skerðingar á kjörum aldraðra og öryrkja. Í töflu sem Stefán birti yfir hlutfall ríkis og lífeyrisþega af hverjum tíu þúsund krónum lífeyris var hlutur ríkisins á bilinu 66 til 78 prósent upp í 140.000 krónur.

Stefán Ólafsson telur hagsmuni eldri borgara og öryrkja hafa verið fyrir borð borna af stjórnvöldum í góðærinu. Sagði hann að skattbyrði hefði aukist mest í lægstu tekjuhópunum á seinasta áratug eða um 14 prósent í lægst launaða tekjuhópnum miðað við skiptingu í tíu tekjuhópa. Skattbyrði hefur aukist í öllum tekjuhópunum nema þeim efsta þar sem hún hefur minnkað um 3,3 prósent.

Stefán segir skerðingu stjórnvalda á lífeyrisréttindum umtalsverða og að ójöfnuður í tekjuskiptingu hafi aukist stórlega. Ef sú þróun haldi áfram verði grafið undan þeim kjarabótum sem lífeyrissjóðir eiga að tryggja sem stuðlar að áframhaldandi ójöfnuði.

Stefán telur að muni ójöfnuðurinn aukast áfram með sama hraða þá verði Ísland komið með einna ójöfnustu tekjuskiptinguna á Vesturlöndum eftir áratug og ástandið gæti orðið svipað og í Bandaríkjunum. **- sdg**



**STEFÁN ÓLAFSSON PRÓFESSOR** Stefán telur skerðingar og skatta eyðileggja megnið af ávinningi lífeyrisþega frá lífeyrissjóðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sumartískan
## á frábæru verði





ekta leður

**Leðursandalar** 4.999 kr
svartir, hvítir, ljósgrænir
st. 36-41



**Ballerínuskór** 2.999 kr
hvítir
st. 36-42



**Blómatöfflur** 1.299 kr
margir litir
st. 36-41




**Espadrillur** 999 kr
margir litir
st. 36-41

Gildir til 7. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla




Tony Blair berst fyrir orðstí innanríkisráðherrans:

# Clarke nýtur enn stuðnings

**BRETLAND, AP** Forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair, hélt uppi vörnum fyrir hrjáðan þingmann Verkamannaflokksins í fyrirspurnartímanum á þinginu í gær, gegn hörðum árásum leiðtoga stjórnarandstöðunnar, David Cameron leiðtoga Íhaldsflokksins, sem fór fram á að Charles Clarke innanríkisráðherra segði umsvifalaust af sér.

Sú staðreynd að síðustu sjö árin íhuguðu yfirvöld ekki hvort vísa bæri yfir eitt þúsund erlendum glæpamönnum úr landi eftir að þeir luku fangavist sinni í Bretlandi hefur valdið gífurlegu fjaðrafoki innan breskra stjórnmála. Clarke nýtur þó enn stuðnings Blairs og á meðan svo er telja stjórnmálaskýrendur að hann muni ekki segja af sér. Blair og Clarke hafa sagt að lögin verði hert, svo erlendum föngum verði umsvifalaust vísað úr landi þegar fangavist þeirra lýkur, nema sérstakar ástæður komi til.



**TONY BLAIR** Ríkisstjórn Tonys Blair, forsætisráðherra Bretlands, sætir harðri gagnrýni þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sveitarstjórnarkosningar eru haldnar í Bretlandi í dag og telja margir að niðurstaða þeirra muni ráða úrslitum um framtíð Clarkes. Hljóti Verkamannaflokkurinn lítið fylgi er því jafnframt spáð að Blair muni tilkynna dagsetningu afsagnar sinnar, en hann hefur sagst ætla að segja af sér fyrir næstu þingkosningar sem haldnar verða árið 2009. **- smk**

Héraðsdómur Vesturlands:

## Sekt fyrir utanvegaakstur

**DÓMSMÁL** Maður var dæmdur til greiðslu 25 þúsunda króna fyrir að hafa fyrir ári síðan ekið torfærubifhjóli sínu nokkur hundruð metra utan vega í hlíðum Seljafells í Helgafellssveit og valdið þar með gróðurspjöllum.

Telst þetta brot á lögum um náttúruvernd og var manninum birt ákæra í kjölfarið. Sótti hann ekki þing og taldi dómurinn mega leggja það að jöfnu sekt mannsins. Taldist brotið nægilega sannað **- aöe**

### DÓMSMÁL

**FANGELSI OG FÉSEKT** Karlmaður var dæmdur til mánaðar skilorðsbundinnar fangelsisvistar og greiðslu 130 þúsunda króna fyrir að hafa stolið bifreið og ekið henni undir áhrifum í desember síðastliðnum. Hann var að auki sviptur ökurétti.



**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Frumvarp utanríkisráðherra gerir meðal annars ráð fyrir að stjórnvöld semji við sveitarfélög eða byggðasamlag í nágrenni Keflavíkurflugvallar um sameiginlegan rekstur slökkviliðs.

# Lög sett um bráðavanda

**Nýtt frumvarp utanríkisráðherra gerir ráð fyrir að starfsmenn flugrekstrar í Keflavík verði allt að 200 og viðbótarkostnaður Íslendinga 1,5 milljarðar á ári.**

**VARNARLIÐIÐ** „Brýnt er að eyða óvissu starfsfólksins og afgreiða frumvarpið nú eða eigi síðar en eftir sveitarstórnarkosningarnar," segir Geir. H. Haarde utanríkisráðherra um frumvarp sem hann hefur lagt fram á Alþingi.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar verði sérstök stofnun sem taki við öllum flugrekstrarverkefnum sem áður voru á hendi varnarliðs Bandaríkjamanna samkvæmt varnarsasmningnum.

„Þetta frumvarp þarf að afgreiða nú því í því eru undanþágur frá gildandi lögum um auglýsingaskyldu starfsfólks sem ráðið yrði. Við teljum það sanngirnismál að núverandi starfsmenn hafi forgang að vinnu, til dæmis þeir sem verið hafa í slökkviliði eða sinnt öðrum rekstrarþáttum," segir utanríkisráðherra.

Undir venjulegum kringumstæðum hefði verið lögboðið að auglýsa störfin. „Við ætlum að víkja því til hliðar auk þess sem við ætlum að fá heimild fyrir flugmálastjórnina til þess að semja annað hvort við sveitarfélag í nágrenninu eða byggðasamlag um þáttöku í rekstri slökkviliðsins. Þarna gætu verið ýmsir möguleikar en vinna þarf úr þeim á næstunni."



**GEIR H. HAARDE**

Geir segir að um lágmarksbreytingar verði að ræða nú til þess að reksturinn verði snurðulaus við yfirtökuna. „Vera má að gera þurfi frekari breytingar síðar vegna þess að á endanum ætti þetta samgöngumannvirki að fara undir samgönguráðuneytið. Að mínum dómi er það rétta leiðin, en þá yrði að gera frekari breytingar og tengja stjórn vallarins Flugmálastjórn Íslands. Brýnast er nú að yfirtaka Íslendinga á þessum rekstrarþáttum verði algerlega snurðulaus þannig að enginn taki eftir henni."

Geir telur brýnt að afgreiða frumvarpið sem fyrst en það þoli þó bið fram yfir kosningar. „Það þarf að eyða óvissu starfsfólksins."

Nú starfa 62 starfsmenn hjá Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar en þeir gætu orðið um 200 þegar upp er staðið. Árlegur viðbótarkostnaður íslenska ríkisins við rekstur slökkviliðs, brautardeildar, rafeindadeildar og annarra þátta er nemur hátt í 1,5 milljörðum króna. **johannh@frettabladid.is**

Malarnám í Ingólfsfjalli:

## Neita 50 metra lækkun

**MALARNÁM** Lögmaður sveitarfélagsins Ölfuss fer yfir niðurstöðu skipulagsstofnunar um að leyfa ekki frekara malarnám úr Ingólfsfjalli.

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri, segir að vanda þurfi ákvörðunartöku um framhaldið. Bæjaryfirvöld hyggist ekki fremja lögbrot með frekara malarnámi. Niðurstöðu sé að vænta fyrir næstu helgi.

Eigendur höfðu óskað eftir að fá að taka tvær milljónir rúmmetra af jarðefnum úr fjallinu. Efnistakan yrði sýnileg frá Selfossi og Þjóðveginum. Fjallið hefði lækkað úr 330 til 357 metrum í 272 metra. **- gag**




Í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri er lögð áhersla á að mennta nemendur til stjórnunarstarfa, m.a. með þjálfun í faglegum vinnubrögðum við stefnumótun, ákvarðanatöku og stjórnun. Samhliða eru nemendur þjálfaðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast í framhaldsnámi. Í grunninn fá allir nemendur sambærilega menntun á sviði viðskiptafræða, en geta að auki valið að leggja áherslu á eitt af eftirtöldum sviðum:

- Ferðaþjónusta
- Fjármál
- Markaðsfræði
- Stjórnun

Spennandi valkostur

- Persónulegt umhverfi - góð tengsl milli nemenda og kennara
- Sveigjanleiki - nemendur geta valið um að stunda staðnám eða fjarnám
- Áhugaverð blanda af tengslum við atvinnulíf og fræðilegri umfjöllun

Umsóknarfrestur er til 5. júní.
Umsóknareyðublöð, námsskrá og kynningarefni eru aðgengileg á www.unak.is.



„Ég mæli hiklaust með viðskiptafræði í HA og er afskaplega ánægð með þá röð tilviljana sem ollu því að ég fór í þangað í nám. Ég var mjög ánægð á meðan á náminu stóð og það var góður grunnur fyrir framhaldsnámið sem ég valdi mér. Þekkingin sem ég aflaði mér í náminu og þau vinnubrögð sem ég tamdi mér hafa nýst mér mjög vel í starfi."

Jónína Guðmundsdóttir
ráðgjafi hjá IMG



Virk Sam- keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30% Afsláttur
Krónu krydduð lambasteik 1.119 kr./kg.
25% Afsláttur
Krónu blandaðir kjúklingabitar 299 kr./kg.
Gríms fiskibollur
299 kr./pk.
30% Afsláttur
Goða Ostapylsur 794 kr./kg.
30% Afsláttur
Goða Bratwurst pylsur 724 kr./kg.
30% Afsláttur
Naggalínan Cordon bleu 370 kr./pk.
Gríms fiskibuff
599 kr./pk.
Skyr.is 500 ml
Verð frá:
158 kr./stk.
Krónubrauð stórt og gróft
99 kr./stk.
Líf safi 1 L. 3 tegundir
89 kr./stk.
Rinaldi 745 ml spagettisósa 3 teg.
169 kr./stk.
Shop Rite kakómalt
374 kr./stk.
25% Afsláttur
Shop Rite plastpokar, álpappír plastfilma
Shop Rite heitt súkkulaði
224 kr./stk.
Meira úrval
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ





Bólivíumenn taka völdin yfir gaslindum sínum:

# Alþjóðafyrirtækjum úthýst

**BÓLIVÍA, AP** Ákvörðun Evo Morales, forseta Bólivíu, um að ríkið muni hafa yfirumsjón með orkuvinnslu í landinu, hefur valdið miklum usla á alþjóðavettvangi. Á mánudag gaf Morales alþjóðafyrirtækjum 180 daga til að færa stjórn vinnslunnar í hendur ríkisins, ella verði þeim úthýst úr landinu. Jafnframt sendi hann hermenn á 56 gasvinnslustöðvar.

Mikil gasvinnsla er í Bólivíu og hefur hún aðallega verið í höndum alþjóðafyrirtækja sem Morales hefur ásakað um arðrán. Forsetinn hvatti fyrirtækin til að sýna fyrirskipuninni skilning og virða eignarrétt Bólivíumanna á náttúruauðlindum sínum, en talsmenn fyrirtækjanna hafa brugðist við með harðri gagnrýni.



**VALDATAKA** Forseti Bólivíu, Evo Morales, fyrir miðju, og félagar úr ríkisstjórninni við San Alberto-gasvinnslustöðina á mánudag.

Utanríkisráðherra Spánar tilkynnti í gær að spænsk nefnd yrði send á næstu dögum til Bólivíu til að ræða þessi mál við Morales, og talsmenn Evrópusambandsins sendu frá sér viðvörun á þriðjudag um að ákvörðun Morales myndi skaða orkumarkaði heimsins. Helstu alþjóðafyrirtækin sem unnið hafa gas úr landi Bólivíumanna eru evrópsk og bandarísk, en gasið er selt til Brasilíu og Argentínu. Bólivía er einatt talið fátækasta land Rómönsku Ameríku, og er þessi fyrirskipun Morales liður í uppfyllingu kosningaloforðs hans um að færa frekari völd í hendur landsmanna. **- smk**


## Aðalfundur Baðfélags Mývatnssveitar hf

Aðalfundur Baðfélags Mývatnssveitar hf. verður haldinn í Hótel Reynihlíð, fimmtudaginn 18. maí n.k. og hefst hann kl. 14.00.
Á dagskrá aðalfundar eru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins. Fyrir fundinum munu liggja tillögur um breytingar á samþykktum félagsins og einnig tillaga stjórnar um að auka hlutafé.

Ársreikningur félagsins og skýrsla stjórnar munu liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund, hluthöfum til sýnis.

Stjórn Baðfélags Mývatnssveitar hf.

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN


Hinsegin dagar í Moskvu:

## Komið í veg fyrir göngu

**MOSKVA** Öfgasinnaðar skallabullur og aldraðar kristnar konur með krossa á lofti komu í veg fyrir fyrstu Hinsegin daga-gönguna í Moskvu á sunnudagskvöld. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.

Samkynhneigt fólk hafði safnast saman á skemmtistað í miðborginni til að ljúka undirbúningi göngunnar, sem ekki hefur verið haldin þar í landi áður, þegar hópur reiðra mótmælenda mættu fyrir utan staðinn um klukkan 22.

Talsmenn samkynhneigðra þökkuðu lögreglunni fyrir að bregðast skjótt við, dreifa fjölda mótmælenda og flytja göngufólkið í örugga höfn.

Fimm ára fangelsisdómur lá við samkynhneigð í Rússlandi þar til árið 1993. **- smk**



**UMFERÐARSLYS Í REYKJAVÍK** Allt of algengt er að lögreglan þurfi að hafa afskipti af ökumönnum sem stunda ofsaakstur á götum höfuðborgarsvæðisins. Af 93 ökumönnum sem stöðvaðir voru um síðastliðna helgi óku 88 á yfir hundrað kílómetra hraða.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Viðurlögin verði hert

**Fullgild rök eru fyrir því að þyngja viðurlög við ofsaakstri, segir lögfræðingur hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík. Lögreglan reynir að sporna við vítaverðu aksturslagi ökumanna með sértækum aðgerðum.**

**HRAÐAKSTUR** Viðurlög við hraðakstri gæti þurft að herða til þess að sporna við ofsaakstri innan bæjarmarka. Þetta segir Jóhann Hauksson, lögfræðingur hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík.

Ökumenn sem stöðvaðir eru fyrir ofsaakstur eru sviptir ökuleyfi auk þess að fá sekt sem nemur tugum þúsunda króna. Lögregluyfirvöld í nokkrum nágrannalöndum Íslands, til dæmis í Noregi, gripu til þess ráðs að þyngja refsingar við ofsaakstri. „Ökumenn hafa ekki fengið fangelsisdóma hér á landi, að mér vitandi, fyrir ofsaakstur nema aksturslag þeirra hafi haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Það má færa fyrir því fullgild rök að refsingar vegna ofsaaksturs, hvort sem hann veldur alvarlegum slysum eða ekki, mættu vera harðari.“

Á þriggja sólarhringa tímabili um síðastliðna helgi stöðvaði lögreglan í Reykjavík fimm ökumenn sem óku á yfir 140 kílómetra hraða. Sá sem hraðast ók mældist á 169 kílómetra hraða á Sæbraut, en hámarkshraði á þessum slóðum er 60 kílómetrar á klukkustund.

**OF HRAÐUR AKSTUR**

**JANÚAR-MARS**

- **2005** *4.127 ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur.*
- **2006** *4.910 ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur.*

Lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu hafa að undanförnu ítrekað þurft að hafa afskipti af ökumönnum sem stunda ofsaakstur á stofnbrautum. Mikill meirihluti ökumanna sem stöðvaðir voru fyrir of hraðan akstur um síðastliðna helgi keyrði á yfir hundrað kílómetra hraða. Af 93 ökumönnum sem stöðvaðir voru keyrðu 88 á yfir hundrað kílómetra hraða.

Síðastliðna mánuði hefur verið mikið um ofsaakstur á götum höfuðborgarsvæðinu. Samanborið við árið í fyrra hefur lögreglan stöðvað næstum fimmtungi fleiri ökumenn fyrir of hraðan akstur, sé miðað við tímabilið janúar til mars.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur það færst í vöxt að lögreglan beiti ómerktum bifreiðum til þess að fylgjast með hraðakstri. Að sögn Guðbrands Sigurðssonar, varðstjóra í umferðardeild lögreglunnar í Reykjavík, reynir lögregla að taka á þeim vanda sem ofsaakstur skapar á götum höfuðborgarsvæðinu með öflugri sýnilegri gæslu.

magnush@frettabladid.is







# FRÁ 34.500* KR.

+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

**STELPURNAR Í NYLON**
hita upp fyrir hina sívinsælu hljómsveit Westlife á alls 22 tónleikum á Bretlandi í vor.
Skelltu þér í frábæra vorferð til Englands og sjáðu Nylon og Westlife á Wembley 18. maí n.k.

**Óvæntur glaðningur fylgir með til þeirra sem bóka þessa ferð.**

Vildarpunktar
VISA
Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

*Innifalið: Flug og flugvallarskattar. Eingöngu bókanlegt á netinu.
Takmarkað sætaframboð. Flug til London gefur frá 3.000 Vildarpunktum.



**SPJALLAÐ Í SÍMA** Þessi kona er nemi í Palestínu, og er greinilega mikil stuðningskona Hamas-hreyfingarinnar, því bæði ber hún höfuðband með slagorðum hreyfingarinnar, og svo er síminn hennar merktur þannig líka. Hreyfingin nýtur enn mikils stuðnings Palestínubúa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Innflutningur á einkabílum frá Bandaríkjunum eykst milli ára:

# Fyrir 1,1 milljarð á 90 dögum

**INNFLUTNINGUR** Fyrstu þrjá mánuði ársins voru fluttir inn einkabílar fyrir rúman 1,1 milljarð króna frá Bandaríkjunum. Það er rúmlega 210 milljónum meira en á sama tíma í fyrra, þegar innflutningurinn nam rúmum 886 milljónum króna.

Viktor Urbancic, eigandi Sparibíla sem flytur inn bíla frá Bandaríkjunum, segir að undantekningarlaust kjósi fólk dýrustu týpuna innan hverrar gerðar: „Menn vilja leður, lúgur og allan þann búnað sem er í boði. Enginn biður um ódýrustu týpurnar og enginn lítur við bíl sem ekki hefur leðursæti. Fólk vill hafa bílana huggulega, sama hvort það er jeppi eða pallbíll.“

Viktor segir að hér áður hafi verið mikil eftirspurn eftir pallbílum en nú sækist flestir eftir jeppum. Hann eigi von á því að fólk haldi að sér höndum við bílakaupin þegar verðið sé ekki eins hagstætt vegna gengisbreytinga: „Verðið hefur lyfst en við erum ekki smeykir því það hækkar einnig hjá öðrum.“

Fluttir voru inn 775 bílar fyrstu þrjá mánuði ársins en 759 fyrstu þrjá mánuði í fyrra. Allt í allt komu 3.495 einkabílar frá Bandaríkjunum í fyrra fyrir rúmlega 4,7 milljarða króna. Þegar öll farartæki eru skoðuð nam innflutningurinn frá Bandaríkjunum tæplega 9,4 milljörðum króna í fyrra. **- gag**

**BÍLAINNFLUTNINGUR MILLI ÁRANNA 2006 OG 2005**

| | Milljónir | Fjöldi |
|---|---|---|
| Janúar 2005 | 289.718.494 kr.- | 248 |
| Janúar 2006 | 324.454.990 kr.- | 243 |
| | | Fjöldi |
| Febrúar 2005 | 294.723.866 kr.- | 253 |
| Febrúar 2006 | 410.111.018 kr.- | 279 |
| | | Fjöldi |
| Mars 2005 | 301.818.738 kr.- | 258 |
| Mars 2006 | 374.469.919 kr.- | 251 |

Svíar dæmdir í Íran:

## Fangelsi fyrir myndatökur

**ÍRAN, AP** Tveir Svíar hafa verið dæmdir í þriggja ára fangelsi hvor fyrir að taka myndir af herbúðum í Íran, að sögn Jamal Karimira dómsmálaráðherra Írans á þriðjudag.

Samkvæmt sænsku fréttastofunni TT voru mennirnir, sem báðir eru á fertugsaldri, handteknir fyrir að taka myndir af byggingum og fjarskiptatækjum íranska hersins á Qeshm eyju, en þeir unnu við byggingariðnað í Íran þegar þeim er gert að hafa tekið myndirnar. Lögmaður þeirra sagði dóminn of harðan, því mennirnir höfðu hvorki ætlað sér að taka myndir af búðunum, né skipulagt myndatökuna á nokkurn hátt. **- smk**

Mannránið í Garðinum:

## Enn óupplýst

**MANNRÁN** Enn er óupplýst hverjir voru að verki þegar fjórir menn réðust á Kristin Óskarsson, íbúa í Garðinum, hinn 25. mars og námu hann á brott af heimili sínu.

Maðurinn lá í farangursgeymslu bifreiðar í rúma sjö klukkutíma áður en hann náði að losa sig skammt frá bænum Múla í Biskupstungum. Þeir sem einhverjar upplýsingar geta veitt um þessa árás eru beðnir um að snúa sér til lögreglunnar í Keflavík. **- mh**



**BRÚÐHJÓN** Það er 71 árs aldursmunur á hjónunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Brúðkaup í Malasíu:

## Sjö áratuga aldursmunur

**MALASÍA, AP** Þrjátíu og þriggja ára gamall maður kvæntist á dögunum 104 ára gamalli konu í Malasíu. Þetta var fyrsta gifting brúðgumans, Muhamads Noor Che Musa, en 21. brúðkaup brúðarinnar, Wook Kundor.

Muhamad sagði fjölmiðlum að hann hefði ekki kvænst Wook vegna peninga hennar, því hún er fátæk kona, heldur hefði gagnkvæm virðing og vinátta þróast yfir í ást. Hann sagðist upphaflega hafa dregist að Wook því hún var einmana gömul kona, en eftir að þau kynntust betur, fann hann fyrir frið í sálinni sem hann hefði ekki fundið áður. **- smk**



**SORG** Harmi lostnir biðu ættingjar í Jerevan í gær fregna af afdrifum ástvina sinna.

# Allir um borð fórust

**Eitthundrað og fimm farþegar og átta áhafnarmeðlimir fórust þegar armensk farþegaflugvél brotlenti í Svartahafinu aðfaranótt miðvikudagsins.**

**RÚSSLAND, AP** Enginn komst lífs af þegar armensk farþegaflugvél hrapaði í afar slæmu veðri í Svartahafi í fyrrinótt, sex kílómetrum undan strönd Rússlands.

Eitthundrað og þrettán manns voru um borð í vélinni, sem var frá frá armenska flugfélaginu Armavia og var á leið frá Jerevan, höfuðborg Armeníu, til Schoci í Rússlandi. Flugvélin, sem var af gerðinni Airbus A-320, var í aðflugi þegar hún hrapaði og lenti í sjónum.

Óvíst var um tildrög slyssins, en rannsóknaraðilar töldu ólíklegt að um hryðjuverk væri að ræða. Sennilegra væri veðrinu um að kenna, samkvæmt upplýsingum talsmanna björgunarsveita og flugmálayfirvalda. Skyggni var lélegt og lá þykkt skýjabelti eingöngu um 100 metrum fyrir ofan hafið þegar slysið varð, að sögn Viktor Beltsov, talsmanns almannavarnaráðuneytis Rússlands. Rússnesk yfirvöld sögðu í gærmorgun að ekki væri ólíklegt að aldur vélarinnar, sem var ellefu ára, sem og tæknivandamál gætu hafa stuðlað að slysinu.

Tuttugu og fimm bátar og fjöldi kafara leituðu að líkum í úfnum sjónum í allan gærdag í afleitu veðri. Ekki bætti úr skák að flugvélarbolurinn lá á um 400 metra dýpi og rak brak úr vélinni á land nærri slysstað.

Að sögn kafara var ekkert líkanna sem þeir endurheimtu í gær í björgunarvesti, sem þykir benda til þess að slysið hafi átt sér lítinn aðdraganda.

Um borð í vélinni voru 105 farþegar, þar af sex börn, og átta áhafnarmeðlimir. Að sögn talsmanns flugfélagsins voru 26 þeirra Rússar, einn frá Úkraínu og einn frá Georgíu, en hinir voru allir Armenar. Margir farþegarnir höfðu verið á leið í frí á ferðamannastaðnum Schoci.

Aðstandendur biðu harmi slengir á flugvellinum í Jerevan í gærdag eftir leiguflugvél sem átti að flytja þá frá Armeníu til Adler-flugvallarins í Rússlandi, nærri staðnum þar sem vélin hrapaði. Á Adler-flugvellinum biðu um 100 ættingjar, og einn maður varð svo æstur að flytja þurfti hann á brott með sjúkrabíl.

Forsetar Rússlands og Armeníu, Vladimir Pútín og Robert Kocharian, lýstu því yfir að morgundaginn, föstudagur, yrði sorgardagur í báðum löndum. smk@frettabladid.is



**BRAK ÚR FLUGVÉLINNI** Mynd sem rússneska sjónvarpsstöðin ORT sýndi í gær af leitarmanni með brak úr armensku flugvélinni sem hrapaði í Svartahafið aðfaranótt miðvikudagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FRÁ UNDIRRITUN** Kennsla á nýrri námsbraut í auðlindarétti mun hefjast í lagadeild Háskóla Íslands á næstu misserum.

Nýr samningur Háskólans:

## Lektor í auðlindarétti

**MENNTUN** Gerður hefur verið samningur milli Háskóla Íslands og Hafréttarstofnunar þess efnis að stofnunin kosti hálfa stöðu lektors í auðlindarétti við lagadeild skólans.

Er með þessu framlagi stefnt að því að efla kennslu og rannsóknir á þeim þáttum er lúta að hafrétti og auðlindum hafsins og ennfremur að auka enn meira á tengsl skólans við atvinnulífið. Mun samningurinn koma til framkvæmda um næstu áramót og er hann gerður til þriggja ára. **- aöe**

### DÓMSMÁL

**Fær engar skaðbætur** Kröfu manns um skaðabætur vegna slyss sem hann varð fyrir þegar hann ók bíl, sem hann hafði að láni, út af með þeim afleiðingum að hann hlaut varanlega örorku, var vísað frá Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem krafan var fyrnd.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Féll af hesti** Kona fótbrotnaði illa þegar hún féll af hestbaki seinnipartinn í gær skammt frá Egilsstöðum. Var farið með konuna á Sjúkrahúsið á Egilsstöðum til aðhlynningar en óvíst var hvort hún yrði send til Akureyrar eða Reykjavíkur í aðgerð þegar Fréttablaðið fór í prentun.


IMPREZA SUBARU




Við fyrstu sýn lítur Subaru Impreza WRX út fyrir að vera einungis fágaður sportbíll, en svo er alls ekki. Impreza er eins og eldfjallasvæði, kyrrlátur á yfirborðinu en undir niðri býr ólgandi kraftur. Impreza finnur sig vel á götum borgarinnar en býr líka yfir 230 hestafla krafti sem er nóg til að sigra í hörðustu rallýkeppnum. Þitt er valið.

STAÐALBÚNAÐUR: 2.5 lítra vél – 230 hestöfl – Fjórhjóladrifinn – 4ra dyra – 17” álfelgur – Vindskeið og margt fleira

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# HÖRKUTÓL Á HAGSTÆÐU VERÐI

## Nú geta allir eignast iðnaðarverkfæri á „hobbý“ verði





NOVA 18V Batterísborvél + 3,6V Skrúfvél, borar og skrúfbitar

Kr. 3.498,-



Kr. 2.690,-

NOVA 18V Batterísborvél + 91 stk. verkfæri



Kr. 1.295,-

NOVA 4,8V Skrúfvél og skrúfbitar



| | |
|---|---|
| Litaspray, ótal litir | kr. 295,- |
| Deka hamrað lakk 1 líter | kr. 649,- |
| Bakki, rúlla og pensill | kr. 598,- |
| Málband 20 metra | kr. 198,- |
| Dúkahnífur | kr. 25,- |
| Hallamál 80 cm | kr. 475,- |
| Kíttissprauta | kr. 199,- |
| Múrfata 12 lítrar | kr. 212,- |
| Múrexi 600g | kr. 390,- |
| Múr glattari 12"x5" | kr. 189,- |
| Betomix B132 steypuhrærivél | kr. 34.900,- |
| Bosch rafhlöðuvél 14,4 VE2 | kr. 25.491,- |



Kr. 3.498,-

NOVA Batterísborvél 18V + 91 stk. verkfæri

*Múrbúðin hefur opnað verslun á Húsavík*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

MÚRBÚÐIN

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

# Gleðileg sumar tilboð!



**Reiðhjól, 12"/16"** **9.690/11.390**
3899960+61
- Bubbi byggir
- Hjálpardekk
- Handbremsur
- Fótbremsur
- Keðjuhlíf
- Glitauga



**Reiðhjól, 12"/16"** **9.690/11.390**
3899962+63
- My Bonnnie
- Hjálpardekk
- Handbremsur
- Fótbremsur
- Keðjuhlíf
- Glitauga

**18.900**




**Reiðhjól, Author A-Matrix 24"**
3899972
- 18 gíra Shimano Revoshift skipting
- Shimano TY-18 afturskipting
- Ál stell
- Álgjarðir
- Artek "V" bremsur
- Ál handbremsur
- Demparar að framan

**25.900**




**Reiðhjól, Author Impulse 26"**
3899973
- 21 gíra Shimano Revoshift skipting
- Shimano TX-30 afturskipting
- "Heavy Duty" ál stell
- Álgjarðir
- Artek "V" bremsur
- Ál handbremsur
- Demparar að framan

**345**



**Reiðhjólalás**
12x650mm
3900356

**10.900**



**Hjólavagn**
Sæti fyrir tvo
3899335

**3.495**



**Reiðhjólahjálmur**
Fyrir fullorðna
5872039-51

**2.695**



**Reiðhjólahjálmur**
Fyrir börn
5872012-16

# Fjölskyldan hjólar




## Reiðhjól, Author Energy 20"
3899970
- 6 gíra Shimano Revoshift skipting
- Shimano TY-18 afturskipting
- Álgjarðir
- Artek "V" bremsur
- Tektro plast/ál handbremsur




## Reiðhjól, Author Melody 20"
3899971
- 6 gíra Shimano Revoshift skipting
- Shimano TY-18 afturskipting
- Álgjarðir
- Artek "V" bremsur
- Tektro plast/ál handbremsur




## Reiðhjól, Author Impulse 26"
3899974
- 21 gíra Shimano Revoshift skipting
- Shimano TX-30 afturskipting
- "Heavy Duty" ál stell
- Álgjarðir
- Artek "V" bremsur
- Ál handbremsur
- Demparar að framan




## Reiðhjól, Author Spectra 26"
3899975
- 21 gíra Shimano Revoshift skipting
- Shimano TX-30 afturskipting
- "Heavy Duty" ál stell
- Álgjarðir
- Artek "V" bremsur
- Ál handbremsur
- Demparar að framan




## Reiðhjólagrind
Aftan á bíl
3900406




## Barnastóll á reiðhjól
Hámarks þyngd 22 kg
3900380+81




## Barnastóll á reiðhjól
Hámarks þyngd 22 kg, stillanlegt bak
3900380+81

# saman í sumar!

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



**VÍNHESTUR** Fjórir menn fylgja þessum hesti á vínhestahátíð við kastala á Austur-Spáni fyrr í vikunni. Hátíðin er haldin í minningu árásar Mára á kastalann á 13. öld og segir sagan að kristnir menn hafi komið ríðandi til kastalans, bjargað íbúum úr umsátri og læknað sára með víni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# SNÆFELLSBÆR

Snæfellsbær er á utanverðu Snæfellsnesi. Bæjarfélagið er um 680 ferkílómetrar að stærð og íbúar tæplega 1800. Flestir búa í þéttbýliskjörnunum Ólafsvík, Rifi og Hellissandi.

**Íbúafjöldi 1. des. 2005: 1.743**

**Úrslit kosninganna 2002:**
**Fjöldi íbúa á kjörskrá: 1.182**
**Fjöldi greiddra atkvæða: 1.096 (92,7%)**
**Listi Sjálfstæðisflokksins (D)**
**661 atkvæði - 4 fulltrúa**
**Listi Bæjarmálasamt. Snæfellsbæjar (J)**
**416 atkvæði - 3 fulltrúa**

**Fulltrúar D-lista í bæjarstjórn:**
**Ásbjörn Óttarsson**
**Jón Þór Lúðvíksson**
**Ólína Björk Kristinsdóttir**
**Ólafur Rögnvaldsson**

**Fulltrúar J-lista í bæjarstjórn:**
**Gunnar Örn Gunnarsson**
**Kristján Þórðarson**
**Pétur Steinar Jóhannsson**

**KOSNINGAR 2006**
**Efstu menn J-lista, Bæjarmálasamtaka Snæfellsbæjar:**
**1. Gunnar Örn Gunnarsson, kennari og bæjarstjórnarmaður**
**2. Kristján Þórðarson, bóndi og bæjarstjórnarmaður**
**3. Steiney Kristín Ólafsdóttir, sjúkraliði**
**4. Drífa Skúladóttir, verslunarmaður**

**Efstu menn D-lista, Sjálfstæðisflokks:**
**1. Ásbjörn Óttarsson sjómaður**
**2. Jón Þór Lúðvíksson bakarameistari**
**3. Kristjana Hermannsdóttir bankastarfsmaður**

# STYKKISHÓLMSBÆR

Stykkishólmur hefur öldum saman verið miðstöð verslunar, samgangna og opinberrar þjónustu við Breiðafjörð. Bærinn hlaut kaupstaðaréttindi 1987.

**Íbúafjöldi 1. des. 2004: 1.137 - 1. des. 2005: 1.165**

**Úrslit kosninganna 2002:**
**Fjöldi íbúa á kjörskrá: 839**
**Fjöldi greiddra atkvæða: 755 (90%)**
**Listi sjálfstæðismanna og óháðra (D)**
**381 atkvæði - 4 fulltrúa**
**Listi Framsóknarflokks og Stykkishólmslista (L)**
**348 atkvæði - 3 fulltrúa**

**Fulltrúar D-lista í bæjarstjórn:**
**Rúnar Gíslason**
**Dagný Þórisdóttir**
**Eyþór Benediktsson**
**Elísabet Lára Björgvinsdóttir**

**Fulltrúar L-lista í bæjarstjórn:**
**Davíð Sveinsson**
**Hilmar Hallvarðsson**
**Bylgja Hrönn Baldursdóttir**

**KOSNINGAR 2006**
**Efstu menn L-lista, Stykkishólmslista:**
**1. Lárus Ástmar Hannesson kennari**
**2. Berglind Axelsdóttir framhaldsskólakennari**
**3. Davíð Sveinsson skrifstofumaður, bæjarfulltrúi**
**4. Helga Guðmundsdóttir póstmaður**

**Efstu menn D-lista, Sjálfstæðismanna og óháðra:**
**1. Gretar D. Pálsson deildarstjóri**
**2. Elísabet L. Björgvinsdóttir aðstoðar-leikskólastjóri**
**3. Ólafur Guðmundsson yfirlögreglu-**

Tveir listar keppa um athygli kjósenda í Snæfellsbæ:

# Engin stór ágreiningsmál

**KOSNINGAR** Snæfellsbær er víðfeðmt sveitarfélag sem nær yfir allt utanvert Snæfellsnes, yfir þéttbýliskjarnana Ólafsvík, Rif, Hellissand, Arnarstapa og Hellna auk dreifbýlisbyggðanna Fróðárhrepp, Staðarsveit og Breiðuvík.

Allt frá sameiningunni árið 1994 hefur D-listi Sjálfstæðisflokks haldið um stjórnartaumana í Snæfellsbæ og síðustu tvö kjörtímabil hefur hann att kappi við J-lista Bæjarmálasamtaka Snæfellsbæjar. Í kosningunum árið 2002 fékk D-listinn fjóra fulltrúa kjörna og J-listinn þrjá. Engu að síður var nokkur atkvæðamunur á listunum, 661 atkvæði á móti 416.



SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR Snæfellsbær 2006

**SNÆFELLSJÖKULL** Eitt helsta kennileiti Snæfellsbæjar er hið kynngimagnaða fjall, Snæfellsjökull.

Því má gera ráð fyrir að J-listinn eigi á brattann að sækja í komandi kosningum. Ekki er að heyra að um stór ágreiningsmál sé að ræða í bæjarfélaginu, kosningabaráttan snýst meira um forgangsröðun. **- ssal**

Gunnar Örn Gunnarsson J-lista:

## Ná tökum á rekstri bæjarins



J-listinn býður fram öðru sinni í Snæfellsbæ og leiðir Gunnar Örn Gunnarsson kennari listann líkt og síðast. Stefnt er að meirihluta og telur hann meiri líkur nú en 2002. „Fólk á listanum kemur víðar að en þá og við höfðum vel til íbúa alls staðar í bæjarfélaginu."

Gunnar segir rekstur bæjarins eitt af stóru kosningamálunum og segir þörf á breyttum áherslum. „Hér hefur verið viðvarandi skuldasöfnun síðustu tvö kjörtímabil og litlar framkvæmdir." Af öðrum málum J-listans nefnir hann fjölskyldumál í víðustu merkingu. „Við erum með góða leik- og grunnskóla og leggjum mikla áherslu á að svo verði áfram. Og til að efla íþróttastarf veltum við fyrir okkur að greiða niður íþrótta- og æfingagjöld fyrir börn og unglinga auk þess sem við viljum efla félagsstarf ungmenna á framhaldsskólaaldri," segir Gunnar Örn Gunnarsson.

Ásbjörn Óttarsson D-lista:

## Látum verkin tala sínu máli



Ásbjörn Óttarsson sjómaður er í forsvari fyrir D-listann í Snæfellsbæ og hefur verið undanfarin tvö kjörtímabil. „Við erum með breiðan og vel skipaðan lista og á honum er meira af ungu fólki en oft áður."

Hann segir tvímælalaust stefna að því að halda áfram völdum. „Við vonum að fólk dæmi okkur af verkunum og þá ætti það að hafast. Það hefur gengið vel á kjörtímabilinu, rekstur bæjarins skilaði til dæmis hagnaði á síðasta ári." Hann segir reksturinn samt erfiðan eins og hjá mörgum sveitarfélögum. „Gengismálin hafa verið okkur þung vegna þess hvað við höfum miklar tekjur af sjávarútvegi."

Ásbjörn gerir ráð fyrir tvísýnum kosningum en segir engin stór ágreiningsmál milli listanna. „Við höldum bara okkar striki og boðum styrka stjórn bæjarfélagsins áfram."




Nýr Camp-let tjaldvagn á sérstöku tilboði!

Ef þú tryggir þér nýjan Camp-let tjaldvagn fyrir 15. maí **fylgja aukahlutir að verðmæti 25.000 með.** Enn ein ástæðan til að tryggja sér þennan einstaka tjaldvagn.

GÍSLI JÓNSSON
Klettháls 13 // s. 587 6644 // www.gisli.is




**STYKKISHÓLMUR** Búist er við spennandi kosningum í bænum og spurning hvort félagshyggjumönnum tekst að binda enda á 32 ára setu sjálfstæðismanna við stjórn bæjarins.

Íbúar Stykkishólms fastheldnir í pólitíkinni:

# D-listi setið við völd frá 1974

**KOSNINGAR** Óhætt er að segja að hið pólitíska landslag í Stykkishólmi hafi einkennst af stöðugleika gegnum tíðina. Allar götur frá árinu 1974 hafa sjálfstæðismenn og óháðir verið í meirihluta bæjarstjórnar og sækjast nú eftir að gegna því hlutverki eitt kjörtímabilið enn.

Í kosningunum árið 2002 unnu þeir nauman sigur á L-lista Framsóknarflokks og Stykkishólmslista, fengu 381 atkvæði og fjóra menn á móti 348 atkvæðum og þremur mönnum. Þessir listar takast enn á í komandi kosningum, L-listinn heitir reyndar Félagshyggjuframboð nú, en búist er við spennandi kosningum. Nýir menn leiða listana og

SVEITARSTJÓRNAR-KOSNINGAR Stykkishólmsbær 2006

segja má að almennt séu töluverðar mannabreytingar á báðum listum, þó öllu meiri á D-lista þar sem aðeins einn af fimm efstu var með síðast.

Báðir listar eru bjartsýnir á góðan árangur í kosningunum, L-listamenn segjast skynja tíma breytinga í loftinu en D-listamenn treysta á að bæjarbúar vilji halda sig við þá stjórn sem þeir þekkja. Óljóst er hins vegar hvaða áhrif það hefur að núverandi bæjarstjóri Erla Friðriksdóttir er í fjórða sæti D-listans. ■

Lárus Á. Hannesson L-lista:

## Kominn tími á breytingar



Lárus Á. Hannesson kennari er nýr foringi L-lista félagshyggjufólks í Stykkishólmi. Hlaut hann afgerandi kosningu í forvali þar sem 34 gáfu kost á sér. „Fyrst ég tók þátt í þessu gat ég ekki skorast undan þessum úrslitum," segir hann.

Lárus bindur miklar vonir við góðan árangur listans og segir mikla reynslu þar saman komna. „Við erum mjög bjartsýn og það er mikil stemning í herbúðum okkar. Við skynjum að það er kominn tími á breytingar." Og í því sambandi vísar Lárus til þess að D-listinn hafi verið við völd í Stykkishólmi í 32 ár. „Ekkert er eilíft," segir hann.

L-listinn er búinn að finna sér bæjarstjóraefni að sögn Lárusar en nafn hans verður ekki upplýst fyrr en nær dregur kosningum. „Þetta er toppembættismaður með mikla reynslu á sviði sveitarstjórnarmála," segir Lárus.

Hann viðurkennir að ekki sé mikill ágreiningur milli listanna en nefnir fjárhag bæjarins sem dæmi um mál sem L-listinn vilji skoða gaumgæfilega.

Gretar D. Pálsson D-lista:

## Í meirihluta síðustu 32 ár



Gretar D. Pálsson deildarstjóri fer fyrir lista sjálfstæðismanna og óháðra en listinn hefur haft meirihluta í bæjarstjórn Stykkishólms síðan 1974. Gretar hefur ekki áður verið svo ofarlega á lista en á að baki áratuga starf í bakvarðasveit listans. Miklar breytingar eru á listanum síðan síðast, aðeins þrír af 14 frá árinu 2002 gefa kost á sér áfram.

Athygli vekur að núverandi bæjarstjóri, Erla Friðriksdóttir, skipar fjórða sæti D-listans og viðurkennir Gretar að það sé með ráðum gert að hafa Erlu í þessu sæti sem er baráttusætið. „Þetta er ákaflega hæfileikarík manneskja og við viljum leggja áherslu á mikilvægi þess að stjórn sveitarfélagsins sé trúverðug og traust og til að svo verði áfram þurfa menn að tryggja Erlu kosningu."

Annars á Gretar von á að kosningabaráttan snúist um áframhaldandi uppbygginu og trausta fjármálastjórn bæjarins.



Guðrún, leikskólakennari, getur ekki lengur unnið við sitt fyrra starf en endurhæfing á Reykjalundi hefur þó gert henni kleift að sjá um sig sjálf og njóta samverustunda með ömmubörnum sínum.

# takk

## fyrir að gefa mér aftur færni til að sjá um mig sjálf

Happdrætti SÍBS byggir upp endurhæfingu að Reykjalundi sem gerir þúsundum kleift að leika við lífið á ný eftir áföll. Fáðu þér miða, veldu happanúmerið þitt. Verðlaunin geta orðið ógleymanlegur vinningur.

HÉR & NÚ / SÍA

**Það er auðvelt að fá sér happanúmer**

Hringdu í síma 552 2150 eða kauptu á vefnum www.sibs.is

## Drögum á morgun

HAPPDRÆTTI SÍBS

...fyrir lífið sjálft

**Hálfur milljarður í pottinum 2006**

**Honda CR-V**
lúxusútgáfa í maí

**10 Honda Jazz**
í júní og júlí





27.517 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.



**KÍNVERSKIR ROKKARAR** Áhugamenn um rokktónlist hlusta á tónleika á Midi-rokkhátíðinni í Peking í Kína í gær. Yfir þrjátíu kínverskar hljómsveitir og fjórtán erlendar munu spila á fjögurra daga hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Geðheilbrigðismál á Litla-Hrauni horfa til betri vegar:

# Geðlæknir til starfa í haust

**FANGELSISMÁL** „Það tekur geðlæknir til starfa innan Fangelsismálastofnunar í haust og þá ættu þessi mál að vera komin í ásættanlegt horf,“ segir Valtýr Sigurðsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar, en biðtími fanga á Litla-Hrauni eftir sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu er að mati ýmissa sérfræðinga of langur.

Meðalbiðtími fanga á Litla-Hrauni eftir sálfræðiþjónustu er tíu dagar. Tveir sálfræðingar sinna þjónustunni á Litla-Hrauni en einn geðlæknir hefur sinnt þjónustu fyrir þá fanga sem þurfa á því halda, með viðtölum einu sinni í viku.

Í nýju fangelsi, sem tekið verður í notkun á næstu mánuðum, er stefnt að því að koma upp vel útbúinni meðferðardeild. „Nýja fangelsið verður fyrst og fremst móttöku-, gæsluvarðhalds-, og meðferðarfangelsi, og þar er gert ráð fyrir að verði sex klefa sjúkradeild. Á hverjum tíma eru alltaf nokkrir fangar sem eiga við geðræna kvilla að stríða og það er mikilvægt að hægt sé að sinna þeim sem skyldi.“

Sálfræðingar á Litla-Hrauni leggja áherslu á að geta sinnt öllum bráðatilfellum sem koma upp, en um helmingur tilfellanna sem sálfræðingarnir sinna er vegna neyðartilfella. - mh



**FRÁ LITLA-HRAUNI** Fangelsismálastofnun stefnir að því að koma geðheilbrigðisþjónustu innan veggja fangelsa í eðlilegt horf. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Hótel- og veitingahús:

# Léleg skattskil veitingageirans

**SKATTSKIL** Áætlað var á 46 prósent allra rekstraraðila í hótel- og veitingarekstri hérlendis á síðasta ári samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra.

Er þetta mun meiri fjöldi en gengur og gerist í öðrum viðskiptum og þjónustu þar sem áætlað var á 26 prósent lögaðila á sama ári. Kemur þetta fram í svari við fyrirspurn Guðjóns Hjörleifssonar á Alþingi og eru nokkrar ástæður nefndar þessu til útskýringar. Greinin sé fjölbreytt og að starfsemin oftar en ekki óregluleg. Óstöðugleiki og kennitöluflakk sé algengt. - aöe


TÓNLISTARFÉLAG REYKJANESBÆJAR

TÓNLEIKAR Í DUUSHÚSUM
Reykjanesbæ

ÁSTIR OG ÖRLÖG
Bjarni Thor Kristinsson, Eteri Gvazava og Jónas Ingimundarson.



Laugardagur 6. maí kl. 16:00



vísir VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega
sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS


# Starfsmenn á förum og foreldrar ósáttir

**Nær allir starfsmenn leikskólans Leikgarðs við Eggertsgötu hyggjast hætta störfum eftir að ljóst varð að rekstur hans yrði fluttur frá Reykjavíkurborg til Félagsstofnunar stúdenta. Um helmingur foreldra hefur beðið um flutning fyrir börn sín.**



**LEIKGARÐUR** Leikgarður hefur státað af óvenjustórum hluta starfsfóllks sem annaðhvort er með fagmenntun eða háskólamenntun.

**LEIKSKÓLAR** Starf leikskólans Leikgarðs við Eggertsgötu, þar sem 68 börn eru í gæslu, er í uppnámi eftir að ljóst varð að reksturinn yrði fluttur frá Reykjavíkurborg til Félagsstofnunar stúdenta. Ljóst er að flestir starfsmannanna, sem eru fimmtán talsins, munu að líkindum hætta, að sögn Sigrúnar Birgisdóttur aðstoðarleikskólastjóra. Þá hafa allmargir foreldrar sótt um flutning fyrir börn sín vegna breytinganna.

Helsta breytingin verður sú, að einungis yngri börn verða tekin á Leikgarð, það er að segja á aldrinum 6 mánaða til tveggja ára, í stað tveggja til sex ára eins og nú er.

„Staðan er sú að Félagsstofnun stúdenta tekur við rekstrinum 1. september,“ segir Sigrún. „Stofnunin býður öllum starfsmönnum leikskólans sömu laun og sömu kjör, nema hópi leikskólakennara sem á sín lífeyrisréttindi samkvæmt 95 ára reglunni. Í þeim hópi eru fjórir starfsmenn og þeir eru farnir að líta í kringum sig eftir öðrum störfum.“

Sigrún segir enn fremur, að allt stefni í að flestir starfsmenn leikskólans hætti, eins og staðan sé nú.

„Aðalatriðið er það, að verið er að breyta um rekstur. Það gerir það að verkum að sumir starfsmannanna þurfa ekki einu sinni að hugsa sig um. Þeir ætla ekki að vinna við leikskóla þar sem eru börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára. Ég gæti trúað að eftir yrðu á bilinu 3-5 starfsmenn sem ekki eru allir í fullu starfi. Þetta horfir svona við okkur eins og staðan er í dag.“

Sigrún segir enn fremur, að um helmingur foreldra sem eiga börn á Leikgarði hafi sótt um flutning fyrir börn sín. Þess beri að geta að hluti þeirra foreldra sé að fara í skóla næsta vetur, aðrir séu að fara út í nám og loks sé hópur sem hafi beðið um flutning vegna breytinganna fyrirhuguðu. Öllum börnunum verði boðið pláss á skólanum þó að einungis verði tekinn inn yngri aldurshópur. Þegar fari að tínast úr geti foreldrar séð fram á að fá börn verði eftir í eldri hópnum í skólanum. Það þyki ekki öllum ákjósanlegt.

Að sögn Sigrúnar er starfsmönnum gert að láta vita fyrir 1. júní hvort þeir hyggjast halda áfram störfum eða ekki. Ef þeir geri það ekki fyrir þann síma sé litið svo á að þeir séu komnir í vinnu hjá Félagsstofnun 1. september. jss@frettabladid.is






Þjónustumiðstöð Vesturbæjar

Pantaðu viðtal

*Ágæti borgarbúi*

*Pantaðu viðtal við borgarstjóra*
*í þjónustumiðstöð Vesturbæjar við Hjarðarhaga.*
*Bókaðu tíma í síma 411 1700.*
*Komdu og ræddu þín mál við borgarstjóra.*
*Heitt kaffi á könnunni.*

*Með bestu kveðju*

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Borgarstjórinn í Reykjavík

Viðtalstími Föstudaginn 5. maí kl. 10–12

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar | Hjarðarhaga 45-47 | Sími 411 1700

Næstu viðtöl borgarstjóra:
Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Bæjarhálsi 1, mánudaginn 8. maí kl. 10 –12

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu


Miklar verðhækkanir á Spáni:

# Ólífuolía orðin lúxusvara

**SPÁNN** Verð á ólífuolíu í spænskum verslunum hefur hækkað um hartnær fimmtíu prósent á einu ári og er svo komið að margir líta orðið á olíuna sem lúxusvöru.

Talsverðar verðhækkanir hafa orðið í landinu síðustu mánuði en verð á nauðsynjavörum hefur hægt og bítandi hækkað allar götur síðan evran var tekin upp sem gjaldmiðill í landinu árið 2002, að mati flestra landsmanna. Þykir mörgum þó fullmikið af því góða þegar ólífur og ólífuolía hækka í verði eins og raunin hefur verið undanfarið. - aöe



**TÆP FIMMTÍU PRÓSENTA HÆKKUN** Mörgum Spánverjum finnst nóg komið þegar ólífur og ólífuolía hækka um fimmtíu prósent á einu ári. NORDICPHOTOS/AFP


Frosinn KS lambabógur
...fyrir góðan dag!
FROSINN LAMBABÓGUR
599 kg KR.
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR Í 900g POKUM
FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
1298 KR.
900g
bonus.is
Fylgist með okkur!
Frosna EUROSHOPPER grænmetið
Frábært í matseldina -
Gull að hafa við hendina...
BROKKOLÍ
BROKKOLÍBLANDA
198 KR.
HEILT KÍLÓ!
TUNFISK
2 frosnar túnfisksteikur í pakka
- fínar á grillið eða pönnuna!
FROSIN TÚNFISKSSTEIK
99 KR.
250g
ÞÆGILEGT, ÓDÝRT, VINSÆLT OG GOTT
BÓNUS PYLSUR
479 kg KR.
Merkt verð 599 KR.
KF SALAT
98 KR.
350g
STEIKTUR LAUKUR
69 KR.
200g
RISTAÐUR STÖKKUR LAUKUR
Léttreyktar lambakótelettur
Nýtt í Bónus!
LÉTTREYKTAR LAMBAKÓTELETTUR
1499 kg KR.
Munið rauð litarefni jarðarberjanna!
Fín í morgunsárið...
FROSIN JARÐARBER
129 KR.
450g
FRESCHETTA Pitsutilboðið gildir aðeins í dag!
Tilboð dagsins!
FRESCHETTA PITSA
199 KR.
400g
FRESCHETTA
PIZZA ROMA
Bónus grillsneiðar, svínalærissneiðar
og svínahnakkasneiðar
BÓNUS SVÍNAGRILL
LÆRIS-/HNAKKASNEIÐAR
899 kg KR.
www.bonus.is

## „ORÐRÉTT“

### *Misjöfn eru áhugamálin*

**„Hvað segja dýraverndunarsamtök um það að fullorðið fólk verji allt að klukkutíma í að pynta lax og í lokin kyssa fiskinn og sleppa honum síðan.“**

JÓN JÓNSSON, FYRRVERANDI VAGNSTJÓRI, UM LAXVEIÐAR. FRÉTTABLAÐIÐ.

### *Á hagkvæman hátt?*

**„Ég trúi því að ársfjórðungsuppgjör okkar sýni fram á forskot fyrirtækisins á sviði erfðatækni, að geta þróað lyf gegn alvarlegum sjúkdómum og gert það á hagkvæman hátt.“**

KÁRI STEFÁNSSON FORSTJÓRI DECODE Í KJÖLFAR FRÉTTA AF 1,5 MILLJARÐA TAPI Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUGI. MORGUNBLAÐIÐ.

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HAUKUR LOGI KARLSSON FORMAÐUR BÍSN

# *Er mikið félagsmálatröll*



„Allt gott að frétta,“ segir Haukur Logi þrátt fyrir að blaðamaður sé að trufla hann við ritgerðarskrif.

Haukur Logi tók við embætti formanns Bandalags íslenskra námsmanna í mars á þessu ári. „Ég hef verið í félagsstörfum í Háskólanum í Reykjavík og ákvað að sækja um þegar það var auglýst eftir formanni BÍSN enda mikið félagsmálatröll.“

Ritgerðaskrifin, sem gert var hlé á meðan á símtalinu stendur, eru fyrir BA-ritgerð Hauks, sem stundar laganám í Háskólanum í Reykjavík. Fjallar hún um vald lögreglu til að safna persónulegum upplýsingum um borgarana. „Þetta er athyglisvert efni og til dæmis eru rúmlega 200 Íslendingar á skrá hjá lögreglunni samkvæmt upplýsingum frá Persónuvernd. Þetta atriði er á mjög gráu svæði gagnvart friðhelgi einkalífsins.“

Námið hefur aðeins fengið að líða vegna félagsstarfanna að sögn Hauks, sem lítur þó á þetta sem hluta af náminu. „Þegar upp er staðið fær maður talsvert út úr þessu.“

Auk stúdentapólitíkur hefur Haukur verið virkur í flokkapólitíkinni og var formaður Sambands ungra framsóknarmanna árin 2003 til 2005. Haukur hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn í borginni. „Ég sit í 23. sæti á framboðslista Framsóknarflokksins í Reykjavík og hef setið í Umhverfisráði fyrir R-listann.“ Með sveitastjórnarkosningar á næsta leyti er nóg að gera að sögn Hauks.

## HVAÐ SEGIR ANNA?
HEILBRIGÐISKERFIÐ



### *Mikilvægt að styrkja það*

„Það þarf að leggja meiri peninga til sjúkrahúsanna því á þeim slær hjarta þjóðarinnar,“ segir Anna Marta Guðmundsdóttir, bóndi á Hesteyri í Mjóafirði, um stöðu heilbrigðiskerfisins í landinu. „Fólk fer á sjúkrahúsin til að fá sér heilsubót og það er miklu meira virði en einhver skemmtun á borð við dansleiki,“ segir hún en bætir við: „Dans getur þó orðið heilsubót ef þannig er að verki staðið enda góð hreyfing“.

Anna hefur heyrt fréttir af hugsanlegri lokun skurðstofunnar á sjúkrahúsinu á Norðfirði og finnst það mjög miður. Skilur raunar ekki hagræðið sem í því á að felast. „Það kostar jú líka sitt að senda sjúklinga á Austfjörðum til Reykjavíkur. Fyrir utan svo hrakninginn sem því fylgir,“ segir Anna og hvetur um leið stjórnmálamenn til að búa vel að sjúkum og fátækum í samfélaginu.



**TEKIÐ VIÐ VERÐLAUNUM** Sesselja Seifert (Siggeirsdóttir), forseti Íslendingafélagsins, tekur við verðlaunum fyrir fallegasta vagninn í skrúðgöngunni. Ella Magnúsdóttir, greinarhöfundur og varaforseti félagsins, sést fyrir aftan, auk Isabel Magnúsdóttur og Steve Ozlinski, félögum. FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSEND MYND



**ÍSLENDINGAFÉLAGIÐ Á NATO-HÁTÍÐ** Stórir víkingar kampakátir: Oli Miolli and Steve Ozlinski, félagar í Íslendingafélaginu í Virginíu í Bandaríkjunum.




**SKRÚÐGANGA** Vagninn í skrúðgöngunni. Krista Clark er til vinstri og Elva Bane sést til hægri á myndinni.




**ÍSLENSK PRINSESSA** Kristin Svanhvit Fungo situr hér í makindum.






# Ísland þátttakandi í NATO-hátíð

**Íslendingafélagið í Hampton Roads í Virginíu í Bandaríkjunum tók hinn 29. apríl þátt í fimmtugustu og þriðju hátíð NATO. Ella Magnúsdóttir var með í gleðinni og segir lesendum Fréttablaðsins frá.**



**VÍKINGAGLEÐI** Litlir víkingar á hátíðinni. Frá vinstri: Adam Miolli, Elliot Robertson, Caleb Bane og Matalynn Clark. FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSEND MYND

Azalea-hátíð Atlantshafsbandalagsins, NATO, er haldin í lok apríl á hverju ári í Norfolk í Virginíu, og samanstendur af margra vikna hátíðarhöldum sem lýkur með gríðarstórri skrúðgöngu, þar sem fulltrúar 26 þjóða stíga stoltir fram.

Það tók félagsmenn Íslendingafélagsins marga mánuði að smíða vagninn sem notaður var, og gáfu allir vinnu sína og tíma.

En öll þessi vinna borgaði sig svo sannarlega, því félagið vann fyrstu verðlaun fyrir flottasta vagninn, og má þar helst þakka blómaskreytingunum.

Þó var þetta nú ekkert nýtt fyrir Íslendingafélagið, því árum saman hefur það unnið til verðlauna fyrir fallegasta vagninn.

Á hverju ári er eitt aðildarland NATO kosið sem mest heiðraða landið, og í ár var Kanada valið.

Þjóðirnar 26 sem taka þátt í skrúðgöngunni reyna allar að kynna sem best land sitt og þjóð.

Ísland er auðvitað „land elds og ísa“, og íslenski vagninn skartaði jafnt ungum sem öldnum víkingum.

Í ár komu yfir 30.000 gestir á hátíðina, og heimsótti fjöldi gesta bás Íslendingafélagsins, bragðaði íslenskt sælgæti og lakkrís, og margir nældu sér í íslenska minjagripi.

Við vorum einnig með ýmiss konar lesefni til að kynna sögu Íslands og til að efla ferðamennsku, og réttum því gestum og gangandi bæklinga um landið. Allir gestirnir sem komu á básinn okkar höfðu einhver tengsl við landið, og sýndu það með því að segja hluti eins og: „Þetta er svo fallegt land, við skemmtum okkur óskaplega vel á meðan við vorum þar.“

Íslendingafélagið mun mæta á nýjan leik á hátíðina að ári, með enn stærri og flottari vagn en áður til þess að við vinnum verðlaunin enn á ný, um leið og við skemmtum okkur og kynnumst öðrum menningarheimum. ■

# STILLANLEGT OG ÞÆGILEGT







## TEMPUR® TILBOÐSDAGAR Í MAÍ





### HEILSUKODDAR

Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kíró-praktorar um heim allan mæla með Tempur heilsu-koddanum, þar á meðal á Íslandi.





### HEILSUDÝNUR

Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á
Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði.





### STILLANLEG RÚM

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér.

Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

## Svona erum við

> Nýskráningar hluta- og einkahlutafélaga á Íslandi




Heimild Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** MUNURINN Á MILLI HERSKÁU ÍSLAMSTRÚARMANNANNA

# *Helstu hópar róttækra múslima*

Oft vill munurinn á helstu hópum róttækra múslima vefjast fyrir Íslendingum, og hafa fræðimenn í Mið-Austurlöndum gagnrýnt Vesturlandabúa fyrir að setja þá alla undir sama hatt. Flestar hreyfingarnar byggja á salafisma, afbrigði af íslamstrú sem á rætur til 19. aldar. Samkvæmt salafisma hafa áhrif nútímans spillt íslamstrúnni. Hér eru fimm helstu hreyfingarnar eða samtökin skilgreind.

**Bræðralag múslima, Egyptaland.**
Bræðralagið var stofnað árið 1928, og er fyrirrennari stjórnmálastefnu múslima eins og hún þekkist í dag. Bræðralagið ætlar sér að koma íslamslögum á, og koma í veg fyrir Vesturlanda- og veraldleg áhrif á samfélag múslima. Bræðralagið hefur afneitað ofbeldi og taka liðsmenn þess nú mikinn þátt í stjórnmálum. Þeir hafa gífurleg áhrif á egypska þinginu, en þar eru áttatíu þingmenn meðlimir bræðralagsins.

**Al-Kaída netið, alþjóðlegt.**
Hryðjuverkanetið al-Kaída var stofnað árið 1988 eftir stríðið í Afganistan. Al-Kaída, sem þýðir „grunnurinn“ á arabísku, hvetur til uppreisnar íslams í múslimaheiminum, og vill stöðva öll erlend afskipti í Mið-Austurlöndum. Töluverður fjöldi smærri hryðjuverkasamtaka hafa bein tengsl við regnhlífarsamtökin al-Kaída.

**Hamas-hreyfingin, Palestína.**
Hamas óx út frá Bræðralagi múslima og var stofnað árið 1984 í þeim tilgangi að berjast gegn tilveru Ísraels. Þúsundir tilheyra hreyfingunni, en talsmenn hennar samþykktu



vopnahlé í fyrra. Hreyfingin vann mikinn kosningasigur í Palestínu í janúar. Síðan Hamas komst til valda hafa Vesturlönd stöðvað fjárgjafir til Palestínu, því Hamas-menn neita að afneita ofbeldi og að viðurkenna tilverurétt Ísraels.

**Heilagt stríð íslams, Palestína.**
Samtök um 2000 herskárra manna sem berjast gegn Ísrael. Samtökin hafa staðið á bak við flestar sjálfsmorðsárásir í Ísrael.

**Hezbollah, Líbanon.**
Samtök sjía-múslima sem myndaðist í fimmtán ára borgarastríði í Líbanon. Ellefu þingmenn landsins eru í Hezbollah.

## SPURT OG SVARAÐ
VAXTABÆTUR

### *Ættu að vera rausnarlegri*

Vegna þess að húsnæði hefur hækkað mikið í verði en viðmiðunarupphæðir í kerfinu hækkað lítið er fólk að fá minna í vaxtabætur en áður. Stefán Úlfarsson, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, telur að standi til að hræra í kerfinu þá ætti ekki að skerða vaxtabæturnar eins og hefur verið í umræðunni heldur frekar gera þær rausnarlegri.



STEFÁN ÚLFARSSON, HAGFRÆÐINGUR HJÁ ASÍ

**Hver er staðan í dag?** Með hækkun á verði húsnæðis og fasteignamati verður mikil eignamyndun hjá mörgum sem þýðir að það verður mikil bótaskerðing. Eignatengingin grípur inn í og getur í mörgum tilvikum hreinsað út vaxtabætur á einu bretti. Þar sem þetta eru fyrirframgreiddar bætur geta sumir þurft að endurgreiða í haust ef tekið væri mið af gömlu fasteignamati.

**Hvað er til ráða?** Hærra eignaviðmið í vaxtabótakerfinu skilaði mestu og gæti komið í veg fyrir skell hjá mörgum. Eignatengingin byrjar að grípa hratt inn í bæturnar þegar hrein eign er á bilinu fimm til tólf milljónir. Vegna þess hve húsnæðisverð hefur hækkað hafa afborganir þeirra sem hafa verið að kaupa sér húsnæði seinustu tólf mánuði aukist þrátt fyrir lægri vexti. Það eru rök fyrir því að hækka upphæðina.

# Umfangsmestu lögreglumálin

**Rannsóknardeild Lögreglunnar í Reykjavík afgreiðir nokkur hundruð mála í hverjum mánuði. Málin eru misjöfn að umfangi og geta verið allt frá einföldum umferðarlagabrotum upp í umfangsmikil fjármunabrot eða alvarlegt ofbeldi.**

Sum þessara mála liggja strax ljós fyrir en önnur eru flóknari og taka meiri tíma. Hér fjöllum við um nokkur umfangsmestu lögreglumálin á síðasta ári. Málin eru umfangsmikil vegna þess hversu margir lögreglumenn komu að rannsókn þeirra eða vegna þess að rannsóknin tók svo langan tíma.

Mörg innbrot voru framin í austurhluta Reykjavíkur í fyrrasumar og svipaðar aðferðir notaðar á öllum stöðum. Grunur beindist að einum manni sem að lokum játaði 23 innbrot. Hann var ekki einn að verki heldur komu fjórir aðrir við sögu. Aðalmaðurinn sætti gæsluvarðhaldi meðan rannsókn stóð yfir. Enginn hinna hafði fastan samastað og tók tíma að hafa uppi á þeim öllum en það tókst þó að lokum.



**INNBROT EÐA OFBELDISBROT** Mörg umsvifamikil mál komu á borð lögreglunnar í fyrra og voru þetta ýmis fjármunabrot, innbrot eða jafnvel ofbeldisbrot, fíkniefnamál og morðmál. Hér má sjá lögreglu leiða mann á leið inn í héraðsdóm.




**ÞJÓFNAÐUR ÚR VÖRUGEYMSLUM** Nokkrir voru handteknir vegna þjófnaðar á áfengi úr vörugeymslum skipafélags. Tollvörður kom við sögu.




**SKEMMTIBÁTUR FÓRST** Sjóslys varð á Viðeyjarsundi í september þegar skemmtibátur fórst. Tvennt fórst og tveir slösuðust.

Rannsókn hófst í árslok vegna innbrota, meðal annars í nokkur ljósmynda- og tölvufyrirtæki. Maður var grunaður um innbrotin en lítið af þýfinu fannst. Hluti þess fannst við húsleit í öðru bæjarfélagi og er talið að það hafi verið notað sem skiptimynt fyrir fíkniefni. Tvær stolnar bifreiðar með stolnum númeraplötum fundust en talið er að innbrotsþjófurinn og félagi hans hafi notað þær við innbrotin.

Í desember kærði fjórtán ára stúlka kynferðisbrot og voru fimm piltar fimmtán til sextán ára sakaðir um nauðgun. Alls komu fjórtán rannsóknarlögreglumenn í Reykjavík og nágrenni að málinu, bæði rannsókn og yfirheyrslum.

Manndráp var framið í Reykjavík á menningarnótt í fyrra þegar ungur maður var stunginn til bana í húsi við Hverfisgötu. Sakborningur var handtekinn og sætti gæsluvarðhaldi. Sömu helgi komu upp tvö önnur alvarleg líkamsárásarmál þar sem menn urðu fyrir hnífstungu og sættu tveir menn gæsluvarðhaldi vegna þeirra.

Tveir menn sættu gæsluvarðhaldi í fyrra vegna rannsóknar á fjársvikamáli sem snerist meðal annars um falsaða tékka að fjárhæð 1,2 milljónir króna sem notaðir voru til að svíkja út byggingavörur. Mikið af varningnum náðist til baka. Þá voru tveir erlendir ríkisborgarar látnir sæta gæsluvarðhaldi vegna fjársvika. Var fólkið sakað um að hafa falsað og selt minnst ellefu tékka, samtals að fjárhæð 3,3 milljónir króna. Þar að auki sviku þau út tvo bílaleigubíla, dýra jeppa, sem þau fluttu úr landi. Annar þeirra fannst um borð í Norrænu í Danmörku. Þau voru handtekin þar og framseld hingað til lands. Karlinn afplánar fimmtán mánaða fangelsisvist hér á landi en konan hefur lokið afplánun fimm mánaða dóms og er farin úr landi.

Sjóslys varð á Viðeyjarsundi í september þegar skemmtibátur fórst. Rannsókninni lauk í byrjun desember. Karl og kona fórust í slysinu og tvennt slasaðist töluvert. Mikil vettvangs- og tæknirannsókn fór fram og kom fjöldi lögreglumanna að rannsókninni.

Í nóvember voru nokkrir handteknir vegna þjófnaðar á áfengi úr vörugeymslum skipafélags. Þar kom meðal annarra tollvörður við sögu. Rannsókn málsins er á lokastigi. Lagt var hald á umtalsvert magn af áfengi við rannsókn málsins.

Rannsókn Dettifossmálsins svokallaða er lokið en í því máli var lagt hald á 10,6 kíló af hassi, 600 grömm af kókaíni og 600 skammta af LSD. Önnur mál hafa einnig verið til rannsóknar. Maður var til dæmis handtekinn með tæpt kíló af kókaíni innvortis á Keflavíkurflugvelli. Þýskur ríkisborgari var handtekinn með 3,8 kíló af amfetamíni í janúar í fyrra og í apríl í fyrra var maður handtekinn vegna innflutnings á e-pillum og kókaíni með póstsendingu, alls 356 e-pillur. Þá var einn handtekinn vegna haldlagningar á 2,7 kílóum af hassi og tæplega 400 grömmum af amfetamíni. Þá lagði lögregla í samvinnu við lögreglu erlendis hald á 77 kíló af hassi og sjö kíló af kókaíni. Þessi efni voru á leið á markað hér á landi.




**HVERFISGATA 58** Á menningarnótt varð Sigurður Freyr Kristmundsson Braga Halldórssyni að bana.




**BYGGINGAVÖRUR SVIKNAR ÚT** Tveir menn sættu gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á fjársvikamáli. Það snerist meðal annars um falsaða tékka sem voru notaðir til að svíkja út byggingavörur.




**MEÐ AMFETAMÍN** Þjóðverji var handtekinn með 3,8 kíló af amfetamíni í ársbyrjun í fyrra.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR
ghs@frettabladid.is

1. útdráttur 9. maí
773 skattfrjálsar milljónir á árinu
Ágóði af Happdrætti DAS rennur til uppbyggingar dvalarheimila fyrir aldraða
Hringdu núna 561 7757
Kíktu á netið www.das.is
HAPPDRÆTTI das -vinningur í hverri viku
Bílainnflytjandi ÍSBAND.IS



# Kjarabót fyrir kaupendur!



model: 3418

Leður, litur: Cream, svart og brúnt.

3ja + 2ja sæta: **TILBOÐ** Kr. **248.900** / 3ja sæta: **TILBOÐ** Kr. **139.100**



model: 601

3ja + 2ja sæta: **TILBOÐ** Kr. **179.800** / 3+1+1: **TILBOÐ** Kr. **199.800** / Leður, litur: Cream.



model: 3023

3+1+1: **TILBOÐ** Kr. **199.800** / Leður, litur: Cream.



model: 3022

Sessalong: **TILBOÐ** Kr. **179.800**

Leður, litur: Cream og svart.

**Opið:**
**Virka daga kl. 10 - 18**
**laugardaga kl. 11 - 16**

Öndvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799

www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is

Grafíska smiðjan ehf. 04-06

**Vissir þú...**
*að gæðingamóðirin Hlökk frá Laugarvatni á tólf skráð afkvæmi. Þar af eru fimm með fyrstu einkunn. Þeirra efstur er Þóroddur frá Þóroddsstöðum með 8,74 í aðaleinkunn. www.worldfengur.com*

# Fákar og fólk

HESTAMAÐURINN RAGNAR TÓMASSON

## *Hraðinn á skeiðinu skemmtilegur*

Ragnar Tómasson er ungur og upprennandi knapi. Hann sigraði nýverið samanlagðan unglingaflokk í mótaröð barna, unglinga og ungmenna í Ölfushöllinni. „Nei ég bjóst nú ekki við því að vinna,“ segir Ragnar hógvær þegar blaðamaður slær á þráðinn. Hann útskýrir út á hvað mótaröðin gekk. „Það er keppt í þremur greinum, tölti, fjórgangi og fimmgangi en mér gekk nú ekkert frábærlega vel í fjórgangi,“ segir Ragnar sem sigraði bæði fimmganginn og töltið á tveimur mismunandi hestum. Í töltinu var hann á stóðhestinum Hegra frá Glæsibæ en hann er í eigu afa Ragnars og alnafna. Í fimmgangi áttu þau góða sýningu, Ragnar og hryssan Gefjun frá Króki. „Þetta er ung hryssa og mjög gæf og þæg,“ skýrir Ragnar frá, en fjölskylda hans keypti hana á síðasta ári. Hún hefur verið í þjálfun í vetur en Ragnar hefur að mestu séð um hana síðasta mánuðinn. Hann stefnir á frekari keppni með hryssuna en vill þó ekkert gefa út á hvort hann ætli að reyna að komast á Landsmót með hana í sumar.

Ragnar verður fjórtán ára í september og er því á fyrsta ári í unglingaflokki en hann hefur verið áberandi í keppni barna undanfarin ár og oft látið að sér kveða. Foreldrar Ragnars hafa verið í hestamennsku lengi en sjálfur segist hann ekki hafa byrjað í hestamennsku fyrr en um tíu ára aldur. „Þá byrjaði ég að fara á hestbak en ég var svo hræddur þegar ég var lítill,“ tjáir hann af mikilli ró enda greinilega enginn æsingamaður á ferð.



Ragnar hefur vakið athygli fyrir nokkurn skeiðáhuga. Þar sem ekki er keppt í skeiði í barnaflokki hefur hann því att kappi við sér eldri og reyndari knapa og oft haft betur. „Þetta er svo mikill hraði og skemmtilegt að sjá hvaða tíma maður nær,“ útskýrir Ragnar sem er með einn góðan skeiðhest í takinu. Sá heitir Mósart frá Grenstanga. „Það er feiknakraftur í honum,“ segir hann kíminn.

Ragnar játar því að það taki langan tíma að læra að leggja á skeið. „Ég byrjaði á gömlum hesti sem við eigum ennþá og pabbi hjálpaði mér. Fyrst var þetta erfitt en ég er búinn að ná þessu núna,“ segir Ragnar glaðlega.

### Fundur með hesthúsaeigendum í Gusti



Viðræðunefnd Gusts boðar til áríðandi fundar með hesthúsaeigendum í Glaðheimum, í kvöld kl. 17.45. Þar verða kynntar hugmyndir um kaup á þeim hesthúsum, sem ekki hafa verið seld fjárfestum. Þar sem þessum fundi er ætlað að ákveða hvort af sölu verði er nauðsynlegt að hesthúsaeigendur mæti eða sendi umboðsmann.

### Nokkrar hryssur drápust í Eyjafirði

Tvær fyrstu verðlauna hryssur í eigu tamningamannsins Baldvins Ara Guðlaugssonar drápust í síðustu viku, en þær voru komnar að köstun. Frá þessu er greint á hestavefnum www.eidfaxi.is.

Er þar haft eftir eigandanum að hitapest hafi gengið á svæðinu undanfarið og hafi tvær hryssur, þær Kvika frá Brún og Brynja frá Kvíarhóli orðið henni að bráð. Dýralækni tókst að bjarga folaldi Kviku en þar var á ferð brún hryssa undan Gýgjari frá Auðsholtshjáleigu.

### Úrslit ráðast í meistaradeild VÍS



Mikil spenna ríkir meðal keppenda í Meistaradeild VÍS fyrir síðasta mótið, sem fram fer á velli Sleipnismanna á Selfossi í kvöld. Það hefst klukkan sjö á gæðingaskeiði en klukkan átta hefst keppni í 150 m skeiði. Að kvöldi dags, eða klukkan hálf ellefu verður sigurvegari Meistaradeildar VÍS 2006 krýndur. Verðlaunafé er það hæsta í hestaíþróttum hingað til eða samtals 2,2 milljónir króna.

Eftir síðasta mót er staðan nokkuð jöfn í efstu sætum. Þorvaldur Árni Þorvaldsson er efstur með 34 stig. Næstur er Sigurður Sigurðarson með 33 stig og síðan Ísleifur Jónasson með 28 stig.






**HIRT UM HEILSU HESTSINS** Margir eru skeptískir á nýjungar í umhirðu hesta, flestir taka þeim þó fagnandi. Susanne Braun dýralæknir hefur fengist við að hnykkja hesta með góðum árangri en hestar geta fengið bólguhnúta vegna misbeitingar skrokksins, lélegs reiðbúnaðar eða af öðrum ástæðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gott atlæti gulli betra

**Það heyrist stundum sagt að upp komi eins konar „tískusjúkdómar“ í hrossum. Gjarnan eru þá nefndir til sögunnar tannbroddar, strengur, úlfstennur og hlandsteinn. Margir spyrja sig hvers vegna aldrei hafi örlað á vandamálum hjá reiðhrossum af þessu tagi hér áður fyrr. Hvort dýralæknarnir séu ekki bara að koma sér upp nýjum tekjustofnum til viðbótar við þá sem fyrir séu.**

Því er til að svara, að áherslur í umhirðu hrossa hafa breyst á síðari árum og áratugum. Með aukinni þekkingu í dýralækningum, rétt eins og mannalækningum, er farið að athuga ýmsa heilsufarslega þætti hjá hrossum, sem áður voru óþekktir. Sá finnur nefnilega ekki, sem þekkir ekki. Til að mynda eru reiðhross nú á mun sterkari heyjum heldur en áður fyrr. Þau standa á stalli hálft árið eða meira. Þau þurfa því að fá útrás fyrir alla orkuna sem safnast upp hjá þeim. Hlandsteinninn er sambland af fitu, svita og umhverfisóhreinindum, að sögn Björgvins Þórissonar dýralæknis. Með tíð og tíma harðnar þetta efni og myndar steininn, sem getur sært hesta illa við hverja hreyfingu.

Tannbroddar verða til vegna slits tanna þegar hesturinn tyggur. Tennur slitna um 2 - 3 millimetra á ári á góðu, grófu fóðri. Við slitið geta myndast tannbroddar sem meiða hestinn, geta valdið sárum og jafnvel svo mikilli truflun við tyggingu að hann hrynji í holdum. Raspa þarf allt í burtu sem veldur sársauka og truflun. En sé raspað of mikið þá er verið að taka af tannefninu og þar með að stytta líftíma hrossins. Röspun er því mikið vandaverk.

Það er aðalsmerki góðs hestamanns að huga að velferð hrossa sinna í hvívetna. Það á ekki einungis við um ofangreinda þætti, heldur einnig aðbúnað allan. Ekki á að fara á milli mála ef hrossi líður illa í húsi, það er deyfðarlegt, nuddar sig mikið, er stressað og órólegt eða sýnir önnur einkenni. Sigríður Björnsdóttir dýralæknir hrossasjúkdóma hefur bent á að hesteigendur eigi jafnan að vera vel vakandi fyrir atferli hrossa sinna á húsi og kalla til aðstoð ef eitthvað virðist vera að fara úrskeiðis. Hún undirstrikar að nauðsynlegt sé fyrir hross að hafa félagsskap hvert af öðru á húsi. Þau séu til að mynda nánast í einangrun í djúpum, steyptum stíum.

Mikilvægt er að þeir sem halda hross kynni sér gildandi reglugerð um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit þeirra. Hana má til dæmis nálgast á vefsíðu yfirdýralæknisembættisins www.yfirdyralaeknir.is

**jss@frettabladid.is**

# Reiðkennslusýning í Víðidal

Reiðkennarabraut Hólaskóla verður með kennslusýningu í Reiðhöllinni í Víðidal um helgina. Þetta er gert í tengslum við Stórsýningu hestamanna sem verður að kvöldi föstudags og laugardags.

Eyjólfur Ísólfsson yfirreiðkennari og tamningameistari við Hólaskóla hefur yfirumsjón með sýningunni. „Það er hefðbundinn liður í þjálfun nemenda á reiðkennarabraut Hólaskóla að fara suður og setja upp kennslusýningu og nokkurs konar lokaþjálfun fyrir próf,“ útskýrir Eyjólfur og bendir á að fyrir utan hefðbundna kennslusýningu verði bryddað upp á þeirri nýjung að taka hesta með einhver hegðunarvandamál sem nemarnir reyni að leysa úr óundirbúið á sýningunni. „Það ætti að vera mjög raunverulegt og spennandi að fylgjast með því,“ segir Eyjólfur. Endanleg dagskrá hefur ekki verið gefin út en sýningin mun hefjast um níuleytið að morgni bæði laugardags og sunnudags og standa fram eftir degi. Hún er öllum opin gegn vægu gjaldi við innganginn.

Ísólfur segir morgunljóst að fólk geti lært mikið á því að koma og fylgjast með enda sé það megintilgangurinn fyrir reiðkennaraefnin að geta frætt aðra. „Nemendurnir eru að æfa sig að sýna þau vinnubrögð sem eru efst á baugi við hrossin en þau eru alltaf að þróast í takt við aukinn skilning á hestinum,“ segir Eyjólfur en nemendur við reiðkennarabraut Hólaskóla eru tíu. „Þeir eru mjög eftirsóttir og oft búið að ráða þá í vinnu áður en þeir klára skólann,“ segir hann stoltur.



**TAMNINGAMEISTARI** Eyjólfur Ísólfsson yfirreiðkennari og tamningameistari mun stýra reiðkennslusýningunni styrkri hendi.

# Allan ...sólarþríhyrninginn!




## Alltaf opið

**Nú er sólarhringsverslun 10-11 alltaf opin nálægt þér.**

**www.10-11.is**

## > Áfengisneysla Íslendinga*




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

# *Armani-gleraugun enduðu undir bossa*

„Ég gæti auðvitað nefnt einhver föt sem hafa enst von úr viti, eða íbúðir sem hækkað hafa í verði," segir Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi þegar hann er spurður um sín bestu kaup. „Það sem hins vegar er óvenjulegra finnst mér er þegar einhver dýr tæki reynast reyfarakaup. Þannig var það einmitt með myndbandsupptökuvél sem ég keypti mér fyrir sex árum. Þetta var rándýr og smart Sony-vél sem ég keypti öðrum þræði til að geta notað við störf mín sem fréttamaður í sjónvarpi. Til þess kom þó aldrei, en vélina hef ég hins vegar notað stanslaust æ síðan. Hún er svo lítil, handhæg og einföld, að ég þvælist með hana út um allt og hef tekið upp mörg hundruð klukkutíma á hana, og hún hefur aldrei klikkað. Fyrir vikið á ég uppvaxtarsögu dætra minna, mánuð fyrir mánuð allt þeirra líf. Þessar spólur eru gullkista heimilisins. Þökk sé Sony-vélinni góðu."

En Gísli Marteinn hefur einnig farið halloka í viðskiptum. „Ég hef átt sjónvarp sem ég notaði aldrei, bíl sem bilaði stöðugt og líkamsræktarkort sem voru aldrei stimpluð inn. En ég nefni samt rándýr Armani-sólgleraugu sem ég keypti í fríhöfninni á Kastrup. Ég var með Svavari Erni vini mínum og við vorum svo lengi að máta þessi fáránlegu gleraugu og borga fyrir þau að við misstum af flugvélinni okkar. Með snarræði og hjálp og hótunum góðra manna var hins vegar hægt að stöðva vélina á flugbrautinni, og okkur félögunum var skutlað út í vél. Gönguferðin um borð í vélina og inneftir henni, er tvímælalaust eina tilvikið þar sem þessi aumu gleraugu komu sér vel. Ég vildi bara óska að þau hefðu verið dekkri, til að fela betur skömmustusvipinn. Ég held að ég hafi notað þau einu sinni aftur, áður en einhver settist ofan á þau og batt enda á þetta líf þeirra. Þau lifðu hátt og hratt."



■ **Húsráð**

## Að ná býflugu út



Nú er sá tími genginn í garð að býflugur fara að gera vart við sig, jafnvel þar sem þær eru óvelkomnar. Oft vilja þær hamast innandyra á gluggum líkt og þær séu að reyna að komast í gegnum glerið. Fylgir þessu oft leiðinda suð sem flestum er ekkert um. Mörgum finnst óþægilegt að vita af býflugum í námunda við sig. Vilji maður frelsa fluguna er snjallræði að taka glas og blað og koma glasinu yfir býfluguna svo hún lokist inni í því en það er ekki erfitt þegar hún hamast á glugganum. Að því loknu er glasið dregið yfir blaðið og þá er hægt að snúa glasinu við, en þess skal gætt að blaðið sé vel yfir opinu. Farið þá með glasið út fyrir og kippið blaðinu frá og þá flýgur kvikindið veg allrar veraldar.

■ **Verslun og þjónusta**

## Undarlegar hækkanir á utanlandsferðum

Íslenskar ferðaskrifstofur segja hækkanir á erlendum gjaldmiðlum ástæðu þess að utanlandsferðir hafa snarhækkað í verði undanfarna daga. Neytendasamtökin benda á að þegar krónan styrktist á tímabilinu frá 2001 til 2005 hafi verð á pakkaferðum einnig hækkað þó eðli málsins samkvæmt hefði lækkun átt að koma fram. Nam sú hækkun tæpum fjórum prósentum og gagnrýna samtökin að verð virðist hækka óháð styrkingu eða veikingu krónunnar og að samhengi sé í hlutunum. Draga samtökin því réttmæti hækkananna í efa miðað við ákvæði laga.



■ **Hvað kostar... einkanúmer á bílinn?**

## Rúm þrjú þúsund aukalega á ári




Það er fátt sem Íslendingar víla fyrir sér þegar neysla er annars vegar. Það sannast einna best á að aldrei áður hefur verið jafn mikil ásókn í einkanúmer á bifreiðar, en fyrir tvær slíkar númeraplötur greiðir almenningur alla rúmar þrjátíu þúsund krónur; 25 þúsund fyrir númerin sjálf auk skráningargjalda hjá Umferðarstofu. Númerin eignast fólk þó ekki. Í raun er aðeins um leigu að ræða til átta ára en að þeim tíma liðnum þarf aftur að greiða 25 þúsund til næstu átta ára. Það þýðir að fyrir slíkt merki greiðast rúmlega þrjú þúsund krónur á ári hverju. Að sögn starfsmanns hjá Umferðarstofu hefur ásókn í einkanúmer aldrei verið meiri en nú. Virðist ásóknin mest á Akureyri og í Keflavík en er þó mikil um landið allt.

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Ifrein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

# Klippurnar og sköfurnar upp sem fyrst

**Nú fer garðurinn að vakna úr vetrardvala og því tímabært að taka til hendinni svo menn ráði við gróðurinn og öllu því sem honum fylgir. Birgir Eiríksson garðyrkjumeistari gefur fólki með græna fingur góð ráð í þessum efnum.**



**BIRGIR EIRÍKSSON** Garðyrkjumaðurinn er kominn á fullt með klippur og sköfur. Það léttir sumarverkin ef arfinn er hreinsaður vel að vori en Birgir er alveg á móti sterku eitri til að halda honum í skefjum.

„Það er best að byrja sem fyrst að klippa, það er í raun hægt að klippa allan ársins hring en þó mismikið eftir árstíma," segir Birgir. Hann segir þó ekki sama hvernig það er gert. „Stundum er fólk að stífklippa kvisti og klippir þá jafnvel greinarnar frá árinu áður en í þeim eru blómvísar fyrir sumarið. Menn skilja svo ekkert í því af hverju blómgast ekkert á þessari stífklipptu kúlu. Vilji menn hafa runnann klipptan í kúlu og með blómum eiga menn að klippa hann um mitt sumar eftir blómgun."

Svo fer að líða að því að menn geti farið að hreinsa til í beðunum. „Ég mæli þó með því að menn stilli eiturnotkun í hóf ef þeir vilja halda arfanum í skefjum. Best er að skafa í beðin vel á vorin en þá þurfa menn bara að raka þau sá sólskinsdegi, albest er að það sé líka smá gola því þá þornar arfinn og þá þannig er hægt að halda honum í skefjum. Sumir hafa gripið til þess ráðs að setja svokallað Casaron-duft í beðin til að aðvelda sér vinnuna en ég er algjörlega á móti því þar sem þetta er mjög sterkt eitur og getur farið í grunnvatnið og mengað það."

Ef mosinn er orðinn ríkjandi í garðinum segir Birgir gott að leigja sér mosatætara til að renna yfir túnið en bera svo grasfræ og hóflega mikið af áburði í skellurnar. „Best er að gera þetta frekar snemma sumars því menn gætu þurft að sá jafnvel oftar en einu sinni og þá hefur nýja grasið allt sumarið til að vaxa. Einnig gæti þurft að vatnsúða létt yfir fræin kvölds og morgna í þurrkatíð." Þegar trén fara að laufgast hvetur Birgir fólk til að kíkja á laufin og ef þau eru mjög gótótt væri skynsamlegast að hafa samband við garðyrkjumann til að eitra þau. „Ef menn sjá aðeins einstaka gat þá er það bara eðlilegur gangur náttúrunnar," segir garðyrkjumaðurinn og rýkur með klippur út í runnana.

jse@frettabladid.is

**MATUR & NÆRING** JÓNÍNA Þ. STEFÁNSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

# Hitastig við meðferð og geymslu matvæla



Hefurðu athugað hitastigið í ísskápnum þínum nýlega? Það er skynsamlegt að kanna það af og til því bragðgæði og geymsluþol matarins haldast mun lengur ef hann er vel kaldur.

Mikilvægt er að fara vel eftir öllum leiðbeiningum um geymslu, til dæmis að setja kælivörur beint inn í ísskáp þegar heim er komið. Kælihitastigið 0-4° C er mikilvægt fyrir kjötvörur, fisk og mjólkurvörur. Ef hitinn hækkar batna vaxtarskilyrði fyrir ýmsar óæskilegar örverur sem geta skemmt matinn og jafnvel valdið matarsýkingum. Flest grænmeti geymist best í ísskáp, en nokkrar tegundir eins og gúrkur, tómatar, paprikur og kartöflur geymast betur við heldur hærra hitastig. Ef ekki er svöl geymsla á heimilinu er best að geyma þessar tegundir líka í ísskáp.

Munum einnig að ávaxtasafar og ýmsar sósur þurfa að fara í ísskápinn eftir að búið er að opna umbúðirnar þó að óopnaðar umbúðir megi geyma við stofuhita.

Við eldun þarf að hafa í huga um hvaða hráefni er að ræða. Í hráu alifuglakjöti geta leynst óheppilegar örverur sem drepast þó auðveldlega við eldun. Þess vegna er mikilvægt að alifuglakjöt sé alltaf gegnsteikt. Sama á við um ýmsar unnar vörur eins og til dæmis hamborgara. Þá ætti alltaf að gegnsteikja. Hins vegar eru örverur yfirleitt bara á yfirborðinu á heilum kjötstykkjum, svo ekki er nauðsynlegt að hafa þau gegnumsteikt. Bilið milli kælihitastigs og eldunarhitastigs getur verið varasamt vegna fjölgunar óæskilegra örvera.



Þannig þarf ávallt að tryggja að réttir haldist vel kaldir eða vel heitir. Ef matur er eldaður fyrir fram er mikilvægt að kæla hratt og vel strax að lokinni eldun og þegar hitað er upp þarf að gæta þess að maturinn hitni vel í gegn. Erfiðast er að eiga við stóra skammta af mat t.d. pottrétti. Það getur tekið langan tíma að kæla niður stóran pott fullan af mat, en þá er hægt að setja hann í minni ílát eða kæla í ísvatni.

Munið að kæla vel og hita vel. Enga hálfvelgju, takk.

www.mni.is




Gildir til 9. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.348 **-1,58%**

**Fjöldi viðskipta:** 365
**Velta:** 5.755 milljónir

**MESTA HÆKKUN**

| | |
|---|---|
| **Flaga** | +3,23% |

**MESTA LÆKKUN**

| | |
|---|---|
| **Landsbankinn** | -3,76% |
| **FL Group** | -3,23% |
| **Dagsbrún** | -2,92% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 59,40 -0,50% ... Alfesca 3,79 -2,32%... Atorka 5,75 -1,71% ... Bakkavör 48,60 -1,22% ... Dagsbrún 5,32 -2,92% ... FL Group 18,00 -3,23% ... Flaga 3,84 +3,23% ... Glitnir 16,90 -0,59% ... KB banki 720,00 -0,83% ... Kögun 74,00 +0,00% ... Landsbankinn 20,50 -3,76% ... Marel 71,30 -1,25% ... Mosaic Fashions 17,70 -1,12% ... Straumur-Burðarás 16,40 -1,21% ... Össur 106,00 -0,47%

* Í GÆR klukkan 14.30.

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*



### Mikil lækkun eftir uppgjör

DeCode genetics lækkaði um 9,3 prósent á Nasdaq á þriðjudaginn eftir að félagið birti uppgjör í upphafi vikunnar dag þar sem greint var frá því tap þess á fyrsta ársfjórðungi hefði numið 20 milljónum dala, sem er 1,5 milljarður króna. Það var nokkru meira tap hjá deCode en á sama tímabili í fyrra þegar félagið tapaði 16,9 milljónum dala. Hluturinn endaði í 6,93 dölum og hefur ekki verið lægri tæpt ár. Veltan með bréfin var fjórfalt meiri en á meðaldegi.

### Úrræðaleysi markaðarins

Lítið sem ekkert dugar til að draga hlutabréfamarkaðinn upp úr þeim öldudal sem hann hefur verið í síðustu vikurnar. Þrátt fyrir að afkoma fjármálafyrirtækjanna hafi verið vel umfram væntingar halda hlutabréf þeirra áfram að lækka. KB banki hefur greint frá því að Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri bankans, og Sigurður Einarsson stjórnarformaður hafi hvor um sig keypt eina milljón hluta á genginu 740, það er fyrir 740 milljónir króna. Einhvern tíma hefði það haft áhrif til hækkunar á gengi bankans en nú ber svo við að verð á hlutabréfunum lækkaði og var komið niður í 717 eftir hádegi. Svo bregðast krosstré sem önnur tré. Höfðu þeir félagar því „tapað“ 23 milljónum króna á viðskiptunum.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Landsbanki Íslands hefur gert samning við Straum-Burðarás um viðskiptavakt á útgefnum hlutabréfum félagsins sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Tilgangurinn er að efla viðskipti með hlutabréf Landsbankans í Kauphöllinni.

Greiningardeild Glitnis telur að hlutabréf í Úrvalsvísitölunni muni hækka um 20 prósent út árið þar sem vísitalan stendur nú nærri áramótagildi sínu. Í nýlegri afkomuspá var talið að rými væri fyrir 20 prósenta hækkun hlutabréfa yfir árið 2006.

Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi á evrusvæðinu mældist 8,1 prósent og minnkaði 0,7 prósent frá mars í fyrra. Á Evrópska efnahagssvæðinu mældist atvinnuleysi hins vegar 8,4 prósent og minnkaði um 0,5 prósent milli ára.

## Gull er öruggt skjól

VERÐ Á ÚNSU HEFUR EKKI VERIÐ HÆRRA FRÁ 1980.

Heimsmarkaðsverð á gulli hefur ekki verið hærra í 25 ár vegna ört vaxandi spennu yfir kjarnorkuáætlun Írana. Frá því að Íranir tilkynntu um að þeir hefðu hafið á ný kjarnorkurannsóknir þann 9. janúar hefur gullverð hækkað um 23 prósent.

„Þetta er sama gamla sagan. Gull er keypt þar sem það er talin örugg eign,“ segir Michael Widmer, sérfræðingur hjá Macquarie Bank, í samtali við Bloomberg.

Verðið á únsunni fór í 677 dali og hefur ekki verið hærra frá því í október 1980.

Fréttamiðillinn bendir á að gullverð hafi hækkað um 5,3 prósent eftir hryðjuverkin þann 11. september 2001, 0,7 prósent eftir hryðjuverkin í Madríd þann 11. mars 2004 og um 1,2 prósent í júlí í fyrra þegar ódæðismenn sprengdu neðanjarðarlestir í Lundúnum. - eþa



**ÖRUGG FJÁRFESTING** Fjárfestar kaupa gull grimmt vegna óvissu í heimsmálunum.

# Verðbólga hér er með því mesta innan OECD

**Ísland er í þriðja sæti í verðbólgumælingu OECD í mars. Mest verðbólga er í Tyrklandi og næstmest í Slóvakíu. Síðan þá hefur verðbólga hér aukist og er samkvæmt síðustu mælingu 5,5 prósent.**



**VIÐ SEÐLABANKA ÁSTRALÍU** Í gær hækkaði Seðlabanki Ástralíu stýrivexti í fyrsta sinn í 14 mánuði þannig að þeir eru nú 5,75 prósent. Þetta er gert til að bregðast við þriggja prósenta verðbólgu, sem eru efri mörk verðbólgumarkmiðs bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tólf mánaða verðbólga hér er með því mesta sem gerist meðal aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), en landið er í þriðja sæti á eftir Tyrklandi og Slóvakíu.

OECD birti í gær mælingu sína á verðbólgu í marsmánuði, en þá var verðbólga hér 4,4 prósent, 4,5 prósent í Slóvakíu og 10,1 prósent í Tyrklandi. Hér hefur verðbólga aukist síðan þá, mældist 5,5 prósent í apríl og enn frekari hækkun spáð vegna gengisþróunar krónunnar. Án húsnæðis mælist verðbólga hér um 3,4 prósent. Meðalverðbólga innan OECD var í mars 2,6 prósent.

Síðustu tólf mánuði hafa hækkun húsnæðisverðs og verðhækkanir á eldsneyti öðru fremur knúið hér áfram verðbólgu, að því er fram kemur í sérstöku hefti Hagtíðnda Hagstofu Íslands um verðlag og neyslu sem einnig kom út í gær.

Fram kemur að húsnæði hafi hér hækkað um 12,3 prósent og verð á bensíni og olíu um 18 prósent. Þá hefur verð á þjónustu hækkað verðbólguvísitöluna um tæplega eitt prósent. „Þar af hefur verð á opinberri þjónustu hækkað um 1,5 prósent og verð á annarri þjónustu um 3,7 prósent,“ segir í ritinu.

Verð á mat og drykkjarvöru hefur svo hækkað um 6,1 prósent samanborið við 2,1 prósents verðlækkun árið áður. „Verð lækkaði mjög á fyrri hluta síðasta árs vegna öflugrar samkeppni en hefur þokast upp á við síðustu mánuði,“ segir þar jafnframt og bætt við að gengisþróun krónunnar ýti einnig undir verðbólguþróunina. Frá apríl 2005 til jafnlengdar í ár hefur gengisvísitalan hækkað um 12,4 prósent og um nær 20 prósent síðan í desember og gengi krónunnar lækkað sem því nemur. „Mismunandi er, eftir aðstæðum á markaði, að hve miklu leyti og hve hratt gengisbreytingar koma fram í vísitölu neysluverðs. Verðhækkanir undanfarið á bensíni og nýjum bílum má að töluverðu leyti rekja til gengisbreytinga en að auki er heimsmarkaðsverð á hráolíu afar hátt,“ segir Hagstofan. olikr@frettabladid.is

**TÍU EFSTU VERÐBÓLGURÍKI OECD SAMKVÆMT MÆLINGU Í MARS**

| Land | Verðbólga |
|---|---|
| Tyrkland | 10,1% |
| Slóvakía | 4,5% |
| *Ísland* | *4,4%* |
| Spánn | 3,9% |
| Írland | 3,5% |
| Bandaríkin | 3,4% |
| Mexíkó | 3,4% |
| Grikkland | 3,3% |
| Nýja-Sjáland | 3,3% |
| Portúgal | 3,1% |

*Heimild: OECD Consumer Price Index*

# EasyJet tapar meiru

Breska lággjaldaflugfélagið EasyJet tapaði 40,3 milljón pundum, jafnvirði rúmlega 5,5 milljarða íslenskra króna, fyrir skatta á sex mánaða tímabili til marsloka. Á sama tímabili í fyrra tapaði fyrirtækið 21,6 milljón pundum.

Helsta ástæða tapsins er 49 prósenta hækkun á eldsneytisverði auk þess sem fleiri farþegar hefðu flogið á vegum félagsins hefðu páskarnir verið í mars. Þrátt fyrir þetta er búist við að afkoma fyrirtækisins verði allt að 15 prósentum betri á þessu ári en í fyrra.



**VÉL FRÁ EASYJET** Lággjaldaflugfélagið tapaði jafnvirði 5,5 milljarða íslenskra króna á síðustu sex mánuðum.

Þá fjölgaði farþegum Easyjet um 10,1 prósent á milli ára. - jab




# Tekjuskattur fyrirtækja lækkar áfram

Tekjuskattshlutfall fyrirtækja í Evrópu fer jafnt og þétt lækkandi. Helsta ástæða þess er talin vera frjálst flæði fjármagn og aukin samkeppni meðal ríkja Evrópusambandsins um fjármagn og vinnuafl, að því er fram kemur í nýrri könnun KPMG International Tax Center.

KPMG kannar árlega tekjuskattshlutföll fyrirtækja víðs vegar um heiminn og nær könnunin nú til 86 ríkja.

Meðaltekjuskattshlutfall fyrirtækja innan Evrópusambansins var 1. janúar síðast liðinn 25,04 prósent en var 25,32 prósent fyrir ári síðan. Innan OECD er Ísland meðal ríkja með hvað lægstan tekjuskatt fyrirtækja, 18 prósent, en hann er óbreyttur milli ára. Meðaltekjuskattshlutfall innan OECD lækkaði úr 28,55 prósentum í 28,31 prósent á sama tímabili.

Evrópusambandsríkin sem á síðasta ári lækkuðu skatthlutfallið eru Tékkland sem lækkaði hlutfallið um 2,0 prósent, Eistland sem lækkaði um 1,0 prósent, Grikkland sem lækkaði um 2,0 til 3,0 prósent, Frakkland sem lækkaði um 0,5 prósent, Lúxemborg sem lækkaði um 0,75 prósent og Holland sem lækkaði hlutfallið um 1,5 til 1,9 prósent.

Eina Evrópuríkið sem hækkaði hlutfall tekjuskatts á fyrirtæki á síðasta ári var Pólland, en þar fór hlutfallið úr 38,31 prósenti í 38,34 prósent.

Lægsta hlutfall tekjuskatts á fyrirtæki í könnun KPMG er á Írlandi, 12,5 prósent, en skattur-inn á þó ekki við um tekjur utan kjarnastarfsemi. „Í raun má því segja að Ísland er með eitt hagstæðasta tekjuskattshlutfallið innan OECD þar sem það á við um allar tekjur fyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð hluthafa,“ segir KPMG. - óká



**Í VERSLANAMIÐSTÖÐINNI** Skattalækkun er meðal þess sem talið er að munu milda samdrátt einkaneyslu.

## Aukin fjárráð milda samdrátt

Minna dregur úr vexti einkaneyslu en gerðist í síðustu hagsveiflu þegar neysla dróst saman árin 2001 og 2002. Þetta kemur fram í vefriti fjármálaráðuneytisins og vitnað í nýja þjóðhagsspá ráðuneytisins.

Ókyrrð á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem borist hefur hingað og breytingar á gengi krónu og hlutabréfa urðu til þess að ráðuneytið endurskoðaði til lækkunar spá sína um vöxt einkaneyslu á þessu ári og því næsta. Meðal þess sem þó dregur úr lækkuninni er að kaupmáttur er talinn munu aukast meira en í síðustu sveiflu, meðal annars vegna skattalækkana. - óká

# Hulunni svipt af nýjum farsímavafra

Norska vafrafyrirtækið Opera Software hefur svipt hulunni af uppfærðri gerð vafra fyrirtækisins fyrir farsíma, Opera Mini 2. Fyrsta útgáfa vafrans, sem er fyrir flestar gerðir farsíma, kom út í janúar síðastliðnum og hafa rúmlega 2,5 milljónir farsímanotenda náð sér í vafrann á vef fyrirtækisins.

Í tilkynningu frá Opera Software segir að Opera Mini hafi umbylt vefrápi farsímanotenda. Með vafranum er hægt að hlaða niður tónlist á mp3 formi, ljósmyndum og öðru efni. Það er einfaldara nú en áður að fara á vefi verslana á netinu auk þess sem farsímanotendur geta bætt bókamerkjum við uppáhaldsvefi sína til að einfalda vefrápið.

Haft er eftir Joni S. von Tetzchner, forstjóra Opera Software, að með vafranum geti farsímanotendur nýtt sér netið sem sama hætti og þeir gera á einkatölvum sínum. - jab




**VAFRI Í FARSÍMA** Opera hefur svipt hulunni af endurbættum símavafra.

# Nýr forstjóri Skýrr

Þórólfur Árnason tók í gær við starfi forstjóra Skýrr hf., dótturfélags Kögunar hf. sem er í meirihlutaeigu Dagsbrúnar hf. Þórólfur, sem að undanförnu hefur starfað við ráðgjafarverkefni fyrir fyrirtæki sagði ráðninguna hafa borið skjótt að eins og verða vill í viðskiptaheiminum. Fyrsti vinnudagurinn í gær hófst á starfsmannafundi en hjá Skýrr starfa um 200 starfsmenn. „Ég hlakka mikið til að takast á við þetta. Hér er öflugur hópur starfsmanna, reksturinn er góður og tekjustreymið er rúmlega 2 milljarðar.“

Þórólfur hefur trú á því að Kögun muni efla frekar fyrirtækin innan samsteypunnar. Tækifæri felist í öryggisþjónustu, fjarskiptum og fleiru í gegnum breitt og stórt eignarhald. Hann sagðist þó fyrst og fremst horfa til þess að efla félagið og þjóna enn betur núverandi viðskiptavinum þess og tryggja þeirra ánægju.

Þórólfur er vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands og lauk framhaldsnámi í iðnaðar- og rekstrarverkfræði frá Danmarks Tekniske Højskole í Kaupmannahöfn. Hann hefur víðtæka reynslu af markaðsmálum og stjórnun og góðan bakgrunn í upplýsingatækni og úr hugbúnaðargeiranum, sérstaklega gegnum störf sín hjá Marel og Tal. „Konan mín hefur líka starfað í upplýsingatækni í 20 ár svo þetta hefur lengi verið mér hugleikið,“ segir Þórólfur að lokum. - hhs



**ÞÓRÓLFUR ÁRNASON**


Í tilefni af fyrirtækjaleiknum *Hjólað í vinnuna*

**Látum hjólin snúast!**

**Ráðstefna um heilbrigðar samgöngur**

**Fimmtudaginn 11. maí, kl. 13 -17 á Grand Hótel Reykjavík**

**Ráðstefnustjóri:** Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri



**Dagskrá**

13:00 *Ávarp*
– Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands
13:20 *Samgöngustefna Reykjavíkur*
– Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi
13:40 *The multiple dimensions of promoting human-powered mobility - Health, safety and a healthy environment*
– Dr. Carlos Dora, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO)
14:20 *Vistvænar og heilnæmar samgöngur*
– Hjalti J. Guðmundsson, Umhverfissvið Reykjavíkurborgar
14:40 *Fyrirtækjaleikurinn Hjólað í vinnuna*
– Jóna Hildur Bjarnadóttir, sviðsstjóri ÍSÍ
14:55 *Kaffihlé*
15:15 *Ferðavenjur í Reykjavík*
– Verkfræðistofan Hönnun
15:35 *Utangarðs(hjólreiða)maður*
– Gunnar Hersveinn, upplýsingafulltrúi Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar
15:50 *The potential role of cycling in Iceland? An introduction to cycling in Europe and European cycle policies. Cycling opportunities in Iceland on the short and long term.*
– Thomas Krag, efnaverkfræðingur MSc
16.30 *Er einkabíllinn búinn að sigra?*
– Pallborðsumræður
– Fulltrúar þingflokka svara spurningunni.

LÝÐHEILSUSTÖÐ
LHM
Reykjavíkurborg

*Ráðstefnan er öllum opin án endurgjalds.*

**Skráning:**
Hjá Lýðheilsustöð, skraning@lydheilsustod.is.



**20% afsláttur af merkjasnyrtivöru**

LANCÔME PARIS
HELENA RUBINSTEIN
Dior
CLINIQUE
L'ORÉAL PARIS
LUMENE

**20% afsláttur** af öllum ilmvötnum, Marc Anthony hárvörum og vítamínum

**30% afsláttur** af vörunum frá Gamla apótekinu

**Hýdrófíl kremtúpa** fylgir lyfseðilsskyldum lyfjum



GOTT FÓLK McCANN

# Afmælisvika í Lyf & heilsu Melhaga

til 5. maí

Við fögnum 50 ára afmæli apóteksins á Melhaga og bjóðum frábæra afslætti af því tilefni alla vikuna.

Lyf & heilsa Melhaga

# skoðun

**SJÓNARMIÐ**
**KÁRI JÓNASSON**

Fjölmennur hópur sérfræðinga og samtaka um málefni öryrkja og eldri borgara:

## Barátta fyrir betra samfélagi

Málefni eldri borgara, öryrkja og fatlaðra voru til umfjöllunar á ráðstefnunni Velferðarríki á villigötum sem efnt var til í Reykjavík í gær. Það voru Öryrkjabandalagið, Landssamband eldri borgara og Þroskahjálp ásamt Félagsvísindastofnun Háskólans og launaþegasamtökunum sem efndu til hennar í kjölfar vinnu fjölmenns hóps sem fjallað hefur um málefni fatlaðra og aldraðra. Í honum voru fulltrúar fjölmargra samtaka auk sérfræðinga á mörgum sviðum sem tengjast málefnum þessara þjóðfélagshópa.

Kjör fatlaðra og aldraðra hafa mikið verið til umræðu á almennum vettvangi á nýliðnum vetri og þá ekki síst skattahlið þessara mála. Samtök eldri borgara og Stefán Ólafsson prófessor hafa haldið því fram að kjör eldri borgara hafi orðið lakari með hverju árinu sem líður vegna þess að skattleysismörk hafi ekki fylgt þeirri launaþróun sem verið hefur í landinu. Þetta er eitt af því sem fjallað var um á ráðstefnunni í gær. Þar var bent á að almannatryggingakerfið hefði lengst af greitt lágan lífeyri, sem auk þess hefur verið skertur stórlega, þegar viðkomandi lífeyrisþegar hafa fengið greiðslur úr lífeyrissjóðum eða haft atvinnutekjur. Allar þessar greiðslur og tekjur hafa verið skattlagðar rétt eins og um atvinnutekjur hafi verið að ræða hjá fullfrísku fólki á besta aldri. Á það hefur verið bent að greiðslur almannatrygginga ættu að vera undanþegnar við skattlagningu og er ekki óeðlilegt að svo væri. Þeir sem njóta lífeyrisgreiðslna almannatrygginga hafa í flestum tilfellum lokið ævistarfinu og ættu að vera búnir að vinna fyrir því að þurfa ekki að greiða skatta af þeim. Skattaleg undanþága þessara greiðslna ætti líka að hvetja eldri borgara til þess að taka að sér störf við hæfi og þannig myndi þjóðfélagið áfram njóta þekkingar þeirra og reynslu við ýmis störf. Það sama ætti að gilda um vinnu öryrkja. Það þarf að búa þannig um hnútana að það verði eftirsóknarvert fyrir þá að stunda vinnu og reyndar ætti það að flokkast undir mannréttindi að hafa rétt til vinnu. Það er ekki aðeins að með breyttu skipulagi varðandi atvinnuþátttöku og skattlagningu öryrkja og eldri borgara legðu þeir sitt af mörkum til þjóðfélagsins í heild, heldur hefði þetta mikil félagsleg áhrif á líf þeirra. Þessir hópar yrðu þá í lifandi sambandi við samfélagið og vinnan veitti þeim þá lífsfyllingu sem marga skortir.

En það er fleira en kjara- og atvinnumál sem hinn fjölmenni hópur sérfræðinga og fulltrúa félagasamtaka hefur fjallað um og gert grein fyrir. Í skýrslu sinni leggur hann áherslu á menntun og endurhæfingu, en það er sérstakt hagsmunamál fatlaðra, allt frá leikskólaaldri til fullorðinsára. Í mörgum tilfellum væri æskilegt að þessi þáttur væri hjá sveitarfélögunum og þeim væri jafnframt gert kleift að inna þessa þjónustu af hendi. Enn fremur er sérstakur kafli um búsetu og fjölskyldulíf. Margar tillögur eru lagðar fram í skýrslunni um alla þessa málaflokka, að ógleymdri heilbrigðisþjónustunni, þar sem auk annars er lögð áhersla á að hún sé góð og jöfnuður ríki varðandi aðgang að henni.

Allar eru þessar tillögur góðra gjalda verðar, en þær hljóta líka að kosta sitt. Það eru stjórnmálamennirnir sem ákveða fjárframlög til einstakra málaflokka varðandi öryrkja, fatlaða og eldri borgara og nú eiga þeir næsta leik eins og svo oft áður. Það er styttra í kosningar til Alþingis en marga grunar og ekki væri ólíklegt að málefni þessara hópa yrðu ofarlega á blaði hjá flokkunum, líkt og nú þegar stuðningur við aldraða hljómar úr mörgum áttum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.


OPIÐ HÚS HJÁ SVFR
Föstudaginn 5. maí

**Dagskrá:**
::: Uppáhaldsveiðistaðurinn - Valinkunnir veiðimenn segja frá
::: Elliðavatn, Þingvallavatn og Vífilsstaðavatn – Valgeir Skagfjörð
::: Veiðihorfur sumarsins - Guðni Guðbergsson frá Veiðimálastofnun
::: Veitt í þremur heimsálfum – Óli í Veiðihorninu
::: Myndagetraun

::: Happahylurinn í boði **Veiðihornsins**

**ALLIR VELKOMNIR - HÚSIÐ OPNAR KL. 20.00**

SVFR
VEIÐIHORNIÐ


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvar er stöðugleikinn?

Eitt sinn var gengi krónunnar fellt með handafli stjórnvalda eftir pöntun frá þjökuðum útvegsmönnum, þegar innlendur kostnaður var orðinn þeim óbærilegur. Svo tók stöðugleikinn við og stöðugleikaviljann bundu stjórnarherrarnir í lög þegar þeir settu Seðlabankanum það markmið að hemja verðbólgu ævinlega innan 2,5 prósenta viðmiðunarmarka. - Gengisfall krónunnar er einn háttur á því að lækka kaup. Á síðustu fimm árum hefur gengi krónunnar í tvígang fallið meira í stöðugleikaþjóðfélaginu en í nokkru öðru nálægu landi. Fyrir réttum fimm árum féll það um 25 til 30 prósent á skömmum tíma. Nú situr þjóðin uppi með hartnær 25 prósenta gengisfellingu. Í hverju felst stöðugleikinn?



### Mesta byrði heimilanna

Aðalatriðið er að fólk haldi vinnunni og geti haldið áfram að borga skuldir sínar segir forsætisráðherrann. Er hann að vísa til tveggja barn einstæðrar móður sem nefnd var til sögunnar á Alþingi í fyrradag? Hún fékk liðlega 200 þúsund króna vaxtabætur í fyrra til að mæta 500 þúsund króna vaxtabyrði af húsnæði sínu. Atli Gíslason, þingmaður VG, fullyrðir að þessar bætur séu nú af henni teknar í heilu lagi vegna verðhækkunar á íbúð hennar.

Skyldi hún hafa glaðst yfir auknum eignum? Skuld hennar er sú sama að viðbættum verðbólgukostnaði og íþyngjandi stjórnarherrum sem ræna hana vaxtabótum um leið og þeir ívilna fyirrtækjum sem högnuðust á gengisfellingunni.

### Óróleikinn framundan

Mergur málsins er sá að húsnæðisverð hefur hækkað um allar jarðir. Í Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi svo nokkuð sé nefnt. Verðið hefur sest til á nýjum stað. En hvergi á byggðu bóli þarf almenningur að þola viðlíka búsifjar vegna gengisfellinga og hækkunar húsnæðisverðs í verðtryggðri verðbólgu. Bretar þekkja varla óstöðugt pund og fólk með evrur í vasanum þarf ekki að leiða hugann að því að þær rýrni með sama hætti og krónan. Þegar saman fara gengisfelling, aukin verðbólga, skerðing vaxtabóta og forsætisráðherra sem vill aðeins að fólk borgi skuldir sínar er varla von á góðu.



**johannh@frettabladid.is**

## *Útgönguleiðir og Afríka*

**Í DAG**
ÞAULSÆTNIR STJÓRNMÁLA-LEIÐTOGAR



**ÞORVALDUR GYLFASON**

Mörgum Afríkulöndum fleygir fram, en ýmislegt stendur samt í þeim, þar á meðal þriðja kjörtímabilið. Vandinn er þessi: margar Afríkuþjóðir hafa brennt sig illilega á einræði og óstjórn og hafa því reynt að efla lýðræði með því til dæmis að takmarka kjörgengi forseta sinna við tvö kjörtímabil að bandarískri fyrirmynd. Takmarkið er að veita fersku lofti inn í stjórnmálin með reglulegu millibili og aftra sitjandi forsetum frá því að hanga á völdum sínum eins og hundar á roði.

Þetta þykir hafa gefizt vel í Bandaríkjunum og annars staðar. Bandaríkjamenn hafa aðeins einu sinni vikið frá þessari reglu: það var þegar Franklin D. Roosevelt var endurkjörinn forseti í annað sinn 1940, þriðja kjörtímabilið í röð, og aftur 1944. Fram að því hafði það verið órofa hefð, að forsetar Bandaríkjanna sætu í embætti tvö kjörtímabil í mesta lagi. Hefðarrof Roosevelts þótti réttlætanlegt í miðri heimsstyrjöld, og hann sigraði keppinauta sína með yfirburðum í bæði skiptin. Bandaríkjamenn bættu ákvæði um tvö kjörtímabil forseta í stjórnarskrá sína 1951. Nokkrar Afríkuþjóðir hafa gert hið sama. Fyrir þeim vakir aukið lýðræði og virkari valddreifing eins og í Ameríku.

Stjórnarskrá Bandaríkjanna er ófrávíkjanleg: undan henni verður ekki vikizt undir nokkrum kringumstæðum, og henni er ekki heldur hægt að breyta eftir hentugleikum. Þetta er einn höfuðstyrkur bandarísks samfélags. Öðru máli gegnir um Afríku.

Byrjum í Úgöndu. Að loknu löngu harðstjórnarskeiði náði skæruliðaforinginn Yoweri Músevení völdum 1986 og var síðan kjörinn forseti 1996 samkvæmt nýrri stjórnarskrá, sem batt setu á forsetastóli við tvö fimm ára kjörtímabil. Landsstjórnin gekk vel framan af þrátt fyrir ýmsa annmarka. Forsetinn var ótilleiðanlegur að leyfa stjórnmálaflokkum að keppa um hylli kjósenda og bar því við, að frjáls keppni milli flokka væri til þess fallin að ýta undir ættbálkaríg. Slíkur málflutningur hrykki skammt hér heima. Músevení náði endurkjöri 2001. Þegar leið að nýjum kosningum 2006, treysti hann engum til að taka við af sér og lét því breyta stjórnarskránni til að geta farið í framboð þriðja kjörtímabilið í röð – og náði kjöri. Honum dugði ekki að hafa setið að völdum samfleytt í tuttugu ár. Hann vildi meira. Hefði hann staðið upp í tæka tíð, hefði hann átt vísan virðingarsess í sögu lands síns. Hann hefur nú trúlega fyrirgert þeim sessi, enda hefur stjórnarfarinu í Úgöndu hrakað til muna mörg undangengin ár og spilling færzt í vöxt. Mótframbjóðandi hans og fyrrum líflæknir var dreginn fyrir dóm fyrir kosningar, sakaður um landráð og fleira.

*Það myndi aldrei hvarfla að lýðkjörnum afrískum leiðtoga að skipa sjálfan sig í embætti á vegum ríkisins. Blöðin myndu draga hann sundur og saman í háði.*

Þessi saga er ekki einsdæmi. Nú stendur Ólúsegun Óbasanjó forseti Nígeríu í sömu sporum: hann treystir engum nema sjálfum sér til að stjórna landinu og leitar leiða til að breyta stjórnarskránni, svo að hann geti setið að völdum þriðja kjörtímabilið í röð. Honum kann að takast það, og þá mun stjórnarfarinu þar í landi líklega halda áfram að hraka. Óbasanjó fór að ýmsu leyti vel af stað líkt og Músevení, en síðan tók hann til við að tefla af sér, og nú kýs hann að neyta stöðu sinnar til að sitja í embætti langt fram yfir síðasta söludag. Hans bíða ekki heldur góð eftirmæli, takist honum að sveigja stjórnarskrána að vilja sínum, því að með því mun hann grafa undan lýðræði í landi sínu líkt og Músevení hefur gert í Úgöndu. Hvers vegna gera mennirnir þetta? Það stafar meðal annars af því, að nýju stjórnarskrárnar þarna suður frá eru ekki eldfastar og þrískipting valdsins milli löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds með ströngu gagnkvæmu aðhaldi og eftirliti er ekki heldur nógu skýr og afdráttarlaus. Hefðin er of stutt, lýðræðið of ungt.

Hvers vegna eygir Óbasanjó enga útgönguleið? Hvers vegna fer hann ekki á eftirlaun eins og Nelson Mandela forseti Suður-Afríku gerði? – og það eftir bara eitt kjörtímabil. Kannski finnst honum það of snemmt. Hvers vegna tekur hann ekki Rafmagnseftirlitið? Af velsæmisástæðum? Varla. Menn hafa nú skipað sjálfa sig í aðrar eins forstjórastöður. Af því að hann þekkir ekki muninn á rakstraumi og riðstraumi? Ekki líklegt. Kannski finnst honum Rafmagnseftirlitið ekki nógu fínt og ekki nógu arðvænlegt: engar utanferðir, engar veizlur, engin athygli, bara straumrof og strípuð laun – og vinna.

Ég er auðvitað að gera að gamni mínu. Það myndi aldrei hvarfla að lýðkjörnum afrískum leiðtoga að skipa sjálfan sig í embætti á vegum ríkisins. Blöðin myndu draga hann sundur og saman í háði.

## Hinn falski tónn

**UMRÆÐAN**
BORGARSTJÓRN-AR-KOSNINGAR



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**
BORGARSTJÓRI

Baráttan fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor snýst um traust og trúverðugleika. Hún snýst um það hvort flokkunum sem bjóða fram sé treystandi fyrir þjónustu við aldraða og hvort þeir eru trúverðugir í tali sínu um þjónustu við barnafjölskyldur.

Reykjavíkurborg hefur sinnt af myndarskap þeim verkefnum sem hún hefur á höndum í þjónustu við aldraða og að auki tvöfaldað lögboðið framlag sitt til verkefna sem eru lögum samkvæmt á könnu ríkisins. Ríkisendurskoðandi hefur hinsvegar bent á að ríkið sinnir illa verkefnum sínum í þéttbýlinu. Hér er heimahjúkrunin minni, hér eru hjúkrunarrýmin færri og svo mætti lengi telja. Þessi mál eru á könnu ríkisstjórnarinnar. Núverandi formaður flokksins sagði það markleysu þegar gert var samkomulag um byggingu hjúkrunarheimila í Reykjavík. Það var Geir H. Haarde sem tryggði það með einbeittu aðgerðarleysi sínu að nú bíða hundruð roskinna borgarbúa eftir hjúkrunarrými.

Tal Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík nú fyrir kosningarnar um þjónustu við aldraða er því innantómt. Það er falskur tónn í því þegar flokkurinn lofar öllu fögru í borginni, en er aðgerðarlaus - í setuverkfalli - í málefnum aldraðra á Alþingi.

Gjaldfrjáls leikskóli er hugmynd sem undir forystu Samfylkingarinnar er verið að innleiða í Reykjavík. Fyrstu skrefin hafa þegar verið stigin og lagt hefur verið til hliðar fé til að taka næstu skref. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík treysti sér ekki til að styðja gjaldskrárlækkun um síðustu áramót. Tveir ráðherrar flokksins á Alþingi hafa lagst gegn hugmyndinni um gjaldfrjálsan leikskóla. Við erum heldur ekki búin að gleyma því að Sjálfstæðisflokkurinn skildi við leikskólamálin í kaldakoli þegar borgarbúar sneru baki við Vilhjálmi og félögum 1994.

Hann er því skerandi falski tónninn í loforðum Sjálfstæðisflokksins í leikskólamálum. Hann hefur ekki staðið sig. Það höfum við gert.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## ELLEFU ROÐ Í EITT STÍGVÉL

María Kristín Magnúsdóttir hannar kvenskó úr fiskroði.

TÍSKA 4

## SUMARLEG Í GARÐINUM

Nú er tíminn til að huga að garðinum. Ekki sakar að vera í líflegum og skemmtilegum stígvélum við garðvinnuna.

HEIMILI 8





# Rifu tvo veggi niður og settu einn upp



Ragnheiður og Jón Sverrir, sonur hennar, eru ánægð í nýja eldhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

***Ragnheiður Jónsdóttir og Sigurður Þorsteinsson keyptu sér íbúð síðasta sumar sem þau ætluðu að breyta aðeins áður en þau fluttu inn en það endaði með því að þau gjörbreyttu henni.***

Ragnheiður og Sigurður keyptu íbúðina í júlí, fengu hana afhenta í október en fluttu ekki inn fyrr en í febrúar. „Fyrst ætluðum við bara að rífa niður tvo veggi og setja einn upp í barnaherberginu, skipta um eldhúsinnréttingu og gólfefni og laga baðið,“ segir Ragnheiður en breytingarnar urðu þó mun meiri áður en yfir lauk. „Á baðinu var skorsteinn sem við ákváðum að rífa og svo var farið í að skipta út ofnunum og rafmagninu. Við settum líka ný gólfefni á allt og skiptum um fataskápa og hurðir.“

Ragnheiður og Sigurður bjuggu hjá foreldrum hennar í tvo mánuði á meðan breytingunum stóð og unnu í íbúðinni dag og nótt því þau gerðu nánast allt sjálf. „Við vorum hjá foreldrum mínum yfir jólin með tvö börn svo það var dálítið þröngt, en við hefðum hvort sem er verið eitthvað hjá þeim þessa daga svo þetta var bara fínt. Auðvitað er frábært að geta geta komist inn einhvers staðar og hafa nógan tíma og þurfa ekki að fá iðnaðarmenn í allt.“

Ragnheiður segir að þau hafi fengið mikla hjálp frá vinum og vandamönnum. „Pabbi hjálpaði okkur mikið en hann er svona þúsundþjalasmiður. Vinur okkar sá svo um rafmagnið en pabbi aðstoðaði hann við það og frændi minn kom og hjálpaði okkur með ofnana. Annað má segja að við höfum hjálpað pabba með. Við rifum allt niður sjálf sem við ætluðum að rífa og pabbi sá um gólfefnin og hurðirnar en við fengum smiði í eldhúsið og baðið.“

Ragnheiður segir að það sé frábært að hafa getað innréttað íbúðina eftir eigin höfði. „Við vorum með mjög ákveðnar hugmyndir um hvað við vildum og erum rosalega ánægð.“

*emilia@frettabladid.is*

## ALLT HITT

**[TÍSKA, HEILS OG HEIMILI]**

**Rétti** tíminn til þess að versla sér notaðan fatnað virðist vera einmitt núna. Verslanirnar Glamúr og Spútnik eru fluttar á Laugaveginn og þess vegna er úrvalið þar afar nýtt og ferskt. Aðrar verslanir hafa einnig endurnýjað úrvalið mikið að undanförnu með hækkandi sól.



**Nýir** hópatímar hefjast í Hreyfingu 8. maí. Flestir tímarnir eru fyrir byrjendur en einnig eru framhaldshópar. Skráning fer fram í síma 414 4000 eða með tölvupósti á afgreidsla@hreyfing.is.

**Gardínur** hafa aftur fengið sitt fyrra hlutverk nú þegar sólin er loksins almennilega byrjuð skína inn. Þess vegna er núna kominn tími til þess að þrífa í burtu gleymd og áður óséð óhreinindi sem safnast hafa fyrir í vetur. Sérstaklega á þetta vel við um rimlagluggatjöldin.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 4. maí 124. dagur ársins 2006**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.50 | 13.24 | 22.01 |
| Akureyri | 4.21 | 13.09 | 22.00 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Nýkomin sending af sófasettum, hornsófum,hægindastólum, borðstofusettum, Mikið úrval

Njóttu þess besta



Vandaðir hvíldarstólar og sófar m/borði

THEATRE PREFERENCE

Einstök þægindi...

Vandaðir Lúxus-hægindasófar og stólar með stillanlegu baki og skemmli. Frábærir sjónvarps-sófar og stólar á ótrúlegu verði!

Stóll með leðri aðeins kr. 54.000.-

Sófi með leðri aðeins kr. 139.000.-

Opið Virka daga10-18 Laugard 11-16

Val húsgögn Ármúla 8 - 108 Reykjavík Sími 581-2275 ■ 568-5375

www.valhusgogn.is Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

**Konur** telja það ekki lengur eftirsóknarvert að vera horaður. Kannanir sýna þetta og einnig það að karlar vilja ekki hafa konurnar allt of grannar.












# Sækir innblástur í vísindaskáldskap

***Guðmundur Hallgrímsson er nemi í Listaháskóla Íslands sem undanfarið hefur verið að hanna sínar eigin peysur. Hann sækir helst innblástur sinn til vísindaskáldsögu-kvikmynda.***

Guðmundur, sem oftast kallar sig Munda, hóf hönnun á peysunum rétt eftir jól og enn sem komið er hefur hann einungis gert tvær gerðir af peysum. Stefnan er þó sett á að gera heila fatalínu. Ástæðan fyrir því að Mundi hóf að vinna að fyrstu peysunum var sú að hann tók þátt í að gera forsíðu á símaskrána. „Ég lét prjóna fyrir mig mynd sem ég svo skannaði inn. Svo lét ég prjóna fleiri munstur og þau komu það vel út að ég ákvað að gera peysu úr þeim,“ útskýrir Mundi.

Hugmyndina að peysunum segist Mundi hafa sótt í vísindaskáldsögu-kvikmyndir, en fyrsta munstrið sem Mundi hannaði fyrir peysurnar voru geimfarar að leiðast. Mundi nefnir að hann hafi bæði sótt innblástur sinn í teiknimyndasögur og myndir á borð við Barbarellu og 2001: A Space Odyssey. Spurður um hvort einhver vandamál hafi komið upp í þessari fyrstu fatahönnun hans segir Mundi að hlutirnir hafi verið miserfiðir. „Auðvitað hafa komið upp nokkur óvænt atriði en annars hefur þetta gengið mjög þægilega fyrir sig.“

Mundi er nemi í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands en gerir samt ekki ráð fyrir að færa sig yfir í fatahönnun þrátt fyrir þennan nýtilkomna áhuga á fatahönnun. „Nei, ég held að ef maður er í hönnun þá er maður með fingurna í öllu og getur gert það sem maður vill,“ segir hinn glaðbeitti listaháskólanemi og er alveg tilbúinn að játa þá staðreynd að í Listaháskólanum megi finna karlmenn með besta fatasmekk landsins. „Ég held ég geti alveg fullyrt það.“ Að lokum má geta þess að peysurnar fást í KronKron.

*steinthor@frettabladid.is*



Guðmundur Hallgrímsson í peysunni sem hann hefur hannað. Hann stefnir á að búa til heila fatalínu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# *Shiseido-brúnka fyrir sumarið*

***Nýtt brúnkukrem og brúnkugel frá Shiseido er komið í verslanir.***

Brilliant Bronze Tinted Self-Tanning Cream er brúnkukrem fyrir andlit. Kremið fæst í nokkrum litum og hentar því öllum húðlitum.

Brilliant Bronze Tinted Self-Tanning Gel er brúnkugel fyrir andlit og líkama. Gelið er fáanlegt í tveimur litum, Light Tan fyrir þá sem vilja einungis örlítinn lit og Medium Tan fyrir þá sem vilja vera sæmilega brúnir og sumarlegir.




Brilliant Bronze Tinted Self-Tanning Cream. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Brilliant Bronze Tintet Self-Tanning Gel.

# Ísland er alltaf ís-land

***Þó að hitastigið sé komið upp í tveggja stafa tölu má ekki gleyma hvar við búum.***

Eins og flestir hafa tekið eftir er snjórinn horfinn af jörðinni. Margir huga að kaupum á sumargalla.

Ekki má samt gleyma því að hér á Íslandi má eiga von á hverju sem er hvað veðurfarið snertir. Á sumrin hér á Íslandi þarf því líka að hafa eina og eina flík við hendina til þess að hlýja manni.

Ein sniðugasta flíkin til þess að halda manni heitum á grámygluðum sumardegi eru án efa hettupeysur en þær er hægt að fá í sumarlegum litum og því þarf maður ekkert endilega að fara úr sumarskapinu þó að maður fari úr sjálfum sumargallanum.



Hettupeysur geta verið afar sumarlegar þó í eðli sínu séu þær ekki sumarklæðnaður.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Brjóstahaldari og varalitur í stíl

Sumarið nálgast og síðustu forvöð að ná í nokkra fylgihluti sem passa við fötin sem eiga vera komin í skápinn. Eins og fatnaðurinn í sumar er aðalliturinn hvítur til dæmis í töskum hvort sem það er í fléttuðu leðri hjá Old England (700 evrur), Cabas frá Lancel (300 evrur) eða bólstruðu leðri frá Versace (1030 evrur). Svo er það svart eða munstrað með ´70 munstri(LSD-munstur held ég að væri best að kalla þetta!) eða í gylltu. Reyndar virðast ódýru búðirnar eins og Zara, H&M og fleiri vera mikið í þessu gyllta í öllum fylgihlutum í sumar.

Skórnir sem ganga í sumar eru annað hvort flatir eins og ballerínurnar nota og hægt er að finna í öllum verðflokkum allt frá 30 evrum, röndóttir, hvítir, gylltir og svo mætti áfram telja. Annað sem einkennir skótískuna eru skór sem mætti kalla úr striga eða bambus, oft á tíðum með fylltum hæl. Í bland eru svo mjög fágaðir skór sem minna á skó frá sjöunda áratug síðustu aldar.

Annað áberandi í tíðarandanum í sumar er sjóaralúkkið, (hér er ekki átt við íslenska togarasjómenn, með fullri virðingu fyrir þeim sem skapa verðmæti, heldur franska duggara) í anda röndóttu bolanna frá Jean-Paul Gaultier. Gaultier hefur einmitt endurhannað þá fyrir sumarið en svo er nú bara hægt að kíkja inn hjá H&M og kaupa einn ermalausan úr bómull á 8 evrur stykkið! Við duggarapeysurnar eru svo notaðir marglitir fiskaeyrnalokkar eða sjóarahringir.

Sólgleraugun eru fjölbreytt í sumar og ef þið eigin flugmannagleraugu frá Ray-Ban eru þau í fullu gildi. Það sem skiptir mestu máli er að vita að ódýr sólgleraugu geta verið flott en eru kannski ekki með nógu góðri vörn í sterkri sól. Gullna reglan við sólgleraugnakaup er að eftir því sem glerið er dekkra því betri vörn gegn hættulegum geislum sólarinnar. Látið ekki sölumenn segja ykkur annað og kaupið þau ekki af götusölum.

Stundum er sagt að tískan fari í hringi en tískan er kannski fyrst og fremst löng og endalaus leið, því alltaf þarf að finna upp eitthvað nýtt og halda athygli og ekki síst kaupgleði viðskiptavinanna. Það nýjasta hjá tískuhúsunum er að selja snyrtivörur sem passa við fötin því ekkert er meira „ultra-chic" en að taka fram varalit sem er í hylki í stíl við handtöskuna eða með munstri eins og brjóstahaldarinn. Sonia Rykiel selur nýjasta ilmvatnið í flösku sem er röndótt eins og peysurnar. Dior-tískuhúsið hefur um nokkurt skeið boðið upp á snyrtivörur sem eru í takmörkuðu upplagi og þar má nú kaupa farða í öskju með spegli sem passar við töskurnar. Dim-nærfataframleiðandinn franski býður betur, snyrtivörur með sama munstri og er á brjósthöldum sem eru á boðstólum í búðum.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

# Sportleg hönnun



Converse hefur að undanförnu verið að búa til fjölbreyttari útgáfur af frægustu strigaskóm heimsins.

***Converse er enn einn íþróttavöruframleiðandinn sem hefur fengið þekkta hönnuði til liðs við sig.***

Margir heimsþekktir íþróttavöruframleiðendur hafa á undanförnum misserum fengið þekkta tískuhönnuði til þess að hanna sérstakar sportlínur fyrir sig. Ber þar helst að nefna sportlega línu Stellu McCartney hjá Adidas og einstaklega sjáanlega hönnun Kims Jones hjá Umbro. Eru þetta aðeins tvö dæmi af mörgum en þau íþróttavörumerki sem ekki hafa enn ráðið til sín þekkta hönnuði hafa það á stefnuskránni.

Nýjasta viðbótin er íþróttavöruframleiðandinn Converse, sem er þó kannski helst þekktastur fyrir strigaskó sína, sem fyrst voru hannaðir af Chuck Taylor á öðrum áratug síðustu aldar. Converse hefur að undanförnu unnið með John Varvatos sem hefur hannað nokkrar gerðir af strigaskóm fyrir fyrirtækið en Varvatos og Converse ætla nú að víkka út samstarfið og mun Varvatos brátt hefja hönnun á klæðnaði undir merkjum Converse. Auk þess hefur Converse fengið til liðs við sig tískuhönnuðinn Giles Deacon. Mun Deacon vinna með fyrirtækinu að sérstöku verkefni sem er til styrktar vörnum gegn eyðni í Afríku.

# Nýtt frá Kanebo

***Sensai Silk snyrtivörurnar frá Kanebo eru fyrir ungar konur sem vilja sporna við öldrun húðarinnar áður en hún verður sýnileg.***

10 Minutes Relaxing Mask er kremkenndur rakamaski sem nærir húðina og hjálpar henni að verjast streitu. Maskinn er notaður einu sinni í viku.

Softening Lotion veitir húðinni þann raka sem hún þarfnast og verndar hana fyrir skaðlegum áhrifum umhverfisins. Borið á húðina kvölds og morgna.

Intensive Eye Mask and Essence er maski sem afmáir þreytumerki og hrukkur. Maskann má nota einu sinni til tvisvar sinnum í viku.

Emulsion er rakakrem sem veitir húðinni góðan raka og endurnærir hana. Borið á húðina kvölds og morgna.

Soothing Cream er milt rakakrem sem sefar viðkvæma húð og dregur úr roða, þurrki og óþægindum. Borið á húðina kvölds og morgna.

10 Seconds Awakening Essence vekur húðina til lífsins og veitir vörn gegn útfjólubláum geislum sólarinnar. Húðin verður sléttari og ljómar af heilbrigði. Borið á húðina á morgnana á eftir andlitskreminu.



Kanebo Sensai Silk.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Lífræn og rakagefandi sturtusápa fyrir allar húðgerðir
Dr. Fischer




Ný húð Á aðeins 5 dögum með Green peel, herbal peeling.
Notað til meðferðar á:
Óhreinni húð • Stækkun svitahola
Ótímabærrar öldrunar á húð
Hrukkum • Örum • Húðsliti
Appelsínuhúð • Minnkandi sveigjanleika húðar á maga, upphandleggjum og lærum
SPA fegurð
Heiðdís Steinsdóttir, snyrtifræðingur
S. 511 6660 Laugarvegi 98 (hjá Toni&Guy)




Ungbarnafötin eru komin
www.66north.is
REYKJAVÍK: Kringlan - Bankastræti 5 - Faxafen 12
GARÐABÆR: Miðhraun 11 - AKUREYRI: Glerárgata 32
66° NORÐUR



Gabor
Gæði og glæsileiki

Teg: 26.304 Extra breidd

Teg: 22.272 Extra breidd

Teg: 22.702 Extra breidd

Teg: 25.591

Teg: 26.221 Extra breidd

Teg: 21.730
xena
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240




Snyrtistofan Mist
Hjá Snyrtistofunni Mist er byrjuð naglafræðingurinn Ágústa Böðvarsdóttir og snyrtifræðingurinn Ágústa Hafsteinsdóttir.
Gamlir og nýjir viðskiptavinir velkomnir.
Hlökkum til að sjá ykkur!
Starfsfólkið á snyrtistofunni Mist
Spönginni 23 112 Rvík
S: 577-1577



ENGLAKROPPAR

Ertu orðin leið á að vera með appelsínuhúð, slit og slappa húð?
Komdu þá til okkar, það virkar!
Pantaðu frían prufutíma í síma 587-3750
Englakroppar.is
Stórhöfði 17



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




NÝTT

Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja

Flexitol

**Útsölustaðir:** Fótaaðgerðastofan Eygló, Paradís, Líf og Jónu. Snyrtistofan Anita Vestmannaeyjum, Spar þín verslun Kópavogi og Fjarðarkaup Hafnarfirði

Suttkápur, Leðurjakkar, Vattjakkar, Rúskinnsjakkar, Heilsársúlpur, Hattar og Húfur

TOPPHÚSIÐ

Mörkinni 6

S: 588 5518 • Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 1016

belladonna

Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is



Nýjar sumarvörur

Vertu þú sjálf – vertu Bella donna

Opið mán-fös 11-18
laugardaga 11-15

www.belladonna.is







**Frizz-Ease Straight Ahead** er sérhannað til að slétta úfið og krullað hár. Gefur hárinu silkimjúka áferð, raka og fallegan gljáa. Úfið hár heyrir sögunni til.

From the professionals at JOHN FRIEDA. London · paris · new york

FRIZZ EASE




María Kristín Magnúsdóttir hannar skó úr roði og selur í Verksmiðjunni á Skólavörðustíg. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ellefu roð í eitt stígvél

***Vörur úr roði eiga auknum vinsældum að fagna.***

Skóhönnuðurinn María Kristín Magnúsdóttir hefur framleitt kvenskó úr roði undanfarin tvö ár.

María vinnur sjálf að allri hönnun og efnisvali en framleiðslan fer svo fram í Kína. Hún segist aðallega nota laxa-, hlýra- og karfaroð í skóna sem eru mjög sterk og jafnvel eins sterk og hvert annað leður, en einnig hefur hún gert stígvél úr hrosshári. „Fiskroðið eldist mjög vel, sérstaklega hlýrinn, hann verður fallegri með tímanum“ segir María. Hráefni í framleiðsluna fær hún hjá Sjávarleðri á Sauðárkróki sem er að hennar sögn mjög framarlega á sínu sviði, bæði hvað varðar liti og áferð. „Það er enginn kominn jafn langt og það fyrirtæki,“ segir María enda hafa íþróttavörufyrirtæki á borð við Nike keypt roð af Sjávarleðri til framleiðslu á íþróttaskóm.

Skóhönnun nam María í Cordwainers College/London College of Fashion og útskrifaðist árið 2001. Hún notaði íslenskt roð í lokaverkefni sitt. Skórnir eru enn sem komið er bara seldir á Íslandi en í framtíðinni er stefnan tekin á Frakklandsmarkað og jafnvel víðar. „Ég hef líka notað semelíusteina í ökklabönd til að skreyta skóna enn frekar,“ sagði María bjartsýn á framhaldið, en skóna er hægt að berja augum í versluninni Verksmiðjunni á Skólavörðustíg þar sem María selur skóna.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni www.mkm-footwear.com



María notar laxa-, hlýra-, og karfaroð í skóna sína.



Hönnun Maríu er litrík og skemmtileg



María segir fiskroðið eldast vel og verði oft fallegra með tímanum.

# Topshop til Bandaríkjanna

***Eigendur Topshop ætla að koma verslunum á sama stall og H&M og Zara.***

Philip Green, aðaleigandi Topshop verslananna, segir að fyrsta Topshop verslunin muni brátt verða opnuð í Bandaríkjunum. Stefnt er að því að opna verslun í New York næstkomandi vor og vilja forsvarsmenn fyrirtækisns ekki ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur heldur byrja strax með trompi, en fyrirtækið hefur nú þegar í huga verslunarhúsnæði frá 5500 upp í 8500 fermetra að stærð. „Alla verslunareigendur dreymir um að byggja upp keðju um allan heim. Sjáið bara hvað Zara og H&M hafa gert, það er mjög spennandi,“ sagði Green í vikunni.

Green segir jafnframt að áður en fyrirtækið geti opnað fyrstu verslunina verði að eiga sér stað gríðarmikil undirbúningsvinna. Fyrirtækið sé þó tilbúið að eyða 1,5 til 3,5 milljörðum í það eitt að koma versluninni á laggirnar. 290 Topshop-verslanir er nú þegar að finna víða um Evrópu auk 165 Topman-verslana.




Innan fárra ára verður væntanlega að hægt að finna Topshop-verslun í hverju heimshorni.

# Ilmvötn fyrir alla

***Just Cavalli fyrir bæði kynin.***

Tvær nýjar ilmtegundir eru nú fáanlegar frá Roberto Cavalli. Just Cavalli Her er frísklegt og sumarlegt ilmvatn fyrir hana og Just Cavalli Him er hressandi angan fyrir hann. Ilmvötnin eru í fallegum 30 ml glösum, bleikt fyrir hana og blátt handa honum.



Just Cavalli Her ilmvatn fyrir hana.



Just Cavalli Him fyrir hann.



**Baðkar** á fótum er fallegur gripur og gerir yfirbragð baðherbergisins tímalaust og klassiskt.



Guðfinna Sævarsdóttir á eftirlíkingu af Machintosstólnum með rimlabakinu háa.



Sjónvarpsskápur úr eik eftir Einar Magnússon. Rennirekkar fyrir diska eru inni í skápnum.



Húsgagnaviðgerðir eru líka kenndar í Iðnskólanum. Hér er uppgert skrifpúlt sem er íslensk smíði frá 1890.



Ólafur Snorrason á þennan furustól með mjúku línunum.

# Enginn hörgull á húsgagnasmiðum næstu árin

***Hæfileikaríkir húsgagnasmiðir eru í þann veginn að úskrifast úr Iðnskólanum í Reykjavík. Vott um það má finna á sýningu þeirra sem haldin er í skólanum.***

„Það liggja margar vinnustundir í þessum munum,“ segir Magnús Ólafsson, þegar hann opnar inn í sýningarplássið þar sem haganlega gerð húsgögn blasa við. Nemarnir eru flestir í prófi, en Magnús er brautarstjóri í húsgagnasmíðadeildinni sem fagnar nú 30 ára afmæli. Hvort sem nemendur hafa haft aldur deildarinnar í huga eða ekki þá er ljóst að nokkrir þeirra hafa sótt hugmyndir sínar í fortíðina er þeir réðust í smíðina.

Að baki er nær fjögurra anna nám og eftir ýmis skylduverkefni var nemendum falið að smíða annars vegar sethúsgagn og hins vegar skáp og heyrir þetta undir plötu- og grindasmíði. Hugmyndirnar koma víða að. „Nemendur mega nota allt sem þeir sjá í kringum sig sem fyrirmynd,“ segir Magnús. „Enda eru hér stílafbrigði sem eru fengin að láni hjá þekktum hönnuðum. Til dæmis afbökun af hinum hundrað ára gamla Macintosh-stól sem við þekkjum best kolsvartan og trip trap-stóllinn frægi er hér líka. Við teljum ekki aðalatriðið hvaðan hugmyndirnar koma heldur hitt að nemandinn geti sannað fyrir sjálfum sér að hann geti búið húsgagnið til sjálfur. Það er mikill sigur.“

Magnús segir góða aðsókn í deildina svo enginn hörgull ætti að verða á góðum húsgagnasmiðum hér á landi næstu árin. Hann sér líka fyrir sér mikla framtíð í húsgangasmíði hér á landi. „Það eru alltaf fleiri og fleiri sem vilja láta sérsmíða fyrir sig húsgögn og hafa ráð á að láta búa til hluti sem ekki fást annars staðar.“



Björg Sighvatsdóttir með stólinn sem hún á heiðurinn að.



Elín Svava Lárusdóttir gaf sér tíma til að sýna okkur hægindastólinn sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Björg á líka þennan veglega skáp. Skúffurnar í honum renna af sérstökum þokka á sinn stað.





















Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.






Upphengd salerni
í miklu úrvali
frá Villeroy & Boch
ásamt handlaugum með
Ceramicplus glerung.

BAÐHEIMAR
Fosshálsi 1
s: 525 0800




# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

# Pelargóníur – blágresi úr öðrum heimi

Einhvern veginn tengjast pelargóníur bernskuminningum margra sem nú eru um miðjan aldur eða vel það. Framan af öldinni sem leið voru þær næstum einu pottablómin sem áttu sinn vissa stað í gluggum formæðra okkar til sjávar og sveita. Húsmæður skiptust á stiklingum á vorin og þegar leið á sumarið var litskrúðugt samsafn pelargóníublóma að sjá í næstum hverjum glugga. Á veturna voru svo pelargóníurnar hafðar á frostlausum stað af því að þær þoldu ekki að hafast við í upphituðum stofunum í skammdeginu. Oftast dimmum kjallara eða í búri þar sem ekki fraus. Þar máttu þær þreyja þorrann þangað til tímabært þótti að taka þær fram í dagsljósið einhvern tíma í lok góu. Þá voru þær snyrtar til, settar í nýja mold og pottinum með öllu svo smellt upp í björtustu gluggana.



## Pelargóníur og endurnýjaðar vinsældir

Nú eru aðrir tímar. Þótt pelargóníurnar hafi aðeins látið undan síga hvað vinsældirnar varðar um nokkurt skeið, þá eru þær komnar aftur fílelfdar og fallegri en nokkru sinni fyrr. Með aukinni reynslu af þeim, vitum við nú að pelargóníur eru ekki bara pottablóm til að hafa inni í stofum og eldhúsgluggum. Með tilkomu ýmiss konar glerhúsa, hvort sem við köllum það garðskála, gróðurskála, vetrargarð eða sólstofu, við íbúðirnar eru pelargóníurnar sannarlega góður kostur og geta staðið þar í blóma meginpart ársins. Nú þarf ekki lengur að loka þær niðri í kjallara og kolabing eins og áður. Bara þarf að gæta þess að ekki frjósi á þeim á veturna, þá byrja þær að taka við sér um leið og sól hækkar aftur á lofti. Og á síðustu árum hafa svo komið fram pelargóníur sem geta mætavel staðið úti í kerjum og svalakössum hlýjasta hluta sumarsins hérlendis – rétt eins og þær gera utan á húsunum í þorpum Alpafjalla.

## Margir pelargóníuflokkar

Pelargóníur skiptast í marga flokka. Þeir flokkar sem mest eru ræktaðir eru uppréttar baugpelargóníur (Pelargonium zonale), hengipelargóníur (P. petatum) og enskar pelargóníur (P. grandiflorum). Auk þess er til stór hópur ýmiss konar ilmpelargónía sem eiga sína aðdáendur en eru sjaldan fáanlegar nema í plöntuskiptum félaga í sérstökum pelargóníuklúbbum, sem starfandi eru í flestum löndum í kring um okkur. Ekki veit ég samt af slíkum klúbbi hér á Íslandi.

Margar sortir baug- og hengipelargónía eru nægilega harðgerðar til að standa úti á sumrin – en þá alltaf í góðu skjóli vel varðar fyrir rigningu og hrakveðrum. Þær blómgast stórum blómskúfum, með mörgum stórum og litríkum blómum í hverjum skúf. Ensku pelargóníurnar – og ilmpelargóníurnar reyndar líka – eru viðkvæmari og verða að njóta verndar, birtu og yls innan við gler. Ensku pelargóníurnar hafa stærri blóm en hinar, oft dálítið kögruð og munstruð í áberandi litun. En í staðinn bera þær mun færri blóm, þótt umfangið á blómskúfunum sé mikið.

## Þróuðust við kröpp kjör

Allar pelargóníur eiga uppruna sinn að rekja til Suður-Afríku. Ættkvíslin er náskyld blágresinu íslenska og er afar fjölbreytt, allt frá þeim blaðmiklu og stórblómstrandi pelargóníum sem við erum vönust, til þess að nokkrar tegundirnar eru afar sérkennilegir „þykkbolungar“, snúnir og skældir í hin fáránlegustu form. Þessar síðarnefndu vaxa á svæðum þar sem varla rignir, svo þær verða að sætta sig við þann litla raka sem þær geta náð úr næturdögginni og hafa fremur smá blöð og blóm til að verjast þurrkinum sem best.

Pelargóníurnar „okkar“, aftur á móti, koma frá svæðum þar sem árstíðarskipta í úrkomu gætir, þ.e. þurrir og svalir vetur en sumrin aðeins hlýrri með regnskúrum af og til. Þessu reynum við að líkja eftir í ræktuninni. Pelargóníur hafa verið í ræktun meðal Evrópumanna allt frá því að þeir komu fyrst í kynni við þær. Ræktunin hafði það í för með sér að menn fóru að velja úr þær plöntur sem sköruðu fram úr í blómfegurð og smám saman varð til mikið úrval lita og annarra eiginleika sem þóttu eftirsóknarverðir. Nú skipta pelargóníuafbrigðin í öllum flokkum hundruðum. Blómlitirnir eru yfirleitt afar hreinir í öllum litbrigðum af rauðu, bleiku, óransrauðu og hvítu. Hreinblátt er ekki til hjá þeim, en margar sortir skarta purpurabláum blómum.

## Í stuttu máli

Pelargóníur þrífast best í frjórri og eilítið sandblandaðri gróðurmold, gjarna með dálítlum aukaskammti af kalki, t.d. sem nemur einni eggjaskurn í hvern lítra af mold. Þær eru fremur áburðarfrekar, svo ráðlegt er að gefa þeim vel af áburði vikulega allan vaxtartímann. Notið fullan skammt af alhliða pottablómaáburði og ræktið plönturnar gjarna í nokkuð stórum pottum. Leyfið moldinni að þorna vel á milli vökvana. Enska pelargónían þarf þó aðeins meiri vökvun en hinar, látið því moldina hjá henni aldrei alveg þorna upp.

Pelargóníurnar fá aldrei nóg af sólskini, því þurfa þær að standa eins vel við sól og hægt er. Klippið blómstönglana burt um leið og blómin fara að láta á sjá. Það ýtir undir stöðugri og meiri blómgun. Á haustin er dregið úr vökvun og plönturnar lítið sem ekkert vökvaðar þar til þær byrja að sýna nývöxt einhvern tíma um miðbik útmánaðanna. Þá eru þær snyrtar til og hugað að því hvort stækka þurfi pottana. Afklipptar greinar og sprota má auðveldlega nota fyrir græðlinga. Með natni og góðri umhirðu geta pelargóníur orðið æði gamlar í frostlausum gróðurskálum og magnast í blómgun og karakter eftir því sem þær eldast.









nýbýlavegi 18 I s. 517 2100

mubla

Hönnuðir PEFA sameina á einstakan hátt framúrstefnulega fegurð, stílhreina hönnun, einfaldleika, úthugsuð smáatriði og meistarasmíð.

Hinir vel þekktu hönnuðir PEFA vita hvaða þarfir borð þarf að uppfylla og hve miklu máli það skiptir fyrir heildarmyndina. Um leið og þeir færa þér borð sem er gleðivaki og miðpunktur heimilislífsins tekst þeim að brjóta viðteknar venjur með óvenjulegri hönnun og skemmtilegum útfærslum.

PEFA er valkostur fyrir hugsandi fólk.

# Sópari átti hugmyndina

***Eftirfarandi grein var að finna í gömlum Mogga sem var á leið út úr Fréttablaðshúsinu niður á Landsbókasafn.***

Það var sópari á hóteli í Bandaríkjunum, Spangler að nafni, sem átti fyrstur hugmynd að Hoover ryksugunni en hún var fyrsta heimilistækið sem framleitt var undir Hoover nafninu. Spangler þjáðist af astma og þegar rykið þyrlaðist upp leið honum illa. Honum kom því í hug að sjúga rykið inn í poka þar sem það sæti kyrrt. Hann fór með hugmyndina til vina sinna, Hooverbræðranna þriggja. Þeir hófust handa við að smíða þessa fyrstu Hoover ryksugu og tókst vel. Brátt breyttu þeir sútunarverksmiðjunni í ryksuguverksmiðju. Þetta var árið 1906.


Hoover ryksuga

*Úr viðtali Morgunblaðsins við frú I. Faulkner sem dvaldist hér á landi í tengslum við stóra Hooversýningu í Listamannaskálanum. Morgunblaðið 27. nóvember 1956.*

# Ungversk veggteppi

***Sýning á stórum ungverskum teppum verður opnuð 6. maí í Ráðhúsi Reykjavíkur.***

Á sýningunni í Ráðhúsinu verða 20 verk sem unnin eru með ásaumi, bútasaumi og vattstungu. Myndefni er sótt í sögu og menningu Ungverjalands og má sjá dæmigerð ungversk mynstur, bryddingar og saumspor ásamt mikilsverðum táknum. Þess má geta að bláu textílefnin sem notuð eru í sumum teppunum eru ungversk og lituð samkvæmt aldagamalli tækni. Þá er hvert og eitt teppi með sögu á bak við sig og eru þeim sögum gerð góð skil á sýningunni. Sjö teppanna eru unnin af samstarfshópum en þrettán eru verk einstaklinga. Sum þeirra hafa fengið verðlaun í heimalandinu og flest þeirra eru stór í sniðum. Sýningin í Ráðhúsinu stendur til 14. þessa mánaðar og héðan fer hún beint á stórsýningu í Loch Lomond í Skotlandi.


Bláu efnin eru lituð samkvæmt aldagamalli hefð.






# Höfum hemil á sólinni

ÞEGAR SÓLIN SKÍN SEM SKÆRAST Á OKKAR LANDI ER BETRA AÐ GETA TEMPRAÐ BÆÐI LJÓS OG HITA MEÐ GÓÐUM GLUGGATJÖLDUM.

Ljóri hefur nú kynnt nýja lausn við ofbirtu og hita í húsum, svokallað SilverScreen-efni frá hollenska fyrirtækinu Verosol. Sérstaða þess er sú að sett hefur verið álhúð á þá hlið sem að glugganum snýr, sem gerir það að verkum að það hleypir mun minni birtu og hita í gegn en annars væri. Hjördís Gunnarsdóttir í versluninni Ljóra, sem selt hefur sólargluggatjöld í hátt í fjörutíu ár, segir um alera byltingu að ræða. „SilverScreen tjöldin heypa aðeins 16 prósent birtu og 15 prósent hita í gegn en samt sést vel út um þau. Efnin eru þekkt að gæðum en áður en álið var sett á þau hleyptu ljósu tjöldin meiri birtu í gegnum sig og þau dökku hitnuðu meira. Álið á bakhliðinni lágmarkar hins vegar bæði birtu og hita, óháð litnum á tjöldunum.“ Hjördís segir efnið vernda húsgögn og gólf gegn upplitun og getur þess líka að 15 prósenta afsláttur sé af SilverScreen-tjöldunum hjá Ljóra til 15. maí.


SilverScreen fæst í mörgum litum hjá Ljóra.


Hvít SilverScreen-tjöld eru gegnsæ en vernda samt heimilin gegn birtu og hita.










Settu fagmenn í málið...

Vantar þig rafvirkja?

Ertu að breyta eða byggja?

**Við tökum að okkur:**

- Raflagnir í nýbyggingum.
- Breytingar og viðhald á hvers kyns raflögnum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög.
- Sérhæfum okkur í raflögnum skrifstofuhúsnæða.
- Tökum að okkur að leggja loftnetslagnir, símalagnir og tölvulagnir.
- Veitum ráðgjöf við val á raflagnaefni t.d ljósum og innlagnaefni.

Við veitum góða þjónustu á verði sem kemur þægilega á óvart.

Rafvirkjar Reykjavíkur

Sími: 511-2555 • www.rar.is

allt matur

Alla föstudaga



Europris.



Europris.

# Verum sumarleg í garðinum

***Vertu litríkur og sumarlegur í garðinum í sumar***

Þegar birta tekur af degi fá margir þeir sem vel una sér í garðinum gjarnan fiðring í fingurna og gleyma sér jafnvel við iðju sína tímunum saman. Sólin allt með geislum sínum baðar, gróðurinn lifnar við og fuglasöngur ómar í eyrum fólks. Til að gera myndina enn glaðlegri og litríkari er tilvalið að skella sér á par af Crocs-klossum hjá Sipu á Laugavegi, sem eru ótrúlega léttir og þægilegir og þar að auki með loftgötum. Parið kostar 4.900 krónur og er til í dömu og herrastærðum

Nú ef svo ólíklega vildi til að hann rigni á garðálfana er kjörið að eiga eitt par af litríkum og flottum stígvélum eins og þessum sem fást í Europris á 1.900 krónur. Stígvélin fást í öllum stærðum og gerðum fyrir foreldra og börn.





Sipa.



Sipa.

# Veldu rétt verkfæri

***Verkfæri eru misjöfn að gæðum og verði. Finndu út hvaða verkfæri henta þér.***

Þrír þættir segja til um hversu vel heppnast þegar viðgerðir og viðhald eru annars vegar; hráefni, verkfærni og verkfæri. Sért þú á höttunum eftir verkfærum til að smíða stiga, klæða þakið eða jafnvel mála barnaherbergið, ættir þú að vanda valið. Góð verkfæri tryggja ekki aðeins góða útkomu heldur veita þér verkgleði og innblástur til að skila þínum þætti góðum.

Í raun má segja að hægt sé að skipta verkfærum í fjóra flokka; ódýr verkfæri, dundaraverkfæri, þúsundþjalasmiðsverkfæri og atvinnumannaverkfæri. Þetta á jafnt við um handverkfæri og rafmagnsverkfæri.

Þegar kemur að því að velja úr hvaða flokki verkfærið á að koma er rétt að hafa nokkra þætti í huga. Hversu líklegt telur þú að verkfærið standist kröfur þínar? Atvinnumenn og þúsundþjalasmiðir halda oft tryggð við einn framleiðanda því þeir hafa dottið niður á tegund sem þeir eru ánægðir með.

Hver er markhópur framleiðanda? Flestir framleiðendur skipta notendum í þrjá markhópa eftir notkun: Lítil, miðlungs og mikil notkun. Verðið endurspeglar yfirleitt hversu mikla notkun verkfærið þolir.

Og loks samsetning verkfærisins. Hvaða hráefni eru notuð? Hvernig eru samskeyti? Er vottunarstimpill á verkfærinu?

Að öllu þessu samanlögðu er ljóst að ódýrari verkfæri þola minni notkun. Það þýðir ekki að þau dugi ekki þeim sem aðeins þurfa að grípa til þeirra einstaka sinnum. Þeir sem ætla sér stærri hluti og tíðari notkun gætu þurft að leggja meira út í fyrstu, en á móti kemur að þeir þurfa þá síður að endurnýja fljótt aftur.



Það er óþarfi að eyða tugum þúsunda í verkfæri til að skrúfa upp einn skáp. Hinsvegar ættu húsbyggjendur að hafa gæðin að leiðarljósi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Svona gæti einfalt horneldhús litið út. Veggirnir eru 2ja og 3ja metra breiðir.

## Hannaðu eldhúsið á vefnum

ÓTAL MÖGULEIKAR OG ÞRÍVÍÐAR MYNDIR.

Eldhúsið er stundum kallað hjarta heimilisins, ekki síst vegna þess að þar hittist öll fjölskyldan saman yfir mat á hverjum degi. Notalegt og notadrjúgt eldhús er því á við gott og hraust hjarta.

Á vefsíðunni www.diy.com er hægt að hanna sitt eigið eldhús. Slegnar eru inn upplýsingar um lögun og stærð eldhússins, áferð á skápa er valin og svo hefst hönnunin. Hægt er að raða saman ótal skápum, eldhústækjum, borðplötum, höldum og svo mætti lengi telja. Hægt er að skoða þrívíða mynd af eldhúsinu á hvaða stigi hönnunarinnar sem er og prenta út mynd og upplýsingar til að láta smíða eftir.

Til að fá aðgang að eldhúshannaranum er nauðsynlegt að skrá sig sem notanda á síðuna, en það er frítt og auðvelt.



Svart er stílhreint en um leið svolítið þungt.

## Minna er meira

***Endurnýjaðu stofuna með örfáaum krónum og nokkrum kössum í geymsluna.***

Er stofan orðin hálf þreytt? Langar þig í ný húsgögn?

Hví ekki að byrja á því að skipta út púðum og gluggatjöldum og sjá hvað það gerir? Með litlum tilkostnaði er þannig hægt að skipta alveg um tón í stofunni. Ef þú vilt ganga lengra getur þú prófað að endurraða húsgögnunum í stofunni og reynt að fækka þeim ef þess er nokkur kostur. Drekkhlaðnar hillur af styttum, plöntum og bókum mega líka oft við því að léttast aðeins. Stingdu öllu í kassa sem þú heldur að verði ekki notað. Mínimalistinn getur lyft stofunni á annað plan og með réttu litavali, einstaka plöntu og hlýlegum húsgögnum verður hún aftur uppáhalds afdrepið þitt.



Ljósgrænt er líflegt og fjörugt.

# Silkimjúk áklæði og gluggatjöld

***Íslensk hönnun á silkiefnum er seld úti um allan heim.***

Ragna Erwin er íslensk kona, búsett í London, sem hannar silkiefni sem notuð eru í áklæði og gluggatjöld. Ragna rekur fyrirtækið Chase Erwin í London og lætur framleiða fyrir sig silkiefni í Taílandi sem hún selur síðan úti um allan heim.

Páll Ó. Pálsson, faðir Rögnu, rekur verslunina Vef í Garðabæ þar sem hægt er að kaupa hönnun hennar. „Við höfum alltaf fengið það nýjasta frá Rögnu og silkið frá henni hefur verið mjög vinsælt,“ segir Páll.

Nýjasta hönnun Rögnu er komin í Vef þar sem áhugasamir geta skoðað úrvalið og gert góð kaup á fallegum silkiefnum.



Handbragðið er fallegt og vandað.



Gljáinn á silkiefninu er einstakur.



Silkimjúkt fyrir kröfuharða.







**Rétt vinnustaða** skiptir miklu máli. Sjáðu til þess að skrifstofustóllinn sé rétt stilltur, aðbúnaður sé í lagi og álagið sé ekki of mikið.














Kristjana með börnin sín þrjú sem öll elska að hreyfa sig. Hanna Steina í fanginu á mömmu, Uni Dagur og Signý Pála sem faðmar bangsann sinn fast og vel. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þrautir og dýrahljóð

***Í Hreyfilandi geta börn og foreldrar fengið nauðsynlega hreyfingu. Kristjana Jóhannsdóttir fer með öll börnin sín þrjú í Hreyfiland.***

Kristjana er kennari og móðir þriggja barna sem öll sækja tíma í Hreyfilandi. „Tvö eldri börnin mín, Signý Pála sem er fimm ára og Uni Dagur sem er fjögurra ára, byrjuðu í þessu í fyrra og voru rosalega ánægð,“ segir Kristjana.

Í fyrravor ættleiddi hún svo litla stelpu sem heitir Hanna Steina. Hún er tveggja ára og er einnig byrjuð að sprikla af krafti í Hreyfilandi.

„Hún var voða feimin og hrædd fyrst eftir að hún kom en svo byrjuðum við í hreyfifimitímum í nóvember og núna getur hún bara allt. Þetta gerist á svo skömmum tíma og ég finn mikinn mun á henni og öllum krökkunum eftir að þau byrjuðu í þessu,“ segir Kristjana ánægð með árangurinn.

Í Hreyfilandi er boðið upp á mismunandi langan tíma eftir aldri barnanna. Mæður og ungarnir þeirra geta byrjað í mæðrafimi þegar barnið er einungis sex vikna gamalt. Þegar börnin eru ellefu mánaða tekur síðan við snillingafimi en hreyfifimi eru tímar fyrir börn frá eins árs og að þriggja ára aldri. Eftir það eru tímar fyrir börn til fimm ára aldurs sem kallast grunnþjálfunarfimi. Einnig eru tímar fyrir konur á meðgöngu sem heita bumbutímar og geta því börnin stundað heilsurækt þarna öll fyrstu árin og jafnvel fyrir fæðingu.

Kristjana segir að krakkarnir fái mikið út úr tímunum. „Þetta er svo skemmtilegt. Í tímunum hjá eldri krökkunum tveimur er oft farið í þrautabraut þar sem eru jafnvægisæfingar, hlaup og klifur og yfir í að herma eftir dýrahljóðum. Í tímunum hjá litlu stelpunni er oftast verið að gera æfingar og leiki um leið og er sungið með.“

Tímarnir eru einu sinni í viku sem Maríu þykir mjög passlegt. „Það er komin smá þreyta í þau núna en samt vilja þau alls ekki sleppa tíma og hlakka til hans alla vikuna. Þetta er alltaf á laugardögum og er mjög gott að brjóta þá upp með smá hreyfingu.“

Þeir sem vilja kynna sér málið nánar geta skoðað heimasíðu Hreyfilands, www.hreyfiland.is.










# Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI



## Léttari fæða á sumrin

Nú þegar vorið er aðeins farið að banka á dyrnar og maður þarf ekki lengur að binda á sig trefilinn á morgnana lyftist brúnin á mér, eins og svo mörgum öðrum. Flestir vilja vera í sínu besta formi á sumrin til að líða vel í eigin skinni á ferðlögum, í veiðinni, í golfinu, fjallgöngu og útiverunni almennt til að geta notið enn betur. Við erum virkari úti við á sumrin og viljum njóta þessara fáu en vel metnu mánaða þegar hitastigið fer upp í tvo tölustafi. Það jafnast fátt á við glampandi sól og góðan hita, á fallegum stað úti á landi með góðu fólki.

**Ávextir og grænmeti**
Á sumrin vilja líka margir borða léttari fæðu og eitthvað sem tekur ekki of langan tíma að útbúa. Ávextir og grænmeti, eins og appelsínur, epli, melónur, mangó, ananas, gulrætur, sellerí, tómatar, agúrkur og papríkur eru frábær kostur sem nesti hvert á land sem er. Enda aldrei girnilegri en einmitt á sumrin.

**Próteindrykkir geta dregið úr harðsperrum eftir æfingu**
Þá getur líka verið sniðugt að hrista sér góðan próteindrykk, sérstaklega eftir æfingu eða sem millibita. Rannsóknir hafa meira að segja sýnt að gott sé að taka inn próteindrykki eftir æfingu til að draga úr harðsperrum. Mikilvægt er að í þeim sé gott jafnvægi próteins, kolvetnis, vítamína og steinefna eins og til dæmis EAS-próteindrykkir. Samkvæmt rannsókninni bæta slíkir próteindrykkir þó ekki getu á næstu æfingu, en þeir færa okkur rétt hlutfall þeirra næringarefna sem við þurfum eftir æfingu og koma í veg fyrir að við borðum of mikið eftir æfingu, sem er mikilvægt ef við viljum léttast (Fitness Rx, bls. 47, apríl 2006). Gleymum því ekki að fylla innkaupakörfuna í sumar af sumarlegum ávöxtum og girnilegu grænmeti. Þá er líka handhægt að taka próteindrykki með sér á ferðalagið sem millibita, því við megum ekki gleyma að borða reglulega þó við séum í fríi og ekki er gott að enda á pyslubarnum eða skyndibitastaðnum. Þegar lagt er af stað í einhverja lengri ferð er því gott að hafa með sér ávexti, próteindrykki, próteinstykki eða önnur góð og holl stykki eins og Lárabar (fæst m.a. í Hagkaupum).

**Gott lesefni á ferðinni**
Ég mæli einnig með að þið farið í bókabúð og kaupið ykkur tímarit um heilsurækt. Þar er að finna mikinn fróðleik um heilsu og næringu almennt. Ég mæli til dæmis með Fitness Rx, Women´s Health og Oxygen magazine. Þegar maður er að lesa um heilsurækt og gott mataræði eru minni líkur á að maður „dett´íða" í marga daga.

Aðalmálið núna er sem sagt að fara út, hreyfa sig og njóta góða veðursins sem er handan hornsins.

*Kær kveðja,*
*Borghildur.*



Nýja bóluefnið lofar mjög góðu.

# Bóluefni gegn æxlum

***Vísindamenn MD Anderson krabbameinsmiðstöðvarinnar í Texas Bandaríkjunum hafa þróað nýtt bóluefni. Bóluefnið nýtist í baráttunni gegn einu skæðasta afbrigði heilaæxla.***

Rannsóknir sýna að bóluefnið dregur mjög úr vexti og útbreiðslu svokallaðra GBM-æxla. Af þeim 23 sjúklingum sem prófaðir voru brugðust 18 vel við meðferðinni.

Bóluefnið er eftirmynd próteins sem myndast utan á 30-50% GBM-krabbameinsfrumna. Með inntöku þess er ónæmiskerfinu kennt að próteinið sé utanaðkomandi og eigi ekki heima í líkamanum. Ónæmiskerfið ræðst því á próteinið, sem kallast EGFRvIII, bæði í bóluefninu og á æxlunum.

Bóluefnið er enn á fyrstu stigum prófana og langur tími mun líða þangað til hægt verður að nota það almennt. Ennfremur útrýmir það ekki krabbameininu, það hamlar aðeins vexti þess en ásamt með annarri meðferð vekur það vonir um endanlega lækningu og fullkominn bata.





**Meira fjör, styttri tími og skemmtilegur félagsskapur**
Hjá okkur færðu, aðhald og stuðning hvort sem þú þarft að grennast eða styrkjast. Reglulegar líkamsmælingar svo þú getir fylgst með árangrinum.

Curves
The power to amaze yourself.

Fyrir allar konur

Hringdu og pantaðu prufutíma og líkamsmælingu.

*Sumartilboð af kortum*

Curves, Bæjarlind 12, sími 566 6161 curves@simnet.is




Öll börn í 1. bekk í grunnskólum landsins fá reiðhjólahjálma að gjöf á næstu vikum.

# sjö ára börn fá hjálma að gjöf

***Mikilvægt er að öll börn noti hjálma þegar þau eru á reiðhjólum.***

Kiwanishreyfingin, Eimskip og Lýðheilsustöð hafa sameinast í verkefni sem gengur út á að vekja athygli á notkun reiðhjólahjálma. Á næstu vikum munu félagar úr Kiwanishreyfingunni fara í alla grunnskóla landsins og gefa börnum í 1. bekk reiðhjólahjálma. Alls verður 4.500 hjálmum dreift auk þess sem börnin verða frædd um rétta notkun þeirra og almennt umferðaröryggi. Börnin fá einnig fræðsluefni um rétta stillingu og notkun hjálma til að taka með sér heim. Ráðgjafi verkefnisins er Herdís Storgaard, verkefnisstjóri Árvekni-barnaslysavarna hjá Lýðheilsustöð.


EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

*Viltu ná glæsilegum árangri?*

TT námskeið



**Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega**

TT-námskeiðin sívinsælu!
Frá Toppi til táar

**Ný námskeið hefjast 21. maí**
**Skráning hafin!**

TT-tímatafla

| Kl | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös |
|---|---|---|---|---|---|
| 06:20 | x | | x | | x |
| 07:20 | x | | x | | x |
| 08:20 | x | | x | | x |
| 12:05 | x | | x | | x |
| 14:30 | x | | x | | x |
| 18:25 | x | | x | | x |
| 19:20 | x | x | x | x | x |
| 20:15 | x | | | | |

Vertu velkomin í okkar hóp!



Hafðu samband!
www.jsb.is
sími 581 3730

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

Bílabúð Benna NOTAÐIR BÍLAR


Hyundai Accent 1,6 GLS árg. 1/2004, ekinn 40 þús. km, sjálfskiptur, ABS, álfelgur, fjarst. samlæsingar, geislaspilari, líknabelgir og m/fl. Verð 1.050.00. Tilboð 940.000.


Dodge Caravan SE 3,3L árg. 1/2001, sjálfskiptur, rennihurðir báðu megin, ABS, dráttarbeisli, fjarst. samlæsingar, hraðastillir, líknabelgir, loftkæling og m/fl. Verð 1.290.000. Tilboð 990.000.


Opel Vectra Caravam 1.6 16V, 2/1999, ek. 110 þús., beinskiptur, ABS, álfelgur, CD, líknarbelgir, fjarstýrðar samlæsingar o.fl. Ásett verð 590 þús. Tilboð 450.000.


SsangYong Korando 2.9 TDI, 11/1999, ek. 106 þús., beinskiptur, álfelgur, dráttarkúla, CD, fjarstýrðar samlæsingar, rafm. í rúðum og speglum, o.fl. Ásett verð 990 þ. Tilboð 850.000.


Subaru Legacy GL 2000i STW, 8/2000, ek. 208 þús., sjálfskiptur, ABS, fjarstýrðar samlæsingar, CD, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, 1 eigandi, topp þjónusta frá upphafi. Ásett verð 780 þús. Tilboð 690.000.


Toyota kælibíll diesel langur, 7/2003, ek. 155 þús., sjálfskiptur, ABS, CD, líknarbelgir, kælikerfi frá Alkul, séreinangraður o.fl. Ásett verð 1.590 þús. Áhv. 900 þús. Tilboð 1.390.000.


M. Benz E230, 11/1995, ek. 202 þús., sjálfskiptur, ABS, álfelgur, armpúði, ASR spólvörn, auka felgur, CD, glertopplúga, Cruise Control, kastarar í svuntu, líknarbelgir, smurbók, allt nýtt undir honum að framan, ný vatnsdæla o.fl. Ásett verð 1.190 þ. Tilboð 890.000.


SsangYong Rexton RX-290 TDI, 5/2005, ek. 10 þús., sjálfskiptur, ABS, álfelgur, armpúði, brettakantar, fjarstýrðar samlæsingar, glertopplúga, kastaragrind, líknarbelgir, loftkæling, leður, rafm í rúðum og speglum, reykalus, stigbretti, þjófavörn o.m.fl. Ásett verð 3.590 þús. Tilboð 3.190.000.

Bílabúð Benna NOTAÐIR BÍLAR


Hyundai Galloper 2.5 TDI, 4/2000, ek. 146 þús., beinskiptur, 33" breyttur, álfelgur, dráttarkúla, Intercooler, kastargrind, Pluss áklæði, rafm. í rúðum og speglum, samlæsingar o.fl. Ásett verð 940 þús. Tilboð 790.000.


Daewoo Musso Grand Luxe E-23, 5/2002, ek. 64 þús., 33" breyttur, beinskiptur, ABS, álfelgur, brettakantar, dráttarkúla, CD, rafm. í rúðum og speglum, smurbók, þjófavörn o.fl. Ásett verð 2.150 þús. Tilboð 1.790.000.


Musso 2,9 Dísel Turbo Intercooler, árg. 1/1998, ekinn 188 þús. km, beinskiptur, 5 gíra, álfelgur, 31" dekk, dráttarbeisli, fjarst. samlæsingar, rafmagn í öllu, verð 880.000. Tilboð 690.000.


Daewoo Nubira SX wagon, 1/1999, ek. 103 þús., beinskiptur, ABS, líknarbelgir, rafm. í rúðum og speglum, innspýting, þokuljós í svuntu o.fl. Ásett verð 470 þús. Tilboð 290.000.


Musso 2,3 dísel 32" deck, nýskoðaður '07, á götuna 7/1998, ekinn 138 þús. km, 5 gíra, beinskiptur, samlæsingar, álfelgur og m/fl. Þessi er algjör sparibaukur. Tilboð 390.000.


Citroen Xsara 1,6L árg. 11/2003, ekinn aðeins 17 þús. km, sjálfskiptur, sumar og vetrardekk, ABS, álfelgur, geislaspilari, hraðastillir og m/fl. Verð 1.190.000. Tilboð 1.050.000.


Daewoo Matiz árg. 10/1999, ekinn 123 þús. km, 5 gíra, beinskiptur, 1 eigandi, smurbók, ný tímareim, nýskoðaður '07, ný dekk, nýtt í bremsum og m/fl. Tilboð 290.000.

**Bílabúð Benna ehf. Notaðir bílar**
**Bíldshöfði 10, 110 Rvk.**
**Sími: 587 1000**
**www.benni.is**

bílalind BÍLASALA


Mitsubishi Pajero Disel 2.8 TDI Skrd. 5/1997, ek. 186 þ. km, álf., cd, dráttarkúla, þjónustubók frá upphafi, gott eintak nýskoðaður. V. 1.090.000. 100% lána möguleikar. Skipti möguleg. Uppl. í s. 580 8900 & 698 5801. www.bilalind.is

**Bílalind**
**Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**
**www.bilalind.is**

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN
567-4840 og 660-0565
- Klettháls 2 -
www.hofdahollin.is


FORD ESCAPE Árgerð 2005. Ekinn 35 þ.km. þúsund km. Verð kr. 2950.000. Skipti: Ódýrari

**Höfðahöllin**
**Klettháls 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

12 volt


Suzuki Liana 4x4, árg. 05.04. 1.6L., beinsk., ek. 28 þús. km., álfelgur, hiti í sætum, geislasp. o.fl. Uppl. í s. 565 2500.


Honda CRV. 2.0L. árg. 07.1999, ek. 96þús. km., ssk., 15" álfelgur, aurhlífar o.fl. Upplýs. 565-2500.


Honda Accord Tourer. 2.0L. árg. 08.2004, ek. 79þús. km., bsk., 16" álfelgur, tölvust. miðst., loftk., leður o.fl. Upplýs. 565-2500.


Mitsubishi Montero limited. 3.5L. V6. Árg. 01.2002., ek. 43þús. km., ssk., topplúga, leður, álfelgur o.fl. Upplýs. 565-2500.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

BÍLAMIÐSTÖÐIN


Toyota Yaris Sol, 11/2001, ekinn 126 þ. km. Beinskiptur, rafmagn í rúðum. Verð 630 þ. Möguleiki á 100% láni.


Suzuki Sidekick 1600, árg. 1994, ekinn 157 þ. km. Vel með farinn bíll. Verð 280 þ. 100% lán.

**Bílamiðstöðin**
**Hyrjarhöfða 2, 112 Rvk.**
**Sími: 540 5800**
**www.bilasala.net**

bilaland.is Grjótháls 1
bílaland B&L 575 1230


Ford Mondeo nýskr. 03/2001, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, grænn, ekinn 93.000 þ. Verð 1.190.000.


Hyundai Trajet nýskr. 03/2001, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrænn, ekinn 83.000 þ. Verð 1.130.000.


Mitsubishi Pajero Pinin nýskr. 09/2002, 1800cc 5 dyra, sjálfskiptur, grár - tvílitur, ekinn 64.000 þ. Verð 1.390.000.


Nissan Terrano II nýskr. 12/1998, 2400cc, 5 dyra, 5 mgíra, dökkblár, ekinn 127.000 þ. Verð 1.090.000.


Opel Vectra nýskr. 02/2000, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, grænn, ekinn 98.000 þ. Verð 760.000.


Opel Zafira-a nýskr. 08/2003, 1800cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 38.000 þ. Verð 1.750.000.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**


Chevrolet Suburban Z-71 5.3L V8 04/2003. Ek. 58 þm. Hvítur, ssk, leður, DVD, 8 manna, ný 33"dekk, krókur ofl. Verð 4.700 þús.


MMC Pajero GLS Antera Diesel 10/2004. Ek. 43 þkm. Blár, ssk, leður, 33" breyttur, 7 manna. Verð 4.590 þús – Bílalán 3.360 þús.

Hyundai Santa Fe V6 '02 Ek. 49 þkm. Hvítur, ssk, leður, álfelgur. Verð 2.290 þús – Bílalán 2.000 þús.


M. Benz ML 270 CDI Diesel 08/2005. Ek. 11 þkm. Blár, ssk, leður, topplúga ofl. Verð 5.750 þús.


M. Benz C 220 STW CDI Classic '05 Ek. 11 þkm. Lj.brúnn, ssk, AC ofl. Verð 3.920 þús.


Range Rover 4,4L HSE 08/2003 Ek. 124 þkm. Svartur, ssk, m/öllu. Verð 6.900 þús.


Caraveair 560 Lux 07/2005. Kojur, abs, heitt og kalt vatn, ísskápur, sturta, wc ofl.Mögul. á 100% láni til allt að 10 ára. Verð 2.350 þús.


Palomino Colt '00. Lítið notað og lítur vel út. Fortjald, grjótrind, gaskútur. Verð 650 þús

Palomino Mustang XL 8143 (Nýtt) Harðar hliðar, rafdr. lyftubúnaður, fortjald, sturta, heitt og kalt vatn ofl. Verð 1.850 þús


Honda CR-V ES 04/2006 Ek. 1 þkm. Vínrauður, ssk, álfelgur, aukadekk. Verð 3.249þús.


Toyota Landcruiser 90 LX 07/1999 Ek. 137 þkm, Vínrauður, ssk, 33" dekk ofl. Verð 2.090 þús – Bílalán 1.400 þús.


Ssang Yong Musso Sports Diesel 09/2004. Ek. 1 þkm. Svartur, ssk, leður ofl. Verð 2.390 þús.


Jeep Grand Cherokee Laredo V8 4,7L 03/2005. Ek. 32 þkm. Ljósbrúnn, ssk, leður, DVD ofl. Verð 3.950 þús

Bílabankinn

**BÍLABANKINN**
S: 588 0700
www.bilabankinn.is
Bílakjarnanum • Breiðhöfða
Sölumenn : Ævar Hallgrímsson – Axel Bergmann – Sigurdór Bragason

bilaland.is
Grjóthálsi 1
575 1230


Peugeot 406 nýskr. 08/1999, 1800cc, 5 dyra, 5 gíra, grár, ekinn 117.000 þ. Verð 680.000.


Renault Kangoo nýskr. 11/2001, 1400cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 70.000 þ. Verð 780.000.


Renault Megane nýskr. 06/2001, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 107.000 þ. Verð 850.000.


Renault Scenic nýskr. 03/2003, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 57.000 þ. Verð 1.370.000.


Renault Scenic nýskr. 06/2002, 1600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ljósgrænn, ekinn 84.500 þ. Verð 1.290.000.


Subaru Legacy nýskr. 01/1998, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, dökkrauður, ekinn 126.000 þ. Verð 680.000.


Suzuki Grand Vitara nýskr. 04/2000, 2500cc, 5 dyra, sjálfskiptur, blár, ekinn 90.000 þ. Verð 1.390.000.


Suzuki Vitara nýskr. 06/1999, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, rauður, ekinn 153.000 þ. Verð 640.000.


Toyota Corolla nýskr. 06/2004, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, dökkrauður, ekinn 48.000 þ. Verð 1.480.000.

bilaland.is
Grjóthálsi 1
575 1230


Toyota Corolla nýskr. 12/1998, 1800cc, 5 dyra, 5 gíra, hvítur, ekinn 133.000 þ. Verð 680.000.


Toyota Corolla nýskr. 11/1996, 1600cc, 5 dyra, 5 gíra, grænn, ekinn 98.000 þ. Verð 480.000.


Toyota Rav4 nýskr. 08/2001, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 82.000 þ. Verð 1.630.000.


VolksWagen Golf nýskr. 09/2004, 5 dyra, 5 gíra, blár, ekinn 30.000 þ. Verð 1.750.000.


VolksWagen Golf nýskr. 06/2003, 2000cc, 5 dyra, 5 gíra, ljósgrár, ekinn 86.000 þ. Verð 1.290.000.


VolksWagen Golf nýskr. 06/2003, 1600cc, 5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 81.700 þ. Verð 1.470.000.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**

## Bílar til sölu


Góður Galloper árg. '98 í skiptum fyrir nýlegan tjaldvagn. Uppl. gefur Karl s. 897 6162 og Eva s. 862 4659.


Nissan Patrol SE+ árg. '99. Vel umgenginn bíll, ek. 149 þús. 33" dekk, leður, topplúga og fl. Uppl. í s. 896 1168.

islandus.com
Spurðu Tóta?
NÝTT! Leitar-Vélmenni
Bílar á lægra verði!
Ábyrgð fylgir öllum bílum
islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM - Sími 552 2000

NÝTT! Bílaleitar-Vélmenni. Finnur bílinn á augnabliki! Tóti er tengdur fleiri hundruð bílasölum með yfir þrjár milljónir bíla á söluskrá. Smelltu á Tóta á islandus.com og hann finnur bílinn um leið, reiknar út verð í íslenskum krónum með flutningsgjöldum tolli og VSK á augabraði og sýnir þér niðurstöður strax á islandus.com vefsíðunni. Í dag fylgir Ábyrgð frá Vörður-Íslandstrygging á öllum bílum Islandus.com og hægt að fá viðbótarábyrgð í allt að 5 ár! Við seljum bíla langt undir markaðsverði. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com


M. Bens S500 '99, nýskr. 04/06, ABS, hemlar, ASR spólvörn, armpúði og álf. stöðugleikakerfi, loftpúðafj., nudd, minni, hiti og rafdrifin sæti. Rafdrifnar rúður og speglar, sportfjöðrun, fjarst. samlæs. hleðslujafnari, litað gler, líknarb., lotkæling, velti/vökvastýring, þjófav. smurbók frá MB, innspýting leðurinnr., sími, leiðsögukerfi, lögn fyrir sjónv. Hraðastilling, bak og framskynjari, Cruise Control. S. 868 3002.


Til sölu Toyota Yaris T-sport árg. 2005, ekinn 21.000. Vel með farinn. Uppl. í s. 898 1131.


Hyundai Elantra árg. '96, ek. 130 þ., verð 145 þ., sk. '07. S. 862 3155.


Nissan Terrano árg. 2000. Góður og vel með farinn bíll, verð 1400 þús. stgr. VW Golf árg. 2000, ekinn 93 þús. Verð 700 þús. stgr. Uppl. í síma 899 6533.


Til sölu BMW 735i árg. '91, með leðri, nýskoðaður. Verðtilboð. Uppl. í s. 896 4682.


### Turbo Diesel sem eyðir aðeins 6,9L !!!
VW Passat W, TDI, Árg. '03, ek. 93 þ., 2,0 vél, ssk., filmur, 17". Áhvílandi. Ath. öll skipti. S. 661 8185.

VW Passat '97 þarfnast viðgerða. Tilboð óskast. S. 659 8041.

### Cadillac
Cadillac Seville Elegance árg. '88, Cadillac Seville Nortstar SLS árg. '94, Cadillac Eldorado árg. '85, þ./viðg., Cadillac árg. 1955, 2 d., hardtop, flottur. S. 863 8837.

### Volvo 740 GL
Er til sölu. Ný tímareim, mjög heillegur bíll verð 130.000. Upplýs í s:690-6844/821-3400

## 0-250 þús.


Mercedes Benz árg 87, ekinn 246.000 km. Bíllinn er mikið endurnýjaður, eins og bremsuslöngur, bremsudiskar, bremsurör, demparafóðringar og margt fleira. Topp bíll í fínu standi. Skoðaður 07. Upplýsingar í síma 8463334.


Subaru Legacy '90 ssk., sk. '07 krókur, góð dekk, v. 90 þ. S. 861 3790.


### Ný skoðaður og sjálfskiptur eðalvagn !!
Honda Accord 1991. Ek. 235 þ., ssk., CD, álf., S/V. dekk, sk. '07. Ný tímareim. Tilboð 190 þ. S. 661 8185.


Dodge Van. Skoðaður '07, 6 cyl. Verð 200.000 þús. 1250 stgr. eða skipti á beinskiptum litlum bíl. Uppl. í síma 894 4560.

Mazda 323F 93, sk.07, grár, ek. 208 þ., mikið endurn,, fínt ástand, ryðlaus, græjur geta fylgt. S. 865 1822.

Nissan Sunny Station '93 með krók. Ek. 165 þ. sumar og vetrardekk á aukafelgum. Verð 70 þ. S. 663 0846, 690 4075.

Nissan Almera árg. '96, 2ja dyra. Ek. 190 þús. Vel með farinn. Verð 165 þús. S. 661 1372.

### Tilboð Tilboð
Daewoo Nubera station árg. '98, dr.kr. Ásett v. 430 þ. Tilboð 195 þ. S. 691 9374.

Benz árg. '86 230E, nýsk., í toppstandi. Álfelgur og ný dekk. S. 660 2336.

## 250-499 þús.


Toppeintak,V. 290. þ. Sunny SR"93,ssk,ek.93þ,nýsk,dekk,geislasp, s:899-0991.


Til sölu Hunday Coupe árg. '99, ek. 118 þús. Mjög góður bíll. Uppl. í s. 898 9494.


Econoliner húsbíll '79. 302, sjálfsk., hár toppur. Gluggar á hlið. U-bekkur. Verð 350 þús. 100% lán möguleiki. Þarfnast lagfæringa. S. 822 4167.


Til sölu Daewoo Lanos Se Hurrican árg. '99 ekinn 150.000. Verð tilboð. Uppl. í s. 892 5363.

Daihatsu Applause árg. '99, ekinn 85 þús. Álfelgur og CD m/mp3 fylgja. S. 695 3289.

## 500-999 þús.


### Flott Bjalla!!
WV Bjalla árg '98, 2000 cc. ekinn 109.000. rafmagn í öllu, hiti í sætum, 16" álfelgur, kastarar, geislaspilari, og margt fleira. vel með farin, reyklaus. Verðhugmynd 990 þús áhvílandi 410þús. Uppl. í s. 899 2480.


Dótakassi til sölu. (útsala) Ski-Doo 800 MXZ "01 og Polaris Indy 700 SPX "99. Topp standi. Verð í báða 799 þús kr uppl. 8403022


VW Golf '99, ek. 71 þús., sjálfsk., 17" low profile. V. 780 þús. Uppl. í s. 899 1275.


VW Golf Comfortline 1.6 árg 2000, sjálfsk., ekinn 95 þús. km. Áhv. lán getur fylgt. Verð 930 þús. S. 856 5161.


Til sölu Honda HRV árg. 2000, álfelgur, topplúga, skoðaður '07, eyðslugrannur og góður bíll. Verð aðeins 860.000 staðgr. Uppl. í síma 861 6578.


Toyota Corolla st. 1,6 árg. '98, ekinn 133 þús. Verð 495 þús. Uppl. í s. 896 5430.


Opel Corsa sjálfskipt, CD, rafmagn, krókur. 5 dyra, ek. 63 þús. Ásett verð 950 þús. Tilboð yfirtaka á láni 580 þús. 13 þ á mán. S. 822 4167.

## 1-2 milljónir


Suzuki Grand Vitara XL7 Lmt. V6 2,7L. '02 Bensín. Sólluga, leður, topp bíll osfr. Ekinn 95 þús. km. Ath. skipti á ódýrari bíl. V. 1.980 þús. Uppl. í s. 660 7662.


Toyota Rav4 10/2000 ekinn 88 þús., ssk., krókur og vetrardekk. Bíll í toppstandi. Ásett 1.450 þús. áhv. 1.250 þús. S. 866 0019.

## ATVINNA

Réttir bílar
Vantar vana bílamálara og bílasmið á vaxandi verkstæði. Góð laun í boði fyrir rétta menn.
Upplýsingar í s. 896-3044, Jóhannes.
Réttir Bílar ehf. Vesturvör 24, 200 Kópavogi. S.554-3044
rettirbilar@rettirbilar.is

## TIL SÖLU

NITRO
O'neal Element crossfatnaður
Kr. 12.000
Bíldshöfða 9, 110 Rvk - Sími: 557-4848 - www.nitro.is

## Varahlutir




**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

**Opel partar.**
Er að rífa Zafira 99-04, Vectra 93-01, Astra 95-02, Corsa 95-02, Combo 95-00. Viðgerðaþjónusta kaupum Opel bíla. Opið um helgar. Sími 553 9900 & 845 2996.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalhrauni 20. Sendum þér að kostnaðarlausu.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S.587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740.**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Japanskar Vélar**
Eigum varahluti í flesta japanska og kóreska bíla o.fl tegundir! Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmuvegur 16. S 557 7551.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Partaland s. 567 4100**
Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper o.fl. teg.

## Viðgerðir

Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan. Bíldshöða 18 s. 562 1075.

## Bílaleiga

Til leigu Nissan Primera ,sjálfsk árg'94 ekkert kílómgjald verð 40 á mán. Uppl í s. 898 2559.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Flottir dömuskór í stærðum 42-44, Ásta skósali Súðarvogi 7, S. 553 6060. Opið þriðjud. miðvikud. og fimmtud. 13-18.

**Þvottavélar**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar og þurrkarar. Sími 847 5545.

Má Mí Mó Stór útsala á allri vöru. Mikið úrval af mjög ódýrum efnum og bútum. Opið frá 12-18 og laugard. 12-16. S. 551 1808.

Kojur, furukommóða, stór spegill, sjónvarpsskápur úr furu og beiki bókahillur. Uppl. í s. 555 0710 e. kl. 17 & 847 5020.

Glæsilegur nýr ferðanuddbekkur Einnig Yaris 05 bílalán Uppl. í s. 845 7084.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Þvottavél á 10 þ. Uppþvottavél á 8 þ. Nýtt baðkar á 10 þ. 20" sjónv. á 3 þ., 2 stk. 14" 185/70 á 3 þ. Olíuofn á 5 þ. Ryksuga á 2 þ. 3ja sæta sófi og sófaborð á 8 þ. Stólar á 1 þ. S. 896 8568.

Til sölu Amerísk dúkkuhús samansett og tangabíll. Uppl. í s. 587 0401.

Ísfólkið, Galdrameistarinn, Handan hlið, Raija, Rauða serían, Andrésblöð 866-4589 e.kl 2







**Er vinnudagurinn of stuttur?**
Er vinnudagurinn of stuttur? I.R. Ljósaturnar lengja vinnudaginn, 4x 1000 watta halide kastarar, 9 metra ljósamastur, þolir vindstyrk allt að 100 km/klst. Hljóðlát og sparneytin, díselvél knýr rafalinn, Vélaborg Krókhálsi 5F, (gengið inn frá Járnhálsi) sími 414 8600



"Be Wilde" Postman Bag Gazelle Kulusukart.com. S. 893 6262.

## Óskast keypt

Rennibekkur fyrir leir óskast. Uppl. í s. 565 5124.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Verð frá 9950 kr. S. 690 2020. www.harmonikan.is.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

**Tölvuviðgerðir frá 1.500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. S. 695 2095.

## Vélar og verkfæri



Vandaðar bandsagir í mörgum stærðum. Einnig sambyggður þykktarhefill og afréttari. Sambyggður þykktarhefill, afréttari, hjólsög og fræsari. Bandsagir, þykktarheflar og margt fleira. HJ Hönnun s.824-0561

## Til bygginga




Eigum á lager þakull 200 mm á góðu verði. Uppl. í síma 555 6888.

**Birkikrossviður**
Úrvals birkikrossviður tilvalinn til klæðninga innanhúss. 12 mm. Uppl. í s. 895 6594.

Til sölu þakull, um 200 fm, mism. sperrubil. Spónlagðar loftaþiljur úr kirsuberjarvið, breidd 20cm lengd 2,40 cm, ásamt gylltum innfelldum halógenljósum. Panelofnar níu stk. af mismunandi stærðum. Útidyrahurð úr mahóganí 1,60x2,20 cm, upplýsingar í síma 8999 705.

Óska eftir að kaupa efni í stillans 1*6 og 2*4. Er einnig að leita að ál/stál stillönsum. Uppl. s:6934272.

Til sölu 90 Lm af ABM handflekamótum í góðu lagi. Einnig til sölu álbitar fyrir loftaundirslátt og z-ur fyrir breiðfjörðstengi. Uppl. í síma 892 2221.

## Verslun




Hitapottar. Normex.

Buffpíta. Pítan Skipholti.

Kalkúnapíta. Pítan Skipholti.

Full búð af nýjum sumarskóm! Gull í Grjóti, Skólavörðustíg.

Málningarverkfæri Flugger litir

Reiðhjól og línuskautar fyrir fjölskylduna á tilboði. Hjálmur fylgir með hverju seldu hjóli. Everest Skeifunni.

Símarafhlöður. Rafhlöðubúðin Rafborg.

Þráðlaus innbrota og viðvörunarkerfi. Gott verð. Eldvarnamiðstöðin Sundaborg

Flottu sólgleraugun fást í Skarthúsinu.

Grænmetispíta. Pítan Skipholti.

Langar, flottar festar og perlur. Ný sending. Skarthúsið.

Samtengjanlegir þráðlausir reykskynjarar. Eldavarnamiðstöðin Sundaborg.

Viðarvörn. Flugger litir

Sumarsending frá Pilgrim. Skarthúsið.

Rafhlöður. Rafhlöðubúðin Rafborg.

Bara flott gleraugu, Sjáðu Gleraugnaverslun Laugavegi 32.

Verslun víngerðarmannsins. Áman.

Ný töskusending komin! Skóverslunin Gull í Grjóti, Skólavörðustíg.

Netafritun tölvugagna. ANZA, öruggur rekstur tölvukerfa, anza.is

Hitapottar. Normex.

Vefsíðutilboð. 8.is

Bolir, buxur. Meyjarnar, Austurveri.

Kjúklingapíta, Pítan Skipholti.

Þú sparar hjá okkur. Áman.

Sumarskór, töskur og belti! Gull í Grjóti, Skólavörðustíg.

GP Alkaline rafhlöður. Rafhlöðubúðin Rafborg.

Verkefnastjórnun, leiðtogaþjálfun. Endurmenntun Háskóla Íslands.

Ilmandi Kaffi og vöfflur, Kaffi Nauthóll.

Útimálning Flugger litir

Frábær sjávarréttarsúpa, Kaffi Nauthóll.

Hringstigar. Sindri

Brettarekkar. Sindri.

Gómsæt Kjötsúpa Kaffi Nauthóll.

Dráttarbeisli Víkurvagnar.

Kvartbuxur, stuttbuxur. Meyjarnar Austurveri.

Slökkvitæki, slökkvitækjaþjónusta. Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg.

Skrúfur og boltar. Sindri.

Múrboltar. Sindri.

# ÞJÓNUSTA

## Vöruflutningar




Tek að mér smávöruflutninga fyrir fyrirtæki og einstaklinga út um allt land. Upplýsingar í síma 661 8087.

## Hreingerningar




Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

## Garðyrkja




Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist s. 554 1989, www.gardlist.is.




Trjáklippingar, garðsláttur, garðaúðun og önnur garðvinna. Nú er tíminn til að klippa og fá tilboð í garðslátt sumarsins! Garðar best, ánægðir viðskiptavinir frá 1988.










Garðsláttur, klippingar og önnur garðvinna. Sumarkveðja! Draumagarðar draumagardar@vortex.is

**Blómstrandi garðar**
Felli tré, klippi og önnur garðverk. Þið hringið og við komum. S. 695 5521.

Tek að mér að klippa garða og snyrta. Uppl. í síma 616 1569.

**Garðyrkja**
Felli tré, klippi tré og runna. Önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

## Bókhald




## Meindýraeyðing




Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald







**Prýði sf.**
**HÚSAVIÐGERÐIR**
Steypuviðgerðir, lekavandamál, þakrennuuppsetningar, þakásetningar, þak- og gluggamálning. Trésmíðavinna, sólpallasmíði. Tilboð eða tímavinna.
**Áratugareynsla og fagmennska í fyrirrúmi. S. 854 7449, 864 7449 og 565 7449.**



# Til íbúa í Grafarholti

**Aðalsafnaðarfundur Grafarholtssóknar í Reykjavík verður haldinn í salnum á jarðhæð að Þórðarsveig 3 þriðjudagskvöldið 9. maí n.k. kl 20:00.**

Á fundinum verða hefðbundin aðalfundarstörf en sérstaklega fjallað um hugmyndir og áform um kirkjubyggingu í Grafarholti.

Hvetjum íbúa hinnar ungu sóknar í Grafarholti til að mæta og taka þátt í mótun hverfisins okkar.

**Sóknarnefndin**

# Auglýsing frá yfirkjörstjórn Seltjarnarnesbæjar

Framboðsfrestur til bæjarstjórnarkosninga á Seltjarnarnesi, sem fram skulu fara laugardaginn 27. maí 2006, rennur út laugardaginn 6. maí 2006 kl. 12:00 á hádegi. Yfirkjörstjórn tekur á móti framboðslistum þann dag á milli kl.11:00 og 12:00 á bæjarskrifstofu Seltjarnarnesbæjar, II. hæð, að Austurströnd 2 Seltjarnarnesi.

**Fh. Yfirkjörstjórnar Seltjarnarnesbæjar, Halldór Árnason**

## ATVINNA

Ljósvirki ehf.

Óskar eftir að ráða í eftirtalin störf:

**Jarðvinnudeild**

**Menn með vinnuvélaréttindi.**

Óskum eftir vönum jarðvinnumönnum.
Vinnuvélapróf æskilegt.
Þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar um störfin eru gefin í síma 595-1500.

PÓSTURINN allur pakkinn

# Sumarstarf

## Bílstjórar með meirapróf

Útkeyrsludeild Íslandspósts óskar eftir að ráða bílstjóra með meirapróf í vaktavinnu í sumar.

Hæfniskröfur:
- Meirapróf
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Gott væri að viðkomandi gæti byrjað sem fyrst.

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspósts hf. Póstmiðstöð, Stórhöfða 32, 110 Reykjavík. Merkt: Sumarstarf bílstjórar meirapróf. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Íslandspósts: www.postur.is

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum – Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Breytingar á rekstri fiskeldisstöðvarinnar Hólalax hf. í Hjaltadal, Sveitarfélaginu Skagafirði,Framkvæmdir við Hringveg í Hrútafirði, Bæjarhreppi og Húnaþingi vestra, Vatnsveita á Vatnsendaheiði, Kópavogi Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is**. Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **6. júní 2006**.

**Skipulagsstofnun**

Rauði kross Íslands Reykjavíkurdeild

## Börn og umhverfi

**Rauði kross Íslands Reykjavíkurdeild**
heldur námskeiðið "Börn og umhverfi" (áður barnfóstrunámskeið) fyrir ungmenni fædd árin 1992, 1993, 1994.

Á námskeiðinu, sem er 16 kennslustundir, er farið í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, aga, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Lögð er áhersla á umfjöllun um slysavarnir og algengar slysahættur í umhverfinu ásamt ítarlegri kennslu í skyndihjálp. Að auki fá þátttakendur innsýn í sögu og starf Rauða krossins.

Leiðbeinendur á námskeiðinu eru leikskólakennarar og hjúkrunarfræðingar. Námskeiðin eru hafin og halda áfram dagana:

d. 4. - 5. og 8. - 9. **maí**
e. 10. - 11. og 15. - 16. **maí**
16. - 17. og 22. - 23. **maí**
g. 31. **maí** - 1. **júní** og 6. - 7. **júní**

í húsnæði Reykjavíkurdeildar að **Laugavegi 120, 5. hæð**
Hvert námskeið er 4 kvöld, kl. **18:00 - 21:00**
**Námskeiðsgjald er kr. 5.500**
**Innifalið:** Bókin Börn og umhverfi, taska með skyndihjálparútbúnaði og hressing.
Nánari upplýsingar hjá Sigrúnu í síma **545-0400**.
Netfang: sigrunh@redcross.is

## ATVINNA

STÁL SUÐA

**Óskum eftir járniðnaðarmönnum við vinnu úr svörtu og riðfríu stáli á virkjanasvæði Orkuveitu reikjavíkur og í smiðju uppl í síma 693-5454.**

## Óska eftir starfsmönnum, vönum steypuvinnu.

Upplýsingar gefur Hermann í síma 824 0824.

Flotmúr ehf
Miðhraun 22 • 210 Garðabær

LR
Læknafélag Reykjavíkur

## Tilvísanir á heilbrigðisþjónustu: Staða og þróun.

**Framhaldsaðalfundur Læknafélags Reykjavíkur**

Fimmtudaginn 04.maí 2006 kl. 20.00 í Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

Dagskrá:
1) Kosning formanns.
2) Önnur mál: Tilvísanir á heilbrigðisþjónustu: staða og þróun.

Stjórnin

## Bæjarlistamaður Hafnarfjarðar – Hvatningarstyrkir

Hafnarfjarðarbær mun þann 1. júní nk. útnefna bæjarlistamann og veita tvo hvatningarstyrki til listamanna eða listnema. Einungis listamenn með fasta búsetu í Hafnarfirði koma til greina við úthlutun og er miðað við lögheimili síðustu 12 mánuði.

Óskað er eftir umsóknum eða rökstuddum ábendingum sem menningar- og ferðamálanefnd ásamt stjórn Hafnarborgar munu hafa til hliðsjónar við val á bæjarlistamanni og úthlutun hvatningarstyrkja.

**Skilafrestur er til 8. maí.**

**Umsóknir skal merkja:**
Bæjarlistamaður – hvatningarstyrkir
Skrifstofa menningar- og ferðamála
Vesturgötu 8
220 Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR! Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

**Kringlumýrarbraut/Suðurlandsbraut.**
Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Suðurlandsbrautar vegna uppsetningar flettiskiltis. Tillagan gerir ráð fyrir sett verði upp flettiskilti á grasflöt norðan Suðurlandsbrautar og austan Kringlumýrarbrautar. Ekki er gerð breyting á göngustígum né öðru á svæðinu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 4. maí til og með 15. júní 2006. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 15. júní 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 4. maí 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 411 3000 • MYNDSENDIR 411 3090

# Hnoðraholt, Smalaholt og Rjúpnahæð. Hvörf. Úthlutun á byggingarrétti.

Kópavogsbær auglýsir byggingarétt til úthlutunar á eftirtöldum lóðum:

**A. Hnoðraholt.**

1.
**Fjölbýlishús við Þorrasali.**
Um er að ræða fjórar lóðir Þorrasalir 1-3, 5-7, 9-11 og 13-15. Á lóðunum má byggja fjölbýlishús á þremur og fjórum hæðum með kjallara að hluta. Um helmingur bílastæða skal vera í niðurgrafinni bílageymslu. Gert er ráð fyrir 27 íbúðum í hverju húsi og að hámarks byggingarflötur húsanna verði 1100 $m^2$ án bílageymslu.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á íbúð miðað við 300 $m^3$ eru áætluð um 4.7 milljónir kr.

2.
**Fjölbýlishús (klasahús) við Þorrasali.**
Um er að ræða byggingarrétt fyrir fjölbýlishús á einni lóð Þorrasölum 17. Á lóðinni má byggja fjölbýlishús á tveimur hæðum með kjallara að hluta. Möguleiki er á niðurgrafinni bílageymslu. Gert er ráð fyrir 20 íbúðum í 6 einingum. Hámarks grunnflötur með bílageymslu er áætlaður 1400 $m^2$.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á íbúð miðað við 300 $m^3$ eru áætluð um 5.1 milljónir kr.

3.
**Einbýlishús við Þrymsali og Þrúðsali á einni hæð.**
Um er að ræð 6 lóðir fyrir einbýli við Þrymsali 13, 15, 17 og 19 og Þrúðsali 16 og 18. Flatarmál lóða er um 530 til 830 $m^2$ og hámarks grunnflötur um 200 til 230 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið eða stakstæðri (fer eftir staðsetningu)

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 700 $m^3$ eru áætluð um 11.7 milljónir kr.

4.
**Einbýlishús við Þrúðsali og Þrymsali á einni hæð með kjallara.**
Um er að ræða 20 lóðir við Þrúðsali 2, 4, 6, 8, 10, 12 og 14 og Þrymsali 1, 3, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 14, 16 og 18. Flatarmál lóða er um 530 til 620 $m^2$ og hámarks grunnflötur um 170 til 200 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 700 $m^3$ eru áætluð um 11.7 milljónir kr.

5.
**Einbýlishús við Þorrasali, Þrúðsali og Þrymsali á tveimur hæðum.**
Um er að ræða 25 lóðir við Þorrasali 2, 4, 6, 8, 10, 21, 23, 25, 27, 29, 31, 33, 35 og 37, Þrúðsali 1, 3, 5, 7, 9, 11, 13, 15 og 17 og Þrymsalir 2 og 4. Flatarmál lóða er um 560 til 610 $m^2$ og hámarks grunnflötur um 170 til 200 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 700 $m^3$ eru áætluð um 11.7 milljónir kr.

**B. Smalaholt.**

1.
**Einbýlishús við Öldusali og Örvasali á einni hæð.**
Um er að ræða 11 lóðir fyrir 1 hæða einbýlishús við Öldusali 1, 3, 5, 7 og 9 og Örvasali 2, 20, 22, 24, 26 og 28 Flatarmál lóða er um 625 $m^2$ og hámarks grunnflötur um 170 til 230 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið eða stakstæðri (fer eftir staðsetningu).

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 700 $m^3$ eru áætluð um 11.7 milljónir kr.

**Tekið skal sérstaklega fram að hreyfihamlaðir hafa forgang á úthlutun byggingarréttar við Örvasali 22, 24, 26 og 28.**

2.
**Einbýlishús við Öldusali og Örvasali á tveimur hæðum.**
Um er að ræð 18 lóðir fyrir tveggja hæða einbýlishús við Öldusali 2, 4, 6 og 8 og Örvasali 1, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 14, 16 og 18. Flatarmál lóða er um 530 til 600 $m^2$ og grunnflötur húss er áætlaður um 180 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 700 $m^3$ eru áætluð um 11.7 milljónir kr.

**C. Rjúpnahæð.**

1.
**Fjölbýlishús (klasahús) við Austurkór.**
Austurkór 15, 17, 19, 21, 23, 25, 27, 29, 31 og 33. Um er að ræða byggingarrétt fyrir fjölbýlishús á einni lóð. Á lóðinni má byggja fjölbýlishús á tveimur hæðum með geymslum í kjallara. Möguleiki er á niðurgrafinni bílageymslu. Gert er ráð fyrir 20 íbúðum í 5 einingum. Hámarks grunnflötur er áætlaður 1200 $m^2$.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á íbúð miðað við 300 $m^3$ eru áætluð um 5.1 milljónir kr.

2.
**Fjölbýlishús (fjórbýlishús) við Austurkór.**
Austurkór 5. Um er að ræð byggingarrétt fyrir eitt fjölbýlishús. Á lóðinni má byggja fjölbýlishús á tveimur hæðum en heimilt er að hafa geymslur í kjallara. Gert er ráð fyrir 4 íbúðum í húsinu. Hámarks grunnflötur hússins er áætlaður 300 $m^2$. Gera má ráð fyrir 2 bílageymslum á lóð.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á íbúð miðað við 300 $m^3$ eru áætluð um 4.7 milljónir kr.

3
**Raðhús við Austurkór.**
Um er að ræða byggingarrétt á 14 lóðum fyrri 2 hæða raðhús við Austurkór 7, 9, 11, 13, 35, 37, 39, 41, 43, 45, 47, 49, 51, 53. Hámarks grunnflötur er um 130 $m^2$ þ.m.t bílageymsla sem skal vera innbyggð.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á raðhús miðað við 600 $m^3$ eru áætluð um 8.2 milljónir kr.

4.
**Parhús við Akrakór á einni hæð og kjallara.**
Um er að ræða 2 lóðir við Akrakór 2 og 4 Flatarmál lóða er um 490 til 530 $m^2$ og hámarks grunnflötur er áætlaður 150 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á parhús miðað við 600 $m^3$ eru áætluð um 8.2 milljónir kr.

5.
**Parhús við Akrakór og Aflakór á tveimur hæðum.**
Um er að ræða 14 lóðir við Akrakór 1 og 3 og Aflakór 1, 3, 5, 7, 9, 11, 13, 15, 17, 19, 21 og 23. Flatarmál lóða er um 490 til 630 og hámarks grunnflötur er áætlaður 170 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á parhús miðað við 600 $m^3$ eru áætluð um 8.2 milljónir kr.

6.
**Einbýli við Auðnukór, Arakór og Almannakór á einni hæð.**
Um er að ræða 5 lóðir fyrir einbýlishús við Auðnukór 3, Arakór 1 og 3 og Almannakór 1 og 3. Flatarmál lóð er um 820 til 890 $m^2$ og hámarks grunnflötur um 250 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið eða stakstæðri (fer eftir staðsetningu).

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 700 $m^3$ eru áætluð um 11.7 milljónir kr.

7.
**Einbýli við Álmakór, Auðnukór, Arakór, Almannakór, Akrakór og Aflakór á einni hæð með kjallara.**
Um er að ræða 36 lóðir fyrir einbýlishús við Álmakór 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18, 20 og 22 og Auðnukór 5, 7 og 9 og Arakór 5, 7 og 9 og Almannakór 5, 7, 9 og 11 og Akrakór 6, 8, 10 ,12 og 14 og Aflakór 2, 4, 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18 og 20. Flatarmál lóða er um 745 til 1020 $m^2$ og hámarks grunnflötur um 200 til 260 $m^2$. Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið eða stakstæðri (fer eftir staðsetningu).

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 700 $m^3$ eru áætluð um 11.7 milljónir kr.

8.
**Einbýli við Auðnukór, Arakór, Almannakór og Akrakór og Álmakór á tveimur hæðum.**
Um er að ræða 28 lóðir við Auðnukór 2, 4, 6, 8 og 10, Arakór 2, 4, 6, 8 og 10 og Almannakór 2, 4, 6 og 8 og Akrakór 5 og 7 og Álmakór 1, 3, 5, 7, 9, 11, 13, 15, 17, 19, 21 og 23. Flatarmál lóða er um 830 til 1230 $m^2$ og hámarks grunnflötur um 200 til 260 $m^2$ Gera skal ráð fyrir einni bílageymslu á lóð, innbyggðri í húsið eða stakstæðri (fer eftir staðsetningu).

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 700 $m^3$ eru áætluð um 11.7 milljónir kr.

**D. Hvörf.**
**Einbýlishús við Glæsihvarf.**
Um er að ræða lóðina Glæsihvarf 1. Flatarmál lóðarinnar er um 1.300 $m^2$. Á lóðinni skal byggja einbýlishús á einni hæð að hámarki 280 $m^2$ að grunnfleti.

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld á einbýlishús miðað við 700 $m^3$ eru áætluð um 11.7 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að ofangreindar lóðir verði byggingarhæfar sem hér að neðan greinir:

- Lóðir í Hnoðraholti í júní 2007
- Lóðir í Smalaholti í ágúst 2007
- Lóðir í Rjúpnahæð (Almannakór, Aflakór og Austurkór 5 til 33) í júní 2007.
- Lóðir í Rjúpnahæð (Alviðrukór, Arakór, Auðnukór og Austurkór 35 til 61) í október 2007.
- Lóðin að Glæsihvarfi 1 er byggingarhæf.

Skipulagsuppdrættir, skipulags- og byggingarskilmálar ásamt umsóknareyðublöðum og úthlutunarreglum, fást afhent á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2 hæð frá kl. 8-16 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8-14 frá fimmtudeginum 4. maí 2006. Úthlutunargögn fást afhent gegn gjaldi sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Einbýlishús | kr. 3.000 |
| Raðhús og parhús | kr. 1.000 |
| Fjölbýlishús | kr. 1.000 |

Umsóknum skal skilað á sama stað fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 18. maí 2006.

**Vakin er athygli á reglum Kópavogsbæjar um úthlutun á byggingarrétti fyrir íbúðarhúsnæði.**

**Þá er jafnframt vakin sérstök athygli á því að umsóknum einstaklinga um byggingarrétt þarf að fylgja staðfesting banka eða lánastofnunar á greiðsluhæfi. Fyrir umsækjendur einbýlishúsalóða kr. 35 milljónir og fyrir umsækjendur parhúsa og raðhúsa kr. 30 milljónir. Fyrirtækjum ber að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2005 og eða milliuppgjöri fyrir árið 2006 árituðum af löggiltum endurskoðendum. Yfirlýsing frá banka og lánastofnunar um greiðsluhæfi og lánamöguleika umsækjenda skal vera án fyrirvara.**

**Byggingarrétti á lóðum í Hnoðraholti, Smalaholti og í Rjúpnahæð verður úthlutað með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.**

Bæjarstjórinn í Kópavogi.


Sturtuklefi m/nuddstútum kr. 92.000,- 100x100x219 sm.


Hornbaðkar m/nuddstútum kr. 116.000,- 150x150x64 sm.


Klefi m/infrarauðum geislum. Indælt að hafa t.d. í kjallara eða bílskúr verð 214.000,- 160x105x190 sm.


Lúxus sturta m/eimbaði og sambyggðum saunaklefa með ofni kr. 251.000,- 180x100x220 sm.


Nuddpottur m/útvarpi kr. 338.000,- 238x218x100 sm.


Hringlaga nuddpottur m/útvarpi kr. 287.000,- 220 sm

Goddi

Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

# Tími til að bíða?

UMRÆÐAN
BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR



SKÚLI HELGASON
FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMFYLKINGARINNAR

Sveitarstjórnarkosningarnar í vor fela í sér skýrt val um hvernig samfélag við viljum byggja hér á Íslandi. Samfylkingin teflir fram skýrri stefnu undir kjörorðinu „Sterkara samfélag allir með“. Í því kristallast grunngildi okkar: frelsi, jöfnuður og samábyrgð auk áherslu á kraftmikið atvinnulíf og sterkt net velferðarþjónustu þar sem allir íbúar landsins eiga rétt á að búa við öryggi og mannsæmandi kjör.

Sjálfstæðisflokkurinn býður hins vegar fram verkaskrá í ríkisstjórn undanfarin fimmtán ár sem opinberar raunverulega stefnu flokksins. Sú stefna felur í sér markvissa skerðingu á kjörum barnafjölskyldna, með helmingslækkun barnabóta frá 1994, vaxandi ójöfnuð í samfélaginu með skerðingu persónuafsláttar sem aukið hefur skattbyrði allra hópa nema þeirra sem hæstar hafa tekjurnar og síðast en ekki síst óafsakanlegt sinnuleysi gagnvart eldri borgurum í þessu landi, sem mega þola skerðingu á kjörum og langa bið eftir þjónustu sem ætti að vera sjálfsögð í hverju siðuðu samfélagi. Í stað þess að bjóða fólki almennilega þjónustu hefur Sjálfstæðisflokkurinn boðað bókstafstrú einkavæðingar á öllum sviðum eða eins og reyndur þingmaður þeirra orðaði í viðtali fyrir nokkru: Markmið okkar er að gera stjórnmálamennina óþarfa, með því að færa öll verkefni almannaþjónustunnar yfir til einkageirans.

Stjórnmálamenn sem ekki bera hag almennings fyrir brjósti eiga fyrst og fremst að einkavæða sjálfa sig og stíga upp úr stólnum. Stjórnmálaflokkar sem hugsa fyrst og fremst um hagsmuni hinna forríku en skeyta lítt um allan þorra almennings verðskulda ekki fylgi fólks úr öllum stéttum. Verkefni kjósenda er að

*Stjórnmálaflokkar sem hugsa fyrst og fremst um hagsmuni hinna forríku en skeyta lítt um allan þorra almennings verðskulda ekki fylgi fólks úr öllum stéttum.*

greina á milli orða þeirra og gjörða.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík segist nú vilja setja málefni eldri borgara og barnafjölskyldna í sérstakan forgang – þess sama fólks og hefur mátt þola markvissar skerðingar árum saman frá hendi Sjálfstæðisflokksins á Alþingi. Oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík steig fram á fundi fulltrúaráðs flokksins á dögunum og skammaði flokksfélaga sína fyrir getuleysi í málefnum aldraðra. Morgunblaðið hlóð hann lofi fyrir snilldarútspil. Ég gæti tekið undir ef oddvitinn væri nýr og ferskur flokksmaður með framsýna stefnu. En því er ekki að heilsa. Núverandi oddviti hefur setið þessa sömu fulltrúaráðsfundi allar götur frá 1969 og haft alla möguleika á því að sannfæra félaga sína um mikilvægi þess að setja öldrunarþjónustuna í forgang. En þau tækifæri hefur hann látið ónotuð í 37 ár. Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með fjármálaráðuneytið síðastliðin fimmtán ár og oddvitinn hefur á því tímabili þagað þunnu hljóði um dugleysi flokksins í málefnum aldraðra. Nú rétt fyrir kosningar þegar borgarstjórastóll er í boði rís hann upp og vekur athygli á þeirri dagljósu staðreynd að Sjálfstæðisflokkurinn hefur vanrækt eldri borgara. Þetta vekur upp mikilvæga spurningu fyrir borgarbúa: Ef þetta er viðbragðstíminn höfum við tíma til að bíða eftir því að Sjálfstæðisflokkurinn sjái að sér? Getum við beðið áratugum saman eftir því að Sjálfstæðismenn uppgötvi augljósar staðreyndir? Hefur gamla fólkið á Landspítalanum tíma til að bíða eftir hjúkrunarrými? Því miður berast nú fréttir af fólki í þeim hópi sem ekki gafst tími til að bíða. En auðvitað snýst málið ekki um tíma heldur vilja. Sjálfstæðisflokkurinn snýst um eiginhagsmunagæslu þeirra sem best hafa það í þjóðfélaginu. Aðrir verða bara að bjarga sér sjálfir.

Samfylkingin í Reykjavík býður eldri borgurum þjónustutryggingu, þar sem borgaryfirvöld skuldbinda sig til að veita eldri borgurum fullnægjandi þjónustu en ábyrgjast að öðrum kosti greiðslur til eldri borgara ef töf verður á þjónustunni. Hér er um að ræða mikilvæga nýjung sem endurspeglar þá hugsun að öryggi eldri borgara verði að vera forgangsmál í okkar samfélagi og stjórnvöld geti ekki skotið sér undan ábyrgð.

Valið í borginni í vor er skýrt, samábyrgð Samfylkingarinnar eða sérgæska Sjálfstæðisflokksins.

Samfylkingin hefur öflugt fólk sem kann að stjórna og sættir sig ekki við að stórir hópar fólks séu afskiptir. Atkvæði greitt Samfylkingunni er ávísun á sterkara samfélag þar sem allir eru með, líka eldri borgarar og barnafólk.

# Lausn efnahagsvandans?

UMRÆÐAN
TÓNLISTARHÚS



ÁGÚST GUÐMUNDSSON
FORSETI BANDALAGS ÍSLENSKRA LISTAMANNA

Í síðustu viku birti Fréttablaðið niðurstöður könnunar á því hvaða framkvæmdum fólk vildi skjóta á frest í ljósi þenslu í þjóðarbúinu. Niðurstaðan varð sú að fólk taldi sig helst geta verið án Tónlistarhúss. Sundabrautin naut meiri vinsælda, þótt furðulegt megi teljast.

Í skoðanakönnuninni virðast þessar tvær stórframkvæmdir lagðar að jöfnu. Það gengur reyndar ekki alveg upp. Fjögurra akreina Sundabraut kostar 30 milljarða, og er þá ekki gert ráð fyrir jarðgöngum neins staðar, sem væntanlega mundu hækka kostaðinn enn, ef út í þau yrði farið. Tónlistarhúsið, með nýju hóteli og gerbreyttum miðbæ, kostar „einungis“ 12 milljarða. Það er því vafamál hvort unnt sé að afstýra yfirvofandi efnahagsöngþveiti með því einu að slá Tónlistarhúsi á frest. Framkvæmdin er varla nógu stór til að breyta miklu um þensluna í þjóðarbúinu. Það væri eins og að setja puttaplástur á gapandi holund.

Líklega var hér einungis spurt um stórframkvæmdir í Reykjavík. Álver fyrir norðan og á Suðurnesjum virtust ekki koma til álita, né heldur vatnsvirkjanir. Eigi að minnka umsvifin, væri nær að taka fyrir framkvæmdir sem eru stórar í alvörunni. Auk þess munu Íslendingar brjóta

*Þeir sem njóta tónlistar dag hvern eru nánast hvert einasta mannsbarn með heyrn í landinu. Það er ekki verið að reisa hús utan um einhverja elítu. Þarna verður flutt tónlist af öllu tagi.*

undirritaða sáttmála um mengunarvarnir, ef báðar álbræðslurnar fá að rísa – og er þar komin enn ein ástæðan til að staldra við á þeim vettvangi.

En hvað veldur því að fólk telur svo sjálfsagt að geyma Tónlistarhúsið? Þykir þetta bara bruðl og óráðsía? Er verið að púkka undir sérstaka áhugamenn um tónlist? Út frá ákveðnum, þröngum sjónarhóli má ef til vill túlka það sem svo. En áhugamenn um tónlist eru ekki einhver minnihlutahópur í samfélaginu. Þeir sem njóta tónlistar dag hvern eru nánast hvert einasta mannsbarn með heyrn í landinu. Það er ekki verið að reisa hús utan um einhverja elítu. Þarna verður flutt tónlist af öllu tagi.

Á árum áður var reist hér höll fyrir handboltann í landinu. Ástæðan var sú að Íslendingar náðu nokkuð langt eitt árið á heimsmeistaramóti í greininni. Varla var húsið komið upp þegar áhugi á íþróttinni fór að dala, og því fór svo að handboltahöllin nýttist í flest annað en handbolta. Raunar má segja að tónlistin hafi fundið þessu dýra húsi nýtt hlutverk. Þó að hljómburður sé afleitur og enn verra að sjá upp á sviðið, hafa tónleikahaldarar nýtt sér húsið í hverjum stórviðburðinum á fætur öðrum. Síðustu árin hafa þeir einnig leitað í annað íþróttahús, Egilshöll, sem líka er reist fyrir íþróttamenn, án tillits til hljómburðar eða ágætis sviðsins.

Þeir sem halda að tónlist skili engu í þjóðarbúið ættu að hugsa sig um tvisvar. Mér fróðari menn tala um margfeldisáhrif og segja að samfélagið allt njóti góðs af. Til viðbótar við tónleikahaldið rís þarna langþráð aðstaða fyrir stórar alþjóðlegar ráðstefnur – og allir sem að ferðamálum koma vita að slíkar stórframkvæmdir færa björg í bú. Rétt eins og handboltamennirnir hér um árið hafa íslenskir tónlistarmenn unnið margvísleg afrek utanlands og innan. Það er því löngu kominn tími til að sérhanna hús í kringum tónlistina í stað þess að flytja hana í skálum sem reistir eru í gjörólíku augnamiði. Og framkvæmdin í heild á eftir að færa þjóðinni tekjur. Það er fleira iðja en stóriðja.


FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Maí tilboð
Office1
33.900.-
17" HP LCD skjár
Vörunúmer: 0kpx849aa
• HP L1706 17" TFT LCD
• Stærð: 17" TFT Active Matrix flatur skjár
• Upplausn: 1280x1024 60/75Hz
• Sjónarhorn: 140°lárétt, 130°lóðrétt
• Punktastærð: 0.264mm
•Anti-Glare/Anti-Static
• Plug and play
• Ábyrgð: 3ja ára
Office1
Akka bréfabindi
Vörunúmer: 0073214/0073218
Vönduð plasthúðuð bréfabindi frá Akka með vasa fyrir merkingu á kili.
Aðeins
199,-stk.
ÓTRÚLEGT VERÐ
ÓTRÚLEGT VERÐ
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Tímaritabox
Vörunúmer: 671e4
Tímaritabox úr pappa fáanleg í 11 litum.
Aðeins
149,-
Office1
Flettistandur á borð
Vörunúmer: 415558737
Fárbær flettistandur frá Durable.
Flott hönnun með mikið notagildi.
Hægt að hreyfa standinn á alla vegu.
Aðeins
9.900,-
DURABLE
ÓTRÚLEGT VERÐ
PAPER:MATE
20 stk. í pakka
Office1
Kúlupennar
Vörunúmer: 690p0685800
Bláir Papermate kúlupennar.
495,-
pakkinn
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Minnislyklar
Vörunúmer: 94147181
256MB
2.990,-
Vörunúmer: 94147182
512MB
4.490,-
Vörunúmer: 94147183
1GB
7.890,-
ÓTRÚLEGT VERÐ
Verbatim
Office1
Peach borðreiknivél
Vörunúmer: 707PR671
• 12 stafa gluggi
• Rautt og svart letur
• Mjög góð fyrir heimilið og skrifstofuna
Aðeins
4.995,-
Office1 Superstore
Afgreiðslutímar
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 10-16

CARL VON OSSIETZKY (1889-1938), LÉST ÞENNAN DAG.

*„Við getum ekki ákallað meðvitund heimsins þegar okkar eigin meðvitund er í fastasvefni.“*

***Ossietzky var þýskur friðarsinni sem meðal annars hlaut friðarverðlaun Nóbels.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 4. MAÍ 1814

# *Napóleon Bónaparte kemur til Elbu*

Eftir hrapallegan ósigur franskra herja undir stjórn Napóleons snemma á árinu 1814 ákváðu andstæðingar Napóleons að senda hann í útlegð. Voru honum fengin yfirráð yfir eyjunni Elbu, hann fékk tvær milljónir franka í styrk á ári frá Frakklandi og leyfi til að halda fjögur hundruð manna varnarlið.

Áður en Napóleon lagði af stað til Elbu reyndi hann að eitra fyrir sér en tókst ekki. Hann lagði svo upp í ferð til eyjunnar sem er miðja vegu milli Ítalíu og Korsíku og á leiðinni slapp hann naumlega eftir að tilraun var gerð til að myrða hann. Napóleon lenti á Elbu þennan dag árið 1814.



NAPÓLEON BÓNAPARTE

Napóleon nýtti tímann á Elbu vel og fylgdist mjög grannt með stjórnmálaástandi á meginlandinu. Honum barst til eyrna að leiðtogar Evrópuríkjanna hygðust senda hann á enn fjarlægari eyju vegna þess að þeim fannst hann vera of mikil ógn og ekki rétt að geyma hann skammt undan ströndum Frakklands. Napóleon ókyrrðist einnig þegar Frakkar stöðvuðu greiðslurnar til hans.

Því fór sem fór og Napóelon ákvað að reyna að ná Frakklandi aftur á sitt band. Það tók hann tuttugu daga að komast frá Cannes til Parísar og 20. mars hófst hið svokallaða hundrað daga stríð sem endaði með því að Napóleon tapaði á ný. Andstæðingar hans lærðu af reynslunni og var næsta útlegð hans á eyjunni Sankti Helenu langt undan ströndum Vestur-Afríku.

## MERKISATBURÐIR

**1581** Sir Frances Drake lýkur siglingu sinni í umhverfis jörðina.

**1803** Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir eru dæmd til dauða fyrir að myrða maka sína árið áður. Morðin eru yfirleitt kennd við Sjöundá á Rauðasandi.

**1850** Los Angeles er nefnd borg að lögum.

**1880** Jón forseti Sigurðsson og Ingibjörg Einarsdóttir eru lögð í hinstu hvílu.

**1945** Ungverjaland er frelsað undan stjórn nasista.

**1948** Hvalstöðin í Hvalfirði tekur til starfa.

**1964** Lag Bítlanna Can't Buy Me Love fer á toppinn á breska vinsældarlistanum.

**1990** Stöð tvö, Sýn og Bylgjan-Stjarnan ákveða að sameina rekstur sinn.

KRISTINN ÓLASON: NÝR REKTOR SKÁLHOLTSSKÓLA

# Spennandi verkefni



**KRISTINN ÓLASON REKTOR SKÁLHOLTSSKÓLA** Starfið í Skálholtsskóla gefur að sögn Kristins möguleika á því að samrýma akademískt nám hans við starf innan þjóðkirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég er fullur tilhlökkunar og þakklátur fyrir þetta tækifæri,“ segir Kristinn Ólason sem var nýverið valinn rektor Skálholtsskóla. Hann er mjög ánægður yfir að fá að fara í Skálholt, ekki síst vegna þeirrar gríðarlegu sögu og tækifæra sem fylgja svæðinu. „Það er einstakt að fá að njóta bæði þeirrar menningarsögu og þjóðarsögu sem staðurinn býr yfir. Skálholt var á árum áður lykilstaður jafnt fyrir landsstjórnina sem og kirkjuna. Svo er þetta einn fallegasti staður á landinu.“

Töluverðar breytingar verða á lífi Kristins nú þegar hann hefur nýtt starf. „Ég hef verið sjálfstætt starfandi fræðimaður og stundakennari við Háskóla Íslands og því er það mikið öryggi að fá fast embætti og á auðvitað eftir að hafa veruleg áhrif á fjölskylduhagi mína. Einnig má nefna flutningana í þessu sambandi enda finnst mér spennandi að flytja í þessa fallegu sveit. Í kringum Skálholt er alveg yndislegt umhverfi og þó ég þekki kannski Bláskógabyggðina ekki mjög vel hef ég vissulega oft komið þangað og dvalist í styttri tíma í nágrenninu.“

Skólahald í Skálholti á rætur sínar að rekja aftur til kaþólska tímans þegar þar var rekinn prestaskóli en staðurinn á 950 ára afmæli á þessu ári. „Þetta er auðvitað ekki prestaskóli í dag en í skólanum fer meðal annars fram fræðslustarf og endurmenntun presta og fræðslustarf á vegum tónlistardeildar kirkjunnar.“ Tónlistin einkennir Skálholt og er skólahaldið í góðum tengslum við það mikla tónlistarstarf sem þar er unnið. „Á sumrin er sérstök áhersla lögð á tónlistina í Skálholti og svo má nefna Kyrrðardaga á veturna sem hafa verið kjölfesta í starfinu síðastliðin fimmtán ár, ekki síst á starfstíma þeirra heiðurshjóna séra Bernharðs Guðmundssonar og Rannveigar Sigurbjörnsdóttur.“

Fyrsta verkefnið sem bíður Kristins er skipulagning næsta starfsárs sem hann vinnur í nánu samstarfi við Bernharð. „Ég fæ að njóta þess að vinna með Bernharði og fá aðgang að hans vitneskju svo ég tali nú ekki um reynslubrunninn sem hann býr að.“ Í framhaldinu sér Kristinn einnig fyrir sér ný og spennandi verkefni í einstöku umhverfinu í Skálhotli. „Ég efast ekki um að það verður spennandi verkefni að reyna að bæta við þetta starf, móta fræðslustarfið enn frekar og nýta þá möguleika sem eru fyrir hendi á þessum stað.“

Í þeirri vinnu mun Kristinn búa að dýrmætri reynslu sinni innan akademísks umhverfis en hann hefur meðal annars starfað aðstoðarprófessor í Þýskalandi.

Aðspurður segir hann ekki vera hlaupið að því að fá starf við hæfi eftir langt háskólanám erlendis. „Störfin sem eru í boði fyrir alla þá guðfræðinga sem koma til landsins eftir framhaldsnám eru tiltölulega fá. Ekki má þó einblína til dæmis á guðfræðideild háskólans sem er með takmarkaðan fjölda stöðugilda því alltaf er meira gert af því að styrkja rannsóknir sjálfstætt starfandi fræðimanna og kvenna.“ Kristinn segir að þetta nýja starf bjóði upp á skemmtilega möguleika mitt á milli fræðimennskunnar og kirkjunnar. „Ég sé fram á að geta samrýmt akademíska námið og kirkjulega starfið sem ætti auðvitað alltaf að fara saman.“



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hannes Helgason**
Asparfelli 8,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 5. maí kl. 15.00

| | |
|---|---|
| **Guðlaug Maggý Hannesdóttir** | **Jón Pétur Jónsson** |
| **Hafdís Hannesdóttir** | **Stefán Gunnar Stefánsson** |
| **Helgi Hannesson** | **Guðmunda Eyjólfsdóttir** |
| **Lára Hannesdóttir Schram** | |
| **Sigmundur Hannesson** | **Sigrún Arnardóttir** |

**barnabörn og langafabörn.**



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Sigurður G. H. Ingason**
fv. póstrekstrarstjóri, Hvassaleiti 58,

andaðist sunnudaginn 30. apríl sl.

**Erna Jónsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Skúli Már Sigurðsson** | **Sigrún Einarsdóttir** |
| **Gísli Jón Sigurðsson** | **Þorbjörg Jónsdóttir** |
| **Örn Sigurðsson** | **Una Guðlaug Haraldsdóttir** |



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Gíslason**
Faxabraut 13, Keflavík,

lést á heimili sínu 1. maí.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Hallmann S. Sigurðarson** | **Aðalheiður H. Júlíusdóttir** |
| **Margrét R. Sigurðardóttir** | **Þorsteinn V. Konráðsson** |
| **Ráðhildur Á. Sigurðardóttir** | **Einar Magnús Sigurbjörnsson** |
| **Gísli Sigurðarson** | **Árný Dalrós Njálsdóttir** |
| **Sigurlaug Sigurðardóttir** | **Snæbjörn Kristjánsson** |
| **Sigurður Sigurðarson** | **Halldóra K. Guðjónsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg kona mín, móðir okkar og tengdamóðir,*

**Kristín Pálsdóttir**
Ægisíðu 44, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum þriðjudaginn 2. maí.

**Einar Baldvin Pálsson**

| | |
|---|---|
| **Sigríður Einarsdóttir** | **Gunnar Sigurðsson** |
| **Páll Einarsson** | **Ingibjörg Briem** |
| **Baldvin Einarsson** | **Sigrún Steingrímsdóttir** |
| **Árni Einarsson** | **Unnur Þóra Jökulsdóttir** |

†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Sigvalda Loftssonar**
Esjubraut 35, Akranesi.

**Sigrún Ólafsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Helga G. Sigvaldadóttir** | **Guðmundur G. Sigurðsson** |
| **Linda H. Sigvaldadóttir** | **Baldur Pétursson** |
| **Páll H. Sigvaldason** | **Unnur Sigurðardóttir** |
| **Ægir Sigvaldason** | **Eygló Rögnvaldsdóttir** |
| **Sigurdór Sigvaldason** | **Anna Alexandersdóttir** |
| **Stella F. Sigvaldad. Morris** | **James L. Morris** |

## 70 ára afmæli



*Í dag, 4. maí, er sjötug frú*

***Gerður Sigurbjörg Þorsteinsdóttir***

*frá Hálsi í Svarfaðardal, nú til heimilis í Lækjasmára 2 í Kópavogi. Hún tekur á móti ættingjum og vinum að heimili sonar síns á Suðurvangi 7 í Hafnarfirði laugardaginn 6. maí nk. milli klukkan 15 og 18.*

## 90 ára afmæli

*í dag er*

***Guðrún Magnúsdóttir***

*Gilsbakka 9, Laugarbakka níræð.*

*Hún mun taka á móti gestum að heimili sínu laugardaginn 6. maí.*

## JARÐARFARIR

13.00 **Victor Sigurjónsson**, Egilsgötu 10, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

14.00 **Björn Sigmarsson** frá Krossavík, Vopnafirði, verður jarðsunginn frá Vopnafjarðarkirkju.

15.00 **Skúli Gíslason**, Frostafold 119, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.





Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

LEGSTEINAR
Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.
Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

# STÖÐ 2 ALDREI VINSÆLLI

## 10 VINSÆLUSTU ÞÆTTIR ÁHORFENDA STÖÐVAR 2

Við þökkum áskrifendum okkar áhorfið





| | | Áskrifendur yngri en 50 ára |
|---|---|---|
| 1. | Idol-Stjörnuleit | 73,2 % |
| 2. | Idol-Stjörnuleit – úrslit | 62,7 % |
| 3. | Spaugstofan | 45,5 % |
| 4. | Fréttir NFS – yfir vikuna | 39,6 % |
| 5. | Stelpurnar | 39,5 % |
| 6. | Punk'd | 38,8 % |
| 7. | Grey's Anatomy | 36,2% |
| 8. | Twenty-four | 35,3 % |
| 9. | Prison Break | 35,0 % |
| 10. | Það var lagið | 33,3% |

## DÝRMÆTASTI MARKHÓPURINN

Skipting á áhorfi kvenna, 50 ára og yngri á þrjár sjónvarpsstöðvar, óháð áskrift að Stöð 2.

Hvar er auglýsingin þín?




Gallup könnun 24. til 30.mars 2006



515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE




# STUÐ MILLI STRÍÐA Ein rauð bréfaklemma

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** VELTIR SNILLIGÁFUNNI FYRIR SÉR.



Snilligáfa er ekki öllum gefin. Flestir fá þó í það minnsta eina góða hugmynd um ævina sem ber vott um snilligáfu. Aðeins örfáir hafa bæði hæfileikann til að fá snilldarhugmyndir og snilligáfuna og hugrekkið til að hrinda þeim í framkvæmd. Eins og til dæmis hann Kyle MacDonald, sem er ungur maður í Kanada sem mun brátt eignast einbýlishús fyrir eina rauða bréfaklemmu. Hann setti auglýsingu í júlí 2005 inn á hina víðfrægu heimasíðu Craigslist.org, þar sem hann sagðist vera tilbúinn að skipta á rauðu bréfaklemmunni sinni og einhverju sem væri stærra og betra. Markmið hans er að ná í hús. Fyrst skiptu tvær stelpur við hann á bréfaklemmunni og penna sem var í laginu eins og fiskur. Næst tókst honum að skipta út pennanum fyrir keramik skápahöldu sem var mót af andlitinu á E.T., og áfram. Nú er hann kominn með heimasíðuna oneredpaperclip.com þar sem sagan er rakin og staðan er sú í dag að búið er að bjóða honum ókeypis leigu á fallegu húsnæði í Phoenix í eitt ár. Hann er hins vegar búinn að skipta því út fyrir kvöldstund með Alice Cooper og bíður nútilboðs um eitthvað stærra og betra. Með því að framkvæma þessa snilldarhugmynd hefur hann hlotið mikla athygli og fjölmiðlar vestanhafs hafa flestir sagt söguna. En í því mikla hafi sem internetið er þykir ekki auðvelt að verða sér út um athygli af þessu tagi, án þess að leggja í það mikið fé. Á netinu er ekki einu sinni hægt að vekja á sér athygli með því að vera nakinn, því þar er allt krökkt af beru fólki, brjóstum og rössum. Kyle virðist því á góðri siglingu með að takast ætlunarverk sitt og sennilega mun hann fljótt næla sér í hús. Snillingar eru þeir sem ryðja veginn, aðrir sigla í kjölfarið. Eflaust eiga fleiri eftir að notast við hugmyndina hans Kyle, því það er ekki svo erfitt að framkvæma hugmyndir annarra, sérstaklega þær sem reynast vel. Best er þó að leggja hugann í bleyti og fá snilldarhugmynd sjálfur. Hugmyndin þarf ekki að vera stór. Ekki mikið stærri en ein rauð bréfaklemma.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Överli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og Pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# NEYÐARHJÁLP ÚR NORÐRI

## heldur fjölskylduskemmtun í LOFTKASTALANUM

laugardaginn 6. maí 2006 kl. 14.00

## Fram koma:

100 félagar úr:
Stúlknakór Reykjavíkur
Gospelsystrum Reykjavíkur
og Vox Feminae
undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur

Kynnar:
Stefán Jón Hafstein og
Gísli Marteinn Baldursson

Björgvin Franz Gíslason
Bardukha
Bubbi Morthens
Hjörleifur Valsson
Lenka Matéová
South River Band

Maríus H. Sverrisson
Peter Maté
Ragnheiður Gröndal
Rósa Guðmundsdóttir
Snorri Snorrason, Idolstjarna Íslands 2006

Miðasala í Loftkastalanum hefst kl. 12.00
Styrktarreikningur: 0135-05-72000

Aðgangseyrir, kr. 1.500.-
rennur óskiptur til fólks í Tékklandi sem í flóðunum í mars og apríl hefur misst aleigu sína í þriðja sinn á tæpum níu árum vegna flóða.


Crawford Hurðir - Hurðaborg
Loft Kastalinn
Bæjarins beztu pylsur
Iceland Express
Hljóðfærahúsið
a2b bílaleiga
Tékk Kristall Kringlunni
Bylgjan 20 ára
365
VISA
Minicards maximum iceland

**! Kl. 18.00**

*Árlegir vortónleikar Fjölmenntar, fullorðinsfræðslu fatlaðra, verða í Salnum í Kópavogi. Fram koma hljómsveitirnar Plútó, Hraðakstur bannaður, Munnhörpuhljómsveit íslenska lýðveldisins, Hrynsveitin, Trommusveitin, Tónakórinn og Söngsveitin gæjar og píur flytur tvö lög auk einleikara og söngvara. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sellóleikari í fremstu röð



**ALBAN GERHARDT SÆKIR ÍSLAND HEIM** Leikur Dvorák fyrir íslenska tónlistarunnendur.

Þýski sellóleikarinn Alban Gerhardt leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kvöld. Gerhardt er einn mesti sellisti okkar tíma og lærði hjá hinum víðfræga Boris Pergamentsjíkov og bauðst honum snemma að leika einleik með Berlínarfílharmóníunni undir stjórn Seymons Bychkov. Eftir þá tónleika opnuðust honum allar dyr, og síðan hefur hann m.a. unnið með Kurt Masur, Christoph Eschenbach, Colin Davis, Christoph von Dohnányi og Neeme Järvi.

Alban Gerhardt hefur hlotið ýmsar vegtyllur fyrir hljóðritanir sínar og nýverið skrifaði hann undir samning við bresku útgáfuna Hyperion. Hann hefur leikið í mörgum frægustu tónleikasölum heims til dæmis á Proms-hátíðinni í Lundúnum og Edinborgar-hátíðinni.

Á tónleikunum mun Gerhardt leika sellókonsert eftir Antonín Dvorák en hljómsveitin flytur enn fremur fyrstu sinfóníu Williams Walton.

Tónleikarnir hefjast kl. 19.03.

### > Ekki missa af...

Blúsbandinu Centaur sem leikur á Næsta bar í kvöld kl. 21. Sigurður Sigurðsson og félagar hræra kaldrifjuðustu hjörtu.

Opnun í gallerí Boreas við Baldursgötu. Adam Bateman afhjúpar bókaskúlptúr og fleira fróðlegt kl. 17.

Sýningu Soffíu Sæmundsdóttur í Ketilhúsinu á Akureyri. Soffía sýnir olíuverk unnin á striga og pappír en sýningin ber heitið „einskonar landslag".

# Menning og listir

Kópavogsbær stendur fyrir sérstökum Kópavogsdögum í samvinnu við lista- og menningarstofnanir bæjarins. Þetta er í þriðja skipti sem Kópavogsdagar eru haldnir og hefjast þeir formlega í dag og standa í eina viku. Á þeim tíma verður metnaðarfull og fjölbreytt dagskrá í boði fyrir íbúa Kópavogs og gesti.

Dagskráin hefst með vortónleikum Fjölmenntar, fullorðinsfræðslu fatlaðra, sem haldnir verða í Salnum kl. 18 í kvöld en þar koma fram fjölmargar hljómsveitir og hljóðfæraleikarar og leika af hjartans lyst.

Næstkomandi laugardag verður meðal annars opnuð yfirlitssýning á verkum Guðmundar frá Miðdal og haldið málþing í Salnum í tengslum við sýninguna. Þá verður sérstakur íþróttadagur í samvinnu við Íþrótta- og tómstundaráð Kópavogs, fjölskylduhátíð og hlaupið verður Smárahlaup. Tónlistarviðburðir verða í Salnum, bæjarlistamaður Kópavogs verður útnefndur, listamenn í Kópavogi verða með opið hús og í bókasafninu verður bókamarkaður ásamt fjölda annarra viðburða. Einnig verða ýmsar uppákomur í leikskólum og grunnskólum bæjarins. Kópavogsdögum lýkur með hátíðardagskrá í Salnum á afmæli bæjarins 11. maí.

Nánari upplýsingar um dagskrána má nálgast á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is.- **khh**



**KÓPAVOGSBÆR Í MENNINGARLEGUM BLÓMA** Vegleg menningardagskrá hefst á morgun.



**LEXI LEBAN KVIKMYNDAGERÐARKONA** Vekur athygli á aðstæðum ungra afbrotakvenna í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ HEIÐA

# Úrræði fyrir unglingsstúlkur

Kvikmyndagerðarkonan Lexi Leban gerði heimildarmynd um hlutskipti fjögurra unglingsstúlkna í Bandaríkjunum sem allar komust ítrekað í kast við lögin, en markmiðið með myndinni Girl Trouble var að vekja athygli á og auka skilning á vanda ungra kvenna sem eru utanveltu í bandarísku réttarkerfi.

„Glæpatíðni fer minnkandi en afbrotum stúlka hefur fjölgað, það þýðir ekki endilega að þær séu frekar að brjóta af sér heldur hafa handtökur á þeim færst í aukana," segir Leban. Aðeins fimm prósent fjármagnsins sem varið er í endurhæfingu afbrotamanna fara til sérstakra verkefna í þágu stúlkna og ríkisvaldið í Bandaríkjunum býður upp á fáar lausnir fyrir þennan ört stækkandi og sífellt yngri hóp ungra afbrotamanna. „Það eru sárafáar eiturlyfja- eða endurhæfingarmeðferðir fyrir stúlkur," segir Leban og áréttar að bandaríska réttarkerfið sé fyrst og fremst hannað með hliðsjón af karlkyns afbrotamönnum.

Leban og samstarfskona hennar Lidia Szajko fylgdust með stúlkunum í fjögur ár en allar glímdu þær við fátækt, heimilisofbeldi og eiturlyfjafíkn með einum eða öðrum hætti. „Þetta er mjög persónuleg mynd," segir Leban, „hún lýsir fjölskyldulífi þeirra náið og hún sýnir líka að það er ekki hægt að leysa vanda þeirra á einni nóttu. Fólkið sem er að dæma þessar ungu konur skilur síðan ekki vandamálin eða aðstæðurnar sem þær búa við."

Myndin Girl Trouble hefur farið víða og hlotið góðar viðtökur á kvikmyndahátíðum víða um heim og nú síðast í janúar var henni sjónvarpað um öll Bandaríkin. Leban segist skynja viðhorfsbreytingu meðal þeirra sem hafa kynnt sér málið. Þannig hafa yfirvöld í San Fransisco og Kaliforníu tekið þessi mál til skoðunar.

Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands sýnir myndina Girl Trouble í Öskju, stofu 132 í dag kl. 12.15 og mun Lexi Leban svara spurningum og spjalla um myndina að lokinni sýningu. Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

- **khh**



# Engin leiðindi

Það verður uppistand, tilstand og atgangur í Borgarleikhúsinu í kvöld því þá mun einvalalið spéfugla og grínista skemmta leikhúsgestum með gamanmálum og sprelli á Stóra sviðinu.

Leikararnir fjölhæfu Björk Jakobsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson, Steinn Ármann Magnússon og Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir eru þekkt fyrir allt annað en almenn leiðindi og munu líklega fá fólk til þess að engjast um af kátínu.

Grínið hefst kl. 22.30, miðaverði er stillt í hóf og panta má sæti á vef leikhússins. - khh



**GUÐLAUG ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR** Kitlar hláturtaugar leikhúsgesta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Styrkur til hljómborðsleikara

Um helgina hlaut hljómborðsleikarinn Daði Birgisson námsstyrk úr minningarsjóði Karls J. Sighvatssonar. Minningarsjóðurinn var stofnsettur af íslenskum tónlistarmönnum árið 1991 og úthlutar árlega einum styrk til handa efnilegum tónlistarmanni sem hyggur á framhaldsnám erlendis.

Daði Birgisson nam klassískan píanóleik við Tónlistarskóla Akraness og stundaði ryþmískt nám við FÍH. Hann var einn af stofnendum fönksveitarinnar Jagúar og hefur þrisvar hlotið íslensku tónlistarverðlaunin fyrir frumsamda tónlist.

Daði hyggur á framhaldsnám í Bandaríkjunum þar sem hann mun leggja stund á hljómborðstækni og kynna sér aðferðir sem fyrirbyggja eiga álagsmeiðsl meðal hljóðfæraleikara. - khh



**DAÐI BIRGISSON HLAUT STYRK ÚR MINNINGARSJÓÐI KARLS J. SIGHVATSSONAR** Styrkhafinn ásamt Sigrúnu Karlsdóttur, Hauki Guðlaugssyni og Sigurði Rúnari Jónssyni sem skipa stjórn minningarsjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ERT ÞÚ Í 10. BEKK GRUNNSKÓLA?

STÆRÐFRÆÐIPRÓFIÐ ER Á MIÐVIKUDAGINN

VILTU HJÁLP?





NÝTTU ÞÉR RAFRÆNT NÁMSEFNI VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS Á WWW.VERSLO.IS/FJARNAM

ÞÚ HORFIR Á MYNDSKEIÐ MEÐ ÚTSKÝRINGUM, LEYSIR VERKEFNI OG FYLGIST SVO MEÐ KENNARANUM FARA YFIR DÆMIN Á TÖFLU

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS




EF ÞÚ ERT BÍLSTJÓRINN GETUR ÞÚ HALDIÐ PARTÍINU LIFANDI

UMFERÐARSTOFA





# Látbragðslistfengi Kristjáns

**BORGARLEIKHÚSIÐ**
NÝJA SVIÐIÐ
**Hláturtíð / Mike Attack**

Kristján Ingimarsson heitir ungur leikari sem getið hefur sér gott orð í Danmörku fyrir látbragðsleik. Þeir eru ekki margir Íslendingarnir sem lagt hafa þessa grein leiklistar fyrir sig enda ekki sterk hefð fyrir henni hér á landi. Aðeins einu sinni hef ég barið augum þennan unga mann og það var við afhendingu Edduverðlaunanna 2005 og gott ef hann flutti ekki part úr þessari sýningu sem mér skilst að hafi hlotið verðskuldaða athygli ytra.

Í sem stystu máli er þessi ungi maður og list hans hreinasti hvalreki fyrir leiklistarunnendur hér á landi og sannarlega kærkomin viðbót við þá fjölskrúðugu leiklistarflóru sem hér er að verða til. Það er full ástæða til að hvetja alla sem vettlingi geta valdið til að sjá Kristján flytja sinn leiklistargjörning sem er kraftmikill, heillandi og bráðfyndinn. Ekki er um að ræða hina fínlegu pantómímu eins og við þekkjum hana af meistara Marcel Marceau. Kristján nálgast viðfangsefni sitt á mun gróteskari hátt og verður á köflum skemmtileg blanda af Charlie Chaplin, Buster Keaton og jafnvel Harold Lloyd í bland við skandinavískar hefðir, einkum finnska skólann.

Hann er kraftmikill með sterka nærveru á sviði og sérlega tjáningarríkt andlit sem miðlar til áhorfenda hverri hugsun og hverri tilfinningu. Líkamsbeiting hans og tímasetningar eru nánast fullkomnar og honum tekst að gera hversdagslega hluti á borð við hljóðnemastand og hljóðnema að skemmtilegum mótleikurum. Þeir fáu leikmunir sem hann notaðist við urðu mjög lifandi í meðförum hans.

Sýningin er þaulæfð, enda hefur hann sýnt hana um nokkurt skeið, og ég hvet alla til að leggja leið sína inn í Borgarleikhús til að sjá einstakan listamann. Yngri áhorfendurnir skemmtu sér konunglega líka og þrátt fyrir ofurlítið nettan „sexý“ húmor er alveg óhætt að taka tíu til tólf ára krakka með á sýninguna, annað eins er nú haft fyrir þeim í sjónvarpi - mununinn er einfaldlega sá að hér er frábær listamaður á ferð og það má margt læra af því að sjá þennan glæsilega unga mann þreyta glímuna við leikhús án orða.

**Valgeir Skagfjörð**


**KRISTJÁN INGIMARSSON** Hvalreki fyrir íslenska leikhúsunnendur FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

1 2 3 **4** 5 6 7

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 Þýski sellóleikarinn **Alban Gerhardt** leikur með **Sinfóníuhljómsveit Íslands**.

### LEIKLIST

☐ 20.00 **Skagaleikflokkurinn** sýnir **Hlutskipti**, nýtt leikrit eftir **Kristján Kristjánsson**. Sýnt er að Suðurgötu 126.

### OPNANIR

☐ 17.00 **Adam Bateman** opnar myndlistarsýninguna **Sögur** í galleri **Boreas** við **Baldursgötu 11**.

### SKEMMTANIR

☐ 21.00 **Breakbeat.is** heldur klúbbakvöld á **Pravda**.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ Sýningu **Þorvaldar Þorsteinssonar** á **Café Karólínu** lýkur á morgun. Þorvaldur sýnir ljósmyndaröð sem í eru sýnishorn af markaðssetningu og landkynningu Íslands á uppboðsvefnum **eBay**.

### NÁMSKEIÐ

☐ Skógræktarnámskeið **Björns Jónssonar** verður haldið í húsnæði **Skógræktarfélags Íslands** í **Skúlatúni 6**. Á námskeiðunum er fjallað um alla helstu þætti ræktunarstarfsins. Nánari upplýsingar á **skog.is** og í síma 551-8150.

### UPPISTAND

☐ 22.30 **Björk Jakobsdóttir**, **Þorsteinn Guðmundsson, Steinn Ármann Magnússon** og **Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir** skemmta á **Stóra sviði Borgarleikhússins**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
Í kvöld fim. 4/5, fös. 5/5 nokkur sæti laus, lau. 6/5 örfá sæti laus, fös. 12/5 örfá sæti laus, lau. 13/5. **Síðustu sýningar.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
**Aukasýningar fös. 5/5 uppselt, lau. 6/5 uppselt, sun. 7/5** nokkur sæti laus. **Aðeins þessar 3 sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**. **Ósóttar pantanir seldar daglega. Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

LITLA SVIÐIÐ
NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR
**Frumsýning í kvöld fim. 4/5 kl. 18:00 uppselt** og **kl. 20:00 uppselt**, fös. 5/5 kl. 15:00 **uppselt**, lau. 6/5 kl. 13:00 og kl. 15:00, sun. 7/5 kl. 13:00 og 15:00. **Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!** Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00. Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 6/5 kl. 14 UPPS. Su 7/5 kl. 14 UPPS.
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í VOR
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 UPPS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS. Su 21/5 kl. 20 UPPS.
Fi 25/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS.
Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 22:30
Má 5/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20
Fö 9/6 kl. 23 Má 12/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Forsýningar miðaverð 1.500
Fö 12/5 kl. 20 Lau 13/5 kl. 20
Má 15/5 kl. 20 Þri 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20
Lau 3/6 kl. 20 Má 5/6 kl. 20
Fim 8/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20

MIKE ATTACK
Einleikur Kristjáns Ingimarssonar
Su 7/5 KL. 14 Su 14/5 kl. 14
AÐEINS ÞESSAR SÝN. MIÐAVERÐ 1.900

BELGÍSKA KONGÓ
Lau 6/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20
Su 14/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Mi 24/5 kl. 20

HUNGUR
Í kvöld kl. 20 Su 14/5 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR

MARGT SMÁTT
STUTTVERKAHÁTÍÐ MIÐAVERÐ 1.000
Bandalag íslenskra leikfélaga Fö 5/5 kl. 19

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Fö 5/5 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN
Lau 6/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Lau 27/5 kl. 20 AÐEINS ÞESSAR SÝN.

HLÁTURHÁTIÐ
HLÁTURHÁTÍÐARVIÐBURÐIR Í MAÍ
Í kvöld kl. 22:30 UPPISTAND
Þorsteinn Guðmundsson
Björk Jakobsdóttir
Steinn Ármann Magnússon
Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir
MIÐAVERÐ 1.000

Fi 11/5 kl. 22:30 PÍKUSÖGUR OG PÖRUPILTAR
Halldór Gylfason, Friðrik Friðriksson og Björgvin Franz flytja Píkusögur og Pörupiltarnir troða upp. MIÐAVERÐ 1.000

Fi 18/5 kl. 22:30 LEiKTU FYRIR MIG
Fi 25/5 kl. 22:30 BANANABIKARINN
Su 28/5 kl. 20:00 HLÁTURNÁMSKEIÐ
MIÐAVERÐ 1.000

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is








Hlutskipti
eftir Kristján Kristjánsson
SÝNING FIM. 4. MAÍ KL. 20.00
LAU. 6. MAÍ KL. 20.00
SUN. 7. MAÍ KL. 20.00
Miðapantanir: 431-3360
Verð kr. 1.500
SÝNT AÐ SUÐURGÖTU 126
AKRANESI
Skagaleikflokkurinn



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur og Margréti Pétursdóttur
laugardagur 6. maí
*allra síðasta sýning*
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is



LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
*Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn. Sýnd í Óperunni í maí og júní. Miðasala hafin*

**LITLA HRYLLINGSBÚÐIN**
**Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar**
LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - UPPSELT
SUN. 14. MAÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 20. MAÍ KL.19 - NOKKUR SÆTI LAUS
LAU. 20. MAÍ KL. 22 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - NOKKUR SÆTI LAUS
LAU. 27. MAÍ KL. 22 - Aukasýning
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN







# Heineken®

**DJAMMIÐ UM HELGINA:**

## GRAND ROKK

Föstudaginn 5. maí

## 150. PUB QUIZ

Þetta er stóra keppnin á þessu ári. Spyrill er Kolbeinn Óttarsson Proppé. Núna verður tekið á því og verðlaun verða mjög vegleg. Hver þau verða verður ekki tilkynnt fyrr en keppnin hefst en engin fer tómhentur heim... Efri hæðin opnar klukkan 16:30 og ekki verður hleypt endalaust inn....

Allir þátttakendur fá bol gefins merktan keppninni meðan birgðir endast ..

**Heineken.is**
Allt um djammið

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**




**Tröll, draugar, huldufólk og þorparar íslenskrar þjóðsagnaarfleifðar mætast á Litla sviðinu**

Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir
Umsjón með handriti: Vala Þórsdóttir
Höfundur tónlistar: Ragnhildur Gísladóttir
Leikmynd og búningar: Frosti Friðriksson og Þórunn Elísabet Sveinsdóttir
Lýsing: Páll Ragnarsson
Leikendur: Birgitta Birgisdóttir, Dóra Jóhannsdóttir, Halldóra Malín Pétursdóttir, Jörundur Ragnarsson, Magnea Björk Valdimarsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Víðir Guðmundsson

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·
Nemendaleikhúsið

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



**> Smellið...**

*Betty Crocker brownies í ofninn og bjóðið vinum og vandamönnum í kaffi. Berið herlegheitin fram með sýrðum rjóma sem er afar ljúffengt.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

**MATGÆÐINGURINN** BIRGIR ÖRN SVEINSSON HEIMSMEISTARI Í ÍSHOKKÍ

## *Djúpsteiktur krókódíll og soðnar rófur*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ég gæti ekki lifað heilt ár án þess að fá svið hjá mömmu.

**Fyrsta minning um mat?**
Soðnar rófur sem mér fannst hrikalega vondar en amma heimtaði að ég smakkaði.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Túnfisksteik sem ég fékk í janúar á indverskum veitingastað í Boston.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Nei, ég borða meira að segja rófur í dag.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?**
Laukur. Það má nota hann í svo margt og svo er hann líka ódýr.

**Hvað borðar þú til þess að láta þér líða betur?**
Ég borða eingöngu vegna þess að ég er svangur. Ég geri aðra hluti til þess að láta mér líða betur.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Ávaxtasafa og skyr.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju hvað tækirðu með þér?**
Ég reikna með því að það væri hægt að finna eitthvað til þess að borða á eynni þannig að ég tæki með mér krydd því það er hægt að borða svo að segja allt með góðu kryddi.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Djúpsteiktur krókódíll sem ég fékk í Flórída. Hann var mjög góður.





**ÞRÚGUR GLEÐINNAR**
**> EINAR LOGI VIGNISSON**

## Vorvindar frá Chile

Á þriðjudaginn í næstu viku hefjast þemadagar í Vínbúðunum tileinkaðir Chile og standa þeir til 10. júní. Þemadagar tileinkaðir helstu vínræktunarlöndum heims hafa vakið mikla lukku undanfarin misseri. Starfsfólk Vínbúðanna hefur staðið sig mjög vel við gerð kynningarefnis og var t.a.m. bæklingurinn um Suður-Afríku á þemadögum í mars afar vel heppnaður. En nú er sumsé röðin komin að því landi sem verið hefur í hvað mestu uppáhaldi hjá Íslendingum undanfarin ár. Vín frá Chile hafa raðað sér í hóp söluhæstu vína hérlendis um langt árabil. Í fyrra deildu rauðvín frá Chile toppsætinu með Ástralíu en frá hvoru landinu um sig seldust 17,8% af heildarmagni rauðvíns í lítrum. Íslendingar voru einna fyrstir Evrópubúa að opna augun fyrir hinum hagstæðu vínum þaðan og þetta finnst víngerðarmönnum frá Chile svolítið skemmtilegt. Í það minnsta hafa þeir sem ég hef hitt jafnan haft orð á þessu og flestir stærstu framleiðendurnir hafa hugsað afar vel um Íslandsmarkað og tryggt að toppvín vínhúsanna séu hér á boðstólum.

Miðað við þær upplýsingar sem ég hef undir höndum þá sýnist mér öll vín sem verða á boðstólum lækka í verði en á því hefur verið misbrestur á fyrri þemadögum og valdið ruglingi hjá neytendum. Algeng lækkun er um 100 kr. en þó má finna dæmi um meiri lækkun. Verðlækkunin er kannski ekki aðalmálið á svona þemadögum, hún er aðallega afsökun fyrir að stökkva til og prófa eitthvað nýtt, nú eða gera hagstæð kaup í því sem fólk þekkir. Margt nýtt frá Chile er á boðstólum þótt nýir árgangar séu ekki endilega til að spekúlera svo mikið í enda vín frá Chile jöfn og góð og yfirleitt ekki mikill munur á árgöngum. Miklar fjárfestingar hafa skilað stórstígum framförum í víngerðinni og Chile-menn verið duglegir við að reyna nýjungar.




**VERT AÐ SPÁ Í**
Sérstakt fagnaðarefni er að tuttugu gæðavín eru á boðstólum sem alla jafna eru ekki fáanleg í Vínbúðum. Þau koma frá mörgum af kunnustu framleiðendum Chile eins og Santa Rita, Casa Lapostelle, De Martino, Morande, Concha Y Toro, San Pedro, Cousino-Macul og Montes. Kennir þar ýmissa grasa, sætvín, riesling og rósavín úr cabernet sauvignon auk risavína sem fást sum hver hér í fyrsta sinn.

# Magnað meðlæti

**Matarvenjur Rannveigar Gissurardóttur skarthönnuðar eru nokkuð hollenskar sem skýrist af því að á námsárunum bjó hún fimm ár í Amsterdam og saug þar í sig ýmsa visku heimamanna.**

„Ég ætla að gefa lesendum uppskrift að hollensku rauðbeðusalati sem hentar afar vel með soðnum fiski og kartöflum og passar sérlega vel með silungi,“ segir Rannveig og bætir við að hún sé reyndar með æði fyrir fiski þessa dagana. „Ég er eins og krakkarnir, fæ æði fyrir einhverju ákveðnu og vil þá ekkert annað.“ Fiskinn vill Rannveig hafa soðinn eða grillaðan og ekki kryddaðan með öðru en salti. Rannveig gefur einnig uppskrift að öðru salati sem passar ekki síður með fiski og er hún súrsæt.

Eldamennska Rannveigar er annars frekar tilviljanakennd, hún notar sjaldan uppskriftir og eldar frekar af fingrum fram en uppáhaldshráefni hennar er hunang, geitaostur og kræklingur. „Ég á alltaf íslenskt smjör, balsamik og ólívuolíu í skápunum enda eru þessi hlutir hvað mest ómissandi þegar eldamennska er annars vegar.“ Spurð um hvað hana vanti helst í eldhúsið nefnir hún mandólín sem selt sé í Kokku. „Ég á eitt sem er ekki nógu gott og mig langar í alvöru. Kannski bið ég bara um það í fertugsafmælisgjöf,“ segir Rannveig sem verður þó ekki fertug fyrr en eftir fjögur ár. -snæ



**HOLLENSKAR MATARVENJUR** Skarthönnuðurinn Rannveig bjó í Amsterdam í fimm ár og lærði þar ýmislegt um matarmenningu heimamanna. Þar borðaði hún m.a. strútskjöt en eitt strútsegg nægir í ommelettu fyrir tólf manns. Takið eftir myndinni á veggnum en hún er eftir Rannveigu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**RAUÐBEÐUSALAT (FYRIR 2)**
**200-300 gr rauðbeður**
**1 rauðlaukur**
**3 msk fetaostur**
**1 msk rósapipar**
**1 msk balsamik**
**1 msk olívuolía**

**Skerið rauðlaukinn og rauðbeðurnar niður og blandið öllu saman í krukku. Geymist inni í ísskáp. Hentar afar vel sem meðlæti með soðnum fiski og kartöflum.**

**Súrsætt salat (fyrir 2)**
**SAXAÐAR GULRÆTUR OG SELLERÍ (JAFNT AF HVORU)**
**Slatti af rúsínum**
**1 dl vatn**
**2 msk hunang**
**1 sítróna**

Leysið hunangið upp í heitu vatni, hakkið sítrónuna og blandið öllum hráefnunum út í vatnið og látið liggja í leginum í klst. áður en salatsins er neytt.


Landsamband framsóknarkvenna boðar til námskeiðs laugardaginn 6. maí 2006 á Hverfisgötu 33

Góður leiðtogi - frambjóðandi
Framkoma - greinarskrif

Dagskrá:

**15.00** Setning Bryndís Bjarnarson, formaður LFK

**15.05** Leynivopnið, Siv Friðleifsdóttir Heilbrigðisráðherra

**15.25** Kaffihlé

**15.30** Kennsla í greinarskrifum og framkomu, Drífa Sigfúsdóttir, formaður fræðslu- og kynningarnefndar Framsóknarflokksins

**16.00** Svona áttu ekki að koma fram, Helga Braga Jónsdóttir leikkona fer yfir hvað má betur fara í framkomu framakonunnar, með léttu ívafi.

Fundarstjóri, Eva Sólan þula

Léttar veitingar verða bornar fram í lok námskeiðsins
Skráning í síma **540 4300** eða á póstfang **ragna@framsokn.is**


**VEITINGASTAÐURINN** RIVER SIDE HÓTEL SELFOSS, EYRARVEGI 2, 800 SELFOSS SÍMI: 480 2500

## *Rómantík á Selfossi*

Veitingastaðurinn River Side er staðsettur, eins og nafnið gefur til kynna, við árbakka, nánar tiltekið við bakka Ölfusár. Hann er í sama húsnæði og Hótel Selfoss sem er fjögurra stjörnu hótel sem var opnað árið 2002. Helsta stolt veitingarstaðarins er glæsilegt útsýni og hugglegt umhverfi. Boðið er upp á fjölbreyttan „à la carte“-seðil og einnig eru sérstök tilboð fyrir stærri hópa. Staðurinn hefur verið vinsæll áningarstaður ferðamanna enda stutt að fara þaðan á helstu ferðamannastaði Suðurlands eins og Þingvelli, Geysi, Gullfoss, Kerið og Heklu. Hótelið er líka kjörið fyrir rómantískar helgarferðir en þess má geta að 100 glæsileg herbergi eru á hótelinu með öllum nútímaþægindum. Á veitingastaðnum hafa að auki ýmsar uppákomur verið haldnar eins og keppnin um Ungfrú Suðurland.

**Matseðilinn?** Klassískur seðill með því helsta sem einkennir alvöruveitingastaði. Eitthvað fyrir alla.

**Vinsælast?** Hótelið býður upp á tilboð sem kallast Smellir en það eru ýmiss konar tilboð sem fela í sér mat og gistingu. Þannig býðst gott tækifæri til að bjóða makanum í rómantíska ferð út á land án þess að fara á hausinn.

**Verð?** Helgarsmellur er á 22.800 en innifalið í honum er gisting í tvær nætur, þríréttaður kvöldverður og morgunverðarhlaðborð. Athugið að verðið gildir fyrir tvo. Ein nótt, svokallaður laugardagsmellur, kostar 14.500 krónur. Á virkum dögum er hægt að fá gistingu í tvo virka daga, þríréttaðan kvöldverð og morgunverðarhlaðborð á 13.600 krónur.



OPIÐ ELDHÚS
sýningarhelgi

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800

OPIÐ LAUGARDAG FRÁ 11-17
OG SUNNUDAG FRÁ 13-17



HTH

*- HTH eldhús eru ekki eins dýr og þau líta út fyrir að vera.*

# VELKOMIN Í GLÆSILEGAN SÝNINGARSAL OKKAR AÐ LÁGMÚLA 8

Ef þú ert að huga að nýju eldhúsi er upplagt að skoða kosti HTH. Í glæsilegum sýningarsal okkar sérðu allt það nýjasta í eldhústækjum frá AEG fléttað saman við innréttingar frá HTH. Þetta samspil HTH og AEG er ekki bara fallegt og vandað heldur er heildarlausn af þessu tagi á góðum kjörum hjá Bræðrunum Ormsson.



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

*I would rather you just said thank you, and went on your way. Otherwise, I suggest you pick up a weapon, and stand a post. Either way, I don't give a damn what you think you are entitled to.*

Jack Nicholson fór hamförum sem hrokagikkurinn Jessep í kvikmyndinni A Few Good Men þar sem Tom Cruise og Demi Moore voru í aðalhlutverkum.

# bíó

bio@frettabladid.is

# *Hóf störf ungur að aldri*

Laurence Fishburn er af mörgum talin vera einn fremsti leikari Hollywood. Þessi hörkulegi náungi byrjaði að daðra við leiklistargyðjuna tíu ára gamall og var aðeins fimmtán ára þegar Francis Ford Coppola valdi hann til að leika nýliða í stríðsmynd sinni Apocalypse Now en þar komst Fishburn í kynni við stórstjörnur á borð við Martin Sheen og Dennis Hopper auk goðsagnarinnar Marlon Brando. Þeir sem hafa kynnt sér söguna bak við þá mynd ættu eflaust að geta gert sér í hugarlund hverskonar upplifun sá tími hefur verið fyrir óharðnaðan ungling enda hefur Fishburn sjálfur viðurkennt að þessi reynsla hafi haft mikil áhrif á hann.



**LAURENCE FISHBURN** Fékk að vera með í eftirminnilegri stórmynd Francis Ford Coppola, Apocalypse Now, en sú reynsla hafði mikil áhrif á hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Samstarf Fishburns og Coppola hélt áfram næstu ár en leikarinn fékk hlutverk í Rumble Fish, Gardens of Stone og The Cotton Club. Hann fékk einnig smáhlutverk í Color of Purple en stjarna leikarans fór þó ekki að rísa af neinni alvöru fyrr en hann fór hamförum í hlutverki eiturlyfjakóngsins Jimmy Jump í kvikmynd Abels Ferrara, King of New York. Fishburn hefur afrekað ýmislegt utan hvíta tjaldsins. Hann fékk Tony-leiklistarverðlaunin fyrir frammistöðu sína í Two Trains Running Þá var Fishburn tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir túlkun sína á Ike Turner í What's Love Got to Do with It.

## Ekki missa af...

Inside Man eftir Spike Lee með Denzel Washington, Clive Owen og Jodie Foster í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um fullkomið rán Daltons Russell sem lögreglumaðurinn Fraizer reynir að leysa eftir fremsta megni. Eftir því sem hann kafar dýpra kemst lögreglumaðurinn í raun um að ekki er allt með felldu. Loksins eitthvað af viti komið í bíó eftir magra tíð.





**DANIEL OG STÚLKURNAR** Í myndbrotinu má sjá Craig stökkva undan sprengingum og stúlkurnar spranga um á sundklæðum.

# Bond mættur

Nýtt Bond-myndbrot er komið á heimasíðu Sony Pictures og halda aðdáendur leyniþjónustumannsins vart vatni yfir herlegheitunum. Konurnar þykja fáklæddari, hasarinn virðist vera vel útfærður og öllum að óvörum, Daniel Craig tekur sig ansi vel út í hlutverkinu.

Myndbrotið hefst á ræðu M þar sem hún útskýrir fyrir James Bond hvert hlutverk hans sé. „Þetta er kannski ekki eitthvað sem blondína fær skilið. Hvaða skíthæll sem er getur drepið mann. Ég vil hins vegar að þú losir þig við egóið," og Bond svarar. „Þú villt sem sagt að ég verði bæði leigumorðingi og munkur."

Á heimasíðunni er bölsýnismönnum sendur tónninn og á það bent að sá hlær best sem síðast hlær. Daniel Craig og Bond-stúlkurnar taka sig vel út en minna fer fyrir hinum danska Mads Mikkelsen sem leikur óþokkann Le Chiffre.

Leikstjórinn Martin Campbell hefur oft lýst því yfir að Craig verði besti Bond-leikarinn og ef marka má þessi fyrstu myndbrot verður forvitnilegt að sjá hvernig til tekst en útlitið er bjart. Myndin verður frumsýnd á heimsvísu þann 17. nóvember og víst að Bond-aðdáendur geta farið að hlakka til „jólanna".




# Mannlegur Hunt

**Einn af mörgu vorboðunum ljúfu eru svokallaðir „sumarsmellir" sem brátt fylla kvikmyndahúsin af sprengjugný, tæknibrellum og hasarhetjum. Sú fyrsta lítur dagsins ljós um helgina en það er þriðja myndin í Mission Impossible-flokknum.**



**OWEN DAVIAN** Óskarsverðlaunahafinn Philip Seymour Hoffman leikur illmennið í myndinni en hann hafði alltaf langað til að leika í hasarmynd.

Ethan Hunt er að mestu leyti sestur í helgan stein og einbeitir sér að þjálfun nýliða hjá öryggisstofnunni IMF. Hann er ástfanginn af unnustu sinni en neyðist til að fela fortíð sína fyrir henni. Hunt hefur meðal annars látið sér detta til hugar að giftast, eitthvað sem hefði verið ómögulegt á árum áður. Rómantískar áætlanir skötuhjúanna fara fljótlega út um þúfur þegar vopnasalinn Owen Davian skýtur upp kollinum. Davian er erfiður viðfangs og stjórn IMF ákveður að kalla Hunt aftur til starfa sem að sjálfsögðu fær Luther Strickwell með sér í lið ásamt þremur nýliðum, Declan, Zhen og Lindsey. Hin fimm fræknu neyðast til að taka á öllu því sem þau eiga til að stöðva illvirki Davians.

Tíu ár eru liðin síðan fyrsta Mission:Impossible-myndin leit dagsins ljós. Fyrstu tvær myndirnar gengu út á stanslausan hasar og spennu en að þessu sinni verður sjónum beint að mannlegri hlið leyniþjónustumannsins þótt hasarmyndaaðdáendur fái auðvitað sitthvað fyrir sinn snúð. Tom Crusie er að venju allt í öllu en leikarinn knái hefur um áratugaskeið verið einhver allra stærsta stjarna kvikmyndaborgarinnar og hafa M:I-myndirnar átt sinn þátt í velgengni hans.

Cruise vildi fá J.J. Abrams til að leikstýra þriðju myndinni og fetar Abrams þar með í fótspor ekki ómerkari manna en Brian De Palma og John Woo. Abrams á heiðurinn af sjónvarpsþáttaröðinni Lost eða Lífsháska sem slegið hefur í gegn hér á landi auk þess að vera heilinn á bak við Alias. Abrams sagði í samtali við blaðamenn að þegar Cruise kom að máli við sig hefði hann bara sagt já án þess að vita hver spurningin væri. „Hráefnin í Mission: Impossible eru draumur fyrir leikstjóra og handritshöfund," útskýrir Abrams. „Ég fæ tækifæri til að sýna alvöru persónur innan um allan hasarinn," bætir Abrams við. „Ethan er ástfanginn, hræddur og við vildum sýna hvernig honum tækist að samræma sitt daglega líf og vinnuna," bætir framleiðandinn Paula Wagner við. „Við vildum einnig varpa ljósi á þann sterka vinskap sem hefur myndast milli Hunts og Strickwells eftir áralangt samstarf," bætir hún við.

Philip Seymour Hoffman hreppti Óskarinn fyrir túlkun sína á Truman Capote en nýjasta persóna hans er mjög ólík rithöfundinum. „Mig hefur alltaf langað til að leika í hasarmynd og fannst þetta vera rétti tíminn til að prófa það," segir Hoffman. „Þegar Hoffman leikur veit maður aldrei hvað hann tekur upp á," segir Tom Cruise um mótleikara sinn en þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann og Hoffman leiða saman hesta sína því þeir léku báðir í Magnolia.

- fgg



**HUNT OG FÉLAGAR** Þriðja myndin í Mission: Impossible reynir að bregða upp mun mannlegri mynd af Ethan Hunt en í hinum tveimur.

event

# James Sewell Ballet

## AUSTURBÆ 5. MAÍ

**MIÐASALA HAFIN!**

„Gefandi og dásamleg danssýning. Dansar Sewells eru stórskemmtilegir bæði fyrir ballett-áhugamenn og almenna áhorfendur sem hlæja og gráta til skiptis.“

**- Sanibel-Captiva Shopper´s Guide**



## AUKASÝNING – Á LAUGARDAGINN KL. 20:00
## MIÐASALA Í FULLUM GANGI!

„Ballethópurinn heillaði troðfullan salinn. Flutningurinn sannar að þetta eru listamenn sem fórna lífi sínu fyrir listina. Óviðjafnanlegt!“

**- The Winona Post, Winona**

„Aldrei áður hef ég séð listamenn snerta áhorfendur jafn djúpt. Hugmyndir sem koma beint frá sálinni og hitta mann beint í hjartastað. Mannbætandi upplifun!“

**- M.K., Dancer**

**20% afsláttur í A svæði fyrir viðskiptavini í Gullvild Glitnis**

GLITNIR

**HVAÐ:** James Sewell Ballet **HVAR:** Austurbæ **HVENÆR:** Föstudaginn 5. maí kl. 20:00. Húsið opnar kl. 19:30
**SÖLUSTAÐIR:** Reykjavík: Í verslunum Skífunnar, Laugavegi, Kringlunni og Smáralind. Akureyri: Verslun BT. Selfossi: Verslun BT **MIÐAVERÐ:** 3.900 + miðagjald í A svæði, 2.900 + miðagjald í B svæði
**GULLVILDARTILBOÐ:** Viðskiptavinir í Gullvild Glitnis fá 20% afslátt í svæði A gegn framvísun greiðslukorts frá Glitni í verslunum Skífunnar og BT. Ekki er hægt að fá afsláttinn í gegnum Internet eða síma.

***ATH:*** *Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.*

MIÐASALA:
**midi.is**

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.**event**.is

fjörið … fólk
folk@frettabladid.is

## EUROVISION 2006 GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR UM SILVÍU OG KEPPINAUTANA

# *Silvía biðlar til Svía í bréfi um stuðning*

Silvía Nótt, núna Night, hefur sent Svíum bréf í örvæntingu sinni um að komast í aðalkeppnina úr undankeppninni í Eurovision. Lagið hennar er dottið út af lista áhugamanna yfir þau tíu sem talin eru að komist áfram í keppninni.

„Eins og þig vitið, tek ég þátt í Eurovision-söngvakepppninni í Grikklandi 18. og 20. maí. Ég hlakka virkilega til að sjá atriðið ykkar, því þetta er besta lag sem ég hef heyrt á ævi minni, og dansararnir eru virkilega góðir. Ég held að þetta sé vegna víkingablóðsins sem rennur um æðar ykkar, þið vitið kannski ekki af því en ég er að hluta sænsk,“ ritar Silvía og birtir bréfið á heimasíðu sinni: „Afi minn var Niels Gustavson Lindgren og ég heimsæki hann á hverju sumri, hann er mjög veikur og mun bráðum deyja. þannig að þegar ég keppi í Eurovision verður það ekki bara fyrir Ísland, því hjarta mitt er í Svíþjóð. Sigurinn verður fyrir afa minn Niels Lindgren og fyrir fallega fólkið í Svíþjóð.“



Silvía Night er á ferðalagi. Hún spókaði sig um á Strikinu í höfuðborg Danmerkur í gær. Þar var hún hrakin niður af sviði í miðborginni af lögreglunni: “Veistu ekki hver ég er,” spurði hún lögreglumanninn er hún var rekin niður. Silvía stefnir á að heimsækja Svíþjóð, Litháen, Írland og Bretland, jafnvel líka Eistland.

Í bréfinu til Svía rekur hún ekki aðeins ættir sínar heldur lofar Svíum að Íslendingar gefi Carolu og lagi hennar Invincible, framlagi Svía, tólf stig, enda eigi pabbi hennar símafyrirtækið sem sjái um atkvæðagreiðsluna. Aftonbladet sænska birti á dögunum frétt um að lag Carolu hefði hugsanlega ekki unnið hefði símafyrirtæki ekki rukkað fólk um fleiri símtöl en það hringdi.




**SILVÍA FJARLÆGÐ AF SVIÐI Á STRIKINU** Silvía fékk ekki frið til að spóka um sig á sviði í miðborg Kaupmannahafnar. Hún var rekin af því af lögreglunni. FRÉTTABLAÐIÐ/KS

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Samkvæmisljónið og hótelerfinginn Paris Hilton er búin að sparka gríska kærasta sínum Stavros Niarchos eftir einungis árs samband. Hilton og Niarchos byrjuðu að stinga saman nefjum eftir að Hilton sleit trúlofun við nafna sinn Latsis. Þau eru þó ekki lengi að jafna sig á hvort öðru frekar en aðrir í Hollywood því það sást til Hilton í fylgd bandarískrar fótboltastjörnu og er Niarchos bendlaður við ungu leikkonuna Lindsay Lohan.



Leikarinn og leikstjórinn George Clooney hefur boðið breska sjarmatröllinu Hugh Grant hlutverk í Oceans 13 og virðist Grant ætla að taka þessu boði enda mikill aðdáandi Óskarsverðlaunahafans. Grant mun hafa lofsamað Clooney fyrir hröð vinnubrögð og ætlaði því að taka hvaða boði sem er. Oceans 13 er þriðja myndin í seríunni en kvikmyndirnar hafa allar verið prýddar stórstjörnum á borð við Brad Pitt, Matt Damon og Juliu Roberts.










**GESTIR OG NEMENDUR** Elísabet, Birna, Þórunn, Ingunn, Þórdís og Hulda.

# Textíll og samtímalist

Nemendur í Listaháskóla Íslands opnuðu sýningu á föstudaginn þar sem afrakstur námskeiðsins Textíll og samtímalist var sýndur. Á námskeiðinu var lögð áhersla á textíl sem efnivið til listsköpunar. Þar voru kenndar hefðbundnar sem og óhefðbundnar aðferðir, en kennari á námskeiðinu var Guðrún Ingibjörg Gunnarsdóttir. Afraksturinn lét ekki á sér standa og á sýningunni úði og grúði af spennandi og framúrskarandi textílverkum.

Þarna var til dæmis prjónað hjól, puttaprjónað vegglistaverk, verk sem leit út og hljómaði eins og býflugnahópur og myndbandsverk þar sem skoðaður var textíllinn í hrukkum ömmu listamannsins. Sýningin er í Galleri Kubbi sem er staðsett í húsi Listaháskólans í Laugarnesi og er opin út vikuna.



**TEXTÍLL** Býflugnasveimur eftir Þórunni Árnadóttur og prjónað hjól eftir Ingunni Jónsdóttur.

# Þráinn vopnast hníf og gafli

Með hníf og gaffli heitir nýr efnisþáttur sem hefur göngu sína í Fréttablaðinu á morgun en framvegis mun Þráinn Bertelsson rithöfundur lýsa upplifun sinni af því að sitja til borðs á veitingahúsum í Reykjavík.

„Ein heimsókn verður að duga,“ segir Þráinn. „Ef fólk fer á veitingahús og fær ekki það sem það hefur vonast til að fá er fremur ólíklegt að það komi aftur næsta dag. Mig langar að skrifa um veitingahús út frá sjónarmiði hins almenna matargests en ekki út frá sjónarmiði sérstakra sælkera eða matgæðinga.“

Þráinn segir þrennt ráða úrslitum um hvort heimsókn á veitingahús er ánægjuleg eða ekki. „Í fyrsta lagi er það „umhverfið“, hvernig staðurinn sjálfur kemur fyrir augu og eyru, innrétting, stemming og öll umgjörð máltíðarinnar. Gestinum á að líða vel. Henni eða honum á að líða eins og kóngi eða drottningu í ríki sínu. Staði sem bjóða gestum sínum upp á þá tilfinningu ætla ég að verðlauna með einni kórónu, jafnvel tveimur og ef það umhverfi sem umlykur gestinn er algjörlega frábært fær staðurinn þrjár kórónur.“



**ÞRÁINN BERTELSSON** Hefur kynnst sér matarmenningu um víða veröld og ætlar nú að nýta sér þá reynslu þegar hann skrifar á mannamáli um reykvíska veitingastaði fyrir Fréttablaðið.

Í öðru lagi er það þjónustan en Þráinn segir gestinum eiga að finnast hann velkominn. „Fyrir mjög góða þjónustu fær staðurinn fallega mynd af veitingaþjóni sem viðurkenningu. Þrjá þjóna ef þjónustan er þannig að manni líði eins og glötuðu dótturinni kvöldið sem hún rataði loksins heim.“

Maturinn sjálfur er svo þriðja lykilatriðið. „Hann að vera úr góðu hráefni, matreiddur af kunnáttu og áður en hann gælir við bragðlaukana á hann að gleðja augað. Þau eldhús sem töfra fram svo ljúffenga rétti að maður fer strax að hugsa um hvenær maður geti komið næst fá eina kokkahúfu í verðlaun. Vonandi finn ég stað sem verðskuldar þrjár kokkahúfur.“

Þráinn er ýmsu vanur á veitingahúsarölti sínu og hefur snætt pipraða páfugla með þjóðhöfðingjum og gegnsteikta skósóla á þjóðvegasjoppum. Nú hefur hann sett sér það takmark að vísa lesendum Fréttablaðsins á fegurstu fjólurnar í flóru íslenskra veitingahúsa.



**THE ROLLING STONES** Keith Richards, lengst til hægri, þarf að gangast undir heilaskurðaðgerð.MYND/AP

# Richards í skurðaðgerð

Keith Richards, gítarleikari The Rolling Stones, þarf að gangast undir heilaskurðaðgerð eftir að hafa fallið niður úr pálmatré á Fiji-eyjum um síðustu helgi.

Upphaflega var talið að Richards, sem er á sjötugsaldri, hefði fengið heilahristing en eftir myndatöku kom í ljós smávægileg heilablæðing.

Talið er að Richards muni ná sér að fullu eftir aðgerðina. The Rolling Stones eiga að hefja tónleikaferð sína um Evrópu þann 27. maí og setur aðgerðin stórt spurningarmerki við þá ferð.








**PRIME**

LEIKSTJÓRI: BEN YOUNGER

AÐALHLUTVERK: MERYL STREEP, UMA THURMAN OG BRYAN GREENBERG.

**Niðurstaða:** Miðað við allt draslið sem kemur frá Hollywood þessa dagana er þessi mynd bara fín. Vel er hægt að hlæja að henni, fullt af krúttlegum atriðum og Meryl Streep er æði.

# Góð gamanmynd

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Prime fjallar um Rafi, konu á fertugsaldri sem fellur fyrir gæja sem er rétt skriðinn yfir tvítugt. Rafi er nýskilin og ráðfærir sig við sálfræðinginn og saman ákveða þær að það rétta fyrir Rafi sé að njóta lífsins og hafa engar áhyggjur af aldursmuninum. Að sjálfsögðu eru ýmsar lygar og flækjur í sögunni svona til að gera myndina aðeins skondnari. Sálfræðingurinn reynist ekki ókunnug gæjanum og allt fer í voll.

Ég bjóst nú ekki við miklu enda nýkomin af ógeðismyndinni Failure to Launch og nánast búin að missa trú á að ég myndi sjá góða nýja grínmynd það sem eftir var ævinnar. Þessi mynd fellur reyndar í þann leiðigjarna flokk „stelpumynd“ og virðast myndir af því tagi fara versnandi með hverju árinu sem líður. Með þetta allt til hliðsjónar voru væntingar mínar mjög litlar en ég hafði bara frekar gaman af myndinni. Fíflaskap var haldið í lágmarki og lítið sem ekkert var um dýragrín. Þegar kom að spaugilegu atriði var það alltaf furðuvel heppnað og nánast það raunverulegt að það gæti gerst í okkar daglega lífi.

Leikararnir komast allir vel frá sínu. Uma Thurman og hinn ungi Bryan Greenberg voru góð saman en stjarna myndarinnar var að sjálfsögðu hin dásamlega Meryl Streep. Líklega hefði myndin verið mun verri ef hún hefði ekki verið í einu aðalhlutverkinu. Á heildina litið er þetta hin fínasta rómantísk gamanmynd. Engin Bridget Jones svosum eða When Harry Met Sally en í rauninni mjög góð bara miðað við allt draslið sem lekur út úr Hollywood-klefanum þessa dagana.

**Borghildur Gunnarsdóttir**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ







**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 og 6 |
| PRIME | kl. 8 og 10.30 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 4, 6 og 8 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 og 6 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 6, 8 og 10 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 6 |
| PRIME | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| INSIDE MAN | kl. 8 og 10.25 B.I. 16 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI | kl. 6 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSL. TALI | kl. 6 |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 8 SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 10 B.I. 16 ÁRA SÍÐUSTU SÝN. |

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Nicole Kidman og fyrrverandi eiginmaður hennar Tom Cruise keppast um forsíður slúðurblaðanna vegna væntanlegs brúðkaups hjá þeim báðum. Samkvæmt heimildum The Sun ætlar Nicole að giftast kántrísöngvaranum Keith Urban í Sidney þann 25. júní en Tom og unnusta hans, Katie Holmes, ætla að ganga í það heilaga 1. júlí. Cruise og Kidman voru lengi vel eitt traustasta hjónabandið í Hollywood en skildu öllum að óvörum eftir áratuga sambúð. Forvitnilegt verður því að fylgjast með hvernig til tekst hjá þeim í þetta skiptið en Cruise eignaðist sem kunnugt er sitt fyrsta barn á dögunum.



Slúðurblöðin hafa mikið velt fyrir sér barneignum Britney Spears upp á síðkastið. Samkvæmt The Sun er hún komin fimm mánuði á leið og á því von á sér í ágúst. Yrði þetta annað barn Spears og eiginmanns hennar Kevin Federline en hann á tvö börn af fyrra hjónabandi. Hjónin hafa verið skotspónn fjölmiðla að undanförnu enda hefur mikið gengið á í uppeldi Prestons og þykja skötuhjúin standa sig frekar illa í stykkinu.



Stjarna Aðþrengdu eiginkvennanna eða Desperate Housewifes, Eva Longoria, sýnir á sér fremur villta hlið í nýrri Pepsi auglýsingu. Eva, sem er af mörgum talin ein fallegasta kona heims, sést dansa um götur New York borgar í regnstormi en athæfi hennar veldur að sjálfsögðu miklu umferðaröngþveiti í stóra eplinu. Pepsi hefur yfirleitt fengið fræga einstaklinga til að auglýsa vöru sína og eru fyrirrennarar Longoriu til dæmis knattspyrnuhetjan David Beckham og söngkonan Beyoncé Knowles.



Leikarinn knái Johnny Depp höfðaði mál á hendur bæjarfélags í Hollywood-sýslu vegna fyrirhugaðra áætlana þess um byggingu auglýsingaskilta, búða og veitingastaða meðfram strandlengjunni þar sem hús hans liggur. Skiltin áttu að skyggja á útsýni Depps og fjölskyldu hans. Málinu var vísað frá í undirétti og hafa lögfræðingar Depps áfrýjað en neita að tjá sig um málavexti að svo stöddu.









**ABBA** Hljómsveitin ABBA hefur selt 370 milljónir platna í gegnum árin.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Björn sakaður um milljóna skattsvik

Björn Ulvaeus, fyrrum meðlimur sænsku hljómsveitarinnar ABBA, hefur verið sakaður um skattsvik.

Sænsk stjörnvöld krefjast þess að hann borgi skatt af tæpum 1,2 milljörðum króna sem hann hefur fengið fyrir stefgjöld laga sinna og vinsæla ABBA-söngleiki.

Lögfræðingur Björns segir að skattayfirvöld skilji einfaldlega ekki skattafyrirkomulag skjólstæðings síns og því þurfi hann tíma til að útskýra það fyrir þeim.

Björn samdi gríðarlega vinsæl lög fyrir ABBA ásamt Benny Andersson, þar á meðal Waterloo og Dancing Queen. Hefur ABBA selt 370 milljónir hljómplatna í gegnum árin. Auk þess átti hann þátt í að semja söngleikina Mamma Mia og Chess. Til stendur að Tom Hanks framleiði kvikmynd sem verður byggð á Mamma Mia. Auk þess verða lög ABBA fáanleg á næstunni sem hringitónar í fyrsta sinn. Eiga því tekjur Björns eftir að aukast til muna á næstunni.

# Bandaríkin tilbúin

United 93 hefur slegið í gegn í Bandaríkjunum en um er að ræða fyrstu Hollywood-myndina sem tekur á hryðjuverkaárásunum þann 11. september. Myndin var næstvinsælasta myndin í Bandaríkjunum um opnunarhelgina en hún fjallar um þá atburði sem áttu sér stað í einni flugvélinni sem rænt var af hryðjuverkamönnunum.

Mörgum þótti erfitt að spá fyrirfram um gengi myndarinnar þar sem hún tekur á svo viðkvæmum atburði og voru ófáir sem höfðu áhyggjur af því að of skammt væri liðið frá atburðunum en svo virðist ekki vera. „Að mínu mati sýna aðsóknartölurnar að Bandaríkjamenn eru tilbúnir fyrir mynd sem þessa,“ sagði Nikki Rocco, forseti dreifingar hjá Universal-kvikmyndafyrirtækinu.



**9/11 2001** Velgengni United 93 kom mörgum á óvart því flestir töldu að of stutt væri liðið frá atburðunum.
FRÉTABLAÐIÐ / MYND: REUTERS








## Rúnar framlengir

Skyttan efnilega Rúnar Kárason hefur framlengt samning sinn við Fram um þrjú ár. Rúnar átti eftirminnilegar innákomur hjá Fram í vetur og þessi 17 ára strákur gæti hæglega náð langt.

**sport**

sport@frettabladid.is

JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON: VALINN BESTI LEIKMAÐUR TÍMABILSINS HJÁ LEICESTER Í TVÍGANG

# *Ég rúllaði þessu bara örugglega upp*

Jóhannes Karl Guðjónsson kveður Leicester með stæl en hann hefur fengið þrenn verðlaun á skömmum tíma. Fyrst var hann valinn leikmaður ársins af stuðningsmönnum liðsins og á lokahófi félagsins var hann svo valinn bestur leikmaður liðsins auk þess sem mark sem hann skoraði var valið það fallegasta á tímabilinu. Jóhannes kom til Leicester sumarið 2004 en hann fer til Hollands í sumar og spilar með Grétari Rafn Steinssyni hjá AZ Alkmaar á næstu leiktíð.

„Ég rúllaði þessu bara upp og vann örugglega. Ég hef bara verið í því að taka við verðlaunum upp á síðkastið. Þetta var alveg frábært og mikill heiður fyrir mig. Sérstaklega í ljósi þess hvernig leikmaður ég er og að vera valinn af leikmönnunum í liðinu er mjög sérstakt. Þetta er líklega mitt besta tímabil á ferlinum,“ sagði Jóhannes við Fréttablaðið í gær en hann var markahæsti maður Leicester með níu mörk, ásamt Iain Hume og Mark De Vries.

Jói Kalli fékk einnig verðlaun fyrir fallegasta mark tímabilsins, sem hann skoraði frá miðlínu gegn Hull. „Ég veit ekkert hvað ég var að hugsa. Ég leit á markmanninn sem var reyndar ekkert svo framarlega og negldi bara. Ég var alveg á miðlínunni og boltinn sveif ekkert hátt heldur þandi bara út netmöskvana. Þetta er líklega mitt uppáhaldsmark þrátt fyrir að eina mark mitt með landsliðinu, gegn Norðmönnum lengst utan af kanti, sé mér ofarlega í huga líka,“ sagði Jóhannes.



„Það er sama hvar á vellinum ég er, það öskra alltaf allir á mig að skjóta, leikmenn og stuðningsmenn. Stjórinn reynir kannski að draga aðeins úr því,“ sagði Jóhannes á léttu nótunum að lokum og kvaðst vera spenntur fyrir för sinni til AZ Alkmaar eftir gott sumarfrí heima á Íslandi.

## > Garcia er ristarbrotinn

Óvíst er hvort landsliðsmaðurinn Jaliesky Garcia Padron geti leikið með gegn Svíum í umspilsleikjunum um laust sæti á Heimsmeistaramótinu í Þýskalandi. Garcia ristarbrotnaði í leik með liði sínu Göppingen gegn Kronou/Östringen á þriðjudagskvöld, en hann skoraði tvö mörk í leiknum áður en hann þurfti að fara sárþjáður af velli. Hann missir af síðustu sex leikjum Göppingen og er mjög tæpur fyrir Svíaleikina, 10. júní í Svíþjóð og þann síðari 17. júní. Landsliðið er þó ekki á flæðiskeri statt með skyttu vinstra megin á vellinum en Logi Geirsson hefur spilað eins og engill með liði sínu Lemgo að undanförnu.





**NÁNIR FEGÐAR** Earl og Tiger voru alltaf mjög nánir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Woods-fjölskyldan í sárum:

## Faðir Tigers látinn

**GOLF** Earl Woods, faðir besta kylfings heims, Tigers Woods, er látinn 74 ára að aldri. Earl greindist með krabbamein í blöðruhálskirtli árið 1998 en vann bug á meininu. Hann greindist síðan aftur árið 2004 og þá var ekkert við ráðið.

„Faðir minn var besti vinur minn og helsta fyrirmynd. Ég á eftir að sakna hans sárlega,“ sagði Tiger á heimasíðu sinni en hann tók sér nýlega frí frá golfiðkun til að eyða tíma með föður sínum á dánarbeðnum. - hbg

# Norskur auðkýfingur vill kaupa Stoke

**Öystein Stray Spetalen, einn ríkasti maður Noregs, hefur snúið sér að Íslendingafélaginu Stoke City eftir að hafa mistekist að kaupa ráðandi hlut í Liverpool. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leiðir hann hóp norskra fjárfesta sem eiga í viðræðum við íslensku eigendurna um hugsanlega yfirtöku á Stoke City.**

**FÓTBOLTI** Norskur auðkýfingur að nafni Öystein Stray Spetalen hefur snúið athygli sinni að Íslendingafélaginu Stoke City eftir að honum mistókst að kaupa ráðandi hlut í Liverpool fyrir skemmstu.



**ÖYSTEIN STRAY SPETALEN**

Eins og kunnugt er hefur Stoke City, í meirihlutaeigu Stoke Holding þar sem Magnús Kristinsson er sitjandi stjórnarformaður, verið til sölu í nokkurn tíma og sagði Gunnar Þór Gíslason, stjórnarformaður Stoke City, við Fréttablaðið fyrr í vikunni að þreyta væri komin í mannskapinn eftir sjö ára starf. Staðfest hefur verið að íslensku fjárfestarnir séu í viðræðum við Peter Coates, enskan auðkýfing og stjórnarmann í Stoke, en þó þegar hefur að minnsta kosti einu tilboði frá honum verið hafnað.



**BRITANNIA-VÖLLURINN** Gæti orðið eign Norðmanna á næstu leiktíð. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Gunnar Þór staðfesti við Fréttablaðið í gær að íslensku fjárfestarnir ættu einnig í viðræðum við fjárfestingarhóp frá Noregi en hann vildi ekki tjá sig um hvort umræddur Spetalen væri forsprakki þeirra. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Spetalen í þessum hópi norsku fjárfestanna, en hann hefur um nokkurt skeið verið að leita sér að áhugaverðu félagi í Englandi til að fjárfesta í og sér Stoke góðan kost í því sambandi, enda hefur félagið verið á uppleið síðustu ár og er auk þess til sölu.

Spetalen þessi er einn af ríkustu mönnum Noregs og eru eignir hans metnar á 20-25 milljarða íslenskra króna. Hann er aðaleigandi Choice-hótelkeðjunnar í Noregi, þeirrar langstærstu sinnar tegundar þar í landi, og hefur átt stóran þátt í uppbyggingu ferðaiðnaðarins í Noregi síðustu ár.

Spetalen er mikill knattspyrnuáhugamaður og í Noregi hefur hann verið nefndur „litli Abramovich“. Þá er hann er aðaleigandi norsku meistaranna í Valeranga og hefur lagt mikið fjármagn í félagið. Eins og áður segir átti hann í viðræðum við Liverpool í lok síðasta mánaðar en eftir því sem norskir fjölmiðlar halda fram var það tregða forráðamanna Liverpool að selja honum ráðandi hlut í félaginu sem olli því að hann ákvað að snúa sér að Stoke. - vig

## | 7. SÆTI | GRINDAVÍK

FRÉTTABLAÐIÐ SÝN besta sætið

LANDSBANKADEILDIN 2006

### LEIKMANNAHÓPURINN

**MARKMENN**
Helgi Már Helgason
Hjörtur Pálsson

**VARNARMENN**
Óðinn Árnason
Óli Stefán Flóventsson
Kristján Valdimarsson
Andri Hjörvar Albertsson
Sinisa Valdimar Kekic
Guðmundur Andri Bjarnason
Bogi Rafn Einarsson

**MIÐJUMENN**
Emil Daði Símonarson
Paul McShane
Eysteinn Húni Hauksson
Alexander Veigar Þórarinsson
Jóhann Helgason
Leifur Guðjónsson
Ray Anthony Jónsson
Eyþór Atli Einarsson
Páll Guðmundsson
Andri Steinn Birgisson
Michael J. Jónsson

**SÓKNARMENN**
Mounir Ahandour
Jóhann Þórhallsson
Orri Freyr Hjaltalín
Óskar Örn Hauksson

**KOMNIR:** Jóhann Helgason (frá KA), Jóhann Þórhallsson (frá KA), Kristján Valdimarsson (frá Fylki), Andri Steinn Birgisson (frá Víkingi R.)

**FARNIR:** Boban Savic, Mathias Jack, Michael Zeyer, Robert Niestroj, Magnús Sverrir Þorsteinsson (í Keflavík).

### ÞJÁLFARINN

**Sigurður Jónsson**

Tók við liði Grindavíkur í haust eftir að hafa komið Víkingum upp í annað sinn á þremur árum. Lið hans eru þekkt fyrir að spila agaðan varnarleik og á því þurfa Grindvíkingar svo sannarlega að halda.

# Keli er eins og bestu vín

**Fréttablaðið og Sýn spá Grindavík 7. sæti í Landsbankadeildinni í sumar. Óli Stefán Flóventsson segir þær breytingar sem hafa átt sér stað af hinu góða.**

**SPÁIN**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | ? | |
| 2 | ? | |
| 3 | ? | |
| 4 | ? | |
| 5 | ? | |
| 6 | ? | |
| 7 | Grindavík | 46 |
| 8 | Víkingur | 41 |
| 9-10 | Breiðab. | 32 |
| 9-10 | ÍBV | 32 |

**LANDSBANKADEILDIN** „Það er töluvert um breytingar hjá okkur en þær eru allar mjög jákvæðar. Við höfum fengið inn sterka leikmenn auk þess sem Orri og Ray snúa aftur eftir að hafa misst af öllu tímabilinu í fyrra,“ segir Óli en Sigurður Jónsson er tekinn við liðinu sem var í fallbaráttu fram á síðustu sekúndu í fyrra.

„Vissulega ætlum við ekki að vera þar. Nú erum við með öðruvísi áherslur með nýju þjálfarateymi. Sigurður er tekinn við, Magni Fannberg er einn efnilegasti þjálfari landsins og Milan Stefán Jankovic sér um séræfingar og slíkt. Saman mynda þeir einn fullkominn þjálfara,“ sagði Óli en varnarleikur liðsins í fyrra var á tímum til skammar.



**ÁFRAM Í EFSTU DEILD** Grindvíkingar fögnuðu gríðarlega á síðasta sumri þegar þeir tryggðu sér áframhaldandi veru í Landsbankadeild karla.

„Varnarleikur liðsins í fyrra var okkar helsti veikleiki. Siggi er þekktur nagli og er að vinna í því að binda þetta saman, vörnin er á uppleið,“ sagði Óli en liðið fékk á sig 41 mark í átján leikjum í fyrra, rúmlega tvö mörk að meðaltali í leik.

Lykilmaður liðsins er án efa Sinisa Kekic, sem er ekkert að slá af þrátt fyrir að nálgast fertugsaldurinn. „Keli er ekkert á þeim buxunum að slaka á. Hann er eins og vínin, verður bara betri með aldrinum. Hann er ekki bara feikilega öflugur leikmaður heldur er hann mikilvægur fyrir allan hópinn. Að hafa hann í liðinu gerir aðra betri og það má segja að hann sé pabbinn í hópnum. Eða höfum það afinn í hópnum,“ sagði Óli Stefán að lokum. - hþh

### LYKILMAÐURINN

**Sinisa Kekic**



Mikil ábyrgð er á herðum þessa heiðursmanns sem hefur átt langstærstan þátt í því að halda Grindavíkurliðinu uppi í efstu deild öll þessi ár. Orðinn 36 ára gamall en þarf nauðsynlega að vera í góðu formi ef Grindavík á ekki að vera á sömu slóðum og í fyrra – í basli á botninum.

### FYLGSTU MEÐ....

**Jóhanni Þórhallssyni**

Mikil markamaskína í neðri deildunum en á enn eftir að sanna sig almennilega sem úrvalsdeildarleikmaður. Hefur vissulega hæfileikana og spurning hvort hann blómstri í sumar.

**Sóknin:**
Hefur fengið Jóhann Þórhallsson, markahæsta leikmann 1. deildar í fyrra, sem þarf að sanna sig í efstu deild. Kæmi ekki á óvart ef Sinisa Kekic færi í framlínuna.

**Vörnin:**
Vörn liðsins í fyrra var slök en Sigurður Jónsson gæti hafa gert bragarbót á því. Ef Kekic verður í vörninni ætti hana ekki að skorta öryggi en annars er illt í efni.




*Líklegt byrjunarlið 4-4-2*

**Miðjan:**
Grindavík hélt boltanum vel innan liðsins í fyrra en miðjan þarf að hjálpa vörninni meira. Mikið mun mæða á Óla Stefáni sem þarf að binda liðið saman.

**Markið:**
Langveikasti hlekkur liðsins. Nauðsyn að fá sér nýjan markmann ef aftasta staða vallarins á ekki að vera sú allra slakasta í sumar. Vandræðastaða undanfarin ár og Helgi verið slakur í vetur.

**Bekkurinn:**
Er með nokkuð sterkan varamannabekk sem gæti komið liðinu til góða í sumar. Sterkir leikmenn þar gætu gert gæfumuninn fyrir Grindavík.



**THEODÓR ELMAR** Hefur vakið verðskuldaða athygli með Celtic í Skotlandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Theodór Elmar Bjarnason:

## Hrósað í hástert í Skotlandi

**FÓTBOLTI** Willie McStay, stjóri U-19 ára liðs Celtic, telur að Theodór Elmar Bjarnason eigi bjarta framtíð hjá Skotlandsmeisturunum. McStay sagði í viðtali í gær að hann teldi þrjá leikmenn sérstaklega frambærilega í unglingaliðunum, og nefndi þar Theodór Elmar.

„Teddy Bjarnason, Charlie Grant og Simon Ferry voru allir frábærir á tímabilinu. Þeir eru þeir þrír sem munu skilja við unglingaflokkinn og verða að stjörnum hjá Celtic. Kannski þurfa þeir að fara að láni til að öðlast reynslu fyrst,“ sagði McStay.

Theodór Elmar hefur vakið mikla athygli og varð meðal annars meistari með U19 ára liði Celtic.

**- hþh**




**GOÐSÖGN** Fowler er í miklum metum á meðal stuðningsmanna Liverpool.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Robbie Fowler er vongóður:

## Vonandi hef ég gert nóg

**FÓTBOLTI** Robbie Fowler vonar að hann hafi ekki spilað sinn síðasta leik á Anfield fyrir Liverpool. Fowler var hylltur sérstaklega af áhangendum liðsins eftir síðasta heimaleik Evrópumeistaranna á laugardaginn, í 3-1 sigri á Aston Villa. Framtíð Fowlers er enn í óvissu en samningur hans rennur út í sumar.

„Þetta var frábært augnablik en vonandi voru stuðningsmennirnir ekki að kveðja mig fyrir fullt og allt. Ég hef ekki heyrt neitt enn um nýjan samning en mér finnst ég eiga nóg eftir. Það hefur meira að segja komið mér á óvart hversu mikið ég hef styrkt mig eftir því sem liðið hefur á tímabilið,“ sagði Fowler.

„Ég þekki líkama minn, ég verð sá fyrsti til að vita hvenær ég er búinn á því. Mér líður frábærlega núna og ég vona að ég hafi ekki spilað minn síðasta leik á Anfield,“ sagði Robbie Fowler.

**- hþh**

allt
atvinna
Alla sunnudaga

Eiður Smári Guðjohnsen sagður vera í uppáhaldi hjá Alex Ferguson, stjóra Manchester United:

# Eiður Smári orðaður við Man. Utd

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen gæti orðið fýsilegur kostur fyrir Alex Ferguson, knattspyrnustjóra Manchester United, til að leysa af Ruud van Nistelrooy, fari svo að hann ákveði að selja hollenska sóknarmanninn frá félaginu í sumar. Þessu eru haldið fram í blaðinu Manchester Evening News í dag.

Sem kunnugt er áttu Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs, og Peter Kenyon, stjórnarformaður Chelsea, fund í London í fyrradag þar sem staða Eiðs hjá félaginu var til umræðu. Enn er ekki ljóst hver niðurstaðan verður en þó er ljóst að Eiður er ekki alveg út úr myndinni hjá Mourinho þar sem hann spilaði allan leikinn í tapi Chelsea gegn Blackburn í fyrradag.

Í grein blaðsins er því haldið fram að Ferguson sé mikill aðdáandi Eiðs Smára og að það sem hann hafi fram yfir aðra leikmenn sem orðaðir hafa við Man. Utd að undanförnu sé fyrst og fremst fjölhæfni hans sem sóknarmanns, auk þess sem í Eiði Smára fengi hann leikmann sem væri vel aðlagaður enskri knattspyrnu. Ferguson er sagður vera í leit að sóknarsinnuðum miðjumanni og þar sem Eiður væri búinn að sanna sig í þeirri stöðu hjá Chelsea gæti hann orðið fýsilegur kostur fyrir Man. Utd.

Þá segir í blaðinu að Eiður Smári hafi sjálfur mikinn áhuga á að fara til Man. Utd þar sem tækifæri hans hjá Chelsea hafi verið af skornum skammti í vetur. Rætt er um að hugsanlegt kaupverð gæti orðið í kringum fjórar milljónir punda en að félagið muni mæta harðri samkeppni frá Tottenham fari svo að Eiður verði falur, þar sem Martin Jol, stjóri liðsins, sé einnig mikill aðdáandi Eiðs Smára.



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** Spilaði allan leikinn fyrir Chelsea gegn Blackburn í fyrradag, en það var hans fyrsti leikur fyrir liðið í rúman mánuð. Hann er sagður undir smásjá Alex Ferguson, stjóra Man. Utd.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**Á FÖRUM?** Ruud van Nistelrooy hefur þurft að verma varamannabekkinn hjá Man. Utd að undanförnu og er jafnvel sagður á förum frá félaginu í sumar. Eiður Smári yrði góður eftirmaður hans að því er Manchester Evening News heldur fram.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

# Sögulegur dagur í Ciudad Real

Sunnudagurinn 30. apríl 2006 rennur íbúum Ciudad Real seint úr minni en þá tryggði handboltalið borgarinnar sér sigur í Meistaradeildinni í fyrsta skipti. Ólafur Stefánsson fór á kostum í liði Ciudad Real og átti stóran þátt í sigrinum. *Henry Birgir Gunnarsson* íþróttafréttamaður og *Vilhelm Gunnarsson* ljósmyndari voru á staðnum og fengu stórkostlega stemningu beint í æð. Upplifun þeirra birtist hér í máli og myndum.




**MATUR FYRIR ALLA** Dagurinn byrjaði í gleðskap á, og fyrir utan, veitingahúsi sem er í eigu línumannsins Rolando Urios. Þar var frír bjór og matur fyrir alla. Þurfti enga smá potta í eldamennskuna en boðið var upp á pylsur og brauð í ólífuolíu.




**OLE, OLE, OLE, OLE...** Stuðningsmenn Ciudad kyrjuðu söngva um Ólaf Stefánsson fyrir Íslendingana. Ólafur er í miklum metum hjá stuðningsmönnum liðsins.




**LEIÐTOGAR Á HLIÐARLÍNUNNI** Talant Dujshebaev þjálfari skipar hér fyrir á meðan Ólafur hvetur sína menn áfram. Áberandi var hversu mikið Ólafur skipti sér af leikskipulaginu en hann var sífellt að kalla félaga sína á eintal og segja þeim til líkt og hann væri þjálfari liðsins. Félögum hans líkaði ekki illa við ráðleggingarnar.




**ALLAR BJARGIR BANNAÐAR** Ciudad spilaði stórkostlega vörn í leiknum og þessi mynd er táknræn fyrir leikinn. Besti handboltamaður heims, Ivano Balic, kemst hvorki lönd né strönd en hann skoraði aðeins eitt mark í leiknum.




**SJÓÐHEITUR** Ólafur kom af bekknum eftir fimmtán mínútna leik. Hann var fljótur að láta að sér kveða og skoraði þrjú mörk í fyrri hálfleik og fjögur í þeim síðari. Hann skorar hér eitt af þessum sjö mörkum.




**BIKARINN Á LOFT** Javier Hombrados, fyrirliði Ciudad, lyftir hér bikarnum eftirsótta hátt á loft og Norðmaðurinn Tor Lian, forseti EHF, fylgir honum upp alla leið.




**EINBEITTUR** Ólafur var geysilega vel stemmdur og fagnaði öllum sínum mörkum gríðarlega. „Ef maður er ekki vel stemmdur fyrir úrslit í „champara“ þá er eitthvað að,“ sagði Ólafur við blaðamann eftir leikinn.




**HÆ KRAKKAR** Ólafur hljóp beint í átt til fjölskyldu sinnar eftir leikinn sem fagnaði innilega með honum.




**LOKSINS, LOKSINS** Ólafur fagnaði vel með Mirza Dzomba og Claus Jacobssen þegar bikarinn fór á loft. Dzomba, í miðið, hafði tapað fimm sinnum í úrslitum og felldi tár eftir leik.







**HRÓKUR ALLS FAGNAÐAR** Ólafur var aðalmaðurinn í fagnaðarlátunum. Á vinstri myndinni leiðir hann kongadans og á hægri myndinni er hann búinn að telja í hinn fræga „Vélsagardans“ og reynir að kveikja á söginni. Skömmu síðar iðaði hann út um allt gólf.




**EINMANA EVRÓPUMEISTARI** Þegar höllin var tóm og búið að slökkva flest ljósin birtist Ólafur óvænt út á völlinn með kampavínsflösku. Þar átti hann rólega stund með sjálfum sér. Síðan tók hann upp símann og er ekki ólíklegt að hann hafi hringt í foreldra sína. Var skrítið að sjá Ólaf sitja einn í kyrrðinni þar sem hann reyndi að átta sig á því hvað hafði gerst skömmu áður. Við ákváðum að trufla hann ekki.

Lítið er fjallað um annað í Englandi þessa dagana en heilsu Waynes Rooney:

# Þarf á kraftaverki að halda

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney er brotinn á fleiri en einum stað á ristinni og þarf á kraftaverki að halda til að spila á HM, samkvæmt Sven Göran-Eriksson. Þetta kom í ljós eftir aðra myndatöku í gær en Rooney meiddist fyrir rúmri viku. „Ég útiloka hann ekki fyrr en læknarnir staðfesta annað,“ sagði Eriksson.

„Ég er í góðum höndum og það er ekki hægt að gera neitt nema vera jákvæður. Ég er miður mín, þetta er skelfilegt, en ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að ná HM,“ sagði Rooney.

Hvað Sven Göran-Eriksson gerir ef Rooney spilar ekki er eitt heitasta umræðuefnið í Englandi í dag. Peter Crouch gæti spilað frammi með Michael Owen en flestir telja líklegra að Steven Gerrard eða Joe Cole spili fyrir aftan Owen, með fjögurra manna miðju fyrir aftan sig. Ledley King eða Michael Carrich, dúettinn úr Tottenham, eru taldir líklegir til að spila í stöðu sitjandi miðjumanns. Annar möguleiki er að David Beckham fari á miðjuna og Shaun-Wright Phillips spili á kantinum.

Tord Grip, hægri hönd Erikssons, viðurkennir að verið sé að undirbúa liðið fyrir verstu mögulegu stöðu sem gæti komið upp. „Við erum að vinna að varaáætlun. Hvernig hún lítur út endanlega hef ég ekki hugmynd um á þessum tímapunkti. Við erum bjartsýnir á að Michael Owen muni spila en þetta lítur ekki vel út fyrir Wayne,“ sagði Grip en Owen er óðum að ná sér eftir sams konar brot og Rooney varð fyrir.

„Augljóslega er það mjög alvarlegt þegar aðalframherjar liðsins eru meiddir. Við vitum meira síðar í vikunni eftir að læknirinn okkar hefur skoðað þá,“ bætti Grip við en enski landsliðshópurinn yrði tilkynntur þann 15. maí. Rooney verður valinn í þann hóp en hægt er að skipta mönnum út þar til daginn fyrir mótið. **- hþh**



**Á HÆKJUM** Það er ekki uppörvandi að horfa á Rooney, röltandi um á hækjum og með gifs á hægri fæti.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**SHEVCHENKO** Hefur ekki fagnað sínu síðasta marki fyrir AC Milan.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Andriy Shevchenko:

# Hef ekki áhuga á Chelsea

**FÓTBOLTI** Enn og aftur þarf Úkraínumaðurinn Andriy Shevchenko að koma opinberlega fram í fjölmiðlum og ítreka að hann hafi engan áhuga á að fara til Chelsea. Orðrómurinn hefur farið sem eldur í sinu á Ítalíu en þetta er í þriðja sinn sem hann neitar því að hafa áhuga á Englandsmeisturunum.

„Það er draumur minn að vera áfram hér hjá AC Milan. Ég er í skýjunum með lífið hér á Ítalíu og vil ekki fyrir nokkra muni yfirgefa liðið mitt. Á hverju ári koma fréttir um að Chelsea vilji kaupa mig, en ég fer ekki frá AC Milan fyrr en liðið setur mig sjálft á sölulista,“ sagði Shevchenko.

Talið er líklegt að Chelsea bæti við sig sóknarmanni í sumar en Adriano, leikmaður Inter Milan, hefur verið sterklega orðaður við liðið að undanförnu. **- hþh**



**LEIKMENN TOTTENHAM** Gætu þurft að fagna í UEFA-keppninni í stað Meistaradeildarinnar á næstu leiktíð.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Knattspyrnusamband Evrópu:

# England fær ekki aukasæti

**FOTBOLTI** UEFA hefur gefið það út að England fái ekki aukasæti í Meistaradeildinni líkt og á síðustu leiktíð. Liverpool varð þá Evrópumeistari lenti í fimmta sæti deildarinnar, en fékk þátttökurétt í undankeppninni sem meistarar. Sama er uppi á pallborðinu núna. Arsenal er komið í úrslitin, þar sem félagið mætir Barcelona, en það nær líklega ekki fjórða sætinu af grönnum sínum í Tottenham.

Ef Arsenal vinnur keppnina, fer félagið aftur í Meistaradeildina, og það á kostnað Tottenham. „Því miður verð ég að segja Tottenham að við eigum engra annarra kosta völ. Í þetta skipti erum við tilbúnir og reglur UEFA munu standa,“ sagði Lars-Christer Olsson, framkvæmdastjóri UEFA í gær.

„Vissulega er þetta erfið ákvörðun og Tottenham-mönnum munu finnast þeir vera sviknir ef þeir fá ekki sætið. England mun samt sem áður aðeins fá fjögur sæti og Arsenal verður boðin þátttaka ef félagið verður Evrópumeistari,“ bætti Olsson við. **- hþh**



# Fínir bílar




**BMW X3 3.0i**
Nýskr. 11.2004, 3000 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 18 þ.
Frábært eintak.




**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr. 08.2003, 2700cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 40 þ.




**HYUNDAI TERRACAN**
Nýskr. 04.2002, 3500 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 79 þ.




**Chrysler Crossfire**
Nýskr. 12.2004, 3200 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 9 þ.




**RENAULT MEGANE II**
Nýskr. 06.2005, 1600cc.
3 dyra, bsk., ekinn 12 þ.




**TOYOTA COROLLA**
Nýskr. 11.2004, 1600 cc.
5 dyra, sjsk., ekinn 29 þ.

bílaland B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18 og lau 12-16

575 1230


# Við ætlum okkur í úrslit

**Fylkismenn sýndu gríðarlegan karakter með því að leggja nýkrýnda Íslandsmeistara Fram af velli í fyrsta leik liðanna í Deildarbikarnum í Safamýrinni í gær. Leikmenn Fylkis eru staðráðnir í að vinna keppnina.**

**HANDBOLTI** Það var fyrst og fremst frábær varnarleikur í síðari hálfleik sem lagði grunninn að sanngjörnum sigri Fylkis í Safamýrinni í gær. Þegar um 15 mínútur voru til leiksloka skellti vörnin í lás, Hlynur Morthens fór í gang og það sem eftir lifði leiks skoruðu Fylkismenn tíu mörk gegn fimm mörkum heimamanna og tryggðu sér verðskuldaðan þriggja marka sigur, 32-35.

„Ég var ekki ánægður með mig eða vörnina í fyrri hálfleik og við vorum staðráðnir í að þétta hana í síðari hálfleik. Það gerðum við og því fór sem fór,“ sagði Hlynur við Fréttablaðið í leikslok, en hans þáttur vó þungt á lokamínútunum. „Við ætluðum okkur alltaf að vinna þennan leik og ég hef trú á við klárum dæmið í Árbænum á föstudaginn. Við ætlum okkur í úrslit,“ bætti Hlynur við.

Staðan var jöfn í hálfleik í gær, 19-19, og eins og tölurnar bera með sér var afar lítið um varnir hjá báðum liðum í fyrri hálfleiknum. Leikurinn var hins vegar gríðarlega skemmtilegur á að horfa, jafnt var á nánast öllum tölum og buðu bæði lið upp á magnaðan sóknarleik.

Framarar voru sérstaklega værukærir í varnarleiknum og nýttu leikmenn Fylkis sér það til hins ýtrasta, þá sér í lagi fyrirliðinn Heimir Örn Árnason, sem refsaði fyrir sofandaháttinn með hröðum miðjum sem nokkrum sinnum skiluðu marki. Heimir fann sig afar vel í Safamýrinni í gær og var allt í öllu í sóknarleik Fylkis, einkum í fyrri hálfleik, en eins áttu leikmennirnir á hægri vængnum, Arnar Jón Agnarsson og Ásbjörn Stefánsson, fína spretti.

Greinilegt var að þjálfarar beggja liða höfðu sagt lærisveinum sínum að herða sig í vörninni í síðari hálfleik. Sú varð raunin en hún fólst einkum í aukinni hörku hjá báðum liðum og leystist leikurinn upp í að verða hreinlega grófur á köflum. Litlu munaði að upp úr syði, dómararnir misstu algjörlega tökin á leiknum og um leið var skemmtilegi handboltinn sem boðið var upp á í fyrri hálfleik á bak og burt.



**RÚNAR KÁRASON** Átti ágæta innkomu í lið Fram í leiknum í gær og skoraði þrjú mörk.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fylkismenn höfðu byrjað með látum og skorað fyrstu þrjú mörk síðari hálfleiks en síðan tóku leikmenn liðsins upp á því að láta reka sig út af í gríð og erg. Framarar nýttu sér það til að vinna sig aftur inn í leikinn og höfðu þeir frumkvæðið megnið af síðari hálfleik þó að leikurinn hafi áfram verið æsispennandi.

Fylkismenn neituðu að gefast upp og þegar átta mínútur voru til leiksloka náði þeir forystunni á ný, 30-29 og síðan 34-32 þegar ein mínúta var eftir. Framarar reyndu hvað þeir gátu til að jafna metin en þess í stað stálu Fylkismenn boltanum og skoruðu síðasta mark leiksins.

Eins og áður segir fór Hlynur í gang svo um munaði á þessum tíma en hann varði sex skot á síðustu 10 mínútum leiksins, þar af tvö vítaskot. „Um leið og vörnin fór að smella fór ég að finna mig. Þannig er bara handboltinn,“ sagði Hlynur eftir leikinn. **- vig**

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Deildarbikar karla:*

FRAM-FYLKIR 32-35 (19-19)

**Mörk Fram:** Guðjón Finnur Drengsson 9/5, Haraldur Þorvarðarson 8, Þorri Björn Gunnarsson 4, Sergey Serenko 4, Rúnar Kárason 3, Björgvin Björgvinsson 1, Sigfús Sigfússon 1, Jóhann Gunnar Einarsson 1.

**Varin skot:** Egidijus Petkevicius 11/4, Magnús Erlendsson 1.

**Mörk Fylkis:** Arnar Sæþórsson 8/4, Arnar Jón Agnarsson 7, Ásbjörn Stefánsson 7, Heimir Örn Árnason 5/1, Ingólfur Axelsson 4, Brynjar Hreinsson 2, Hreinn Hauksson 1, Eymar Kruger 1.

**Varin skot:** Hlynur Morthens 12/3.

HAUKAR-VALUR 24-28 (8-12)

**Mörk Hauka:** Halldor Ingólfsson 4/1, Jón Karl Björnsson 4/2, Gísli Jón Þorisson 4, Kári Kristjánsson 3, Freyr Brynjarsson 2, Andri Stefan 2, Arnar Pétursson 2, Árni Sigtryggsson 2.

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 18/1.

**Mörk Vals:** Mohamadi Loutoufi 9, Fannar Friðgeirsson 6/3, Elvar Friðriksson 5, Hjalti Pálmason 5/1, Ingvar Árnason 1, Ægir Jónsson 1, Kristján Þór Karlsson 1.

**Varin skot:** Pálmar Pétursson 25/1.

### *Enska úrvalsdeildin:*

BOLTON-MIDDLESBROUGH 1-1

0-1 Johnson (47.), 1-1 Te (51.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **37** | **29** | **4** | **4** | **72-21** | **91** |
| MAN. UNITED | 37 | 24 | 8 | 5 | 68-34 | 80 |
| **LIVERPOOL** | **37** | **24** | **7** | **6** | **54-24** | **79** |
| TOTTENHAM | 37 | 18 | 11 | 8 | 52-36 | 65 |
| **ARSENAL** | **36** | **18** | **7** | **11** | **61-28** | **61** |
| BLACKBURN | 37 | 18 | 6 | 13 | 49-42 | 60 |
| **NEWCASTLE** | **37** | **16** | **7** | **14** | **46-42** | **55** |
| BOLTON | 36 | 14 | 10 | 12 | 47-40 | 52 |
| **WEST HAM** | **37** | **15** | **7** | **15** | **50-54** | **52** |
| WIGAN | 37 | 15 | 6 | 16 | 43-48 | 51 |
| **EVERTON** | **37** | **14** | **7** | **16** | **32-47** | **49** |
| CHARLTON | 37 | 13 | 8 | 16 | 41-51 | 47 |
| **FULHAM** | **36** | **13** | **6** | **17** | **46-56** | **45** |
| MIDDLESBR. | 36 | 12 | 8 | 16 | 47-56 | 44 |
| **MAN. CITY** | **36** | **13** | **4** | **19** | **42-43** | **43** |
| ASTON VILLA | 37 | 9 | 12 | 16 | 40-54 | 39 |
| **PORTSMOUTH** | **37** | **10** | **8** | **19** | **36-59** | **38** |
| BIRMINGHAM | 37 | 8 | 10 | 19 | 28-49 | 34 |
| **WBA** | **37** | **7** | **8** | **22** | **29-56** | **29** |
| SUNDERLAND | 36 | 2 | 6 | 28 | 23-66 | 12 |

### *Ítalski bikarinn:*

ROMA-INTER 1-1

0-1 Cruz (8.), 1-1 Mancini (55.).

### *Spænska úrvalsdeildin:*

CELTA VIG- BARCELONA 0-1

0-1 Samuel Eto´o (55.)

MALLORCA-VALENCIA 2-1

1-0 Arango (9.), 1-1 Angulo (17.), 2-1 Doni (47.).

A. MADRID-OSASUNA 0-1

0-1 Munoz (16.).



**SIGURMARKI FAGNAÐ** Kamerúninn Samuel Eto´o átti fínan leik fyrir Barca í gær og fagnar hér sigurmarki sínu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Úrslitin ráðin í spænska boltanum:

# Barcelona meistari

**FÓTBOLTI** Barcelona tryggði sér í gær spænska meistaratitilinn í knattspyrnu er liðið lagði Celta Vigo, 1-0, en á sama tíma tapaði aðalkeppinautur Barca, Valencia, fyrir Real Mallorca, 2-1, og því er ljóst að ekkert lið getur náð katalónska liðinu sem hefur haft mikla yfirburði í deildinni í vetur og farið á kostum.

Það var vel við hæfi að kamerúnski framherjinn Samuel Eto´o skyldi skora sigurmark Barcelona í leiknum en hann hefur verið sjóðheitur í allan vetur og var þetta 25. mark hans í deildinni.

Nú er spurning hvort Barcelona bæti enn frekar við bikarasafnið í vetur en liðið er í úrslitum Meistaradeildarinnar þar sem það mætir Arsenal í París þann 17. maí næstkomandi. **- hbg**




XB Ertu með?



# Fjölskyldugreiðslur

Greiðslur til foreldra barna 9-18 mánaða

Leysa þarf vanda foreldra 9-18 mánaða barna frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskólinn hefst, með mánaðarlegum 50.000 kr. beingreiðslum. Slíkar greiðslur tryggja aukið val foreldra og börnum aukið öryggi.

www.xbreykjavik.is exbé


U-21 árs landsliðið:

# Markalaust gegn Andorra

**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 árs landsliðið varð að gera sér að góðu eitt stig gegn Andorra er liðin mættust í undankeppni EM í gær ytra. Hvorugu liðinu tókst að skora í leiknum.

Þetta var fyrri viðureign liðanna en seinni leikurinn fer fram á Akranesi 1. júní. Liðið sem hefur betur þá kemst í milliriðil þar sem andstæðingarnir verða Ítalía og Austurríki.

Að því er fram kemur á heimasíðu KSÍ fögnuðu heimamenn vel og innilega í leikslok.

Byrjunarlið Íslands var skipað eftirfarandi leikmönnum: Hrafn Davíðsson, Guðmann Þórisson, Davíð Viðarsson, Ragnar Sigurðsson, Baldur Sigurðsson, Bjarni Viðarsson, Pálmi Rafn Pálmason, Theodór Elmar Bjarnason, Rúrik Gíslason, Matthías Vilhjálmsson og Hjálmar Þórarinsson.



**JÓNAS GRANI GARÐARSSON** Spilar með Fram í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Jónas Grani Garðarsson:

## Genginn til liðs við Fram

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Jónas Grani Garðarsson er farinn frá Íslandsmeisturum FH og gengur í raðir Fram í 1. deildinni. Eins og áður hefur komið fram vildu forráðamenn Fram ekki leyfa Jónasi Grana að fara til annars lið í Landsbankadeildinni, en sjálfur hafði Jónas Grani mestan áhuga á því. Að sögn Brynjars Jóhannessonar, formanns knattspyrnudeildar Fram, greiddi félagið sanngjarnt verð fyrir Jónas Grana sem allir aðilar voru sáttir með. Jónas Grani skrifaði undir samning við Fram sem gildir út þetta ár.

Jónas Grani hefur leikið með FH síðan árið 1998 og er fjórði markahæsti leikmaður félagsins frá upphafi í efstu deild. Alls skoraði hann 23 mörk í efstu deild en níu mörk í 1. deild.

- vig

Valur náði sigri á útivelli gegn Haukum í fyrsta leik liðanna í deildarbikarnum:

# Pálmar lokaði marki Vals

**HANDBOLTI** „Þetta var okkar besti leikur í vetur. Við höfum verið óánægðir með okkur sjálfa eftir jólin en nú kom þetta. Vörnin var góð og Pálmar var stórkostlegur í markinu. Ég er mjög stoltur af honum, hann er klárlega eitt mesta efni sem við eigum og ég vona að hann verði áfram svona,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, eftir að liðið vann 28-24 sigur á Haukum á útivelli í gær. Sigurinn var aldrei í hættu en liðin mætast aftur á föstudag.

„Það má ekki búast við neinu öðru en hörkuleik þá, Haukar hafa frábært lið. Við höfum hins vegar góða blöndu af leikmönnum sem sýndu sitt besta í þessum leik, stórefnilega stráka og svo gamla refi á milli,“ sagði Óskar.

Það er greinilegt að nægur efniviður er til staðar í herbúðum Vals en 2. flokkur félagsins hampaði á sunnudaginn Íslandsmeistaratitlinum í þeim aldursflokki með einmitt sigri á Haukum. Valur stillti upp ungu og ansi spræku liði í gær og vantaði ekki leikgleðina. Hlíðarendapiltar byrjuðu leikinn af miklum krafti og náðu fljótlega þriggja marka forskoti.

Svo hrökk Pálmar Pétursson í gang í markinu og varði hann alls 25 skot í leiknum og á stærstan þátt í þessum sigri. Hann sýndi mögnuð tilþrif en Valur leiddi með fjögurra marka mun 12-8 þegar haldið var til búningsherbergja í hálfleik. Ákveðnina virtist vanta í sóknarleik Hauka og átti liðið ansi mörg ótímabær skot.

Seinni hálfleikur byrjaði á sömu nótum og fyrr en varði voru gestirnir komnir með sex marka forskot og ljóst að á brattann yrði að sækja fyrir Hafnfirðinga á þeirra heimavelli. Þegar seinni hálfleikur var hálfnaður var staðan 14-21 og ekkert sem virtist geta stöðvað Valsmenn. Mohamadi Loutoufi var stórhættulegur og skoraði glæsileg mörk en hann gerði sex af níu mörkum sínum í síðari hálfleik.

„Við vorum einbeittir frá fyrstu mínútu og þegar við erum í þessum gír á ekkert lið möguleika gegn okkur. Við tökum þá síðan sannfærandi í Laugardalshöllinni með stuðningi frá hinni frábæru sambasveit,“ sagði Húsvíkingurinn Pálmar Pétursson, maður leiksins með 25 varin skot fyrir Val. „Ég var með toppvörn fyrir framan mig og þá fylgir markvarslan með.“

- egm



**LOK, LOK OG LÆS OG ALLT Í STÁLI** Húsvíska tröllið Pálmar Pétursson lokaði rammanum á Ásvöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ILLVIÐRÁÐANLEGUR** Wade átti stórleik gegn Chicago í fyrrinótt. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Shaq kallaði á Wade:

## Þurftum á honum að halda

**NBA** Eftir að hafa verið kallaður aftur inn á völlinn af Shaquille O´Neil tók Dwayne Wade til sinna ráða á lokasprettinum í fimmta leik Miami og Chicago í fyrrinótt og tryggði heimamönnum 92-78 sigur. Wade þurfti að fara meiddur af velli eftir ljóta byltu í fyrri hálfleik en var sprautaður með verkjalyfjum, harkaði af sér og átti stórleik eftir að Miami hafði lent í stökustu vandræðum með að slíta Chicago af sér.

„Ég lét þau orð berast inn í búningsherbergið að við þyrftum á honum að halda,“ sagði Shaq og það voru orð að sönnu. Wade skoraði 28 stig og var ómetanlegur fyrir Miami sem leiðir einvígið nú 3-2.

New Jersey náði í 3-2 forystu í einvígi sínu við Indiana og meistarar San Antonio þurfa á öllu sínu að halda þegar liðið vann sigur á Sacramento, 109-98. San Antonio er með 3-2 forystu í einvíginu. Þá tókst LA Lakers ekki að slá Phoenix Suns út en liðið tapaði 114-97 í fimmta leik liðanna í Phoenix.

- hþh







GÓÐAR FRÉTTIR!

NFS – FRÉTTASTOFA Í STÓRSÓKN

NFS hefur sótt í sig veðrið og eykur áhorf sitt á sama tíma og fréttir RÚV dala í áhorfi. Frábær árangur NFS í síðustu könnun Gallup er okkur hvatning til að gera enn betur. Nútímaleg framsetning frétta frá öflugustu fréttastofu landsins er það sem áhorfendur vilja.

NFS

digital ísland vísir VEFTV

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„It's a glow-in-the-dark compass ring. So you don't get lost.“**

**Svar:**
Josh úr Big frá 1988

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINI SIGURÐSSYNI ER GERT LÍFIÐ BÆRILEGT Á MORGNANA**

## *Spennum beltin og hlustum á Magnús*

Ég verð seint sagður morgunhress og færi aldrei snemma á fætur væri það ekki fyrir vinnuna. Ég þoli illa áreiti snemma á morgnana og lítið má út af bera til að kalla fram það versta fram í mér; bollaglamur og hurðaskellir fyrir klukkan níu eru eitur í beinum mínum, svo ekki sé minnst á geltandi hunda í hverfinu. Þá gæti ég drepið með augnaráðinu einu saman. Áður en ég fæ morgunkaffið mitt getur létt klapp á öxlina virkað sem steintröll hafi gripið mig heljartaki og ætli að kremja mig til bana.

Sjálfsagt er eins fyrir mörgum öðrum komið, allavega virðist sem Rás tvö hafi séð ástæðu til að koma til móts við þá morgunfúlu með því að láta Magnús Einarsson tala í hljóðnemann milli klukkan sjö og níu á morgnana á virkum dögum. Magnús gæti eflaust sefað banhungrað tígrísdýr með hunangsmjúkri rödd sinni og gerir stundirnar á morgnana þar til það bráir af mér bærilegar. Þökk sé honum er það alltént ekki kvöð að aka í vinnuna. Nema þegar ég asnast til að skipta yfir á aðra stöð, þá er rétt eins hægt að vera með loftpressu í bílnum (sem segir svo sem lítið um annars ágæta þáttastjórnendur nema að í morgunsárið fara þeir yfir minn óvenjulága sársaukaþröskuld).



**ÚR LÍFSHÁSKA** Þetta fólk ætti að líta af stimpilklukkunni og hlusta á Magnús Einarsson.

Ég er sannfærður um að ef Umferðarstofa kannaði fjölda umferðarslysa og óhappa á þeim tíma sem Magnús hefur stýrt þætti sínum á morgnana samanborið við áður, myndi hún merkja verulega fækkun.

Allt um það. Allur dampur er dottinn úr þáttunum Lífsháski á RÚV sem snúast nú öðru fremur um stimpilklukku sem eyjarskeggjar gæta eins og sjáaldurs augna sinna, því annars gæti... ja, eitthvað gerst. Einhverjir spekingar geta ábyggilega lesið eitthvað djúpt úr þessu, til dæmis vísun í lífsgæðakapphlaup okkar Vesturlandabúa þar sem vinnan er í hávegum höfð í því augnamiði að skaffa okkur aukin þægindi en gerir í sjálfu sér ekki annað en að rýra lífsgæði okkar. Mér finnst þetta bara leiðinlegt.



▶ 21.15 *Spenna*

WITHOUT A TRACE



▶ 22.45 *Drama*

LIFE ON MARS



▶ 21.00 *Spenna*

SMALLVILLE



▶ 21.00 *Gaman*

THE OFFICE – LOKAÞÁTTUR



▶ 20.10 *Umræða*

ÞETTA FÓLK

### SJÓNVARPIÐ

**16.05** Ístölt í Laugardal 2006 **16.35** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar **18.25** Julie (1:4)

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Deildabikarinn í handbolta** Bein útsending frá seinni hálfleik í úrslitakeppni kvenna.
▶ **21.15 Sporlaust (11:23)** (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Aðþrengdar eiginkonur (37:47)** (Desperate Housewives II) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Lífsháski (39:49) **23.55** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2006 (2:4) **0.55** Kastljós **1.50** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Wife and Kids **10.45** Alf **11.10** 3rd Rock From the Sun **11.35** Whose Line Is it Anyway? 3

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Two and a Half Men **13.55** The Sketch Show **14.20** Eldsnöggt með Jóa Fel **14.50** Wife Swap **15.35** Tónlist **16.00** Barney **16.25** Með afa **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir**
**20.05 Meistarinn (19:21)** Fyrri undanúrslitaþátturinn í spurningaþættinum Meistaranum. Fjórir keppendur eru eftir.
**20.50 The Best Man** (Svaramaðurinn) Framhaldsmynd í tveimur hlutum um ástir, tryggð, vinskap og svik.
**22.00 Bones (2:22)** (Bein) Nýr hörkuspennandi bandarískur sakamálaþáttur.
▶ **22.45 Life on Mars (6:8)** (Líf á Mars)(6:8) Sam heyrir ákall móður sinnar frá 2006 og við það áttar hann sig á því sér til mikillar skelfingar að það eigi að leyfa honum að deyja.

**23.40** American Idol **0.20** American Idol **0.40** Sex and Bullets **2.05** Huff (B. börnum) **2.55** The Scream Team **4.20** Bones **5.05** The Simpsons **5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.25 Þrándur bloggar** **19.30 Bernie Mac (4:22)**
**20.00 Friends (22:24)**
**20.30 Splash TV 2006**
**20.55 Þrándur bloggar**
▶ **21.00 Smallville** (Forever) Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur. Hann hefur hlotið veglegt, líkamlegt atgervi í vöggugjöf en hann hefur ekki enn gert sér grein fyrir styrk sínum.
**21.45 X-Files** (Ráðgátur)
**22.30 Extra Time – Footballers' Wive**

**23.00** Þrándur bloggar **23.05** Friends (22:24) (e) **23.30** Splash TV 2006 (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Fyrstu skrefin (e)

**16.10** America's Next Top Model V (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier – 1. þáttaröð**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 Game tíví**
**20.00 Family Guy** Griffin fjölskyldan er stórmerkileg, og ein fyndnasta fjölskylda sjónvarpssögunnar
**20.30 Everybody Hates Chris** Þáttur úr smiðju Chris Rock, sem byggir á hans eigin æsku.
▶ **21.00 The Office – lokaþaþáttur** Strákarnir keppast um hylli Katy sem er nýr starfsmaður á skrifstofunni.
**21.30 Everybody loves Raymond**
**22.00 C.S.I: Miami**
**22.50 Jay Leno** Jay Leno hefur verið kallaður ókrýndur konungur spjallþáttastjórnenda og hefur verið á dagskrá SKJÁSEINS frá upphafi.

**23.35** The L Word (e) **0.30** Frasier – 1. þáttaröð (e) **0.55** Top Gear (e) **1.45** Fasteignasjónvarpið (e) **1.55** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá.

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttir/Veður/Leiðarar dagblaðanna/Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** Fimmfréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

**19.40 Hrafnaþing/Miklabraut**
▶ **20.10 Þetta fólk** (Fréttaljós)Nýr og óvenjulegur spjallþáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur blaðakonu ogheimshornaflakkara. Í þættinum tekur hún fyrir eitt land og freistarþess að veita okkur innsýn í framandi heim. Ekki hefur hún þó sjálf íhyggju að uppfræða okkur ein og óstudd – þótt margfróð sé og velsigld -heldur er meginmarkmiðið að kalla til góða gesti sem hafa þekkingu áviðkomandi landi og geta frætt okkur sem heima sitjum um menningu þessog sögu.
**21.00 Fréttir**
**21.10 60 Minutes**
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjáSigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Eurotrip (Bönnuð börnum) **8.00** Benny and Joon **10.00** Brown Sugar **12.00** The Kid Stays in the Picture **14.00** Benny and Joon **16.00** Brown Sugar **18.00** The Kid Stays in the Picture **20.00 Eurotrip** (Evrópurispa)Bönnuð börnum. **22.00** **Matchstick Men** (Svikahrappar) Þrælfyndin og dramatísk glæpagamanmynd. Bönnuð börnum. **0.00** Full Frontal (Bönnuð börnum) **2.00** The Laramie Project (Bönnuð börnum) **4.00** Matchstick Men (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**11.30** 10 Ways **12.00** E! News **12.30** Style Star **13.00** Beyonce Revealed **15.00** It's So Over: 50 Biggest Celebrity Break-Ups **17.00** Superstar Money Gone Bad **17.30** Number One Single **18.00** E! News **18.30** 10 Ways **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **21.00** The Soup **21.30** Number One Single **22.00** Gastineau Girls **22.30** Gastineau Girls **23.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **0.00** The Soup **0.30** 10 Ways **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Þrumuskot (e) **8.00** Þrumuskot (e) **14.00** Sunderland – Arsenal frá 01.05 **16.00** Bolton – Middlesbrough frá

**18.35 Man. City – Arsenal (b)** EB 2 Sunderland – Fulham (b)
**20.45 More than a Game: Argentína (e)** .
**21.45 Sunderland – Fulham** Leikur frá því fyrr í kvöld.

**23.45** Blackburn – Chelsea frá 29.04 **1.45** Dagskrárlok




FRÁBÆR HELGARTILBOÐ!

30-40% AFSLÁTTUR AF
SLOPPUM - MEDIFLOW HEILSUKODDANUM
KODDUM - SÆNGUM - SÆNGURVERASETTUM

ALOE VERA DÚNSÆNGUR Á GLÆSILEGU KYNNIGARVERÐI
verð áður kr. ~~19.900~~ verðu nú kr. 13.930



PALAZZO RÚM 140*200
verð áður kr. ~~74.700~~
verðu nú kr. 56.000

NÝ SENDING AF RÚMUM, RÚMGÖFLUM OG FYLGIHLUTUM Á LEIÐ Í HÚS!

DRAUMARÚM | Bæjarlind 4, Kópavogi
Sími: 534 5200
www.draumarum.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Meistarinn **Stöð 2** kl. 20.05

### *Illugi mætir Jónasi verkfræðinema*



Nú er spurningaþátturinn Meistarinn svo sannarlega kominn á spennandi stig. Fyrsta umferð undanúrslitanna fer fram í kvöld en þá mætast Illugi Jökulsson fjölmiðlamaður og Jónas Örn Helgason verkfræðinemi. Báðir lentu þeir í kröppum dansi í átta manna úrslitum en höfðu að lokum sigur í spennandi viðureignum. Hin undanúrslitaviðureignin verður strax að viku liðinni og koma þessar viðureignir til með að skera úr um hverjir ná alla leið í sjálfa úrslitaviðureignina og eiga þess kost á að vinna sér inn fimm milljónir króna í beinhörðum peningum. Sannarlega spennandi viðureignir framundan því á þessu stigi keppninnar eru engir aukvisar sem setjast í stólana hjá Loga.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | 3 | | | | |
| | | 8 | | | 6 | 1 | | 2 |
| | | | 7 | | 2 | 5 | | |
| 5 | | | | | 7 | 8 | 9 | |
| | | | | | | | | |
| | 1 | 9 | 2 | | | | | 5 |
| | | 3 | 4 | | 9 | | | |
| 4 | | 6 | 5 | | | 3 | | |
| | | | | 7 | | | | 1 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | 2 | 1 | 6 | 3 | 5 | 9 | 7 |
| 9 | 6 | 5 | 2 | 8 | 7 | 4 | 3 | 1 |
| 1 | 7 | 3 | 9 | 4 | 5 | 6 | 2 | 8 |
| 4 | 8 | 9 | 7 | 2 | 1 | 3 | 5 | 6 |
| 6 | 5 | 1 | 3 | 9 | 4 | 8 | 7 | 2 |
| 3 | 2 | 7 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 9 |
| 2 | 9 | 4 | 6 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 7 | 3 | 6 | 5 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 |
| 5 | 1 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 |



▶ **18.30**

*Bílar*

FIFTH GEAR

SÝN besta sætið

**16.20** Spænski boltinn (Spænski boltinn 05/06) **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

▶**18.30 Fifth Gear** (Í fimmta gír) Hér er fjallað jafnt um nýja sem notað bíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu. Greint er frá nýjustu tíðindum úr bílaiðnaðinum og víða leitað fanga. Á meðal umsjónarmanna er Quentin Wilson, einn þekktasti bílablaðamaður Breta.

**19.00 US PGA í nærmynd**

**19.30 Gillette HM 2006 sportpakkinn**

**20.00 Kraftasport 2006** (Íslandsmótið í kraftlyftingum 2006)

**20.30 Leiðin á HM 2006**

**21.00 Sænsku nördarnir**

**21.50 Saga HM** (1978 Argentína)

**23.25** Meistaradeildin í handbolta (Ciudad Real – Portland)

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.30** Fréttayfirlit **9.05** Laufskálinn **9.45** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.22** Útvarpsleikhúsið: Hér er kominn maður

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Músík með Heiðu Eríks **21.10** Konsert **22.10** Saga Pink Floyd **23.05** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





## HRÓSIÐ

*...fær Hilmir Hrafn Hilmarsson, níu ára ljóðskáld sem birtir verk sín á heimasíðunni hilmirhrafn.blogspot.com.*

# Helgin okkar

**Morgunverðurinn:** Hresstu upp á hafragrautinn með því að bæta ávöxtum og kanil út í. Gómsætt og hollt, svo lengi sem kanillinn er ekki notaður úr hófi fram.



**Hreyfingin:** Það er óhætt að draga fram línuskautana núna, að minnsta kosti á meðan snjórinn heldur sig í burtu. Farðu út á nes og skautaðu meðfram sjónum. Passaðu bara að klæða þig vel því kuldaboli er enn til staðar.

**Heimasíðan:** Kíktu á www.facehunter.blogspot.com þar sem franskur ljósmyndari smellir nokkrum andlitsmyndum á hverjum degi.

**Sýningin:** Kíktu í Gallerí Dverg klukkan átta á laugardagskvöld og fylgstu með Magnúsi Árnasyni listamanni flytja gjörning ásamt Stefáni Halli Stefánssyni leikara. Mættu tímanlega því gjörningurinn er stuttur.

**Leikritið:** Farðu á síðustu sýningu á Glæp gegn diskóinu á föstudagskvöld. Allt sem inniheldur diskó í titlinum hlýtur að vera skemmtilegt.

**Safnið:** Farðu í Hafnarhúsið, Listasafn Reykjavíkur, á laugardaginn en þar opna nemendur við Listaháskóla Íslands útskriftarsýningu sína klukkan tvö.



**Hádegisverðurinn:** Sestu inn í Kaffivagninn úti á Granda og njóttu þess að horfa út í höfnina á meðan þú kjamsar á bakkelsinu og sýpur á kaffibollanum.

**Bíómyndin:** Komdu þér í „chick flick" fíling og dragðu vinkonurnar með þér á krúttlegu myndina Prime. Meryl Streep heldur henni uppi með glæsibrag.

**Tónleikarnir:** Kíktu á Grandrokk þar sem Skátar leika fyrir dansi á föstudagskvöld. Mongoose og Bobby Breiðholt hita upp.

**CD:** Skelltu The Milk-Eyed Mender með krúttinu Joönnu Newsom undir geislann. Hún er megadúlla og kemur bráðum og spilar fyrir okkur í Fríkirkjunni.





**LÁRÉTT**
**2** glans **6** mannþvaga **8** sjór **9** blástur **11** í röð **12** brella **14** teygjudýr **16** málmur **17** ögn **18** eignarfornafn **20** tónlistarmaður **21** elska.

**LÓÐRÉTT**
**1** magi **3** í röð **4** asfalt **5** tímabils **7** sárabindi **10** forskeyti **13** útdeildi **15** sót **16** tunnu **19** ónefndur.

**LAUSN:**
**LÁRÉTT:** 2 gljá, 6 ös, 8 mar, 9 más, 11 rs, 12 bragð, 14 ameba, 16 ál, 17 fis, 18 mín, 20 kk, 21 unna. **LÓÐRÉTT:** 1 vömb, 3 lm, 4 jarðbik, 5 árs, 7 sáralín, 10 sam, 13 gaf, 15 aska, 16 ámu, 19 nn.




JÓNAS HALLDÓRSSON: MANNFRÆÐINGUR MIÐBORGARINNAR FLUTTUR

# Stærsti antíksalinn að ummáli og úrvali

Kaupmaðurinn Jónas Halldórsson, betur þekktur sem mannfræðingur miðbæjarins, flutti nýlega verslun sína Antíkbúðina í kjallara Bókabúðarinnar við Hlemm. Antíkbúðin var áður til húsa nokkrum metrum frá við Laugaveg 101 en er nú komin á Laugaveg 118. „Flutningarnir leggjast bara vel í mig. Erlendis eru antíkverslanir oft staðsettar í kjöllurum enda fellur þá ekki eins á silfrið," segir Jónas og hlær. Nýja verslunin er álíka stór og sú gamla en verður að sögn Jónasar meira kosí. „Þetta verður svona rottuhola sem gaman er að heimsækja." Jónas hefur stundað kaupmennsku í miðbænum í 20 ár og þegar fjárfestar buðu í húsnæðið við Laugaveg 101 kom ekki annað til greina en að vera áfram á svæðinu. „Maður er búinn að mynda svo mikil tengsl við fólk hérna að mér fannst ég ekki geta farið." Jónas hefur einnig selt íbúð sína í Hafnarfirði sem og verslunarhúsnæði sitt við Bæjarlind 10b og þar hefst gríðarleg rýmingarsala í dag. „Ég þarf að rýma húsnæðið fyrir nýju eigendurna svo það verður 20 daga sprengisala með 30-50 prósenta afslætti," segir Jónas. Hann hélt einnig heljarinnar rýmingarsölu þegar hann flutti í bókakjallarann en þá gaf hann gestum og gangandi einnig mikið af dóti. „Ég lifi ekki bara fyrir peningana og er mjög gjafmildur að eðlisfari," segir Jónas. Það sannar líka sú staðreynd að Jónas hét á einn skjólstæðing, sem kemur reglulega við í versluninni hjá honum, Lundúnaferð ef flutningarnir gengju vel og hann fengi gott húsnæði undir verslunina. „Já, hann er á leið til London," staðfestir Jónas sem stendur við orð sín og bætir við að fólk geti gert reyfarakaup á útsölunni í Hafnarfirði en þar er að finna allt frá títuprjónum upp í stærðarinnar mahónískápa. Þó að Jónas hætti með Antíkbúðina í Hafnarfirði ætlar hann sér áfram að vera stærsti antíksali landsins. „Ég mun áfram vera sá stærsti í bransanum bæði í ummáli og úrvali," segir hann og býður alla velkomna í kjallarann til sín. -snæ



**KOSÍ ROTTUHOLA** Jónas hefur flutt Antíkbúðina í kjallara við Hlemm því þar fellur minna á silfrið en hann hefur stundað kaupmennsku í miðbænum í 20 ár.FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Spennan er heldur betur farin að magnast í spurningaþætti **Loga Bergmann**, Meistarinn, sem sýndur er á Stöð 2. Undanúrslit verða háð næstu tvö fimmtudagskvöld og eftir þau kemur í ljós hvaða tveir eigast við í lokaþættinum en sá sem ber sigur úr býtum hreppir fimm milljónir króna. Þann 11. maí mætast **Erlingur Sigurðsson** og **Inga Dóra Sigurðardóttir** en í kvöld mætir fyrrum ritstjóri DV, **Illugi Jökulsson**, til leiks en Illugi á einhvern eftirminnilegasta sigur keppninnar hingað til því í sextán liða úrslitum var hann nánast búinn að gefa frá sér öruggan sigur eftir að hafa svarað peningaspurningunni vitlaust. Andstæðingur hans er **Jónas Örn Helgason** verkfræðinemi en hann er yngstur allra þeirra sem eftir eru. Jónas sigraði **Steinþór Arnsteinsson** í æsispennandi keppni en þeir tveir eru fyrrverandi keppinautar úr Gettu Betur. Logi Bergmann hlýtur þó teljast sigurvegarinn í Meistaranum en margir settu varnagla á þessa keppni eftir að hann hafði stjórnað Gettu betur í sjö ár. Þátturinn hefur hins vegar fengið mjög góð viðbrögð áhorfenda og ófáir sem hafa á orði að þarna geti áhorfendur heima fyrir svarað spurningunum, ólíkt því sem gerist í Gettu betur.





**- fgg**

# Leiðrétting

Í frétt um Sólheimaleikhúsið í Fréttablaðinu sunnudaginn 30. apríl var sagt að leikhúsið væri það eina hér á landi þar sem fatlaðir og ófatlaðir einstaklingar störfuðu saman. Þar var tekið full djúpt í árinni þar sem fleiri leikfélög leiða saman fatlaða og ófatlaða og nægir þar að nefna Halaleikhópinn.




# Hita upp fyrir Girls Aloud

Stúlknasveitin Nylon mun hita upp fyrir hljómsveitina Girls Aloud sem nýtur mikilla vinsælda í Bretlandi um þessar mundir. Telst hún vera næstvinsælasta stúlknasveitin þar í landi á eftir Sugababes.

Alls verður um tíu tónleika að ræða. Hefst tónleikaferðin í Nottingham þann 22. maí og lýkur á Wembley 3. júní.

„Maður hefði ekki getað ímyndað sér betri atburðarás; að túra fyrst með vinsælustu strákasveit Bretlands [Westlife] og fara síðan á túr með þessum stelpum," segir Einar Bárðarson, umboðsmaður Nylon.

Nylon er um þessar mundir á tónleikaferð með Westlife um Bretland sem hefur gengið eins og í sögu. Íslendingum gefst nú kostur á að fara á tónleika Nylon og Westlife á Wembley þann 18. maí.

Icelandair býður upp á ferð á tónleikana og eru aðeins 50 flugsæti og miðar í boði.



**NYLON** Stúlknasveitin Nylon er á leið í tónleikaferð með Girls Aloud.

Eftir ferðina með Girls Aloud mun Nylon einblína á breska fjölmiðla og er búið að bóka þær í marga af helstu útvarps- og sjónvarpsþætti Bretlands. Smáskífan með laginu Losing a Friend kemur svo út 19. júní. Myndband við lagið var frumflutt í Íslandi í bítið í gærmorgun og í næstu viku fer það í spilun í Bretlandi.

# TOPPSKÓRINN OUTLET
HEFUR OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ Í
# GRAFARHOLTINU
(VIÐ HLIÐINA Á HÚSASMIÐJUNNI)



BARNASKÓR - BARNASKÓR - BARNASKÓR - BARNASKÓR - BARNASKÓR - BARNASKÓR - BARNASKÓR

# FIM.-FÖS.-LAU.-MÁN.

LÁGMARK

# 50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BARNASKÓM!

MIKIÐ ÚRVAL AF HERRA - OG DÖMUSKÓM Á FRÁBÆRU VERÐI

VERSLAÐU ÓDÝRT!

HÖFUM FYLLT Á 1000 kr.- BORÐIN

FRÁBÆRT ÚRVAL

SKÓR FRÁ: 100 kr.-

PETER KAISER · ecco · ara · LLOYD · ZINDA

FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL - FRÁBÆR TILBOÐ - MIKIÐ ÚRVAL

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109




OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
**JÓNS GNARR**

## Lýðræði

Ég hef verið að velta hugtakinu lýðræði fyrir mér. Nú hafa margir mikla ofurtrú á lýðræðinu og sjá í því lausn allra okkar vandamála og telja að það sé það þjóðfélagskerfi sem líklegast er til að bjarga mannkyninu frá tortímingu.

**FYRIR** þá sem ekki vita hvað lýðræði er þá er það mælikvarði á áhrif almennra borgara til að hafa áhrif á samfélagsleg málefni með kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum. Lýðræði er andstæðan við einræði.

**Í** fljótu bragði hljómar lýðræði vel. Það lyktar af jafnrétti og bræðralagi með dassi af mannréttindum og samvinnu. En það er bara ein hlið málsins.

**GLEYMUM** því ekki að lýðræði er ekki nýtt af nálinni. Það hefur verið notað með misjöfnum árangri í gegnum tíðina. Það var til dæmis lýðræði sem kaus krossfestingu Jesú. Og það var sama lýðræðið sem kom nasistum til valda.

**ÉG** er þess fullviss að engin kerfi, upphugsuð af mönnum, geti tryggt okkur endanlega farsæld og hamingju. Ég held að einræðisríki hafi jafn mikla möguleika á að vera farsæl ríki og þau sem byggja á lýðræði. Kerfin eru aldrei, þrátt fyrir háleitar hugsjónir, hafin yfir breyskleika mannanna sem lifa innan þeirra. Og það eru yfirleitt þeir sem verða þeim að falli. Kirkjan er gott dæmi og að ekki sé talað um kommúnismann sem náði aldrei að verða það sem hann átti að verða vegna mannlegs eðlis.

**ÉG** held að einn stærsti galli lýðræðisins sé hve margir hafa skoðanir á hlutum sem þeir hafa ekkert vit á. Lýðræði er dýrt og þungt í vöfum enda ekki notað þegar mikið liggur við eins og í hernaði, löggæslu eða heilbrigðisþjónustu. Það eru nefnilega miklir kostir við að láta fagaðila sjá um hluti.

**ÞEGAR** öllu er á botninn hvolft er kannski enginn grundvallar munur á lýðræði, einræði eða anarkisma.

**KERFI** eru einfaldlega ekki svarið heldur aðeins yfirborðsleg tálsýn. Því það er sama hvað þau eru fullkomin, skítlegt eðli okkar mun alltaf verða þeim yfirsterkara. Græðgi, öfund, reiði, hatur og hroki setja mark sitt á öll mannanna verk. Því miður. Það besta sem við getum gert er að reyna að bæta okkur sjálf og bæla niður þessar hvatir. Að reyna að vera kærleiksrík vera hér á jörð er göfugasta starf sem nokkur getur unnið.







| KONA | SÖGUR AF LANDI | SÓL AÐ MORGNI | ÍSBJARNARBLÚS | VON |
|---|---|---|---|---|
| Tónleikar 13. apr. | Tónleikar 4. maí. | Tónleikar 14. sep. | Tónleikar 5. okt. | Tónleikar 2. nóv. |

TÓNLEIKAR ÞORLÁKSMESSU
23. des.

TÓNLEIKAR ANNAN Í JÓLUM
26. des.

og vodafone

Heyrumst!

Húsið opnar kl. 20.00
Tónleikarnir hefjast kl. 21.00

Miðasala í verslunum Og Vodafone og á NASA alla virka daga frá kl. 13.00 til 16.00 og í síma 5111302

www.nasa.is

FREMSTIR MEÐAL JAFNINGJA

Firestone



Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

**Firestone F590**
er að öllum líkindum **langódýrasta ALVÖRU fólksbíladekkið** sem þér stendur til boða í sumar.

BETRA GRIP
DEKKJAÞJÓNUSTA
LÁGMÚLA 9
SÍMI: 5-333-999

SUMARDEKKIN

BRIDGESTONE

**Bridgestone D694**
eru frábær jeppa- og pallbíladekk, mjúk og gripmikil. Flott dekk sem vekja athygli. Heilsársdekk.






UMFELGUN FRÁ KR. 4.900

VERÐDÆMI:
13" frá kr.: 4.590.-
14" frá kr.: 6.990.-
15" frá kr.: 7.990.-

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA